

## **Yfirlit Jónasar Jónassen um veðuráttu í Reykjavík 1880 – 1907**

Textinn birtist í prentuðum blöðum, fyrst Þjóðólfi, síðan Ísafold og loks aftur í Þjóðólfi. Nokkrar vikur og mánuði vantar. Yfirlitin vann Jónas jafnóðum úr dagbókum sínum sem nú eru varðveittar á Landsbókasafni (sjá aftast). Veðurdagbókin hófst 12. nóvember 1873 og nær fram í miðjan júlí 1909. Textinn að neðan er fenginn beint af vefnum timarit.is (sleiktur). Ekki er hér hróflað við stafsetningu. Hafa verður í huga að tölvur mislesa oft prentaðan texta, reynt hefur verið að útrýma slíkum villum, en engin von er til þess að það hafi tekist að öllu leyti. Eru lesendur og höfundur beðnir velvirðingar á þessu. Í blöðunum birtust einnig tölur um daglegar mælingar Jónasar, þeim er sleppt hér. Tölvur eru sérlega vangæfar á prentaðar tölur og því kann á stöku stað að bera á villum í dagsetningum hér að neðan. Greinarmerkjasetning er langt frá núverandi venju.

### **Þjóðólfur 1880 til 1882**

9-2 1880

Veðuráttufar í Reykjavík í janúarmánuði 1880

Allan mánuðinn má heita að veðuráttu hafi verið mjög óstöðug og umhleypingasöm. Fyrsti dagur ársins byrjaði með norðanveðri og blindbil mestallan daginn, en það stóð að eins í 2 daga, því svo breyttist veður ýmist til landsynnings, ýmist til útsynnings með jeljagangi þangað til 11., þá var veður bjart og kyrrt og úr því mesta stilling, en henni fylgdi mjög mikil þoka í samfleitta 5 daga. Síðan optast útsynningur, opt með miklum jeljagangi og brimi til sjávarins. Nokkur snjór hefur fallið, en að mestu leyti tekið burt aptur í landsunnan rigningum. Síðasta dag mánaðarins féll mikill snjór með útsynningi. 3. skall á með þrumugangi og eldingum, og sló einni þrumunni niður annaðhvort hér í bænum eða rétt hjá honum.

11-3 1880

Veðráttan í febrúarmánuði 1880

Veðráttan í febrúarmánuði hefir optast verið umhleypingasöm og stirð; fyrstu vikuna lengstum útsynningar með landsynning á kvöldin. Næstu vikuna var optast norðanátt með köföldum til sveita, en stundum á austan; 3. vikuna á ýmsum áttum, optast þó sunnan, og líku viðraði 4. vikuna, nema síðustu dagana var norðanátt allhvöss.

14-4 1880

Veðráttufar í Reykjavík í marzmánuði

Fyrstu daga mánaðarins var hann ýmist á norðan eða landnorðan, kaldur, opt hvass og 6. var blindbilur mest allan daginn á austan landnorðan og hélst hann þar til sunnudaginn 7. að hann gekk í landsuður með rigningu og hefir síðan mátt heita að hann einlægt hafi verið á austan landsunnan, stundum hvass, stundum hægur með mikilli rigningu. 25.-28. var hér opt logn og bjart veður, síðan aptur austan landsunnan með nokkurri úrkomu. Síðan 8. hefir hér eigi sést snjór. Síðan 10. hefir her ekki frosið að undantekinni aðfaranótt hins 13. þá var 2° frost.

29-5 1880

Veðráttufar í Reykjavík í aprílmánuði

Fyrst framan af mánuðinum var veður hvasst á austan (landnorðan) með snjókomu til fjalla, (2. var fjarskalegt rok á austan í nokkra klukkutíma), svo nokkra daga á norðan (5. 6. 7.). Síðan ýmist við suður eða landsuður með nokkurri rigningu og stundum hvass; 8.-11. var vindur sunnan lands stundum hvass; 12.-13. vestan útuorðan með miklum brimhroða og snjókomu til fjalla og hér varð jörð alhvít aðfaranótt hins 13.; 14.-21. hægur á lands. eða austan og vanalega bjart veður; 21.-23. vestan útnorðanhroði mikill og 24. genginn í norður en hægur; 25. logn og fagurt veður; 26. -30. lands., opt hvass og stundum með talsverðum rigningskúrum.

8-6 1880

Veðráttufar í Reykjavík í maímánuði

Hina 4 fyrstu daga var útsunnanátt, stundum hvass með miklum brimhroða, svo 1 dag bjart veður og hægur á norðan; síðan ýmist sunnan-lands. hægur með nokkurri rigningu eða bjart veður og logn til hins 17., að hann hvessti á lands. með mikilli rigningu, eu gekk strax til útsuðurs með brimhroða og skúrum, opt hvass, stundum snjóaði svo, að jörð varð alhvít, stundum með haglhryðjum einkum 23.; 24.-28. á norðan hvass og kaldur með bil til sveita og allan daginn hinn 26. ýrði snjór hér úr lofti; 28. var hér bjart veður hæg útræna, er síðari hluta dags gekk til útsuðurs, hægur; 29.-31. hægur á lands. með nokkurri úrkomu. Hitamælir var hæstur (um hádegi) 19.

26-7 1880

Veðuráttufar í Reykjavík í júnímánuði

Þennan mánuð má segja, að veður hafi yfir höfuð verið einstaklega hlýtt og gott; fyrstu viku mánaðarins var veður stillt (optast logn) með talsverðri úrkomu; 8. var hvasst á norðan, en svo aptur hægur, ýmist á austan eða sunnan með rigningarskúrum, þangað til 18., að hann var hvass á austan, en bjart veður; síðan var veður bjart og stillt til hins 24., að hann gekk til landsuðurs í nokkra daga, svo aptur logn eða útræna og bezta veður.

26-8 1880

Veðuráttufar í Reykjavík í júlímánuði

Eins og í undanfarandi mánuði hefir veðuráttan þennan mánuð verið einstaklega blíð og stílt. Fyrstu 5 daga mánaðarins var veður bjart og logn, að eins nokkur úrkoma hinn 4., 6. og 7. var norðankaldi en úr því optast logn til hins 14. að hann gekk til suðurs, en þó lygn með nokkrum sudda í 2 daga, svo aptur bjart veður og stílt með lítilli úrkomu við og við á landsunnan, þangað til 25. að hann gekk til norðurs, optast hægur og bjartasta veður (hvass 29. á norðan).

11-9 1880

Veðuráttufar í Reykjavík í ágústmánuði

Fyrstu viku mánaðarins var optast logn og bjart veður en úr því hefir verið mesta óþurkatíð, því síðan 7. þ. m. hefir ýmist verið landsunnanátt eða útsynningur með mikilli úrkomu, stundum mátt heita ofsaveður með aftaka rigningu t. d. 27.

sept og okt vantar hér

11-12 1880

Veðuráttufar í Reykjavík í nóvember 1880

Veðuráttu hefir verið þennan mánuð fremur óstöðug og um tíma (frá 13.-18.) mjög köld; 2 fyrstu dagana var veður bjart, austankaldi; 3. hvass á sunnan með mikilli rigningu, en lygn að kveldi og sama veður 4. en 5. var logn að morgni og dimmviðri en síðara hluta dags hvass á landnorðan með krapaslettingi og urðu öll fjöll héðan að sjá alhvít; 6. hægur á austan með nokkurri snjókomu, að kveldi rokinn á norðan; 7. hvass á norðan; 8. blindbylur og hvass á landnorðan að morgni, að kveldi genginn í landnorður með rigningu og síðan á vestan; 9. vestanútnorðan með brimhroða, en hægur allan daginn; 10. og 11. hæg austangola með rigningu; 12. aptur hvass á norðan með blindbyl; 13. hvass á norðan; 14.-20. hægur við austanátt, optast bjart veður; 21. hvass mjög á landnorðan með rigningu, að kveldi genginn í útsuður, hægpr; 22.-27. hæg austanátt, opt logn; 28. -29. nokkuð hvass á norðan (með byl til sveita); 30. logn og fagurt veður.

16-1 1881

Veðuráttufar í Reykjavík í desember 1880

Þar sem allur fyrri hluti þessa mánaðar var fremur frostlífill, hefir allur síðari hluti hans (frá 13.) verið einhver hinn kaldasti, er elztu menn muna, því ekki einungis hefir frostharkan verið geysimikil, heldur hefir hin kalda norðanátt haldizt óvenjulega lengi. Aptur á móti hefir snjór fallið mjög lítill. Fyrstu 2 dagana var veður stilt og bjart, en 3. hvasst á austan með blindbyl, en logn að kveldi með nokkurri rigningu; og 5. hægur á landsunnan með rigningu; 6. hægur úts. að morgni, en bráðhvasst að kveldi og sama veður 2 næstu dagana, en þó vægari með hryðjum; 9. hvasst á landnorðan meðbyl að morgni, gekk svo til eptir miðjan dag og fór að hvessta á útsunnan og varð úr því fjarskalegt ofsaveður, sem hélzt við allt kveldið og næstu nótt fram til morgunsins 10., að hann lygnði, og var þann dag hægur útsynningur með slettingsbyl um kveldið, 11. og 12. aptur hvasst á úts. gekk svo 13. í norðanátt til djúpanna, en hér í bænum var þann dag og eins 14. og 15. hæg austangola; 16. landnyrðingur, hvesti er á leið daginn og var bráðviðri á norðan til djúpanna og frá 17.-30. einlægt norðanbál með grimdarhörku; einkum var veðurhæðin mikil 27. og 28. og lagði sjóinn, svo að menn hinn 30. gengu eigi að eins út í Akurey, Engey og Viðey heldur og upp á Kjalarnes. Ofangreinda daga 17.-30.) var hér í bænum opt logn, þótt norðanrok væri inn að eyjum, 31. breyttist aptur veðurátta, er hann gekk til landsuðurs með talsverðri rigningu, en að kveldi dags var hann aptur genginn í útsuður með miklum brimhroða.

12-3 1881

Veðuráttufar í Reykjavík í janúarmánuði

Bati sá, sem kom hinn síðasta dag hins umliðna árs stóð eigi lengi, því brátt hófst norðanrok það, sem hélst við nálega allan mánuðinn með þeirri grimdarhörku, að elztu núlifandi menn muna eigi slíkt, 3 fyrstu dagana var hægur útsynningur og síðan í 2 daga hægur landsynningur með nokkurri rigningu, en upp frá því og til hins 21. stöðugt norðanrok til djúpanna, þótt hér væri optast nær logn í bænum. 21.-23. var hér logn með talsverðri þoku og nokkrum brimsúg; 24. útnorðanhroði og uppfrá því stórviðri á norðan, það sem eptir var mánaðarins með aftaka frosthörku; opt var hér logn í bænum þótt rokið næði heim að eyjum; aðfaranótt sunnudagsins, hins 30. var fjarskalegt ofsaveður á norðan með blindbyl; 30. nokkuð vægari en dimmur og gekk alt í einu um kveldið til austurs með frostleysu, en daginn eptir genginn í sama illviðrahaminn. Hinn 9. fór sjóinn hér að leggja og 18. var hann lagður langt út í flóa; 20. fór hann að losna og var að mestu horfinn 23. en 25. lagði sjóinn þegar aptur með helluís hér á milli allra eyja og lands og hélzt það út mánuðinn, svo síðasta dag mánaðarins sást eigi út fyrir ísinn hér í flóanum. Svo að kalla engin snjór hefir fallið.

26-3 1881

Veðuráttufar í Reykjavík í febrúarmánuði

Framan af þessum mánuði hélzt sama frostharkan eins og verið hafði allan síðari hluta fyrra mánaðar; flóinn varð þó auður 6. og 7. með austangolu, en eigi leysti ísinn algjörlega hér af skipalegunni fyrir en 15., en frostharkan hefir verið svo mikil í sjónum, að hafi logn verið, hefir hann óðar lagt. Fyrstu 4 dagana var hér ýmist logn eða hæg austangola; 5.-10. optast logn eða landnorðan og þá stundum hvasst; 11. úts. hroði með talsverðri snjókomu, en að kveldi hvasst á austan með blindbyl; 12. aptur genginn til útsuðurs; 13. norðanrok til djúpanna, hægur hér með ofanhrið; 14. hægur á austan, en hvasst að kveldi með byl; 15. landsunnan hægur með nokkurri rigningu; 16. logn með brimsúg; 17. austan, en að kveldi útsunnan með talsverðri ofanhrið; 18. útsunnan með hriðjum, en genginn í landsuður að kveldi með rigningu og 19. hvasst mjög á lands. með fjarskalegri rigningu; 20.-24. ýmist logn, austanátt, stundum með regni, eða snjókomu; 24. - 28. logn hér, en optast norðanveður til djúpanna.

23-4 1881

Veðuráttufar í Reykjavík í marzmánuði

Þessi mánuður hefur eins og undanfarandi verið óvenjulega kaldur; þótt frostharkan hafi verið talsvert linari í sjónum enn áður, þá lagði hann þó t.d. 25. fram á miðja skipalegu. Litlu eptir miðjan mánuðinn (frá 18.) varð frostharkan framúrskarandi mikil. 1. daginn var norðanrok til djúpanna, logn hér; 2. og 3. hægur á austan; 4. og 5. hvass á norðan með mikilli ofanhrið allan daginn; 6. hægari en með talsverðri snjókomu; 7. 8. 9.-optast logn; 10. landnorðan, nokkuð hvass; 11. logn, 12. og 13. logn með ofanhrið; 14. útsynningur með blindbyl allan daginn; 15. logn að morgni en eptir miðjan dag gengur til útsuðurs með blindbyl og 16. og 17. sami útsynningur en þó vægari, 18. gengur í norður, rok til djúpanna; 19. 20. 21. norðanrok, optast logn hér í bænum 22. landnorðan, hvass að morgni, hægur síðari hluta dagsins, 23. og 24. norðaurok hér; 25. logn; 26. vestan útnorðan hroði; 27. fagurt veður og logn; 28. norðanrok til djúpanna, hægur hér; 29. logn; 30. útsynningur hægur; 31. hægur austankaldi, dimmur.

9-5 1881

Veðráttufar í Reykjavík í aprílmánuði

Þegar með byrjun þessa mánaðar skipti algjörlega um veðráttufarið og má svo segja, að í þessum mánuði hafi verið óvenjulega hlý og hagstæð tíð bæði á sjó og landi. Næstum allan mánuðinn helir vindur verið við austur landnorður stundum með talsverðri rigningu. Optast hefir venð logn eða hæg gola. Stöku sinnum hefir veður venð hvast á landsunnan kafla úr degi t. a. m. 13., 28., nokkra daga hæg vestangola með nokkru brimi t. a. m. 20., 21.

maí til júlí vantar hér

22-11 1881

Veðráttufar í Reykjavík í októbermánuði

Sökum lasleika í ágúst og september get eg eigi skýrt frá veðráttufari í þessum tveim mánuðum. Fyrstu 5 dagana var landsynningur með rigningu (bráð-hvass með óhemju rigningu h. 5.); 6. logn, regn; 7. hægur á austan að morgni, en gekk svo til útsuðurs að kveldi með miklu hvassviðri; 8. bráðhvass á úts. með haglhriðjum; 9. og 10. hægur af úts. (snjóaði mikið í fjöllin), 11. logn, bjart veður; 12. norðan, hvass til djúpanna; 13. logn, bjart veður; 14. norðan hægur; 15. landnorðan, dimmur; 16. genginn í landsuður með rigningu; 17. hægur á úts. 18. norðan, hægur, bjart veður, gekk til austurs með dimmviðri að kveldi; 19. 20. 21. landsunnan, stundum hvass; 22. logn, bjart veður; 23.-31. einlægt við austanátt, optast bjart og kyrt veður.

24-12 1881

Veðráttufar í Reykjavík í nóvembermánuði

Veðráttan í þessum mánuði hefir verið að miklum mun betri en í sama mánuði umliðið ár, en hefir þó eins og þá verið stormasöm og óstöðug (einkum síðari hlulinn). Fyrstu 4. dagana var optast logn, en dimmviðri (snjóaði til fjalla); 5. bjart veður, norðan til djúpanna; 6. 7. hægur á útsunnan opt dimmur með sudda; 8., 9., 10., 11., 12., optast bjart veður og stilt; 13. og 14. austanátt með nokkru regni; 15. 16. hvass á norðan; 17. logn, ofanhrið nokkur um kveldið; 18. hvass á austan með krapaslettingi og mikilli rigningu síðari hluta dags; 19. genginn til útsuðurs, hvass með kóflum; 20. logn að morni en hvass að kveldi á austan með rigningu; 21. bjart veður og stillt en eptir hádegi á svípstnndu rokinn á sunnan-útsunnan með éljagangi, og að kveldi komið logn; 22. 23., bjart veður, logn; 24. landnorðan, dimmur, (hvass á norðan til djúpanna); 25. hvass á norðan; 26. landnorðan, dimmur, hægur að kveldi, allt í einu genginn í norður, hvass; 27. hvass á norðan (frostlaust); 28. logn; 29. hvass á austan og hvesti enn meira er á leið daginn; 30. austan, hvass, dimmur, gekk til útsuðurs eptirmiðjan dag, hvass með éljagangi. Þrumuveður var aðfaranótt hins 30. Snjór hefir svo að kalla enginn fallið hér í bænum.

16-1 1882

Veðráttufar í Reykjavík í desembermánuði

Sje borin saman veðurátta í umliðnum mánuði við sama mánuð í fyrra, þá er hún mjög svipuð hvað kulda snertir allt til hins 12., en frá þeim degi er mjög ólíku saman að jafna, og skal eg að eins minna á þau ísalög, er hjer voru allan síðari hluta mánaðarins, þegar gengið var hjer milli allra eyja. Fyrst framan af þessum mánuði var vindur optast á austan- landsunnan, stundum með nokkurri rigningu; gekk þó opt til útsuðurs með jeljum; 7. var fagurt veður logn og sama veður 8. og 9. (norðan til djúpanna); 10. 11. hægur á austan; 12. hvass á landsunnan, en gekk í útsuður um kveldið með jeljum, og hjelzt það við 13. 14. 15. 16. og fjell hjer talsverður snjór þá dagana; 17. 18. 19. hægur á austan; 20. hægur að morgni, gekk til útsuðurs síðari part dags; 21. logn; 22. 23. 24. hægur á austan með nokkru regni; gekk til útsuðurs 24. um kveldið með bil og var hvass með köflum; 25. hvass allan daginn með útsynnings-jeljum; 26. 27. útsunnan en vægari; 28. austan, hvass að kveldi með bil; 29. hvass á landnorðan en lygnði og gekk til landsuðurs; 30. 31. hægur á austan og fagurt veður. Jarðskjálpta varð hjer vart við (1 kippur) h. 11. kl. 4 3/4 e. m.

6-2 1882

Veðuráttufar í Reykjavík í janúarmánuði

Í þessum mánuði hefir veðurátta verið fremur hrakviðrasöm, því optast hefir (einkum allan síðari hlutinn), annaðhvort verið sunnan-landsynningur með regni eða útsynningur með jeljum, opt ofsaveður með miklu brimróti (í fyrra mátti heita að norðanrok væri allan mánuðinn). 1. 2. 3. var hjer bjart og fagurt veður, við austur; 4. 5. hvass á landnorðan með blindbil að kveldi h. 5.; 6. 7. hægur austankaldi, bjart veður; 8. 9. 10. fagurt veður, norðan til djúpanna; 11. hvass á landnorðan með bil, en gekk eptir hádegi til útsuðurs með rigningu; 12. logn að morgni og svört þoka, að kveldi orðinn hvass á landsunnan með rigningu; 13. 14. sami landsynningur með mjög mikilli rigningu, opt hvass mjög; að kveldi h. 14. genginn til útsuðurs; 15.- 19, optast við suður-útsuður, hvass, með skúrum og jeljagangi; eptir hádegi h. 19. allt í einu logn og síðan genginn til vesturs með húðarigningu; hæg ofanhríð um kveldið; 20. vestan-útnorðanhroði, hvass með snjókomu, logn að kveldi; 21. bjart veður að morgni og logn; síðari hlura dags hvínandi rok frá útsuðri; 22.- 27. optast við útsuður, hvass í jeljunum, stundum á sunnan með rigningu; 28. norðangola, bjart veður, að kveldi genginn til austurs, hægur; 29.-31. landsynningur, optast mjög hvass, með miklu regni. Snjór hefir fallið nokkur með köflum, en nú um mánaðarmótin er hann allur á burtu og jörö víta klakalaus.

20-3 1882

Veðuráttufar í Reykjavík í febrúarmánuði

Eins og undanfarinn mánuð hefir veður verið mjög óstöðugt þennan mánuð, og hefir útsynningur verið tíður. 1.-5. útsynningur með biljum (2. var hér ofsaveður af landsuðri síðari hluta dags); 5. genginn til norðurs, hægur, bjart veður; 6. landnorðan með bil; 7. 8. 9. hvass á landsunnan með mikilli rigningu; 10. hvass á útsunnan; 11. landnorðan að morgni, að kveldi genginn í útsuður með biljum; 12. 13. norðan með snjókomu; 14. 15. hægur á austan; 16. bjart veður, norðangola; 17. bjart veður, austankaldi; 18. vestangola með brimhroða; 19. hægur á útsunnan með svækju; 20. logn og þoka allan daginn; 21. sunnangola, dimmur; 22. hvass á útsunnan með jeljum; 23. norðangola (norðan til djúpanna) bjartur að morgni, síðari hluta dags blindbilur; 24. hægur á sunnan að morgni með regni, gekk svo bráðlega til útsuðurs og að kveldi kominn í norður; 25. 26. norðan 27. 28. við austur. Talsverður snjór hefir fallið með köflum.

24-4 1882

Veðráttufar í Reykjavík í marzmán.

Veðurátta í þessum mánuði hefir verið einstaklega stirð; má kalla að stöðugur útsynningur hafi verið, því þótt stöku sinnuni hafi brugðið fyrir á annari átt, þá kefir hann skjótt aptur gengið til útsuðurs 9. og 14.). 1. var austanátt; 2. logn, fagurt veður; 3. 4. úts. meðbiljum; 5. norðan, hvass;

6. landnorðan með hrið; 7. austan að morgni, en síðari hluta dags genginn til útsuðurs; 8.-14. útsynningur, opt rokhvass; 15. logn, ofanhrið; 16. hægur á norðan, bjart veður; 17. hægur á landsunnan með nokkurri rigningu; 18. útsunnan, með stöðugum biljum; 19. útsunnan, en gekk svo í vestur útnorður; 20., 21. norðan, hvass; 22. landsunnan að morgni, útsunnan að kveldi; 23. 24. úts.; 25. 26. hægur á austan með snjókomu; 27. útsunnan með biljum, gekk til útnorðurs og varð logn síðari hluta dags; 28. 29. hægur, bjart veður; 30. 31. hægur á landsunnan með nokkurri rigningu. Snjór hefir fallið mikill þennan mánuð, þar sem stundum varla má heita að stytt hafi upp milli útsynningsbiljanna. Talsverður kuldi var um tíma í sjónum; þannig lagði hann fram á miðja skipalegu hinn 20.—21.

17-5 1882

Veðuráttufar í Reykjavík í aprílm.

Þegar borin er saman veðurátta í umliðnum mánuði við veðuráttu í sama mánuði í fyrra, þá er ólíku saman að jafna, því þar sem aprílmán. í fyrra var óvenjulega hlýr og veðurátta hagstæð bæði á sjó og landi hefir hið gagnstæða nú átt sjer stað, því frá 10. þ. m. hefir vindur blásið frá norðri til djúpanna, þótt brugðið hafi fyrir annari átt hjer í bænum og allan síðari hluta mánaðarins hefir mátt heita aftaka norðanrok með miklum kulda og blindbil til sveita (einkum 26. 27. 28.). 1. logn; 2. 3. 4. hægur á austan, 5.-8. s. hægur, dimmur með nokkurri rigningu; 9. logn, þokusuddi; síðari part dags genginn til norðurs með ofanhrið. 10. 11. 12. landnorðangola (norðan til djúpanna); 13. 14. logn (norðan til djúp.); 15. 16. landnorðan, hvass (norðan til djúp.); 17. 18. 19. hægur á austan; 20. 21. logn, útræna (hvass síðari hluta dags h. 21. á norðan); 22.-30. norðan hvass (26.-30. alla dagana norðanrok).

Jónas var í Kaupmannahöfn vor og sumar 1882 til að taka doktorspróf í læknisfræði. Hann skrifaði því engar veðurskýrslur í nokkra mánuði.

23-9 1882

Veðuráttufar í Reykjavík í ágúst mánuði

Í þessum mánuði hefir veður mátt heita stirt og óhagstætt, þar sem framan af rétt daglega var meiri eða minni úrcoma og seinna norðanveður mikil með kulda. 1. var útsynningur með sudda; 2. sama veður, nokkuð hvasst; 3. bjart veður, við norður; 4. landsynningur með rigningu; gekk síðan til útsuðurs; 5. austan, dimmur, með regni; 6.-10. sunnan útsunnan, dimmur með úrkomu; 11. hægur á útnorðan, með úrkomu síðari hluta dags; 12. logn, rigning, norðankaldi til djúpanna; 13. landnorðan, hægur, dimmur; 14., 15., 16. hvass á norðan, gekk síðari hluta dags hinn 16. til austurs; 17. austan, bjartur; 18. hvass á norðan til djúpa, dimmur; 19.-26. norðanveður, opt hvass mjög; 27. hægur á austan, dimmur; 28.-31. optast bjart veður og hægur.

30-10 1882

Veðuráttufar í Reykjavík í september mánuði

1. 2. bjart veður, logn; 3. 4. sunnan, dimmur, regn; 5. vestanútsunnan, hægur; 6. landssunnan, hvass, regn; 7. 8. 9. útsunnan, hvass, með hriðjum; 10. norðanrok (snjór í miðja Esju); 11. 12. sama veður en vægara; 13. 14. 15. austan; rokh. 15. 16. 17. norðankaldi (hvass til djúpanna); 18.-23. hægur, við austurlandssuður með regni; 24. bjart veður, logn; 25.-29. austan-lands. með regni; 30. hvass mjög á austan-landnorðan.

9-11 1882

Veðráttufar í Reykjavík í október mánuði

Í þessum mánuði hefir veður verið óvenjulega hlýtt og optast blásið frá landsuðri; rigningar hafa verið fjarska miklar, um tíma mátti kalla að rigndi stöðugt dag og nótt. 1. hægur á austan, bjartur; 2. hvass á norðan að morgni, lygndi og gekk til útsuðurs; 3. hægur á austan; 4.-21. landsynningur opt bráðhvass (t. a. m. 4. 6. 13. 18. 19.) með óhemju rigningu; 22. norðan; 23. hægur á austan;

24. - 27. logn og optast bjart veður; 28. austan-lands hægur; 29. hvass á landnorðan, dimmur; 30. 31. logn, bjart veður.

22-12 1882

Veðuráttufar í Reykjavík í nóvembermánuði

Í þessum mánuði hefir verið fremur óstöðugt og fremur kalt. 1. logn, bjart veðuf, að kveldi genginn til norðurs; 2., 3., 4. norðan hvass; 5. landnorðan; 6. logn (ofanhrið); 7. landnorðan; 8., 9., 10. norðan. 11. logn, fagurt veður; 12., 13. landsunnan með talsverðri rigningu; 14. útsunnan, hvass, með byljum; 15. hægur á austan með krapasletting; 16. bjartur við austur; 17. landsunnan, hæg rigning; 18. logn, dimmur, rigning; 19. hægur á norðan; 20., 21., 22. logn (norðan til djúpanna); 23., 24., 25. hvass á norðan; 26. koldimmur á vestan með ofanhrið að morgni, gekk síðan til norðurs, hvass; 27. logn; 28. logn að morgni, síðan hvass á norðan; 29. austan, haghrið um kveldið; 30. hvass á austan með krapa og síðan rigningu, logn að kveldi. Snjór hefir fallið hér fremur lítill; aðfaranótt hins 6. féll hér fyrsti snjór og gjörði alhvítt.

### Ísafold 1883-1900

19-1 1883

Veðuráttufar í Reykjavík í desembermánuði

Í þessum mánuði hafa opt verið stillur miklar, veður bjart og fagurt dag eptir dag með talsverðu frosti og hrímfalli. Jörð auð því enginn snjór hefir fallið. 1. hægur á austan, dimmur; 2. 3. 4. hægur við norður; 5. logn; 6.-11. hægur á austan, opt logn; 12. 13. logn (norðan til djúpanna); 14. 15. hægur á landnorðan; 16. logn, genginn til austurs að kveldi; 17.-20. hægur á austan; 21. blæja logn, gekk til norðurs að kveldi; 22.-25. norðan, opt hvass; 26.-29. hægur á austan-landnorðan, opt logn; 30. landsunnan. nokkuð hvass með óhemju rigningu síðari hluta dags; 31. útsynningur, hvass með hryðjum, en brimlaust í sjónum.

3-3 1883

Veðuráttufar í janúarmán. í Reykjavík

Þótt veðurátta í þessum mánuði hafi heldur mátt heita óstöðug hefir hún þó verið venju fremur hlý mestallan mánuðinn, þótt nokkur snjór hafi fallið við og við hefir hann brátt tekið upp aftur. 1. og 2. norðanátt; 3. bjart veður og logn fyrri part dags, síðan hvass á austan; 4. hvass á landsunnan, rigning; 5. hægur á landnorðan með ofanhrið um morguninn; 6. landsunnan, gekk til útsuðurs með hryðjum; 7. hægur á úts.; 8.-11. hægur á landsunnan; 12. austan, bjartur; síðan á lands, með rigningu; 13. hægur á lands. með regni; 14. hvass á lands. 15. logn, austankaldi; 16. logn, bjart veður; 17. norðankaldi, ofanhrið umkveldið; 18. útsunnan með hryðjum; 19. landnorðan, snjóaði allan fyrri part dags; 20. logn, að kveldi hvass á lands.; 21. hvass á lands. með mikilli rigningu; 22. hægur á lands.; 23. hvass á lands. með mikilli rigningu; gekk allt í einu til útsuðurs um kveldið með slettingsbyl; 24. hægur á úts. með snjókomu; 25. hægur á útsunnan með jeljum; um kveldið moldöskubylur og rokhvass á úts.; 26. útsunnan með jeljagangi. 27., 28. logn, bjart veður; 29. norðangola; 30. hægur á landnorðan; 31. hvass á norðan með skafrenningi. Aðfaranótt hins 6. heyrðust þrumur og kl. 5 ½ u m morgun varð vart við *jarðskjálpta* (1 kippur).

30-4 1883

Veðuráttufar í Reykjavík í febrúarmánuði

Þótt veðurátta í þessum mánuði hafi mátt heita fremur frostalítil, þar sem næturkuldi aldrei hefir náð hærra en 8° R og það að eins 1. dag mánaðarins, hefir þó einkum síðari hlutinn verið heldur stírdur með stöðugum útsynningi og hafróti. 1. hvass á norðan; 2. logn; 3. 4. hægur við austur; 5. logn, síðan við útsuður: 6. austan með ofanhrið; 7. hvass á austan með mikilli rigningu; 8. útsunnan, dimmur með bleytusletting, síðari part dags logn og bezta veður; 9. hvass á landnorðan; 10. hvass á útsunnan með jeljum; 11. 12. logn; 13. útnorðan, dimmur, útsunnan síðari part dags með smábyljum; 14. landnorðan, hvass með regni; 15. útsunnan; 16. landnorðan, síðar útsunnan

hvasst með byljum; 17. hvasst á útsunnan; 18. hægur á austan, síðan landsynningur hvasst með regni; 19. hvasst á útsunnan með jeljum; 20.-25. útsunnan opt rokhvasst og með blindbyl allan daginn (20.21. 23.); 25. landsunnan hvasst með rigningu; 26. 27. útsunnan hvasst í jeljunum og mikið brimrótt í sjónum; 28. hægur á austanlandsunnan. Talsverður snjór kom hjer í útsynningsbyljunum.

28-5 1883

Veðuráttufar í Reykjavík í marzmánuði

Fyrstu daga mánaðarins var veður hvasst með mikilli úrkomu og lá útsynningur undir, en síðan var veður óvenjulega stillt og blítt allt til páska, er gjörði norðanveður opt með miklum gaddi og ofsa og einkum gjörði hjer aftaka rok með blindbil h. 30. Í þessum mánuði hefur það viljað til, sem aldrei í mörg ár hefur að borið, að loptþyngdarmælirinn komst (h. 6.) upp fyrir 31 (31 enskir þumlungar eru = 29,1045 Parísar-þuml.) og á mínum mæli, sem er enzkt aneroidbarometer gat vísirinn eigi komizt hærra. Loptþyngdarmælirinn hefur yfir höfuð staðið *óvenjulega* hátt allan mánuðinn. 1. hvasst á landsunnan með rigningu, gekk síðar til útsuðurs; 2. 3. sunnan útsunnan með hryðjum, opt rokhvasst; 4. útsunnan með bil um morguninn, hvasst síðari part dags; 5. vestan útnorðan hvasst; síðar lygn; 6. 7. 8. logn opt með svartri þoku; 9. hægur á útnorðan; 10. logn, fagurt veður, síðari part dags svört þoka; 11. logn, þoka; 12. hægur á útsunnan með nokkurri snjókomu; 13.-16. logn, bjart veður; 17.-20. hægur á austan, bjart og fagurt veður; 21.-23. logn, fagurt veður; 24. logn, síðan útnorðan nokkuð hvasst með brimróti; 25. 26. hvasst á norðan; 27. rokhvasst á landnorðan með blindbil allan daginn; 28. hvasst á norðan með skafrenningi; 29. rokhvasst á norðan með blindbil allan síðari part dags; 30. ofsaveður á norðan með blindbil; 31. útnorðan, vægari, með brimróti.

Veðuráttufar í Reykjavík í aprílmán.

Framan af þessum mánuði bljes vindur optast hvasst af landsuðri, er gekk við og við til útsuðurs, fylgdi honum ýmist mikil úrkoma eða jel; eptir miðjan mánuðinn var norðanveður nokkra daga, síðan aptur austan-landsunnan, svo aptur norðanveður í 3 daga, svo sunnan landsynningur. 1. landnorðan bjart veður; 2. hvasst á landsunnan með regni, síðan útsunnan; 3. hvasst á lands.; 4. hvasst á úts. með svörtum jeljum; 5. úts. með jeljum, síðan logn með regni; 6. hvasst á lands. með regni allan daginn; 7. úts. hvasst með hagli; 8. logn, bjart veður; 9. sunnan, hægur með miklu regni; 10. vestangola, bjartur; 11. austan, hvasst með regni; 12. hægur á sunnan, síðan á vestan með regni; 13. hægur á vestan úts. með hagli og nokkurri ofanhríð; 14. austan, dimmur, síðan á sunnan með snjókomu; 15. logn um morguninn með ofanhríð, síðan hvasst á norðan; 16. 17. hvasst á norðan; 18. landnorðanrok með rigningu; 19. austan, með regni; 20.-22. lands. með regni, opt hvasst; 23. logn, dimmur, birti síðan upp; 24. hægur á lands. með rigningu; 25.-27. norðan, hægur; 28.-30. hægur á lands., optast bjart og fagurt veður.

Maí til des 1883 vantar hér.

Frá janúar 1884 eru pistlarnir oftast viku- eða hálfsmánaðarlega

1884

9-1 1884

Um áramót hjer auð jörð nokkur snjór 6. um kvöldið tók allan upp 7. um kvöldið.

16-1 1884

Svo má heita að veðurlag hafi verið með stirðasta móti alla vikuna; þótt hann hafi verið hægur að morgni. hefir hann stundum allt í einu rokið upp og þá optast og næstum eingöngu frá suð-vestri



með jeljum og slyddu. Hinn 13. um kvöldi rokhvass. Snjór nokkur fallið við og við, en óðar tekið upp aptur. Hjer í dag (15.) að eins föl.

23-1 1884

Alla vikuna hefir vindur blásið frá útsuðri (sv.), venjulega með hríðarbyljum og opt bráð-hvass (til að mynda 21.) nokkurn tíma dags. Stöku sinnum hefir hann snöggvast hlaupið í laudsuður(sa.), en að vörmu spori genginn aptur til sv. Talsverður snjór fallið.

30-1 1884

Síðan útsynningnum linnu (24.) hefir veður verið stillt og bjart og optast við landnorður(Na.). 25. og 26. var norðanveður til djúpanna, en rann ekki heim nema stöku sinnum stuttastund, en var þó eigi hvass. Enginn snjór fallið síðan 23. um kveldið.

6-2 1884

Þessa vikuna hefir veður verið, eins og að undanförmu, einstaklega óstöðugt, og allan síðari hluta hennar hefir vindur blásið af útsuðri (Sv.) með miklu brimi til sjávarins og byljum. Stöku sinnum hefir brugðið stutta stund til blota, en óðara gaddað og fennt í aptur. Hinn 3. var hann rokhvass allan fyrri hluta dags. Í dag 5. moldöskubylur hvass af útsuðri, með foráttubrimi.

13-2 1884

Veðurlag hefir þessa vikuna verið með versta móti og hefir útsynningur (Sv.) auðsjáanlega verið undir, þótt brugðið hafi til annar áttar. Hinn 7. mátti heita að væri moldviðrisbylur af landnorði allan daginn til kl. 1-2 e. m., þá lygndi snöggvast, en hljóp strax í útsuður rokhvass með byljum; 9. gekk hann til norðurs, bálhvass með blindbyl um kveldið og sama veður daginn eptir, en byllaust hjer. Samt sem áður hækkaði loptþyngdamælir eigi og var þá auðsjeð, að eigi var von á norðanátt, og þótt veður væri kyrrt, þá hækkaði engu að síður loptþyngdarmælir og í dag 12. hefir hann talsvert lækkað, og er nú sem stendur helzt útlit fyrir að veður verði mjög svo óstillt með einhverju móti, þar loptþyngdarmælir stendur óvenjulega lágt (28.tommur).

20-2 1884

Alla vikuna hafa hjer verið hvassviðri og stundum rokhvass kafla úr degi, t. a. m. 14. Við og við hefur lyngt sutta stund, en óðar hvesst aptur; síðan 15. hefur hann verið á austanlandssuðri. (Sa) með talsverðri rigningu, svo rjett að kalla allan snjó tók upp og varð auð jörð. Í dag (19), er hann hægur (rjett að segja logn) á vestan útsunnan (Sv), dimmur með nokkurri ofanhrið; eptir kl. 1 genginn til útnorðurs, þó hægur. Loptþyngdarmælirinn bendir á, að veður muni heldur stillast.

27-2 1884

Alla vikuna hefir veður verið hið stilltasta og allan síðara hlutann bjart sólskin á hverjum degi, svo slaknað hefir á daginn það, sem frosið hefir á nóttu, sem lítið hefir verið. Hjer er alveg auð jörð.

5-3 1884

Alla þessa viku hefir verið óvenja hlýtt; vindur optast af landsuðri, þegar eigi hefir verið logn. Við ogvið talsverð rigning, einkum 2. þ. m. Í dag 4. rjett eins og bezta vorveður. Auð jörð og rjett klakaklaus.

12-3 1884

Fyrri hluta vikunnar var útsynningur, Opt hvass með köflum og með snjóbyljum. Síðari hlutann hefir vindur blásið frá austri, og gerði aftakarok í nokkra klukkutíma síðari hluta h. 9. Talsverður snjór fjell á jörðu 8. þ. m., en hann hverfur óðum þessa síðustu daga af sólbráð.

19-3 1884

Alla vikuna hefir veður verið óvenjulega hlýtt. vindur optast frá austri eða landsuðri með nokkurri úrkomu, stundum nokkuð hvass, en hægur eða rjett að segja logn og blíða þess á milli.

Veðráttufar það sem af er þessum mánuði, er rjett alveg eins og árið 1880 í marz, þá var allur klaki úr jörðu 20. mánaðarins. Þá var aldrei frost á nóttu úr því nema 2. og 5. apríl.

2-4 1884

Fyrri vikuna var veður optast hvasst frá norðri og austri, opt með talsverðri ofanhrið; síðari vikuna hefir venjulegast verið austanátt, opt hvass með ofanhrið; 30. og 31. norðan, hvass til djúpanna, en gekk niður algjörlega síðari hluta hins 31. og í dag (1. apríl) er hjer logn og fagurt sólskin. Mestallur sá snjór, sem hjer hefir fallið þennan umliðna hálfu mánuð (hann snjóaði hjer mest síðari part dags h. 25. er hann gekk til útsuðurs, (Sv), er aptur horfinn af sólbráð.

Loptþyngdar mælir spáir stillu.

9-4 1884

Þessa viku hefir veður fremur verið stormasamt, og hefir vindur blásið frá norðri mikinn part vikunnar, optast hvass til djúpanna, þótt hann hafi verið hægur innfjarðar; 3. fjell talsverður snjór um kvöldið, en sá snjór er allur á burtu, og hjer auð og klakalaus jörð. Í dag 8. hlýasta vorveður með hægum landsynningi.

16-4 1884

Alla þessa viku hefir veður verið óvenjulega hlýtt og stíll. Mikil á veðri; 11. var hjer nokkur austangola, þó eigi hvass, en mjög mikið mistur í loftinu. sem kom austan yfir fjall og lagði vestur. Kegin fýla fylgdi, og er líklegt, að eystra hafi verið mjög mikill vindur, og að mistrið hafi stafað af ryki. Í dag 15. hægur vestanvindur; svört þoka í alla nótt og í morgun, birti lítið eitt upp eptir hádegi.

23-4 1884

Alla þessa vikuna helir veður verið hið bliðasta opt með talsverðri úrkomu; er hjer víða orðið algrænt; 20. og 21. snjóaði talsvert á Esjuna og öll austur og suðurfjöll.

30-4 1884

Alla vikuna hefir verið sama veðurbliðan. Nokkur ofanhrið fyrri partinn í dag 29., og talsvert snjóað í fjöllin.

7-5 1884

Umliðna viku hefir veður verið kaldara en að undanfögnu; opt talsvert frost á nóttu, en næstum daglega hefir lopt verið bjart og fagurt veður að öðru leyti. Síðari hluta vikunnar hetir vindur blásið frá norðri og hetir verið stórvíðri til djúpanna, þótt hann venjulega hafi verið hægur innfjarðar.

14-5 1884

Alla vikuna hefir vindur blásið frá norðri, opt bráðhvass til djúpanna. Hinn 11. brá snöggvast til austanáttar með rigningn, en gekk síðari part sama dags aptur til norðurs. Snjór hefir fallið talsverður til fjalla.

21-5 1884

Alla vikuna hafa blásið norðanvindar; opt bráðhvass til djúpanna, veður hefir vanalega verið bjart. Snjór hefir fallið talsverður til fjalla að sjá en hjer enginn. Í dag 20. bjart og stíll veður.

28-5 1884

Umlíðna viku hefir veður verið mjög stillt og óvenjulega hlýtt; 21. kom hjer töluverð rigning um kveldið; síðan 27. f. m. hafði enginn dropi komið úr lofti, nema lítils háttar snöggvast einn dag (l. þ. m.); jörð hjer því skrælpur.- Loftþyngdamælir stendur mjög hátt og hefir varla haggazt í marga daga, svo útlit er fyrir stilltveður .

4-6 1884

Allan fyrri hluta vikunnar var sama veðurbliðan; 31. rauk hann allt í einu á norðan með snjó til fjalla; Esjan varð hvít niður í byggð. Í dag 3. hægur á austan með talsverðri rigningu.

11-6 1884

Umlíðna viku hefir vindur blásið helzt frá suðri , opt hefir verið blægjalogn. Síðari part vikunnar hefir við og við rignt talsvert; í dag 10. fremur hvass á sunna með rigningarskúrum; útsynningur útiýrir. Loftþyngdamælirinn heldur að síga.

18-6 1884

Fyrri part vikunnar bljes vindur frá útsuðri með skúrum; síðan hefir verið eindreginn landsynningur með talsverðri úrkomu, sem vökvað hefir jörðina og er grasvóxtur því nú í bezta lagi. Í dag 17. hægur á landsunnan með rigningu. Loftþyngdamælir hefir varla hreyft sig í marga daga.

25-6 1884

Alla vikuna hefir vindur verið frá suðri eða landsuðri (Sa) og hefir verið talsverð úrkoma með köflum; 20. var hann rokhvass um tíma eptir níðian dag, en lygndi að kveldi sama dags. Í dag 24. bjart veður, vestanútnorðan gola.

2-7 1884

Umlíðna viku hefir veður verið óstöðugt og vætusamt, og hefir vindur optast blásið frá S. eða Sa. Má varla heita að komið hafi nokkur dagur, sem eigi hefir rignt meira eða minna. Í dag 1. landsunnanhvass og dimmviðri með mikilli úrkomu.

9-7 1884

Stilling hetir verið alla umlíðna viku, nokkur úrkoma með köflum; einkum var mjög mikil rigning aðfaranótt h. 6. Loftþyngdarmælir hefir verið mjög stöðugur síðari part vikunnar. Í dag 8. fagurt sólskin og logn.

16-7 1884

Alla umlíðna viku hefir veður verið einstaklega hlýtt og stöðugt. Loftþyngdamælir varla hreift sig úr skorðum. Stöku sinnum hefir rignt mikið með köflum einkum síðari part h. 12.

23-7 1884

Alla umlíðna viku hefir veður verið einstaklega fagurt á degi hverjum. Svo má heita að logn hafi verið; fyrstu dagana var nordangola og síðustu dagana hefir verið hæg útræna, rjett logn. Í dag 22. bjart sólskin og hæg útræna. Loftþyngdarmælirinn stöðugur.

30-7 1884

Alla vikuna hetir verið hið fegursta, rjett logn á hverjum degi (útræna) með björtu sólskini. Loftþyngdarmælir mjög stöðugur þangað til í gær 28. að hann fór að síga lítið eitt; í dag nokkuð hvass á austan með nokkurri úrkomu.

6-8 1884

Alla umliðna viku hefir vindur optast verið af suðri með hægð og nokkurri úrkomu, opt blæjalogn. Að kveldi; 4. var hjer vart við talsverðan jarðskjálfta, *einn kipp rjett um hádegi*. Í dag, 5. bjart og fagurt veður, hæg norðangola.

13-8 1884

Alla umliðna viku hefir verið austanátt með mikilli úrkomu; vindur hefir optast verið hægur og opt logn á kveldin. Í fyrradag fór loptþyngdamælir að smá hækka og er nú kominn hátt og bendir á gott veður. Í dag, 12., hægur á austan, bjart og fagurt veður.

27-8 1884 (tvær vikur)

Fyrri part fyrri vikunnar var rjett logn, en dimmviðri, og allan síðari partinn hæguraustan-landsynningur (Sa) með óhemju mikilli úrkomu; þannig rigndi hvíldarlaust írá því um miðjan dag h. 16. og þangað um miðuætti h. 18. Hinn 19. hvass á landsunnan (Sa) með skúrum fyrri partinn, síðan bjartur þess á milli. Allan fyrri part síðari vikunnar var rjett að kalla stöðug rigning nótt og dag; vindur var optast við suður, gekk til frá landsuðri (Sa) til útsuðurs (Sv); stundum krapaskúrir og fjell snjór í Esjuna. Í dag 26. rokhvass eptir miðjan dag á austanlandsunnan.(Sa) með mikilli úrkontu og loptþyngdamælir óðum að falla.

3-9 1884

Eptir hinar óhemju miklu rigningar skipti um til batnaðar með höfuðdegi, er vindur gekk til norðurs, síðan hefir hann verið við norður en hægur og eigi verulega náð sjer upp; síðustu dagana hefir verið hjer bjart sólskinsveður.

10-9 1884

Fyrri part vikunnar var stilling á veðrinu og þurrt; síðari partinn optast dimmviðri með nokkurri úrkomu; að kveldi h. 8. var hjer rok á austan með miklu regni og í dag 9. er hann hvass á sunnan með skúrum. Loptþyngdamælir mjög lágur.

20-9 1884 (óreglul. dagur)

Vindur hefir blásið af landsuðri (Sa) alla vikuna og þdtt eigi hafi rignt stórkostlega, má varla telja, að nokkur dagur hafi verið þurr til enda. Þótt loptþyngdamælir hafi staðið hátt 5 síðustu dagana, hefir lítil eða engin breyting á veðri komið fram. Í dag, 16., er einna bezt útlit til veðrabreytingar.

24-9 1884

Fyrri part vikunnar var sama vætutíðin sem að undanfórnu þar til hann gekk til norðuis h. 21. og hefir síðan verið bjart veður; talsverður snjór fjell á fjöllin í gær. Í nótt sem leið var 2 stiga frost; var það fyrsta frostnóttin, sem hjer hefir komið í haust.

1-10 1884

Umliðna viku hefir vetrarbragur verið í veðri; h. 25. snjóaði talsvert í öll fjöll hjeðan að sjá og hefir þessu haldið áfram daglega; Skarðsheiði alhvít og Akrafjall sömuleiðis og snjór niður á bæi a Kjalarnesi, einkum h. 27. Í dag 30. bjart, fagurt veður.

8-10 1884

Alla vikuna hefir optast verið hvassviðri og talsverð úrkoma, einkum aðfaranótt hins 4., nokkur jelagangur var hjer 6. með miklum brimhroða til sjáfarins. Loptþyngdamælir stendur mjög hátt. Ídag fagurt og bjart sólskin, rjett logn, norðan hægur.

15-10 1884

Fyrri hluta vikunnar var hjer fagurt og stillt veður; síðari partinn brá til rigninga, nú sem stendur er útsynningur, en þó hægur, með skúrum.

22-10 1884

Umliðna viku hefir veður verið optast af suðri (úts.) opt með talsverðum brimhroða og hryðjum, og stundum hefir rignt mjög mikið með köflum; optast hefir verið hvasst; þótt lygnt hafi stundum að kveldi, hefir sama hvassviðrið byrjað aptur að morgni og þá optast af útsuðri með brimi. Í dag 21. útsýningshroði, hvass í hryðjunum.

29-10 1884

Fyrri part vikunnar var nokkur úrkoma af suðri en að öðru leyti stillt veður; síðari partinn hefir hann verið við norðan og landnorðan (na) en hægur og hefur frosið. 1 dag 28. er bjart veður, hæg gola af landnorðri. Loptþyngdarmælir stendur einlægt illa og er heldur að síga.

5-11 1884

Umliðna viku hefir optast blásið frá norðri, opt hvass til djúpanna, þótt logn hafi verið hjer eða hægur kaldi; talsverður snjór fallið til fjalla og 3. snjóaði hjer talsvert fyrri part dags (fyrsti snjór hjer í haust). Í dag 4. mjög hvass til djúpanna. Mér hefir nýlega verið sýndur kafli úr veðurathugunum herra Torlaciusar í Stykkishólmi þetta árið, og er fróðlegt að sjá, hversu mikill munur getur verið á veðri *hjer og þar sama daginn*, þótt fjarlægðin eigi sje meiri. Jeg skal tilfæra nokkur dæmi. 13. júlí í sumar sem leið var hjer logn, oturlítill kaldí á útsunnan (sv); í Stykkishólmi var austanátt og norðaustan *hvass* um kvöldið með regni; 14. júlí hjer *logn*, í Shólmi *hvass* á norðaustan; 19. ágúst hjer blæja logn um kvöldið, þá *hvass* á sunnan í Shólmi; 1. sept. hjer *logn allan daginn*, þá *hvass allan daginn* í Stykkishólmi á norðaustan; 2. sept. hjer hægur norðan kaldi og bjartasta sólskinsveður og heiðskýrt kvöld, þá allan daginn *hvass* á norðaustan með regni að kvöldi í Shólmi. Aptur á móti er mjög lítill og opt alls enginn mismunur á því, hvernig loptþyngdarmælir vísar hjer og í Shólmi; t. a. m. 14. júlí hjer að morgni 29,9 þar 30; að kvöldi hjer 29,9 þar 29,9. 25. júlí hjer 30 þar 30.

12-11 1884

Þessa vikuna hefir optast verið austanátt hæg og fallið nokkur snjór, en hann tók allan upp aptur 10., því þá gerði mikinn landsýning (sa) með regni allan daginn. 1 dag 11. hægur á útsunnan (sa) með jeljum og farinn að frysta.

19-11 1884

Fyrri part vikunnar var útsýningur með byljum og miklum brimhroða; um miðnætti aðfaranótt h. 14. var hjer logn, en allt í einu rauk hann á lands (sa) og var *óhemjurok allan daginn meb regni* og lygnði ekki fyrir en aðfaranótt h. 15. að hann gekk til útsuðurs (sv) með jeljum. Síðan hefir hann verið við hæga austanátt. Loptþyngdarmælir hefir staðið óvenjulega hátt tvo síðustu dagana og hreifist ekki. *Hjer er nú alstaðar auð jörð.*

26-11 1884

Alla vikuna hefur verið óvenjuleg stilling á veðrinu, opt blæja logn; 24. var logn allan daginn og mikil þoka og sama er í dag (25.). loptþyngdarmælir hefir nú í meir en viku varla hreyft sig og hefir staðið *óvenjulega hátt.*

10-12 1884

Fyrri vikuna var veður fremur óstöðugt; fyrst landsýningar með regni, svo norðangola, svo útsýningar. Nokkur snjór fjell hjer 29., en tók upp aptur daginn eptir. Síðari vikuna hefir hann verið optast við norður, hjer hægur, en hvass að sjá til djúpanna; optast bjart veður.

Loftþyngdarmælir hefir staðið lágt alla vikuna, og hækkar mjög tregt. Hjer er snjólaust, en glerungur á jörðu; mikill snjór að sjá til fjalla síðan um mánaðamót.

17-12 1884

Þessa vikuna hefir optast verið stilling á veðri; aðfaranótt h. 12. var *rok* af austan-landsuðri með óhemju úrkomu, en var orðinn hægur að morgni h. 13. Síðustu dagana hefir hjer fallið nokkur snjór, svo nú er jörð alhvít. Í dag, 16., hægur á norðan með snjókomu.

24-12 1884

Umliðna viku hefir verið heldur stilling á veðri; 18. var hjer hægur norðankaldi síðari part dags en ekkert varð úr norðanátt; aðfaranótt h. 21. gjörði hjer úrhellis-rigning svo hjer varð rjett auð jörð, en síðan hefir aptur fallið nokkur snjór af útsuðri með miklum brimhroða til sjáfarins. Í dag 23. hægur á úts. (sv.) með jeljum.

1885

7-1 1885 (tvær vikur)

Fyrri vikuna gekk stöðugt útsynningur (sv) opt með miklum brimhroða og rokhvass með blindbyl (h. 27.); stöku sinnum sló til austurs með bil. Síðari vikuna hefir verið alveg sami útsynningur með miklum byljum, svo nú er hjer kominn mikill snjór á jörðu. 3. var hjer *ákafli. mikið-rok* kl. 2-3 e. m. og gekk hann þá til frá austri til útsuðurs (sv) og var hægur að kveldi. Í dag 6. dimmur austanbylur, en útsynningur undir.

14-1 1885

Þessa vikuna má heita að stilling hafi verið í veðri. 8. gekk hann til norðurs, en ekkert varð úr norðanáttinni; 12. um kveldið gjörði landsynning með miklu regni, en næstu nótt gekk hann til S (Sv) og snjóaði ofan í að mun, svo hjer er nú sem stendur mjög mikill snjór. Í dag 13. nokkuð hvass á útsunnan með byl eptir hádegi og farinn að frysta.

21-1 1885

Þessa vikuna hefir vindur blásið optast frá landsuðri (Sa) eða suðri, og hefir verið sifelld úrkoma með hægð, og er nú mestallur hinn mikli snjór horfinn og jörð hvarvetna kominn upp. (Hmi) þá blæs vindur frá S. með þíðvindi.

28-1 1885

Fyrri part vikunnar var landsynningar (Sa) með talsverðri rigningu; síðan optast við anstrátt; lítið fól fjell hjer á auða jörð aðfaranótt h. 26. með vægu frosti. Í dag 27. hægur landnorðan, dimmur, snjór í lopti. Við *jarðskjálfta* varð hjer vart á sunnudagskvöldið 25.; tveir litlir kippir kl. 8 3/4 og kl. 9 1/2.

4-2 1885

Umliðna viku hvass síðan 30. blásið af norðri, hefir opt rok-, m. Frostharka hefir eigi verið mikil, en þar jörð er hjer ber, kemur hún illa við; h. 2. var hjer kafaldsfjúk meira eða minna allan daginn.

11-2 1885

Alla þessa viku hefir verið norðanveður með talsverðum kulda; hefir opt verið rokhvass Norðanáttin er nú búin að vera síðan 29. f. m og er ekkert útlit enn fyrir að nokkur breyting sje á veðri. Enginu snjór hefir fallið hjer, en efra hefir stundum verið kafaldsbylur hjeðan að sjá. Í dag 10. sama norðanbálið og frostharkan að aukast tvo síðustu dagana.

18-2 1885

Alla vikuna befir verið norðanbál með nokkru frosti; síðustu dagana hefir sjóinn lagt, og hefir ísinn náð út undir skipalegu hjer á höfninni; sjóharkan hefir verið tiltölulega meiri. Hjer er alveg auð jörð. Í dag 17. er Norðanveðrið heldur vægara, þó mjög hvass til djúpanna.

25-2 1885

Meiri part vikunnar hjelzt sama norðanbálið eins og að undanfögnu, þangað til seint um kvöldið h. 22., að þá lygndi. Þannig hefir hjer verið norðanveður stanslaust síðan aðfaranótt h. 30. janúar. Þótt stöku sinnum hafi verið Logn stundarkorn hjer í bænum eða brugðið til annarar áttar, þá hefir verið hvassveður til djúpanna allt til 22. Jörð hjer alveg auð. Í dag 24. blæja logn um allan sjó og bjart sólskin.

4-3 1885

Umliðna viku hefir fremur verið stilling á veðri einkum síðari partinn; h. 25. var austan kafaldsbilur hjer allan daginn; síðan hefir verið bjart og heiðskírt veður og síðustu dagana logn; til djúpanna hefir opt verið norðanveður, en þó eigi mjög hvass að sjá. Í dag 3. bjart sólskinsveður, logn hjer en hvass á norðan til djúpanna; sjóharkan hefir verið mikil þessa vikuna. Snjór er hjer svo að kalla enginn nema stöku skaflar, sem rak saman h. 25.

11-3 1885

Umliðna viku hefir stilling verið á veðri og frostlítið; lítið fól fallið tvisvar en horfið aptur af sólbráði. Í dag 10. logn, bjart veður, útsynningsvari.

18-3 1885

Þessa vikuna hefir vindur optast blásið frá landsuðri (Sa) og gengið til útsuðurs (Sv) með hryðjum 16. var hjer bráðviðri á austan-landnorðan(Na) með blindbyl fyrri part dags; lygndi um kvöldið. Nokkur snjór hefir fallið hjer, einkum í útsynningsbyljum og h. 16. Brimrót hefir verið talsvert þessa viku. - í dag 17. bjart norðanveður, bráðhvass til djúpanna en hægur hjer.

25-3 1885

Þessa vikuna hefir ókyrð verið mikil á veðri hlaupið úr einni átt í aðra; um miðja vikuna var talsverður kaldi; síðari partinn á útsunnan með miklu brimi til sjáfarins og hríðarbyljum. Í dag 24. útsunnan (sv) hvass með byljum, en bjart veður þess á milli.

1-4 1885

Útsynningur sá, sem byrjaði fyrri vikuna, hefir haldizt við alla þessa viku, opt með moldöskubyljum og talsverðri snjókomu og miklu hafróti, og virðist engin linun á þessari ótíð enn sem komið er; hjer er kominn talsverður snjór; frostharkan lítil (um álnarklaki í jörðu). Í dag hvass á úts. (Sv) með blindöskubyljum allan fyrri part dags.

- Í marzmánuði hefir veðrátt 10 síðustu árin verið þessi:

1875 bezta veður; 23. marz tún farin að grænka

1876 norðanveður með miklum kulda allan raánuðinn.

1877 útsynningar, síðan norðan kuldar.

1878 útsynningar og síðan norðanátt.

1879 útsynningar og síðan norðanátt.

1880 sunnanátt; 20. marz var allur klaki ur jörðu og síðari part mánaðarins var venjulega 2-5 stiga hiti á nóttu.

1881 aftaka norðanhörkur allan mánuðinn.

1882 útsynningar með byljum mestallan mánuðinn, rjett eins og nú.

1883 stilling á veðri og frostlítið.

1884 landnorðanátt og síðan landsynningar.

8-4 1885

Fyrri part vikunnar hjelzt við útsynningurinn þótt brygði fyrir annari átt, var úts. undir; 2. (skírdag) var hjer moldöskubylur af austri, allt fram að hádegi, þá gekk hann til úts. (sv.) með byljum. Seinni part vikunnar hefur hann verið við austanátt, hægur með skúrum (4.), svo sá mikli snjór, sem kominn var, hefur minnkað mjög. Í dag 7. fagurt sólskin, hægur á landnorðan

15-4 1885

Umliðna viku hefir svo að segja verið logn á hverjum degi og hið fegursta veður; fyrri partinn var hægur austan kaldi, síðari partinn alveg logn, dag og nótt. Loftþyngdarmælir stendur hátt og hefir lítið haggast alla vikuna en er nú lítið eitt að lækka. Í dag 14. blæja logn og sólskin.

22-4 1885

Þessa vikuna hefir svo að kalla stöðugt blásið frá norðri, hvass til djúpanna en optast hægur hjer innfjarðar; veður hefir verið einstaklega bjart. Föstudaginn 17. snjóaði um hríð fyrri part dags, en rigndi lítið eitt síðari part dags. Í dag, 21., hægur austanvindur.

29-4 1885

Umliðna viku hefir optast blásið vindur af norðri hvass til djúpanna en optast hægur hjer; 25. var bjer norðanrok eptir hádegi; sumardaginn fyrsta (23.) fjell hjer öklasnjór: síðustu dagana hefir hlýnað að mun í veðri. Í dag austanvindur, nokkuð hvass.

6-5 1885

Alla vikuna hefir hann verið við háátt og alveg úrkomulaust; þó veður hafi verið með hægð hjer, þá hefir alla vikuna verið norðanveður til djúpa; síðustu dagana hefir veður verið kalt. 1 dag 5. bjart norðanveður, hægur, en kaldur.

13-5 1885

Þessa viku hefir verið hjer sífellt norðanveður optast hægur hjer, en hvass til djúpanna; talsvert frost hefir verið svo að kalla á hverri nóttu; 8. gjörði hjer alhvítt af snjó síðari part dags, kveldið h. 11. rigndi hjer nokkra stund talsvert. Árið 1883 og 1884 var hjer alveg sama veður um þetta leyti, nema hvað enn var kaldara 1883, því þá var gaddurinn svo mikill, að 10. mai lagði hjer alla tjörnina. Í dag 12. hæg norðangola, bjart veður.

20-5 1885

Fyrri part vikunnar hjelzt sama veðurátt eins og að undanfögnu, háátt með þurki, þar til hann gekk til landsuðurs 17. og hefir síðan verið við þá átt, dimmur og væta í lopti, þótt lítiðhafi rignt síðan nema eptir miðjan dag h. 18. var hjer húðarigning fram eptir nóttu. Aðfaranótt h. 19. snjóaði niðri sjó hjer á Kjalarnesi og öll suður fjöll voru hvít að sjá í morgun. Um sólaruppkomu var hjer alhvítt af snjó í bænum. Í dag 19. hægur á landsunnan (Sa), dimmur um hádcgi og regn úr honum.

27-5 1885

Ekkert varð úr þeirri breyting á veðurátt, er virtist ætla að verða 18.-19. er hann gekk til landsuðurs, því 20. var hann genginn aptur til norðanáttar og alla vikuna hefur hún haldizt; til djúpa hefur optast verið nokkuð hvasst á norðan, en hjer innfjarða hægar, opt logn og á degi hverjum hið fegursta sólskinsveður, en legið við að frosið hafi á hverri nóttu. Í dag 26. bjart veður, hægur á norðan, hvass úti fyrir.

3-6 1885



Eptir að norðanáttin hætti 30. f. m. hefir stilling verið á veðri með hlýindum og síðustu dagana með hægri lognrigningu af suðri (31. 1.). Í dag 2. er hann aptur genginn til norðurs, bálhvass til djúpanna, hægri hjer innfjarðar.

10-6 1885

Þessa vikuna hetir haldizt sama norðanáttin með sífelldum kulda og náttfrosti; aðfaranóttina h. 8. gjörði hjer alhvítt seinni part nætur og haglhryðjur voru um morguninn; Esjan var alhvít, rjett eins og um hávetur. Í dag bjart sólskinsveður, logn hjer, norðan til djúpanna. Loftþyngdarmælir stendur hátt.

17-6 1885

Um kveldið hinn 9. gekk veður til landsunnanáttar (Sa) og hefir verið við sömu átt þessa viku, optast hvass og með mikilli úrkomu dag og nótt, einkum var úrhellisrigning kveldið 13. Við og við hefir hann gengið í vestur-útnorður (Sv) með haglhryöjum; kalsi hefir verið mikill í loptinu. Í dag Landsunnan (Sa) hvass með regni.

24-6 1885

Alla vikuna hefir hann verið við norðanátt, optast hægur og bjartur, 21. gekk hann til landssuðurs (Sa) með regni; aðfaranótt h. 22. snjóaði í Esjuna og var hjer hvass fyrri part dags á vestan útnorðan, logn að kveldi. Í dag 23, norðvest.m, hvass, dimmr; ýrði regn úr lopti stutta stund fyrri part dags.

1-7 1885

Umliðna viku hefir optast verið við sunnan átt mæð talsverðri úrkomu en hægð á veðri, suddi rigning. Í dag hægur á sunnan með sudda, dimmur mjög í morgun.

8-7 1885

Þessa vikuna hefir verið óstöðugt, hlaupið úr einni átt í aðra, og má segja, að óvenjulegur kuldi sje í loptinu; 1. gjörði hjer alhvítt skömmu fyrir miðnætti af hagljelum og sama átti sjer stað að morgni daginn eptir; þá *varð Esjan alhvít niður til miðs rjett sem um hávetur*; njóti eigi sólarinnar er hitamælir óðara kominn niður í 5-6 stig a daginn. Í dag 7. hægur á landsunnan (sa) dimmur og væta í lopti; mikil úrkoma síðan í gær.

15-7 1885

Einlægt er sami kalsi í verðinu og því almennt gróðrarleysi. Fyrri part vikunnar var hann um tíma við norðanátt, optast hægur, síðari partinn við austanátt með nokkurri úrkomu. Í dag, 14., hægur á austan, dímur, en þó úrkomulaus hjer fram yfir hádegi, en síðan suddarigning fram yfir nónn.

22-7 1885

Sífelld norðanátt var hjer alla vikuna þangað til í dag, 21. að *hann* er genginn til landssuðurs (Sa). Sami kalsi hefir því verið allt til þessa í veðrinu. Í dag, 21., er hægur landsynningur (Sa). og lítur út fyrir úrkomu; loftþyngdarmælir stendur hátt og hefir ekki haggast síðan í fyrra kvöld.

29-7 1885

Þegar hann síðast í fyrri vikunni gekk úr norðauáttinni til landsuðurs (Sa), leit hann strax úrkomulega út og hefur og síðan mátt heita, að rignt hafi dag og nótt án afláts og síðustu dagana tvo óhemju-rigning og ekkert útlit enn í dag (28.) til breytingar; í þessu dímviðri hefur loftþyngdunælir staðið hátt og varla breyft sig 3 síðustu dagana.

5-8 1885

Allan fyrri part vikunnar hjelzt við rining súa, sem var alla fyrri viku; 1. þ. m. stytta upp og gekk þá veður til v.útnorðurs og varð bjartur, einkum var veður fagurt 2. þ. m. Í dag, 4., hlýtt veður, en dimmur hægur norðankaldi.

12-8 1885

Fyrstu daga vikunnar var sunnanátt með úrkomu, einkum var óhemju-rigning og kveldið hinn 6. og aðfararnótt h. 7. Gekk svo til norðurs og var hið fegursta veður 8. og 9. Síðan hefir verið hæg austanátt; hjer rigndi ákafl. aðfararnótt h. 11. Í dag hægur norðankaldi, bjart veður.

19-8 1885

Umliðna viku hefur optast verið hægð á veðri, aðaláttin hefur verið útsynningar (Sv.) með skúrum, einkum var talsverð úrkoma h. 14. Í dag er austan-landssynningur, dimmur fyrir hádegi og litur úrkomulega út, nokkuð hvasst en hlýr.

29-8 1885 (blaðið kom ekki út 26.)

Alla þessa viku hefur verið mesta stilling á veðri en sólarlítið, varla sjezt til sólar alla vikuna; 21. og 22. var hjer mikil þoka allan daginn. Hlýasti dagur á þessu sumri var fimmtudaginn h. 20. Í dag hægur á landsunnan, og stendur loftþyngdamælir mjög hátt. Sem dæmi þess, að ekkert er að ætla á veðurlag hjer skammt frá, skal jeg geta þess, að þegar hjer var *hvasst á norðan* h. 8. þ. m., var *öskurok á sunnan* rjett fyrir sunnan land.

2-9 1885

Framan af þessari viku var logn á degi hverjum og fagurt veður, síðari partinn hefir og verið optast logn með hægri rigningu. Í dag 1. bjart sólskin eptir hádegi.

9-9 1885

Umliðna viku; befur verið stilling mikil í veðri en dimmviðri og talsverð úrkoma, mjög sólarlítið nema stöku stund úr degi; með köllum, (t. a. m. 6.) var hjer úrhellisrigning allan fyrri part dags. Í dag 8. landnyrðingar (Na) hvasst, dimmur og hryssingur.

17-9 1885

Veðráttá hefir umliðna viku verið óvenjulega hagstæð og helzt enn sama stilling og fyrri vikuna með sólskini daglega. Í dag 15. bjart og fagurt veður, rjett logn; lá við að frysja hjer í nótt.

23-9 1885

Þessa vikuna hefir haldizt sama stilling á veðráttu eins og tvær undanfarnar vikur; talsverð úrkoma hefir verið og litur úrkomulega út. Í dag (22). hægur á sunnan, dimmur með skúrum (Sv) seinni part dags logn, bjart sólskin.

30-9 1885

Fyrsta dag vikunnar var hjer norðanveður, hvasst til djúpanna og snjóaði í Esjuna (1. skipti), síðan gekk hann til útsuðurs (Sv) og hetir haldizt við það vikuna út með haglhryðjum talsverðum og hvasst í hryðjunum; þessa á milli hefir rignt mjög mikið síðuatu dagana. Í nótt fjell hjer snjór og var alhvítt um sólaruppkomu eins og um vetur; Esjan hvít niður á bæi. Hjer í dag (29.) bjart og fagurt veður, hæg austngola (útyningur undir).

7-10 1885

Umliðna viku hefir verið optast fagurt og bjart veður og síðan fyrir miðja viku hefir verið norðanátt, þó ekki kaldur, hjer hefir ekki verið mjög hvasst, en til djúpa hefir verið stormur á norðan og er enn í dag 6. með björtu sólskini. Talsvert snjóað í fjöll þessa vikuna.

14-10 1885

Allan fyrri part vikunnar hefir verið norðanveður, hvasst til djúpanna, hjer hægur eða logn, síðari hluta vikunnar hefir hann verið við hæga austanátt; að kveldi h. 12. fór að rigna og hjelst rigning næstu nótt. Í dag 13. hvass á austan í morgun, hægur á austan eptir miðjan dag, dimmur.

21-10 1885

Umliðna viku hefir verið óvenjuleg stilling á veðri og veðurbliða; loptþyngdarmælir hefir alla vikuna staðið mjög hátt og lítið haggast. Má svo segja, að logn hafi verið á hverjum degi; 16. var hjer logn, en hvass að sjá til djúpanna á norðan, sem aldrei náði liingað heim og gekk strax niður, því daginn eptir (17.) var hjer blíða logn frá morgni til kvölds. Í dag (20.) logn, þoka og rigning.

28-10 1885

Þessa vikuna hefir ókyrrð verið á veðrinu og síðustu dagana verið við háátt; síðari hluta h. 24. var hjer húðarigning af austri; aðfaranótt sunnudags (25.) frysti og gjörði alhvitt af snjó; gekk til norðurs síðari part dags og gjörði kopar yfir alla jörð. Þessa viku helir snjóað mikið í öll fjöll og er Esjan hjeðan að sjá, eins og væri um hávetur; h. 26. var vestanútnyrðingur, mjög hvass til djúpanna, en í dag 27. er hann genginn úr norðanátt með þýðu og hægri rigningu, hægur austankaldi, dimmur.

4-11 1885

Fyrstu daga þessarar viku var hjer rjett að kalla logn og rigndi talsvert, einkum 30. er rigndi allan daginn til kvelds kl. 7, að hann allt í einu gekk til vesturs með krapasletting. Síðan hefir verið útsynningur með jeljagangi og að sjá snjóað mikið til fjalla. Snemma morguns hinn 2. var hægur austanvari, en allt í einu hljóp hann í útsuður með foráttubrimi hjer í flóanum og rokhvass úti fyrir í jeljunum. Í dag 3. á útsimnan með jeljum, hægur; í eptirmiðdag logn uni tíma, en svo aptur útsynningur í kveld með blindöskubil.

11-11 1885

Framan af þessari viku var hann optast við norðanátt, stundum hvass útífvir (5.), þótt hægur hjer innfjarðar; síðari hluta vikunnar hefir verið hæg austanátt með þíðu; rigndi hjer mikið mest allan sunnudaginn (8.). Í dag hægur á austan, rjett logn; jörð hjer nú alauð aptur.

18-11 1885

Þessa vikuna hefir nokkur ókyrrð verið á veðrinu; aðaláttin hefir verið norðan, stundum hvass til djúpanna alveg heim að eyjum. Sunnudaginn 15. var hjer hæg austanátt að morgni, gekk til landsuðurs (sa) seinni hluta dags með húðarigning og hvass; daginn eptir var kominn útsynningur með talsverðum brimhroða í sjónum og hvessti talsvert að kveldi með jeljum og talsverðu frosti; gekk til í nótt (aðfaranótt h. 17.) til norðurs með talsverðum kulda, en hreint og bjart veður í dag (17) hægur á norðan.

25-11 1885

Umliðna viku hefir verið mesta veðurhægð, einlægt við austanátt, hægur og optast dimmur. Aðfaranótt h. 23. fjell hjer lítið fól, sem hvarf fljótt, því 23. var hjer talsverð rigning seinni hluta dags. Í dag 24. hægur á austan landsunnan, dimmur, með vætu. Hjer er alauð jörð og víða enginn klaki í jörðu.

2-12 1885

Umliðna viku hefir verið hægð á veðri og blíða; alveg auð jörð, þur til að fjell snjór (krapaslettingur) sunnudagskveldið 29, svo jörð varð alhvít; daginn eptir 30. var allan daginn dimmviörismolla með ofanhríð nokkurri seint um kveldið, en frostlaust veður. Föstudagskvöldið (h. 27.) sást óvenjulega mikið stjörnuhrap, og hjelzt við alla nóttina, og hefði verið stórkostleg

sjón, hefði verið heiðríkja. Loftþyngdarmælir hefir staðið lágt alla vikuna, og gengur seint að hækka. Í dag 1. hægur á úts. (Sv.), bjartur; hefir snjóað í nótt með vægu frosti.

9-12 1885

Framan af þessari viku var hann við norðanátt og var hjer æði hvasst 3. og 4. Síðan hefir verið hægð á veðri, optast bjartur. Talsverður kuldi hefir verið alla vikuna. Loftþyngdarmælir hefir farið sí-hækkandi og stendur enn mjög hátt. Hjer er alhvítt af snjó, en hingað til hefir fallið mjög lítill snjór á jörðu. Í *fyrri* um þetta leyti var hjer svipað veðurlag, nema frostharkan er talsvert meiri nú; snjór var og þá mjög lítill hjer. Í dag (8.) hægur á austan-landnorðan (Na), dimmur, snjór í lopti.

16-12 1885

Umlíðna viku hefir verið fremur ókyrð á veðri, þar sem hann hefir hlaupið til úr einni átt í aðra og opt rokið upp að kveldi eða á nóttu, stundum með ákafri rigningu (t. a. m. 11.) stundum með útsynningshryðjum; seinni part vikunnar hefir veður þó heldur stillzt; hægur útsynningur í hafinu. 1 dag (15.) hægur á S.-Sv. bjartur, rjett logn; loftþyngdamælir fer nú aptur sí-hækkandi síðustu dagana og stendur nú hátt; snjór enn mjög lítill hjer. Hinn 8-þ. m. kl. rúml. 2 e. h. fundust 2 *jarðskjálptakippir á Akranesskaga* /brakaði í barnaskólahúsinu og víðar þar í húsum; *um sama leyti varð jeg og hjer var við ofurlítinn hristing tvisvar með svo sem 1/2 mínútu millibili*

23-12 1885

Eins og vant er um þetta leyti árs, hefir veður ve rið fremur óstöðugt þessa vikuna. Optast hefir verið við suðurátt og útsynning (Sv); 19. var hjer ofsarok fyrst á sunnan og svo á úts. (Sv); eptir miðjan dag lygndi; hjer var hann snarpastur er hann gekk til um hádegi. 18. var hjer alveg auð jörð eptir mikla rigningu síðari part dags h. 17. og hjer er nú að eins fól á jörðu. Í dag 22. lands. (Sa), hvass og koldimmur, varla lesbjart um hádegi og farinn að rigna fyrir hádegi.

Veðurlag jóladaginn 10 síðustu árin .

1875 Hæg austanrigning; hjer snjólaust.

1876 Logn, fagurt veður; hjer svo að kalla snjólaust.

1877 Hvass á norðan með skafrenningi; 10° frost; nokkur snjór eptir undangang. útsynninga.

1878 Logn, fagurt veður; 5° frost; snjólaust. *Hjer snjóaði í 1. skipti aðfangadag jóla.*

1879 Landnorðan að morgni með blindbyl, gekk svo til úts.; frostlaust veður. Hjer talsverður snjór.

1880 Brunagaddur (14° frost) á hverjum degi og hvass á norðan (*frostaveturinn mikli*). Hjer snjólítið.

1881 Útsynningur með jeljum; frostlaust; talsverður snjór.

1882 Logn, bjart veður (norðan úti fyrir); 6° frost; hjer snjólaust.

1883 Austangola með ofanhríð, frostlaust. Útsynningsjelagangur um kveldið. Stóðugur útsynningur undanfarna tíð.

1884 Bálhvass á útsuunan með jeljum; frostlaust, snjólítið.

30-12 1885

Fyrstu daga vikunnar var hjer sunnanátt með rigningu, gekk svo til úttuðurs (Sv) með jeljum og var hjer rokhvasst síðari part dags h. 26. Fjell hjer þá nokkur snjór. Aðfaranótt h. 28. gekk hann til norðurs með talsverðum kulda, og í dag 29. er hjer logn og bjart veður.

1886

6-1 1886

Þriðjudagskveldið (h. 29.) gerði hjer austanbyl að kveldi, gekk aðfaranótt h. 30. til Ssv. með rigningu, lygndi um kveldið og gjörði ofanhríð. Síðasta dag ársins var hjer fagurt veður allan

daginn, og gamlársgangur var hjer að eins föll á jörðu. Nýársdagur snjóaði hjer talsvert að kveldi, og aðfaranótt h. 2. fjell hjer talsverðr snjór og um kveldið h. 2. var hjer um tíma blindöskubylur af austri og það hvass; gekk svo sunnudaginn (3.) til norðurs, bráðhvass og snjóaði hjer talsvert; allan þann dag var hjer moldviðrisbýlur. Aðfaranótt mánudags (4.) var hann bráðhvass á norðan, lygndi um miðjan dag Og varð rjett að kalla frostlaust, austanlandnyrðings-gola; í dag 5. nokkuð hvass á austan, bjart veður fyrir hádegi, síðan dimmur með byl.

13-1 1886

Umliðna viku hefir verið hin mesta óstilling á veðri, hlaupið úr einni áttinni í aðra sama sólarhringinn; h. 6. var hjer bráðviðri á úts. (Sv) að kveldi; rauk aðfaranótt h. 7. á norðan með moldöskubyl með gaddi. Snjór hefir fallið hjer mjög mikill þessa vikuna; í gærkveldi (11.) fór að rigna hjer af landsuðri eptir undangangandi moldöskubyl af austri, frá því um miðjan dag, en um miðnælti var hann genginn til útsuðurs. Í dag (12.) hvass og dimmur á úts. (Sv.) með haglhryðjuin og blindbýljum; allbjart þess á milli. Loptþyngdarmælir er á einlægu iði allan sólarhringinn.

20-1 1886

Fyrri miðvikudag (13.) var hjer logn og fagurt veður fram yfir miðan dag; síðan gekk hann til austurs með blindbýl og svo til landsuðurs seinna um kveldið og var hvass, gekk aðfaranótt h. 14. til úts. (Sv.) með býljum og miklu brimróti til sjáfarins; rauk svo á norðan og hefir síðan verið á þeirri átt, opt rokhvass; þessa síðustu dagana hefir hjer að sjá verið blindbýlur allan daginn efra til sveita. Í fyrradag fór sjóinn að leggja hjer fram á víkina (hroði). Í dag (19.) fagurt veður, logn, en hvass til djúpanna. Loptþyngdarmælir hefir alla vikuna staðið lágt, þangað til í fyrradag, að hann fór óðum að hækka og er nú mjög hátt í dag og sækir enn hærra, svo útlit er fyrir betra veður.

27-1 1886

Umliðna viku hefir verið mesta stilling á veðri, optast bjart veður og sólskin, og má heita að logn hafi verið daglega, ofurlítill kaldi af austri að kveldi. Í dag 26. bjart veður, hægur austankaldi, (norðankæla til djúpanna?). Loptþyngdarmælir hefir varla haggazt alla vikuna og stendur kyrr enn þá.

3-2 1886

Framan af þessari viku brá til landsynnings með talsverðri rigningu; hjer var húðarigning um kveldið h. 28., en aðfaranótt h. 29. fór að snjóa aptur og kyngdi hjer ákaflega miklum snjó niður þá nótt; síðan hefir verið hægviðri og má heita að verið hafi logn daglega og fagurt veður. Í dag (2.) logn og bjart sólskin. Snjór er hjer á jörðu óvenjulega mikill.

10-2 1886

Umliðna viku hefir mikil ókyrrð verið á veðrinu síðan h. 4.; þá var hjer austanveður, hvass að morgni með byl, gekk svo til landssuðurs eptir hádegi, hægur með nokkurri rigningu; daginn eptir gekk hann til útsuðurs með hryðjum, þó eigi hvass, og brimlaust; næsta dag h. 6. var hjer austanveður, hvasst, með krapaslettingsbýl, allt fram að hádegi; en er á leið daginn, var komið *landsynningsrok* með húðarigningu allt kvöldið og næstu nótt; snemma morguns h. 7. lygndi litla stund á meðan hann gekk til í útsuðrið með *ákaflega miklu roki* og brimi til sjáfarins; hefir hann síðan verið við útsuðrið, rokhvass í býljunum. Sá mikli snjór sem kominn var, minnkaði mikið hjer við rigninguna 6.-7. Í fyrri var hjer um þetta leyti norðanrok dag frá degi og *auð jörð. t* dag (9.) sami útsynningurinn með dimmum jellum, hvass.

17-2 1886

Fyrri miðvikudag (10.) var hjer að morgni sunnanátt með rigningu, gekk svo til vestursútnorðurs um hádegi og svo seinna til austurs með ofanhríð; daginn eptir var hann hægur á austan og bjart

fram að hádegi; gekk svo til norðurs, hvass með skafrenningi; síðan hefir hann verið á norðan, þangað til að hann gekk alveg ofan mánudaginn (15.). Hjer í bænum hefir verið logn optast, þó hvasst hafi verið til djúpanna og hjer alveg heim að eyjum. Frostharkan hefir verið mikil seinni part vikunnar. Í dag (16.) er hægur austankaldi að morgni, mjög dimmur með ofanhrið, frostlítið; eptir hádegi landsunnan, hæg rigning.

24-2 1886

Eins og að undanförmu hefir veður verið mjög óstöðugt alla vikuna, hlaupið úr einni átt í aðra, verið jafnvel á öllum áttum sama sólarhringinn, logn annað kastið, rokhvass hitt. Hjer var hvínandi rok á landsunnan 18. eptir kl. 2 e. m., en kl 9 um kvöldið var komið blæja logn og hæg ofanhrið; 20. var austanrok um kveldið og næstu nótt, gekk þá allt í einu til vesturs með brimhroða, hvass; svo aptur logn nokkra tíma um miðjan daginn, en kl. 7 um kveldið genginn í útsuður (Sv) með ofanhrið; 22. var hjer landsynningur, rokhvass seinni part dags með nokkurri úrkomu. Í dag 23. er hann hægur að morgni á sunnan, bjartur á milli skúra. Jörð nú komin vel upp, þar bezta leysing hefir verið síðan í gær.

3-3 1886

Framan af vikunni var hjer hæg austanátt; síðan má heita að hafi verið logn daglega og bjartasta veður; h. 28. var stórviðri heim að eyjum á norðan, hjer í bænum logn. Í þ. m. var einstaklega fagurt veður, hægur austankaldi að morgni, síðan logn og svo bjart veður, að hvergi sást ský a lopti. Loptþyngdarmælirinn hefir staðið óvenjulega hátt og stöðugt alla vikuna og náði 28.; þeirri hæð, sem hann eigi hefir náð síðan 16. okt. þann dag stóð hann alveg eins, og þá var hjer logn og bjart veður, en norðanátt til djúpa. Síðustu dagana hefir kólnað talsvert og frostharka mikil í sjónum. Í fyrra var veður um mánaðamótin febr.-marz hið fegursta, logn, en 14-16 stiga frost. Í dag (2.) sama fagra veðrið, bliða logn.

10-3 1886

Umlíðna viku hefir verið mesta hægð á veðrinu, optast hæg austanátt; aðfaranótt h. 5. snjóaði hjer talsvert; síðan hefir verið austan-þiðvindi og snjór hjer bráðnað mikið síðustu dagana, einkum h. 8. Loptþyngdarmælir, sem stóð svo óvenjulega hátt fyrri vikuna, hefir verið að smásíga þessa vikuna. Í dag 9. sama hægðin, austan, þó æðihvass, en bjart og hlýtt veður. Eptir hádegi dimmur og genginn meira til landsuðurs.

17-3 1886

Alla umlíðna viku hefir verið austanátt, optast landsynningur (Sa.) með mikilli úrkomu, svo hjer er nú allur snjór tekinn upp; *laugardaginn h. 13. var hjer eitthvert hið mesta ofsarok af landsuðri er menn muna til*; stóð það allan daginn, þó harðast um og eptir hádegi; fylgdi því óhemjurigning; kl. 10 1/2 um kveldið gjörði allt í einu logn með hinni áköfustu rigningu framan af nóttunni; daginn eptir 14. var hjer logn og bjartasta veður. Í dag (16.) hægur landsunnan (Sa.), bjartur í morgun en dimraur um hádegið og hlýr. Í fyrra var hjer um þetta leyti útsynningur (Sv.) með byljum. Áður en ofsarokið kom á laugardaginn var, sást engin breyting á loptþyngdamælinum, og meðan á því stóð, lækkaði hann mjög lítið, og kom hjer fram sem optar, *að mjög hæpið er að reiða sig á hann*; sjómenn vorir ættu því að gefa þessu nákvæmstu gætur, Líklegt er, að veðrið hafi eigi náð mjög langt hjeðan.

24-3 1886

Alla vikuna hefir verið hið blíðasta veður, eindregin austanátt, rjett eins og bezt á vordegi; 19- var talsvert norðangola til djúpanna, en náði eigi hingað heim og varð ekkert úr. Í dag er hæg austanátt og mikill hiti, 8 stig C um hádegi, og er það mjög óvanalegt um þetta leyti.

31-3 1886

Fyrstu 3 dagana framan af þessari viku hjelzt sama blíðan, sem gengið hafði mest allan mánuðinn, en síðari part h. 26. fór aptur að kólna; snjóaði talsvert í öll fjöll aðfaranótt h. 27.; gekk hann nú til vestur útnorðurs með talsverðri snjökomu og brimhroða, og 28. var rok á norðan heim að eyjum, þótt rjett væri logn hjer í bænum; sama rokið, ef til vill enn meira, var 29., og var þá og hjer allan daginn hvasst í landli með talsverðum kulda. Í dag 30. sama norðanbálið úti fyrir, hægur hjer og hjartasta sólskin. Í fyrra voru hjer um þetta leyli útsynningsbyljir með talsverðri snjökoinu; 31. var þá blindbylur af útsuðri allan liðlangan daginn, svo varla sáust húsaskil.

7-4 1886

Norðanveðrið, sem byrjaði hinn 28. f. m., hjelzt til hins 4. þ. m. og var 4 fyrstu dagana framan af þessari viku öskurok, nótt og dag, með mikilli frosthörku; aðfaranótt hins 4. gekk hann niðnr og var hjer hið fegursta veður daginn eptir (4.)-Aðfaranótt hins 5. snjóaði talsvert og var nokkur ofanhrið við og við fyrri part dags, en hjart og fagurt veður á milli; seinni part þessa dags var blæja-logn; vestankaldi til djúpa. Í dag 6. hægur vestan-útsunnan ( Sv); hvasst snemma í morgun með brimhroða; jeljagangur fyrir hádegi.

14-4 1886

Alla þessa viku hefir verið austanátt með talsverðum kalsa í veðrinu; h. 9. var norðanveður til djúpa að sjá; framan af vikunni hjelzt frost á hverri nóttu; hinn 12. var hjer bráðhvasst á austan fyrri part dags, fyrst með bleytusletting síðan rigningu, en komið rjett logn seinni part dags og genginn til landsuðurs. Í dag (13.) hægur á landsunnan all-bjartur; allur snjór nú tekinn aptur upp

21-4 1886

Umliðna viku hefir verið fremur stilling á veðri, Optast við sunnanátt, en þó eigi nein hlýindi; aðfaranótt h. 18. fjell hjer á auða jörð talsverður snjór og að sjá til sveita mikill snjór, en hann tók fljótt upp af sólbráði, svo hjer er nú alstaðar alveg auð jörð, en eigi eru enn nema nokkrir þumlungar niður á klakann. Í dag 20. er sunnanútsynningsgola (S. Sv) með skúrum, bjartur á milli, Í *fyrra* var hjer um þetta leyti kalt veður (norðanátt) og sumardaginn fyrsta (h. 23.) snjóaði hjer allan fyrri part dags. Í *hitt eð fyrra* (1884) var hjer 20. þ. m. víða orðið algrænt, og leit jörð þá út eins og síðast í maí, þegar vel lætur í ári.

28-4 1886

Þessa vikuna hefir verið hægð á veðri, optast við sunnanátt með úrkomu; síðustu dagana hefir verið útnorðan vari, optast logn á kveldin og nóttunni. Loptþyngdamælir hefir varla hreyft sig alla vikuna og stendur við sama enn. Í dag 27. hæg útræna, rjett logn. Þessa vikuna hefir eigi grænkað all-lítið og klakinn í jörðu minnkað talsvert.

5-5 1886

Mestalla vikuna hefir verið sunnanátt eða landsunnan með hlýindum, og hefir við og við rignt nokkuð. 3. var hjer landsunnanrok fyrri part dags, hægur á sunnan að kveldi. Í dag 4. hæg austanátt, dimmur. Jörð grænkar óðum.

12-5 1886

Umliðna viku hefir viðrað óvenjulega vel bæði til lands og sjávar, rigningaskúrir og sólskin hafa skiptzt á, svo nú er jörð hjer eins græn eins og um miðbik júnímánaðar í fyrra; stöku nótt hefir snjóað lítið eitt í fjöll. Í dag h 11. hæg útnorðanátt, bjart sólskin. - í fyrra var hér norðanbál um þetta leyti með talsverðu frosti, svo alla glugga lagði móti norðri; 8. maí snjóaði hjer í bænum og gjörði alhvítt.

19-5 1886

Alla umliðna viku hefir hjer verið norðanátt með talsverðum kulda; þótt eigi hafi hann verið mjög hvass hjer; hefir verið að sjá rok til djúpa á hverjum degi; við og við hefir snjó ýrt úr lopti; í Esjuna hefir snjóað, svo alhvít hefir orðið alveg niður sjávarbakka. Ekkert útlit er fyrir, enn að hann sje að ganga niður veðrið. Í dag 18. vægari með veður, bjartur og með hlýasta móti.

26-5 1886

Mestalla vikuna hefir verið hjer sama norðanáttin sem fyrri vikuna, opt hvass mjög til djúpanna; 22. og 23. var vestanátt norðanátt með dimmviðri, og gekk aðfaranótt h. 24. til hánorðurs með bjartviðri; kuldi hefir verið talsverður í lopti og sama helzt við enn; í dag 25. hægur á norðan, bjartur.

2-6 1886

Framan af vikunni hjelzt sama norðanáttin sem að undanförmu (síðan 12. maí). Síðan hefir verið hæg veðurátt; 30. rigndi lítið eitt síðari part dags; jörð skrælpurr. Á hverri nóttu hefir legið við frosti hjer niður við sjó. Alla vikuna hefir loptþyngdarmælir staðið mjög hátt og varla hreyft sig. Í dag 1. júní er hægur vestan kaldi, bjart veður.

9-6 1886

Þessa vikuna hefur optast verið við sunnanátt og rignt mikið með köflum; aðfaranótt h. 7. snjóaði þó efst í Esjuna (útsynningur í lopti). Síðustu dagana hefir hlýnað mikið í veðri og jörð tekið miklum framförum. Hinn 7. og 8. hægur landsynningur, allbjartur.

16-6 1886

Fyrri part vikunnar var hjer sunnan- og austanátt með talsverðri rigningu; 12. gekk hann í utanátt og hefir nú síðustu dagana verið á norðan. Í dag (15.) bjart norðanveður, hvass til djúpanna og hvass hjer eptir hádegi.

23-6 1886

Alla vikuna hefir verið sunnanátt (ýmist suðaustan eða suðvestan), og hefir framan af vikunni rignt mikið með köflum, einkum sunnud. 20.; hafi tekið fyrir sól, hefir einlægur kalsi verið í lopti; síðustu dagana hefir verið útsynningur með brimhroða til sjávarins og ónotalegum kalsa. Í dag 22. hægur sunnan-útsunnan (sv) með brimhroða til sjávarins, dimmur upp yfir og kaldur, með skúrum.

30-6 1886

Framan af vikunni var hægt norðanveður, bjartur en kaldur á hverri nóttu; síðustu dagana hefir verið logn og í gær gekk hann til S með dimmviðri og ákafll. mikilli rigningu aðfaranótt h. 29. Í dag 29. dimmur á sunnan með rigningskúrum

7-7 1886

Fyrst framan af vikunni var hægur sunnan-útsynningur, en er áleið gekk hann til landsuðurs með mikilli úrkomu, en hægð á veðri. Í dag 6. er hann genginn til norðurs, hægur og dimmur fyrir og um dádegið með rigningskúrum.

14-7 1886

Umliðna viku hefir optast verið norðanátt hæg; aðfaranótt h. 10. gekk hann þó til landsuðurs (sa.) með mikilli rigningu fram að hádegi h. 10. Daginn eptir var hjer hæg austanátt með talsverðri úrkomu og síðari part dags gekk hann til vestur-útnorðurs með svækju; síðan hefir verið eindregin norðanátt, opt hvass til djúpanna; í dag 13. bjartasta veður á norðan, hvass til djúpanna. Í fyrri var hjer hvasst norðanveður um miðbik þessa mánaðar og gekk til landsuðurs með *óhemju-rigningu stanzlaus það sem eptir var mánaðarins.*



21-7 1886

Alla vikuna hefur hann verið við norðanátt, hægur og optast hið hjartasta veður. Síðari part vikunnar hefur heldur hlýnað í veðri. Alla vikuna hefur verið úrkomulaust. Í gær 19. mikið mistur í loftinu um og eptir miðjan dag

29-7 1886

Alla vikuna hefur verið mesta hægð í veðri, mátt heita logn á hverjum degi; engin hefur verið úrkoman, að heita má, nema 22. rigndi lítið eitt um tíma, og í morgun (27.) hefur við og við ýrt regn úr lopti. Í dag er hæg útsunnanátt, dimmur fyrir hádegi, bjartur síðari part dags.

4-8 1886

Alla vikuna hefur verið mesta hægð í veðri með talsverðri úrkomu; einkum rigndi hjer mikið eptir hádegið 31. f. m. Síðustu dagana hefur verið sunnan útsunnan átt með skúrum, opt bjartur á milli. Í dag 3. hægur landsynningur, rigningarlegur. Loftþyngdarmælir hefur staðið mjög stöðugur alla vikuna og hreyfist svo að kalla ekkert enn þá.

12-8 1886

Framan af vikunni hjelzt sama ópurkatiðin sem var fyrri vikuna, en föstudag 6. gekk hann til norðurs og hefur síðan verið á þeirri átt, stundum hvass til djúpa, en hjer hægur og bjartasta veður. Í dag 10. sama norðanveðrið; *snjóaði í Esjuna í nótt og sömul. í öll austur, og suður fjöll.*

18-8 1886

Alla vikuna hefir verið hægt norðanveður, bjart sólskin daglega; á nóttu mjög kalt; alveg úrkomulaust alla vikuna. Í dag hægur landnorðan-kaldi, bjart veður.

25-8 1886

Fyrsta dag vikunnar var hjer hæg sunnanátt með nokkurri rigningu; 19. sama veður, en gekk síðari part dags til landnorðurs og þá hvass og síðast um kveldið genginn til norðurs með slúð; daginn eptir (20.) var hjer hvasst útnorðanveður; síðan hefur verið sunnan-landsunnanátt, hæg og rignt mikið, einkum rigndi hjer mjög mikið allan daginn h. 22. Í dag 24. hægur landsynningur (Sa.) dimmur og hefur rignt öhamju mikið í nótt sem leið, og rigning í dag. Loftþyngdarmælir fallið og stendur lágt.

1-9 1886

Alla umliðna viku helir verið sunnanátt, optast með mikilli úrkomu dag og nótt; 28. var allbjart veður á norðan-landnorðan, en síðan einlægt öðru hvoru rigning. Í dag 31. hægur á sunnan með rigningarskúrum; loftþyngdamælir nú að hækka. Í fyrra var sama veður síðustu daga þessa mánaðar.

8-9 1886

Þessa vikuna hefir verið eindregin sunnanátt, optast hæg, en rignt mikið; fimmtudaginn h. 2. var hjer óhemju-rigning allan daginn, nokkuð hvass að morgni, en hægur síðari part dags. Í dag 7. hægur austanvari (háátt til djúpa), allbjartur og hlýr.

16-9 1886

Umliðna viku hefir verið norðanátt, hæg og optast bezta veður; síðustu dagana hefur verið talsverður kuldi á nóttu, og í nótt, sem leið, var hjer við sjáfarsíðuna óvenjulegur kuldi. Í dag 14. fagurt sólskinsveður, logn, norðangola til djúpanna. Loftþyngdarmælir hefur hækkað að mun síðustu daga vikunnar og stendur nú mjög hátt.

23-9 1886

Framanaf þessari viku var hæg sunnanátt með talsverðri úrkomu; síðan má heita að hafi verið logn á hverjum degi, optast mjög dimmur. Í dag 21. logn og fremur dimmur uppyfir fyrir hádegi. Loftþyngdamælir mjög hár.

29-9 1886

Þessa viku hefur verið hægð á veðri, optast sunnan, eða austanátt, bráðviðri en talsverð úrkoma og opt mjög dimmur uppyfir, eins og væri mistur í lofti. Í dag 28. hægur norðan útnorðan; hefir snjóað í miðja Esju.

6-10 1886

Allan fyrri hluta vikunnar var hjer mikið norðanveður, opt bráðhvass t. a. m. 1. Síðan gjörði logn og hreinviðri með nokkru frosti en gekk aptur til austurs með þíðu og regni aðfaranótt h. 5 Í dag (5.) austan, hægur með talsverðri rigningu í morgun. Í *fyrri* var hjer norðanveður þessa dagana.

13-10 1886

Þessa vikuna hefur optast verið austan eða suðaustanátt með mikilli rigningu stundum rokhvass t.a.m. síðari part h. 9. Í dag, 12. hægur á norðan, bjart veður. Loftþyngdamælir fallið og stendur lágt.

20-10 1886

Enn helzt sama blíðan, óvenjulega hagstæð veðurátt. Fyrri part vikunnar var rjett að kalla logn, utanvari og bezta veður; síðari partinn hefir verið nokkur úrkoma. Aðfaranótt hins 17. hafði snjóað talsvert í fjöll hjeðan að sjá. Í dag 19. logn, útsunnanvari, dimmur með nokkurri úrkomu. Í nótt hefir snjóað dálítið efst í Esjuna.

27-10 1886

Umlíðna viku hefir enn haldizt hagstæð veðurátt, optast við suðrið með nokkurri rigningu með köflum; síðustu dagana var útsynningur, nokkuð hvass, með brimróti og jeljum einkum h. 25. Í dag 26. hægur á landsunnan, rjett logn, en dimmur.

3-11 1886

Þessa vikuna hefur optast verið sunnan eða austanátt og fremur óstöðugt veður, h. 27. f. m. var hjer ofsaveður af landnorðri með húðarigningu allt fram að kveldi; þá lygnði. Stöku sinnum hefur verið logn og bjart veður opt; 31. var landnorðan, hvass að morgni en komið logn um kl. 3. e. m.; en skömmu eptir rauk hann allt í einu á suðvestan með ákaflegri rigningu og brimróti til sjáfarins, en veðrið stóð aðeins í. 6. klukkutíma hjer. Í dag 2. hægur á austan, bjartur fyrri partinu en dimmur seinni partinn. Talsverður snjór fallið til fjalla að sjá hjeðan. Hjer alauð jörð.

10-11 1886

Aðfaranótt h. 3. var hjer aftaka norðanveður; dimmur h. 4. með ofanfjúk og hvass á norðan; fór að frysta nokkru eptir hádegi; daginn eptir (5.) var hvasst norðanveður, en bjartur og lygnari að kveldi. Síðan hefur optast verið hægð á veðri og nú síðustu daga rjett logn hjer. Um kveldið h. 8. gekk til norðurs til djúpa, hjer logn og í dag 9. hægur austanvari, bjartasta veður, alveg sama veður og þennan dag í fyrri. Í *fyrri* fjell hjer í bænum talsverður snjór aðfaranótt 4. þ. m., en hann hvarf brátt aptur og var hjer alauð jörð h. 9., eins og nú.

17-11 1886

Fyrri part vikunna var optast austan-landsynningsátt, opt með mikilli rigningu. Að kveldi hins 14. gekk hann til norðurs, strax nokkuð hvass og hefir síðan verið við norður, hvass en þó frostlítið.

Aðfaranótt hins 14. fjell hjer hinn fyrsti snjór og gjörði alhvítt; þessi snjór var lítill og er nú að mestu blásinn burtu. Í dag 16. enn hvass á norðan og harðindalegur, gaddbylur að sjá efra.

24-11 1886

Umliðna viku hefir optast vindur blásið frá suðri eða suð-vestri (Sv); úrkoma hefir verið talsverð með köflum; 21. var hjer allan daginn hvass landsynningur með húðarigningu allan daginn. Síðan hefir hann verið við útnorður, en lítið brimað til sjáfarins. Í dag 23. útsunnan vari, bjart veður og farinn að styrðna.

1-12 1886

Fyrri part vikunnar var sunnan-átt með talsverðri úrkomu, hvass h. 26.; h. 28. gekk hann til norðurs um miðjan dag, hvass til djúpa og hjelzt norðanáttin til þess að hann gekk niður að kveldi h. 29. Aðfaranóttina h. 30. var hjer hæg austanátt en undir morgun gekk hann allt í einu til og gekk í vestanátt, hvass með ákaflegu hafróti, og er sama veðrið nú í dag 30. með jeljum.

8-12 1886

Framan af þessari viku var talsverð óstilling á veðrinu. Optast við Sv. með hryðjum og opt hvass með brimróti; h. 4. var fyrst hæg austanátt, eptir hádegi var kominn blindbylur og að kveldi genginn til útsuðurs (Sv) eptir stutta rigningu af landsuðri (Sa) og farinn að frysta. Aðfaranótt h. 5. bálhvass á útsunnan með miklum brimhroða, gekk svo til norðanáttar h. 6. með hægð og hreinviðri með talsverðu frosti. Í dag 7. hægur austan-kaldi í morgun, dimmur; eptir hádegi bjartur, landnorðan (na) hægur. Lítið snjór á jörðu. Í fyrra var hjer þessa dagana mikill gaddur; h. 7. þ. m. 1 fyrra var hjer -12 (aðfaranótt hins 7.) og -10 um hádegi; logn og fagurt veður.

15-12 1886

Framan af þessari viku var talsverðnr kuldi og var hvasst norðanveður til djúpa, þótt lyngt væri hjer. Seinni part vikunnar hefir verið hæg austanátt og frostlítið, opiast bjart og heiðskírt veður. Í dag 14. fegursta veður, logn.

22-12 1886

Fyrsta dag vikunnar var hjer logn, þangað til að hann gekk til norðurs síðari part dags h. 16 var hvass um tíma. en gekk strax ofan og varð úr því austanátt með nokkurri ofanhrið; gekk síðan til útsuðurs (Sv) með brimhroða og byljum h. 20. eptir að hann hafði verið á landsunnan litla stund með talsverðn rigningu. Hjer fjell nokkur snjór um kveldið h. 19. sem að mestu leyti er horfinn. Í dag 21. vestan úts. hroði, hvass í jeljunum. *Um síðustu jól* var frostlaust veður hjer og *alveg auð jörö; aðfangadaginn* var húðarigning á austan; *jóladaginn* logn og fagurt veður.

29-12 1886

Þessa vikuna hefir verið hægð á veðri, optast við norðanátt, hæga. eða austanátt; stundum rjett að kalla logn; miðvikudaginn h. 22. fjell hjer nokkur snjór og síðan hefir við og við snjóað, svo hjer er nú sem stendur talsverður snjór á jörðu, viðlíka mikill og í fyrra um þetta leyti. Í dag 28. logn og fagurt veður.

1887

5-1 1887

Fyrstu daga vikunnar var sunnátt með rigningu; síðan gekk hann til útsuðurs (sv), hægur með talsverðri snjókomu; h. 3. kom norðanrátt, þó eigi mjög hvöss, og helzt hún við enn; síðasta dag umliðins árs gerði hjer aftakaveður af suðri; var hjer varla stætt húsa á milli um kl. 6-7 gamalárskvöld; veðrið gekk ofan nokkru fyrir miðnætti, og gekk þá til útsuðurs. Í dag (4.) norðan, nokkuð hvass, dimmur upp yfir. Snjór hjer nú talsverður.

12-1 1887

Umliðna viku hefir mátt heita mesta stilling á veðri, optast verið við hæga austanátt hjer, þótt útsynningur hafi verið undir; við og við hefir snjóað talsvert, svo hjer er nú eigi alllítill snjór á jorðu. Í fyrra voru um þetta leyti einlægir umhleypingar með hörkugaddi.

19-1 1887

Umliðna viku hefir optast verið útsynningur með byljum. opt bjartur á milli; stundum hér brugðið lyiir slyddubyl og rigningarskúrum. Kl. 9 1/2 á föstudaginn (14.) heyrðist ein *þruma* langt í burtu. Í dag (18.) hægð á veðri, útsynningur, bjartur. Snjór hjer æði mikill. Í *fyrra* var hjer norðan hörku-gaddur um þetta leyti, og 18. Í fyrra var ís hjer þvert yfir skipaleguna.

26-1 1887

Alla vikuna hefir verið útsynningur, stundum hvass með svörtum jeljum; kveldið 22. gekk til landsuðurs með talsverðri rigningu; síðan hefir verið mátt heita logn hjer og fagurt veður; útsynningur herir einlægt verið td hafsins; brimaðfhetir fremur lítið. Í dag 25. logn og bjart sólskin fram yrir hádegi; síðan nokkuð hvass, með byljum af útsuðri. Í *fyrra* var veðráttá svipuð og nú, nema hvað nokkuð meira var frostið; *hinn 24. fór almenningur suður í „túr“*.

2-2 1887

Alla vikuna hefir verið útsynningur (Sv) optast hvass og opt með blindbyl frá morgni til kvelds t. a. m. h. 29. 31. gekk hann til útnorðurs hvass um tíma, lygndi að kveldi, og í dag er hjer hæg austanátt, en útsynningur er undir.

9-2 1887

Fyrstu daga vikunnar var hjer norðanátt, hvass til djúpa, en síðan hefir verið stöðugur útsynningur með byljum; snöggvast hefir brugðið til landnorðurs með rigningu; þannig var landsunnanrok seinni part dags h. 6., en allt í einu gekk hann til útsuðurs með slyddubyl. Í dag 8. var hjer logn og bezta veður í morgun, en rjett eptir hádegi rauk hann allt í einu á S sv. Yfir höfuð fjarskaleg óstilling á veðri alla vikuna og enn þá. Veður var mjög svipað í fyrra um þetta leyti.

16-2 1887

Alla umliðna viku hefir verið sunnanátt, optast landsynningur (Sa) með talsverðri rigningu, stundum rokhvass með köflum t. a. m. seinni part dags h. 14. Sá mikli snjór, sem kominn var hjer, var í gær (14.) alveg horfinn og jörð auð, að eins einstöku skaflar eptir. Í nótt (aðfaranótt h. 15.) herir stirðnað og fallið lítið föl á jöröu. Í dag hægur suðvestankaldi að morgni, bjart veður; Hvessti *allt í einu* eptir hádegi á Sv. með blindbyl um tíma. Í *fyrra* var grimmdargaddur um þetta leyti, aðfaranótt h. 15. Í fyrra var hjer *18 stiga frost*.

23-2 1887

Óstilling hefir verið talsverð á veðri þessa vikuna; fyrsta daginn var útsynningur með jeljagangi; daginn eptir logn og fagurt veður, gekk svo til landssuðurs með regni tvo næstu dagana, svo aptur í útsuðrið (S. v.) h. 20., en þann dag gekk hann upp úr logni með ofanhrið allt í einu um hádegi (20.) til norðurs, nokkuð hvass allan daginn, en komið logn um kvöldið; 21. landnorðan (na) bjartur að morgni, síðan með blindöskubyl til kvölds, að hann lygndi og gekk til háausturs. Í dag 22. norðan, nokkuð hvass í morgun með skafrenningi, síðan lygn og dimmur, um og eptir hádegi.

2-3 1887

Veðurátt hefir þessa viku verið mjög óstöðug og snúizt úr einni átt í aðra, mjög hvass með köflum; hinn 23. var hjer hvasst norðanveður að morgni, en landnorðan að kveldi og sami landnyrðingur daginn eptir (24.), mjög hvass um tíma fyrri part dags; gekk svo til úisuðurs, svo í

austur með bleytubyl um tfma og að kveldi h. 25. til landsuðurs með regni; h. 26. rokhvass hjer á hásunnan um og eptir hádegi, gekk aptur til útsuðurs, og 27. logn hjer og fagurt vegur; 28. hægur á austan, þar til seint um kvöldið, að hann allt í einu gekk til útsuðurs, hvass með jeljum. 27. kl. 41/2 e. m. *varð hjer vart við jaröskjálfta*, einn linur kippur. Í dag 1. marz hvass á landsunnan (Sa) með regni.- Í fyrra var hjer um þetta leyti logn með degi hverjum, en talsvert frost.

9-3 1887

Eins og undanfarnar vikur hefir veðurátt verið mjög óstöðug þessa vikuna, snúizt úr einni átt í aðra á sama dægri; h. 2. var hjer dimmviðri mikið og þoka, daginn eptir (3.) gekk hann snemma morguns allt í einu til útsuðurs og var á þeirri átt allan þann dag; daginn eptir komin austanátt, hvass, svo aptur til útsuðurs (Sv) með jeljagangi, svo logn og í dag 8. norðangola og bjart veður með talsverðu frosti.

16-3 1887

Fyrstu daga þessarar viku var hjer norðanátt, hvass til djúpa, en optast hægur hjer; seinni part h. 10. gekk hann ofan og gjörði logn, sem hefir haldizt síðan, optast bjart og fagurt sólsln. Loftþyngdarmælir hefir alla vikuna staðið óvenjulega hátt, og 10. var rjett að því komið, að hann kæmist ekki hærra, og hefir þetta ekki að borið síðan 1883. Það ár komst mælirinn um sama leyti í marzmánuði eins hátt og hægt var (c/8 83) og þa var hjer alveg sama veðrið og þessa vikuna. Í dag 15. hægur á suðvestan, dimmur og snjór í lopti; loftþyngdarmælir fer ofurhægt lækkandi.

23-3 1887

Mikil ókyrrð hefur verið á veðri umliðna viku; fyrsta daginn hægur útsynningur með brimhroða miklum; gekk svo til norðurs, bálhvass til djúpa daginn eptir (h. 17.) og næsta dag var hjer austanstórviðri með blindbýl allan síðari part dags; gekk svo til útsuðurs með hroða all-hvass, lygndi og gekk aptur í norður nokkra stund, hvass mjög til djúpa, en að kveldi sama dags (20.) var aptur komin austanátt og farið að rigna; hefur síðan verið við landsuður og gjörði hjer mikla rigningu h. 21., svo mestallur snjór, sem var talsverður eptir bylinn h. 18. og eins 20. er horfinn aptur. Í dag (22.) hæg austanátt, bjart veður fyrir hádegi.

30-3 1887

Fyrri hluta vikunnar var hjer logn og fallegasta veður; 26. gerði austanátt, hvass og dimmur í lopti; gekk um hádegi til landssuðurs (Sa) og kominn útsynningur (Sv) að kveldi, hægur, og hefir síðan verið á þeirri átt með foráttubrimi til sjávarins; eptir miðjan dag 28. gekk hann úr útsuðrinu í austanátt með slettingsbýl og síðan mikilli rigningu um kveldið og aðfaranótt h. 29. Í dag var hæg austanlandsunnan-átt fyrst í morgun, gekk svo til útsuðurs hvass með haglhryðjum. Um þetta leyti *í fyrra* var hjer norðan bál með hörkugaddi.

6-4 1887

Mestalla vikuna hefur verið óstilling á veðri og optast verið við útsuður (Sv) með meiri eða minni hroða og jeljagangi; að kveldi h. 3. gekk hann í hávestur og um nóttina til norðurs og var rokhvass með blindbýl efra allan fyrri part dags h. 4.; lygndi um kl. 4. e. m. og gjörði logn. Í dag 5. blæja logn fyrri part dags og glaða sólskin, landnorðan til djúpa og loftþyngdarmælir er nú aptur kominn hátt.

13-4 1887

Eins og undanfarna viku hefur ókyrrð verið á veðri þessa vikuna; 6. var hjer landsynningur (Sa) hvass, með mikilli rigningu, en logn að kveldi og næstu nótt; daginn eptir dimm þoka að morgni allt að hádegi, er birti upp og gekk í hæga vesturátt; daginn eptir hægur landsynningur með regni; svo útsynningur (Sv) hægur þrjá næstu dagana, og nú, aðlaranótt h. 12., genginn til austur-

landnorðurs með ofanhríð og vægu frosti; hefur í nótt snjóað svo, að jörð er hjer nú alhvít. Loftþyngdarmælir er nú mjög hátt og fer heldur hækkandi. Í dag 12. austanbylur fram að hádegi

20-4 1887

Veðurátt hefur þessa vikuna verið með bliðasta móti, optast við suðurátt og hlýindi talsverð, við og við með regni; klaki mjög lítill hjer í jörðu. Í dag 19. hæg landnorðanátt, bjart og fagurt veður.

27-4 1887

Fyrsta dag vikunnar var hæg landnorðanátt, bjart veður; um kveldið fjell snjór og gjöröi alhvíta jörð; daginn eptir (21.) var hæg austanátt snemma að morgui en gekk fljótt til *nordurs* og hefir verið *báiviðri* dag og nótt síðan og lítið útlit fyrir breytingu. Efra hefir verið blindbylur með köflum. Frostharkan hefir verið óvenjulega mikil um þetta leyti; þannig var frostið um kl. 7 um morgunin h. 24 -12,5°. Hjer er alveg auð jörð. Tjörnin hjer hjá bænum, sem var alauð, er nú aptur mannheld. 1882 var hjer líkt veður og nú, en þá byrjaði norðanbálið 23. apríl og hjelzt til 3. maí. Frostið var álíka mikið og nú.

Veðurátt í apríl 1876-86.

1876. *Norðanbál* með hörkugaddi svo að segja allan aprílmánuð; 20. apríl var 1° hiti á nóttu; annars var meiri og minn gaddur á nóttu allan mánuðinn frá 1. (2-10° frost).

1877. *Noröan-ofsarok* með hörku gaddi frá 1. apríl til 10.; síðan optast gott og hlýtt veður mánuðinn út.

1878. *Norðanstormur* fyrstu viku apríl, síðan gott veður mánuðinn út.

1879. *Norðanrok* 4 fyrstu dagana með hörkugaddi, síðan gott veður mánuðinn út.

1880. *Norðanátt* með vægu frosti fyrstu dagana síðan ágætis-veður með hlýindum.

1881. *Bezta tíð allan mánuðinn út.*

1882. *Bezta tíð* framan af mánuðinum allt til 11., þá fór að kólna og var rúml. 8° frost, aðfaranótt h. 16.; 23. byrjaði norðanátt og var eitt hið grimmasta norðanbál út mánuðinn.

1883. Hagstæð tíð allt til 15. að gjörði norðanveður, en það stóð aðeins fáeina daga, eptir það hlýasta og bezta veður út mánuðinn.

1884. Landnorðan og síðan norðanátt, hvass og kaldur fyrstu vikuna, síðan bezta og hlýasta veður. Um 20. var víða algræn jörð.

1885. *Norðanstormur* fyrstu dagana, síðan gott veður, en einlægur kuldi þangað til eptir 25.

1886. *Norðanbál með hörkugaddi* (13° frost) til 5.; síðan einlægur kalsi til 12.; síðan optast við suður með nokkrum hlýindum.

4-5 1887

Norðanbálið, sem var alla fyrri vikuna, gekk ofan 28. og hefir síðan verið hægð á veðri, en opt hetir brugðið fyrir norðankælu og stundum hvass til djúpa, þótt logn hafi verið hjer í bænum; aðfaranótt h. 29. rigndi hjer dálítið. Síðustu dagana hefir verið frost á nóttu og norðankaldi til djúpa. Í dag 3. dimrnur á austan-landsunnan hægur.

11-5 1887

Landsynningurinn (Sa), sem byrjaði síðast í fyrri vikunni, hefir haldizt við mest alla umliðna viku, við og við með talsverðri úrkomu og opt hvass; aðfaranótt h. 9. gekk veður til norðurs, hvass til djúpa fyrri part dags, en ekkert varð úr því veðri. Talsverður kalsi er í loptinu og í morgun (h. 10.) snjóaði hjer að sjá til fjalla. Í dag 10. hægur á austan, heldur dimmur fyrir hádegið með rigningu.

18-5 1887

Umlíðna viku hefir optast verið sunnanátt með hlýindum framan af vikunni en með talsverðri úrkomu og dimmviðri, en þó optast hægur. Síðustu dagana hefir heldur kólnað í veðri og í dag 17.

vestan-útsynningur, allt fram til hádegis krapaslettings-bylur, svo eigi varð sjeð húsa á milli í morgun fyrir sorta, gjörði alhvíta jörð hjer um tíma í morgun; eptir hádegis gekk hann til norðurs, rokhvass til djúpa; jörð er hjer nú orðin algræn víðast hvar á tünnum, eins og í fyrra fyrir miðjan maí, en þá kom hjer norðanbál hinn 13. með gaddi, sem eyðilagði allan gróður um tíma.

25-5 1887

Norðanbálið, sem hófst hjer um hádegi h. 17., hjelzt við til h. 22., er hann gekk til austurs neð ofanhrið þann dag allt fram yfir miðjan dag er hann gekk til landsuðurs; hefir síðan hlýnað í veðri og verið nokkur úrkoma. Í dag 24. logn, dimmur, með hægri rigningu um og eptir hádegi. Í fyrra um þetta leyti (frá 24. og næstu daga) norðanbál með gaddi.

1-6 1887

Umliðna viku hefir verið mesta veðurhægð, optast við suður eða rjett að kalla logn nótt sem dag síðustu dagana hefir verið úði á S.sv. með mestu hægð. Í dag 31. hægur landsunnanvari dimmur í lopti

8-6 1887

Alla vikuna hefur verið mesta veðurbliða, optast rjett logn, og þótt blásið hafi litla stund, hefir lyngt þegar aptur; úrkoma úr lopti lítil. Í dag 7. hægur austan-landsunnan kaldi, rjett logn og bjartasta sólskin allt fram yfir miðjan dag, er gjörði mikla rigningu um tíma.

15-6 1887

Þessa vikuna hefir eins og að undanförunu verið veðurhægð, en optast mikil úrkoma af suðri eða austri; nokkur kalsi hefir verið í loptinu síðustu dagana og *snemma í morgun (h. 14.) gjörði snöggvast alhvitt hjer. Í dag (14.) suðvestangola með hriðjum, bjartur í milli, nokkuð hvass með köflum.*

22-6 1887

Fyrri hluta vikunnar var hjer útsynningur (Sv) opt rokhvass, einkum 16., því þann dag var hjer um og eptir hádegi öskurok um tíma og gjörði talsvert brim; daginn eptir á sömu átt, en vægari með hryðjuskúrum; síðan hægviðri af landsuðri með mikilli úrkomu. Í dag 21. rjett logn (af suðri), dimmur í lopti, og hefir rignt mikið í allan morgun og fram yfir hádegi.

29-6 1887

Alla vikuna hefir verið hægur sunnan landsynningur með meiri og minni úrkomu dag -og nótt, varla má heita að sól hafi sjezt alla vikuna fyrir dimmviðri; stundum hefir verið svört þokumugga. Sama veður enn í dag h. 28: sunnanátt, hæg með rigningu.

6-7 1887

Fyrri hluta vikunnar var optast hæg sunnanátt með talsverðri úrkomu; h. 3. var hjer útnyrðingskaldi og bjart veður og hefir síðan verið heiðskirt og gott veður; Í dag 5. er hægur landsunnan (Sa) kaldi með miklum hlýindum (kl. 2 + 16°C. í forsælunni). Loptþyngdarmælir stendur hátt og haggast eigi.

13-7 1887

Fyrsla dag vikunnar var hjer austanátt, hvass allt til kvelds, að hann lyngdi; daginn eptir h. 7- var hæg austanátt með mikilli rigningu; stytti upp síðari part dags og gjörði logn. Síðan hefir verið bjart og fagurt veður, hæg útræna nema 10. var dimmviðri en logn allan daginn. Í dag 12. hæg norðangola, bjart veður.

20-7 1887

Allan fyrri hluta vikunnar var optast logn og bjart sólskin; að kveldi h. 16. gekk hann til suðurs og hefir síðan verið við þá átt með dimmviðri og nú síðast með mikilli úrkomu. Í dag 19. hefir í allan morgun verið húðarigning á sunnan útsunnan (SSv) og mjög dimmur í lopti.

27-7 1887

Fyrstu daga vikunnar var hjer talsverð rigning af suðri og austri, en fyrir hádegi h. 22. gekk hann til norðurs, hvass til djúpa, hægur hjer, bjart og fagurt sólskin á degi hverjum og enn í dag 26. er sama veðrið, hægur norðankaldi og bjartasta veður.

3-8 1887

Fyrri part vikunnar var bjart og fagurt veður optast rjett að kalla logn; síðari part dags h. 30. var hjer úði af suðri og síðan hefir verið við suður eða útsuðurátt, hægur en dimmur og stundum rignt talsvert með köflum t. a. mn. aðfaranótt h. 2. Í dag 2. hægur á sunnan, dimmur, húðarigning í morgun allt fram undir hádegi.

10-8 1887

Alla vikuna hefir verið sunnanátt með talsverðri úrkomu og optast dimmur, þar til að hann í dag 9. gekk til norðurs, hægur en bjartasta veður; loptþyngdarmælir hefir þotið upp síðan í gær og stendur nú mjög vel, svo útlit er fyrir að veður haldist við norður.

18-8 1887

Umlíðna viku má heita að logn hafi verið daglega, bjart og fagurt veður optastnær; 13. og 14. var um tíma dimmviðri með nokkurri úrkomu; 15. gekk hann til norðurs og var hvass til djúpa, hjer hægur; í dag 16. logn Og fagurt veður, hægur norðankaldi; lltur út sem sje hvasst úti fyrir á norðan og talsverður uppgangur í vestri og norðri; mistur í lopti norðanundan bæði í gær og í dag.

24-8 1887

Alla vikuna má heita að hafi verið logn og bezta veður, og sama hægðin er enn þann dag í dag (23.). Eptir hádegi genginn til landssuðurs með hægð, og rigningarlegur og loptþyngdarmælirinn að lækka.

31-8 1887

Alla undanfarna viku hefir verið að heita má alveg logn dag sem nótt með miklum hita og er mjög langt síðan önnur eins stilling hefir verið á veðri eins og undanfarna tíð. Í fyrra var t. d. 25. ágúst útsynnings-ofsi með miklum kalsa (5 stiga hiti um hádegið) og hafróti. Í dag 30. rjett logn, dimmur í morgun og nokkur rigning, birti upp eptir hádegi.

8-9 1887

Enn helzt sama blíðan og góðviðrið, logn á hverjum degi, jörð enn algræn eins og á hásumardeg; þessa daga í fyrra gengu óhemju-rigningar og þá var það 2. þ. m., að *skriðufallið* varð á Kjalarnesi. Í dag 6. blíða logn og bjart sólskin.

14-9 1887

Fyrsta dag vikunnar var austanátt með mikil, rigningu.en gekk svo til útsuðurs eptir miðjan dag; 8. var útsynningur með haglhryðjum og gekk aðfaranótt h. 9. til norðurs, hvass og kaldur, og snjóaði þá í miðja Esju. Norðanveðrið gekk fljótt niður aptur og bæði 11. og 12. var hjer logn og bezta verður; að kvöldi hins 13. fór hann að dimma og gekk til landsuðurs, og í dag 13. er hann



kominn algjört í landsuðrið, dimmur og lítur út fyrir vætu; þó haggast loptþyngdarmælirinn mjög lítið enn sem komið er.

21-9 1887

Hinn 16. brá hann til sunnanáttar með talsverðri rigningu, sem hefur haldizt við síðan; eigi hefur hann verið hvass nema einstöku sinnum nokkra klukkutíma; síðustu dagana hefur hann heldur gengið til útsuðurs, svo að kalla brimlaust. Loptþyngdarmælirinn hefur staðið óvenjulega hátt, og lækkar sárlítið enn. 1 dag 20. s. sv. gola, dimmur mjög og við og við skúrir fyrir hádegi.

28-9 1887

Fyrri part vikunnar var sunnan-útsunnanátt með talsverðri rigningu og dimmviðri : h. 25. eptir miðjan dag gekk hann til há-vesturs með brimhroða og síðan til norðurs og hefir verið það síðan. rokhvass aðfaranótt h. 27. Snjóaði í fjöll hjedan að sjá. Í dag 27. hvass á norðan bjartur, alveg sama veður sama dag í fyrra.

5-10 1887

Þessa vikuna má heita að rignt hafi stanzlaust bæði nótt sem dag, svo allt er á fioti, stöðug sunnanátt vanalega nokkur gola, en mikill sorti í loptinu. Í dag 4. logn að morgni og dynjandi rigning fram eptir degi; um hadegi norðvestankaldi, dimmur og rigning.

13-10 1887

Fyrsta dag þessarar viku var hjer alhvít jörð af snjó, sem fallið hafði kveldinu áður; gjörði síðan alveg logn hjer, þótt norðanveður væri til djúpa og hefur sama stilling haldizt síðan með vægu frosti. Í dag 11. var suðvestan svækja snemma í morgun, en birti fljótt upp og var hæg vestangola, rjett að segja logn um og eptir hádegi.

19-10 1887

Alla vikuna hefir verið sunnanátt og seinni part heldur við útsuður og stundum hvass með talsverðu brimi, við og við hefir rignt mikið. Í dag 18. sunnanvari, bjart veður. Í fyrra var svipuð veðráttá um þetta leyti.

26-10 1887

Nokkur ókyrrð hefir verið á veðri þessa vikuna; fyrsta daginn var útsynningur (Sv) með haglhryðjum, bjartur á milli; daginn eptir logn og bjart veður, svo hvessti á sunnan með rigningu og að kveldi hvass á útsunnan með brimi miklu í sjónum; h. 22. var hjer vestan-foráttubrim og hvass til hádegis, er hann gerði logn og gekk til austurs að kveldi, hægur; daginn eptir var hjer logn og bjart veður, en hvessti á norðan til djúpanna, en náði aldrei hingað heim; 24. var hjer sunnanveður, æði hvass með kveldinu, og í dag 25. dimmviðri með rigningu af suðri, hvass mjög með köflum. Loptþyngdarmælir benti á bezta veður að kveld h. 23. (30,6), en, eins og tíðast er hjer, var lítið að marka þetta, því daginn eptir var komið fúlviðri, hvass á sunnan. *Sjómenn ættu að varast að treysta loptþyngdarmælinum, sem hengdur er upp á tveim stöðum hjer í bænum.*

2-11 1887

Allan fyrri part vikunnar var hjer norðanveður stundum hvass, en eigi kaldur; síðan lygndi og gekk til austurs og hefir síðan verið við þá átt; 31. var talsverð ofanhrið eptir hádegi (af austri) og gjörði ökla snjó - fyrsti snjór í vetur (í fyrra 14. nóv. fyrsti snjór). *Morguninn h. 21. kl. 5 og 20 mín. var hjer í bænum vart við tvo jaröskjálptakippi, eigi mjög harða.* Í dag 1. nóv. hægur austanvari, rjett logn, bjartur fyrir hádegi.

9-11 1887

Fyrsta dag vikunnar var hjer logn allan daginn, en seint um kveldið rauk hann (kl. 10 -11) allt í einu á norðan með skafrenningi og var hvass á norðan daginn eptir (4.). Síðan hefir optast verið logn eða hægur austankaldi og bjart veður optast nær. Nokkurt frost var alla vikuna, þar til hann að kveldi h. tt. gekk til linunar og ýrði regn úr lopti, svo mest allur sá snjór, sem var á jörðu, tók af, svo nú er hjer aptur auð jörð. Í dag 8. blæja logn og fegursta veður; loptþyngdamælir stendur mjög hátt og hreyfir sig ekki í dag.

16-11 1887

Mestalla vikuna má heita að verið hafi logn dag og nótt þangað til uin miðjan dag h. 13. að hann gekk til norðurs og var hvass úti fyrir; en eigi hjelzt það lengur en til kvelds sama dags (kl.8-9) og var þá komið logn aptur. Daginn eptir (14.) var hjer hægur austankaldi og gekk síðari part dags til landsuðurs (Sa) og rigndi lítið eitt. Í dag hæg austanátt með hægri rigningu. *Sunnudagskveldið 13. þ. m. kl. 9,35 mínútur var hjer í bænum vart við einn snöggan jaröskjálptakipp.* Jörð er hjer nú hjer um bil al-auð.

23-11 1887

Fyrsta dag viku þessarar var hjer hægur sunnankaldi, dimmar í lopti með rigningu við og við, og daginn eptir (17.) var hjer logn til kl. 2 e. m., er hann gekk til norðurs og varð bálhvass eptir kl. 4, og hjelzt sama veðrið næsta dag; á laugardaginn var komin austanátt hæg með ofanhrið og gerði blindbyl með kveldinu. síðan hvass á austan en bjartur; síðan (21.) logn og bezta veður allan daginn, þar til hann aðfaranótt b. 22. gekk til suðurs, dimmur með nokkurri rigningu í dag (22.), og er heldur að hvessa er á daginn líður, mjög dimmur í lopti. Loptþyngdamælir benti í gærkveldi seint, rjett um miðnætti, á bezta veður (30,0) og skyldu menn því hafa ætlað, að veðrið yrði hið bezta með morgninum og í dag (22.). Almennigur fór á sjó, en eins og opt er, gjörði hvassveður, dimmviðri með versta útliti, svo allir urðu að fara þegar í land; - enn ljósasti vottur þess að *sjómenn mega með engn móti treysta loptþyngdamælinum.*

30-11 1887

Umlíðna viku hefir optast verið hæg norðanátt hjer, en hvass til djúpa, bjart veður, með talsverðu frosti. Enginn snjór hefir fallið, svo hjer er alauð jörð. Í dag 29. hægur að morgni á austan og dimmur í lopti; hvesti er á daginn leið af landnorðri.

7-12 1887

Talsverð ókyrrð hefir verið á veðri þessa vikuna; hann hefir snúizt úr einni átt í aðra á sama sólarhringnum; við og við hefir hann verið við norðanátt. 4. var hjer hvasst austanveður og dreif þá niður talsverðan snjó; 5. hægur á norðan dimmur, og í dag 6. hvass á norðan og bjartur í lopti.

14-12 1887

Framan af þessari viku var optast veðurátt við norður, hæg hjer, hvass til djúpa, með miklu frosti, gekk síðan til austurs, rokhvass síðari part dags 12. Síðan við hæga austanátt og í dag 13. frostlaust veður hægt á austan. Snjór hefir eigi fallið hjer nema að morgni h. 10., er hann gerði austanbyl um tíma.

21-12 1887

Optast hefir verið hægð mikil a veðri hina umlíðna viku; síðari partinn var hann við norðanátt en hæga; í dag 20. logn, dimmur í lopti og snjó-. ýringur úr honum öðru hvoru.

28-12 1887

Alla vikuna hefir verið blæja logn og allan fyrri partinn þokumugga dag og nótt og við og við nokkur rigning; síðustu dagana hefir verið hið fegursta og bjartasta veður með vægu frosti. Hjer er svo að kalla auð jörð. Í dag 27. blæja logn og heiðskírt lopt. Í sjónum talsverð harka.

1888

4-1 1888

Pokumuggan og lognið, sem var hjer alla fyrri vikuna, hjelzt við 3 dagana framan af þessari viku; að morgni h. 31. gekk hann til norðurs og gjörði brátt ákaflegt norðanrok, sem hefir haldizt til aðfaranóttar h. 3. er hann gekk til austur-landnorðurs hjer innfjarðar (hvasst enn á norðan til djúpa). Sjóharkan mikil og er nú sem stendur íshroði út á miðja skipalegu. Jörð hjer svo að kalla alauð.

11-1 1888

Fyrslu tvo dagana var hjer hvasst norðanveður, síðan optast hægviðri, hjartur, þó gjörði h. 7. austanveður, hægur að morgni og dimmur en hvessti að kvöldi með slyddubyl. Í dag 10. hægur á suðaustan, dimmur í lopti með hlýju.

18-1 1888

Alla þessa viku hefir vindur optast blásið frá suðri eða landsuðri, stöku sinnum brugðið fyrir á útsunnan (Sv); h. 13. var hjer rokhvasst á landsuðri með úrhellis-rigningu; daginn eptir var rokhvasst á útsunnan um tíma fyrir hádegi með haglhryðjum; síðan hægur á landsunnan ineð mikilli rigningu dag og nótt. Í dag 17. blæjalogn og fagurt sólskin. Loftþyngdarmælir stendur mjög hátt.

25-1 1888

Alla vikuna hefir verið mesta hægð á veðri en dimmur í lopti og nokkur rigning við og við, svo allt til þessa hefir veðurátt verið líkt og væri í miðgöu; h. 23. var hjer austankaldi með bleytusletting að morgni, gekk svo eptir hádegi til norðurs, útlitsljótur, svo til útsuðurs, hægur; hefur snjóað nokkuð aðfaranótt h. 24., svo nú er jörð aptur alhvít.

1-2 1888

Umlíðna viku hefir optast verið mesta veðurhægð og þó hvesst hafi stund úr degi hefur njótt dregið úr því aptur; h. 27. gjörði hjer um tíma blindbyl af austri og fjell nokkur snjór, næstu tvo daga var hjer logn og bezta veður þar til aðfaranótt h. 30. að hann gjörði mikið norðanveður með miklum uppgangi, en vægði þegar aptur, svo ekkert varð úr. Í dag 31. logn, dimmur í lopti.

8-2 1888

Umlíðna viku hefir optast verið útsynningur (Sv) optast hægur, þó rauk hann æði snögglega á útsunnan snemma dags h. 6., en hægði síðari part dags; fylgdu því svört jel allan fyrri part dagsins og talsvert brim í sjónum. Í dag 7. hægur austan, en útsynningur undir, dimmur í lopti. Hjer er svo að kalla alauð jörð nú sem stendur.

15-2 1888

Fyrsta dag þessarar viku var hjer hvasst fyrst á útsunnan (Sv.) síðan á vestan útnorðan meðjeljum og brimi til sjáfarins; síðan gekk veður til norðurs, hvasst og ákaflega hvasst aðfaranótt h.10. og þann dag, en lygnði að kveldi hjer innfjarðar; næstu dagana viðhjelzt norðanveðrið þar til að hann gekk alveg ofan síðari part dags h.13. Frostharkan hefir verið talsverð. Í dag 14. kominn á austan, hvasst, dimmur og snjór í lopti.

21-2 1888

Hægð mikil hefur verið á veðrinu þessa vikuna: að eins h. 16. var hjer veður hvasst á úts. með jeljum allan daginn, síðan optast logn og við og við nokkurt regn, svo hjer er nú alauð jörð. Í dag 21. hægur landsynningur, dimmur og regnlegur.

29-2 1888

Fyrsta dag vikunnar var hægur útsynningur með kafalds-slettingi fyrri part dags; daginn eptir hæg sunnan-gola, rjett logn, með rigningu; landsunnan daginn eptir; aðfaranótt h. 25. ákaflega hvass á s.; h. 25. sunnan hægur, fagurt veður allt til þess að hann allt í einu kl. 9-10 um kvöldið rauk upp aptur á sunnan og aðfaranótt h. 26. var *aftakaveður af suðri* með úrhellis-rigningu og þann dag allan hvass á s. með regni. Í dag 28. blæja logn og sólskin. Loftþyngdarmælir kominn *óvenjulega* hátt.

7-3 1888

Alla þessa viku hefir verið logn, svo að kalla dag og nótt, og optast bjart veður; nokkur þoka og dimmviðri hefir vetið snemma dags. Að morgni hins 5 var hjer sama lognið, hæg sunnangola (S Sv) með regnskúrum; en til djúpa fór þegar fyrir hádegi að kalda á norðan og býsna snögglega var hjer orðið mjög hvasst á norðan með miklu frosti. Í dag 6. norðanbál með hörku-gaddi, en bjartur í lopti.

14-3 1888

Fyrstu 3 dagana var hjer hvasst norðanveður en bjartur; síðari part h. 9. gjörði logn og 10. blæja logn að morgni en hvessti er á daginn leið á landnorðan. 11. hægur á landnorðan og bjart veður, logn, en dimmur daginn eptir, ýrði snjór úr lopti og gjörði hjer alhvít og gekk til norðurs síðari part dags. Í dag 13. hvass á norðan með fjúki og talsverðu frosti.

21-3 1888

Hinn fyrsta dag vikunnar var hvasst norðanveður að morgni, en gekk allt í einu ofan um kl. 10 og gerði logn og fagurt veður; daginn eptir hægð á veðri, dimmur og gekk svo til vesturs og síðan 16. til útsuðurs með jeljum og sama veður næsta dag (17.); síðan til landsuðurs með mikilli rigningu og nú aptur síðustu dagana til útsuðurs (Sv) með hvassviðri og svörtum jeljum og nokkrum brimhroða í dag 20., og ágerist í dag brimið til sjávarins.

28-3 1888

Fyrsta dag vikunnar var hjer logn og fagurt veður og eins daginn eptir þar til hann fyrir hádegi fór að hvesa á norðan og hjelzt það nær (einn) dag, svo kom aptur logndagur (24.) síðan aptur norðanveður, lygndi undir morgun h. 26. en hvessti fljótt til djúpa og rann heim um hádegi og var bálhvass síðari part dags. Aðfaranótt h. 27. var *afspyrnu-rok á norðan með grimmdargaddi* (mjög svipað veður og er Phönix var hjer í flóanum (1881) og hefir það haldizt fram eptir deginum í dag (27.).

4-4 1888

Tvo fyrstu daga þessarar viku var hjer hægð á veðri, þótt enn væri hann á norðan til djúpa; 30. var hjer hæg austangola með ofanhríð af landnorðri allan fyrri part dags, svo gjörði ökla-snjó; næsta dag (31.) var hægur austankaldi og gekk til landsuðurs, rjett logn, síðari part dags með sudda; síðan má heita að hafi verið logn það sem af er þessum mánuði og nokkur hlýindi. Í dag 3. logn í morgun og svört þoka er birti upp um kl. 10 með hægri vestangolu.

11-4 1888

Fyrsta dag vikunnar var hjer logn og svört þoka mest allan daginn; daginn eptir (5.) logn og bjart sólskin, síðan hægur sunnankaldi í tvo daga með nokkuni úrkomu og ýrði snjór úr lopti h. 7.; h 8. var hjer landsynningur hvass með skúrum við og við; daginn eptir hægur á austan að morgni en gekk svo til og til útsuðurs með brimhroða og í dag 10. er útsynningshroði, bjartur á milli jelja en eptir miðjan dag genginn til vesturs með miklum brimhroða og kafaldsbyljum.

18-4 1888

Alla vikuna hefir vindur blásið frá norðri, opt rok-hvass til djúpa, hjer optast hægur innfjarða og bjart og heiðskírt veður, og sama veðrið helzt við enn þá; talsverður kuldi á hverri nóttu.

25-4 1888

Svo má heita að alla vikuna hafi verið logn og fegursta veður; h. 23. var sunnangola og ýrði regn lítið eitt úr lopti síðari part dags; enn helzt nokkur næturkuldi á hverri nóttu. Í dag 24. blæja logn og fagurt veður. Um betta leyti í fyrra var hörkunorðangarður með 10 stiga frosti og ljeku drengir sjer á skautum á tjörninni hinn 24. april.

2-5 1888

Fyrsta dag vikunnar var sunnanátt með regni en gekk til útsuðurs eptir hádegi; daginn eptir logn og dimmur og sama veður næsta dag, en 28. gekk hann í norður bálhvass og sama veður 29.; 30. var landnorðan, nokkuð hvass fyrri part dags; hinn 26. var hjer alhvítt af snjó snemma morguns og hafði snjóað mikið í öll fjöll um nóttina; h. 27. var ofanhrið allan seinni part dags og allt til þessa hefir snjó ýrt úr lopti allan daginn við og við og orðið alhvítt stutta stund. Í dag 1. mai er vestanhroði með snjóhryðjum og kaldur.

9-5 1888

Alla þessa viku hefur verið norðanvindur, stundum all-hvass, stundum hægur að minnsta kosti að kveldi; snjór hefur fallið talsverður einkum h. 7.; gekk hann til vesturs-útnorðurs og var ofanhrið rjett allan daginn með kulda rjett sem væri á miðþorra. Í dag 8. hægur á norðan bjart og fagurt veður og bræðir sólin nú óðum aptur allan snjóinn.

16-5 1888

Framan af vikunni var hæg sunnanátt með talsverðri hlýju, gekk síðan til vesturs – útsuðurs og var hvass til djúpa, þótt hjer væri logn innfjarðar; hefur síðan verið sama veðurátt, snjóað við og við í fjöll og mikill kalsi. Í dag 15. hjer logn en útifyrir hvass á norðan; hefur snjóað talsvert í fjöll í nótt.

23-5 1888

Framan af þessari viku hjelzt við norðanáttin optast hvass og kaldur og snjó ýrði úr lopti við og við; um 20. gekk veður til austurs-landsuðurs með dimmviðri og regni og hefir sú veðurátt haldizt síðan; bæði í gær og í dag (22.) talsverð hlýindi, svo grænkað hefir þessa tvo dagana. Í dag 22. rok-hvass á landsunnan um og eptir hádegið. þessa vikuna í fyrra var hjer *norðanbál* með miklum kulda; *19. maí í fyrra var tjörnin hjer frosin og 2 stiga frost um hádegi.*

30-5 1888

Fyrsta dag vikunnar var hjer hvasst sunnanveður fram að kveldi, síðan logn næsta dag; síðan hefir verið rjett að kalla logn en einlægt við norður, kuldar og snjójel við og við úr lopti. Í dag 29. hægur á norðan með snjóýring við og við, bjartur að öðru leyti.

6-6 1888

Framan af vikunni hjelzt sama norðanveðrið með kulda og var hvasst einkum til djúpa og snjór til fjalla. Með byrjun þ. m. fór heldur að hlýna og nú síðustu dagana hefir verið hlýtt og bezta veður. Í dag 5. landsynningur með mikilli hlýju, með skúrum, en bjartur á milli.

13-6 1888

Fyrsta dag vikunuar hjer hvass landsynningur (Sa.), en daginn eptir logn og fagurt veður; síðan hægur landsynningur með úrhellisrigningu aðfaranótt h. 9. og eins þann dag allt fram að hádegi,

er hann gekk til útsuðurs með kalsa og krapabríð, svo hjer varð alhvítt niður á bæi hjer í nærsveitinni og öll fjöll til að sjá hvít sem um há-vetur; 10. logn og fagurt veður; 11. var hjer hvasst á austan frá því kl. 4 um morguninn til kl. 10 f. m. er hann lygndi og gjörði hlýjasta veður (13 stiga hiti um hádegið og 10 stiga hiti kl. 10 um kvöldið). Í dag 12. hvasst á austan í morgun, lygn síðari part dags.

20-6 1888

Alla þessa viku helir vindur blásið ýmist frá austri eða suðri, optast hvasst og dimmur, við og við með nokkurri úrkomu; stundum hefir hann gengið um tíma til útsuðurs (Sv) með nokkru brimi, en fljótt aptur í suðrið hjer innflóa. En í dag 19. er sama sunnanáttin og sama dimmviðrið, hvasst með hryðjum.

27-6 1888

Alla umliðna viku hefir verið sunnanátt, stundum hvasst og optast dimmur með lítilli úrkomu litla stuad; hlýindi hafa verið talsverð og farið vaxandi síðustu dagana og langhlýjasti dagurinn var h. 25., því þá voru um tíma 19 stiga hiti í forsælunni. Í dag 26. hægur á austan mjög hlýr, en fremur dimmur.

4-7 1888

Alla vikuna hefir verið einmuna fagurt veður. Daglega optast rjett logn. Í dag 3. hægur útnorðan-kaldi og bjartasta sólskin.

11-7 1888

Einmuna fagurt veður hefur verið alla þessa vikuna, optast alveg logn og bjartasta sólskin, aldrei dropi úr lofti. Í dag 10. logn og fegursta veður, sunnangola eptir kl. 4.

18-7 1888

Umlíðna viku hefir verið mesta hægð á veðri rjett logn alla vikuna, optast dimmur og stundum með svækju-rigningu. Í dag 17. logn og dimmur.

25-7 1888

Sama blíðan hefir haldizt alla vikuna optast verið logn og bjart veður. Í dag 24. diaimur til hádegis, að hann gekk til norðurs með hægð, rjett logn og bjartasta sólskin. Loftþyngdartnælir mjög stöðugur

1-8 1888

Alla umliðna viku hefir verið bjart og fagurt veður á degi hverjum, optast við norður hafi nokkur vindur verið; síðustu tvo dagana hefir heldur hvesst til djúpa og í gær h. 30. var úrhellis-rigning við og við eptir hádegi á vestan-útnorðan. Í dag 31. norðan, hvasst útifyrir, bjart og fagurt veður í morgun, en þó við og við með krapa um og eptir hádegi. Í nótt snjóaði efst í Esjuna.

8-8 1888

Alla þessa viku hefir sama góðviðrið haldizt við, optast logn, síðustu dagana við austanátt með hægð; dálítil úrcoma var 6. þ. m. Loftþyngdarmælir heldur að lækka síðustu dagana. Í dag 7. vestanátt, hægur, dimmur eptir hádegi og regnlegur.

15-8 1888

Sama góða veðrið viðhelzt enn, logn og blíða á degi hverjum; dálítil rigning kom um tíma á laugardaginn 11. þ. m. Í dag 14. logn, nokkuð dimmur, bjartur eptir hádegi.

22-8 1888

Enn helst sama góðviðrið; h. 17. rigndi lítið eitt af austri eptir miðjan dag, annars bjartasta sólskinsveður á degi hverjum. Í dag 21. hæg útræna bjartasta veður, svo að kalla logn.

29-8 1888

Sama góðviðrið helst enn sem nú í langan tíma að undanfögnu; síðustu dagana hafir hann verið á norðan, opt hvass til djúpa. Í dag 28. hvass hjer innfjarða, en bálhvass úti fyrir á norðan, bjart og heiðskírt veður.

5-9 1888

Fyrsta dag vikunnar var hjer hvasst norðanveður allan fyrri part dags, gekk svo til útnorðurs (Sv) og síðan í landsuður (Sa), nokkuð hvass fyrripartinn og ákaflega mikil rigning um morguninn, suddi af suðri síðari part dags; daginn eptir dimmur með sudda til hádegis, síðan hvass á norðan; daginn eptir logn og bjart veður, aðfaranótt h. 3. rigndi ákaflega mikið síðari part nætur af norðri og gjörði þá alhvítt í Skarðsheiði og efst í Esju. Í dag hægur austankaldi, all-bjartur.

12-9 1888

Fyrstu daga vikunnar var hjer norðanátt, hvass til djúpa, hægur innfjarða; h. 7. var hjer logn og dimmviðri að morgni, gjörði svo landsynning, hvass, síðari part dags; hefir síðan verðið við þá átt og rignt ákaflega mikið dag og nótt síðustu tvo dagana. Hinn 9. sló fyrir á útsunnan með haglhryðjum og bálhvass með köflum. Í dag 11, hægur á sunnan dimmur með skúrum.

19-9 1888

Alla umliðna viku hefir hjer verið sunnanátt ýmist útsynningur (Sv), ýmist landsynningur (Sa) og rignt mikið dag og nótt, opt bálhvass með köflum og mjög dimmur; rigningin hefir stundum verið óhemju-mikil t. a. m. aðfaranótt h. 16. og allan þann daginn. Í dag 18. sunnan-útsynningur með skúrum, stundum bjartur í milli. Í fyrri mjög svipuð veðrátt um sama leyti

26-9 1888

Alla umliðna viku hefir verið sunnanátt eða útsynningur (Sv) með stöðugri rigningu og opt hvass og talsvert brim í sjónum. Að kvöldi h. 22. gekk hann til suðurs og þornaði upp; aðfaranótt h. 23. var hjer fyrst frost (-1°). *Vart varð hjer í bænum við jarðskjálfta, einn kipp kl.13/4 e. m hinn 21.*

3-10 1888

Fyrstu daga þessarar viku var hæg sunnanátt með dimmviðri, gekk svo til norðurs, hvass til djúpa en lygndi þegar aptur, hefir síðan verið mesta hægð á veðri; síðustu dagana logn og dimmviðri. Í dag 2. logn, dimmur fyrri part dags.

10-10 1888

Fyrsta dag vikunnar var hjer norðanátt, hægur hjer en hvass útifyrir, síðan má heita að hafi verið logn eða sunnanvari, diinnmur með sudda-regni, þar til í gær h. 8. að hann gekk aptur til norðurs með hægð. Í dag 9. hægur útnorðankaldi, bjart og fagurt veður.

17-10 1888

Umliðna viku hefir nokkur ókyrrð verið á veðrinu, þar sem hann hefir hlaupið úr einni átt í aðra; optast verið við austur með nokkurri úrkomu, stöku sinnum nokkuð hvass á noðan útnorðan; síðustu dagana eindregin austanátt með hægð og bjartviðri. Í dag 16. hæg austanátt, nokkuð hvass til djúpa, bjart veður.

24-10 1888

Umliðna vikn hefir veður verið ýmist af suðri eða austri með mikilli úrkomu og stundum miklu brimi til sjávarins, er brugðið hefir fyrir til útsuðurs (Sv.). Í dag 23. hægur útsynningur með skúrum og í nótt sem leið haglskúrum, og hefir öll Esjan hvitnað í nótt.

31-10 1888

Alla vikuna hefur verið norðanátt, optast hvass; stundum gengið til landnorðurs litla stund eða gjört logn hjer, þótt stórviðri hafi verið úti fyrir. Í dag 30. hvass á norðan, bjart veður.

7-11 1888

Fyrstu dagana var hjer logn og bjart veður. síðan hefir vetið austanátt (landsynningur), opt hvass um tíma og stundum ákaflega mikil rigning, t. a. sunnudaginn 4. Í dag 6. landsynningur, þó bjartur, og *8 stiga hiti í forsælunni um hádegisbilið.*

14-11 1888

Alla vikuna hefir verið austan-landsynningur, optast fremur hvass og dimmur, að eins einn dagur bjartur og heiðskírt lopt (11). Úrkoma hefir verið talsverð og helzt sama veðurátt enn. Í dag 13. nokkuð hvass á austan-landsunnan með regni.

21-11 1888

Framan af vikunni var hæg austan-landsunnanátt með talsverðri úrkomu, síðan gjörði logn einn dag (16.); daginn eptir hæg vestangola, svo sunnan útsunnan með dimmviðri og svo gekk hann til norðurs, þó hægur. Esjan alhvít h. 19. og er það í fyrstu skipti nú í vetur. Í dag 20. hægur útnyrðingur, bjart veður.

28-11 1888

Fyrsta dag vikunnar (21.) var landsynningur (Na.). hægur að morgni og ýrði snjór úr lopti. eptir hádegi koldimmur með bil af austri og ágerðist veðrið og ofanhndin til kl. 4-5 e. m. þá fór að rigna um stund og var bálhvass á austanlandsuunan (Sa.) Um nóttina (aðfaranótt h. 22.) gekk hann til útsuðurs og gjörði aftaka hafrót og gekk sjór kl. 4 - 5 að morgni á land upp, langt upp fyrir venjulegt flæðarmál; daginn eptir 22, brimrót en hægð á veðri. Síðan hefir verið norðanátt. þó ekki hvass. Enn er aðeins fól á jörðu; frostharkan heldur að aukast. Í dag 27. rjett logn og bjartasta veður, en kaldur.

5-12 1888

Alla þessa viku hefir heldur verið hægð á veðri, optast tjett logn, en útsynningur úti fyrir með talsverðu brimi til sjávarins, h. 2. var hvasst norðanveður til djúpa með uppgangi, en það gekk niður þegar aptur. Nokkur snjór hefir fallið síðustu dagana. Í dag 4. rjett logn, útsynningur í hafinu, bjart veður; austankaldi síðari part dags og dimmur.

12-12 1888

Alla vikuna hefir verið sunnan eða suðaustangola, optast hægur og stundum vel bjartur; talsverð rigning hefir verið með köflum. Hjer er alveg auð jörð og klaki mjög lítill í jörðu enn þá. í dag 11. logn (austanvari), dimmur Og mikil rigning fyrir hádegi. Í *fyrri* grimmdar-gaddur þessa daga; aðfaranótt hins 11. í fyrri var *15 stiga frost.*

19-12 1888

Umliðna viku hefur optast verið sama veðurhægðin sem fyrri vikuna og svo að kalla fíostlaust. Síðustu dagana hefur hann verið ýmist við suður eða útsuður (Sv.) eða austanátt en hægur. Í dag 18. hægur austankaldi, bjart veður. Snjór er hjer enn svo að kalla enginn.

27-12 1888



Fyrstu tvo dagana var hjer logn; 21. var hjer útnorðanbylur allan fyrri part-dags og kyngdi niður talsverðum snjó. 22. hægur útsynningur með byljum. 23. var hjer að morgni dags austanveður, hvasst með krapasletting, gekk síðari part dags til landnorðurs og um kl. 4-5 var hjer svo að kalla logn, en allt í einu fyrst á sjötta tímanum hvessti á austan landsunnan og gjörði *afspymu-rok milli m. 6 og 7.* og var *veðrið mest er hann gekk til útsuðurs*; kl. 7 fór svo að lygna og varð vægari á úts. Loftþyngdamælirinn hafði aðfaranótt h. 23. fallið mjög mikið og var sí-fallandi allan sunnudaginn, og kl. rúmlega 6 um hvelðið var hann kominn niður í 27,4 (-697 millimeter); kl. 7 fór hann þegar aptur að hækka. Í öll þau ár, sem jeg hefi haft aðgæzlu á loftþyngdamæli, hefir hann *aldrei* komizt svona langt niður, enda mun það mjög fátútt að hann komist 63 millimeter *niður fyrir vanalega stöðu*. Síðustu dagana hefir haldizt hægur útsynningur með talsverðri snjó-komu.

1889

2-1 1889

Umliðna viku hefir vindur verið við austur eða suður (útsunnan), fyrstu dagana var rjett logn. Við og við hafa verið útsynnings (Sv) byljir, svo talsverður snjór hefir fallið. Í dag 1. nýársdag var hjer svo að kalla logn og all-bjart veður að morgni, síðan dimmur síðari part, hægur með lognhrið af suðri; *í fyrra* var þennan dag *norðanrok mcö hörkugaddi* (aðfaranótt 1. -10°C).

9-1 1889

Síðari part dags h. 2. var hjer austanbylur og aðfaranótt h. 3. kyngdi hjer niður miklum snjó af útsuðri (Sv) og allan þann dag var útsynningsbylur við og við með talsverðu brimi, gekk svo til austurs með hægð og ýrði regn úr lopti um stund; hljóp svo um hádegi (4.) allt í einu í vesturútnorður með blindbyl, en gekk fljótt til norðurs og varð hægur síðari part dagsins og heiðskír; daginn eptir var hjer bjart austanveður með hægð; 6. var hjer logn að morgni, en allt í einu rjett fyrir hádegi gekk hann til útnorðurs með byl stutta stund. Síðan hægur austankaldi og bjart veður með talsverðum kulda. Snjór hjér um slóðir övenjulega mikill. Í dag 9. hvass á norðan til djúpa, lygn hjer að morgni og bjartur.

12-1 1889

Miðvikudaginn var hjer logn og fagurt veður allan daginn; daginn eptir logndrifa; gekk seint um kveldið (19.) til austurs með byl; h. 11. allan daginn dimmur en hægur á norðan með byl fram á kveld, er heldur fór að hvesa.

16-1 1889

Laugardaginn var hjer hægur norðanvindur fyrri part dags, logn síðan; gott veður daginn eptir með nokkurri ofanhrið, síðan hæg austanátt og rigndi lítið eitt og gekk til suðurs með hægð um kveldið (h. 14.) og svo daginn eptir til útsuðurs, bjartur.

19-1 1889

Fimmtudaginn h. 17. var hjer landnyrðingur (Na), hvass og dimmur að morgni en komið logn kl. 2 e. m.; gjörði þá logndrifu, en um kveldið gekk hann til útsuðurs (Sv) og kyngdi niður snjó allt kveldið; hefir síðan verið við þá átt með byljum við og við, svo hjer er nú snjór með langmesta móti-*í iyrna alauð jörðum þetta leyti og sást rjett snjór í Fjöllum hjeöan að sjá*.

23-1 1889

Að kveldi h. 19. gekk til hægrar austanáttar og ýrði regn úr lopti; daginn eptir á (Sv), dimmur og hægur mari og sama veður h. 21; aðfaranótt h. 22. gekk hann til landnorðurs hvass með rigningu; gekk kl. 2 e. m. til útsuðurs, rok-hvass með byljum um kveldið.

26-1 1889

Aðfaranótt h. 25. gekk veður til útsuðurs með ofanhríð að morgni; birti upp fyrir hádegi og gekk ofan og varð logn um kveldið.

30-1 1889

Eins og að undanförmu hefur alla dagana verið útsynningur; h. 27. brá fyrir á norðan en gekk að kveldi til landsuðurs með hægö og nokkru regni síðan aptur í útsuðrið og 29. var þjer moldöskubylur hjer um bil allan daginn og gróflega hvass með miklittm brimhroða og er það enn í dag 30.

2-2 1889

Sami útsynningur sem undanfarna daga; um miðjan dag h. 31. rigndi lítið eitt um tíma, en gekk svo strax aptur í útsuðrið; h. 1. var logn og dimmviðri að morgni, en um kl. 10 fór hann að hvesa á vestan, dimmur (útsynningur undir), en gjörði logn um kveldið með nokkurri ofanhríð.

6-2 1889

Laugardaginn var hjer landnorðanstormur, en gekk til norðurs fyrir hádegi, nokkuð hvass; daginn eptir rjett logn hjer og fagurt veður; gekk svo til landnorðurs seint aðfaranótt h. 4. og rigndi þá nótt mjög mikið og allan daginn voru regnskúrir af s. eða suðvestri og rokhvass af suðvestri (útsuðri, Sv.) um kveldið; gekk svo til vesturs með foráttu brimi og gjörði logn seinni part dags h. 5. Loftþyngdamælir hefur staðið hátt síðari part vikunnar og er heldur að hækka.

9-2 1889

Miðvikudagskveldið var hjer alveg logn, en aðfaranótt h. 7. gjörði rok af útsuðri með byljum og ákaflega mikið hafrót; um kveldið gekk hann til norðurs og hefir verið það síðan, hvass og kaldur. Í nótt lang-mest frost, sem komið hefir í vetur.

13-2 1889

Síðari hluta dags h. 9. gekk veður til landnorðurs (Na), hvass; daginn eptir svo að kalla logn og fagurt veður allan daginn, og sama veður næsta dag allt fram að kveldi að hann gekk til landsuðurs (Sa), með hægri rigningu, sem hjelzt næstu nótt og fram á morgun h. 12., er hann aptur gekk til útsuðurs, hægur með jeljum.

16-2 1889

Á miðvikudagskveldið kl. 10 rauk hann allt í einu á norðan upp úr logni og var hvass næstu nótt en tygndi þjer innfjarðar og gekk svo alveg ofan að kveldi h. 14. Síðan við hæga austanátt með talsverðu frosti.

20-2 1889

Allan fyrri part laugardagsins var hjer logndrifa og að kveldi austankaldi (rjett logn); gekk svo næstu nótt til landsuðurs (Sa) með talsverðri rigningu, en gekk þegar aptur til útsuðurs að morgni h. 17. og var hjer hvass um kveldið; næsta dag sami útsynningur með jeljum þar til um miðjan dag að hann gekk til útnorðurs; h. 19. var logn að morgni og dimmur en fór fljótt að hvesa á austan-landnorðan með byl um miðjan daginn, en lygndi síðar um kveldið. Í fyrra var hjer al-auð jörö um þetta leyti.

23-2 1889

Allan miðvikudaginn var hjer logn og dimmviðri (ofur-hægur austankaldi seint um kveldið); gekk svo með hægð til landsuðurs með hægu regni og hefir verið það síðan, svo snjóinn hefir tekið mjög mikið upp þessa tvo daga (21. og 22.). Seint um kveldið h. 22. fór að hvesa a austan-landsunnan (Sa). Rígt mikið aðfaranótt h. 23.

27-2 1889

Allan laugardaginn var hjer suddarigning og logn; daginn eptir bjart veður, hægur á norðun; síðan logn tvo næstu dagana og bjartasta veður; síðari part hins 26. fór að gola á vestan-útnorðan og hvesti nokkuð kveldið nokkra stund, síðan hægur. Loftþyngdarmælirinn hefur vísað óvenjulega hátt h. 24. og 25., og síðari daginn var hann kominn eins hátt og hægt er á mínum mæli og hefur þetta eiga borið við nema tvisvar áður, nfl. 6/3 1883 og 10/3 1887.

2-3 1889

Allan miðvikudaginn var hjer hægur austankaldi og bjart veður og sama veður daginn eptir; aðfaranótt h. 1. snjóaði hjer í skóvarp með hægð af austri og allan þann dag var hjer hægur austankaldi og bjart veður. Loftþyngdarmælir einlægt hár.

6-3 1889

Laugardaginn var hér hið fegursta veður allan daginn. Daginn eptir landnyrðingur með kafaldi, síðan (4.) hægur landsynningur með regni fyrri part dags, hvass á austan um kveldið, síðan austan-landnyrðingur hvass allt fram að hádegi h. 5. síðan hægur á austan. *Athgr.* Í síðasta tölublaði Ísafoldar segir úr Reyðarfirði, að 8. jan hafi bar verið 10. stiga (R 8°). Hiti hjer var þann dag um hádegi 1 stigs ftost og nóttina áður 4 stiga frost, svo jeg get ekki skilið að þetta sje rjett athugað.

9-3 1889

Fyrirfarandi daga hefir hjer verið blæja logn og bjart veður dag sem nótt með talsverðu næturfrostri; fyrri part dags h. 8. var norðanveður, æði hvasst til djúpa. Loftþyngdarmælir mjög stöðugur þessa dagana; fór að lækka í morgun (9.)

13-3 1889

Laugardaginn var hjer nokkuð hvasst fyrri part dags af austri og ofanbylur síðari part dags og kyngdi niður ökla-snjó; komið logn síðast um kveldið; daginn eptir bezta veður; nokkuð hvass á austan seint um kveldið. Aðfaranótt h. 11. snjóaði lítið eitt og var hægur að morgni h. 12. á landsunnan dimmur með sudda um og eptir hádegi og þá genginn til vesturs og lyngdi alveg um kveldið seint; gekk svo til norðurs með hægð en gekk þegar ofan.

16-3 1889

Síðari part h. 13. fór að hvessa af austan og rigndi við og við, daginn eptir var hjer dimmviðri með hægu regni eptir hádegi og húðarrigning síðast um kveldið og sama veður h. 15. þar til hann upp úr lognrigningu mikilli allan fyrri part dags (15.) gekk til útsuðurs og fór að hvessa talsvert um kvöldið og var hvass aðfaranótt h. 16. er hann gekk til norðurs með morgninum, bráðhvass til til djúpa, hægur hjer.

20-3 1889

Aðfaranótt h. 16. snjóaði hjer, svo alhvítt varð; tvo næstu dagana var hjer bjart veður og nokkuð hvass á austan-landnorðan en lyngdi svo og gjörði alveg logn allan daginn h. 19. og mjög bjart veður með talsverðu næturfrostri.

23-3 1889

Miðvikudaginn var hjer logn með ofanhríð nokkra stund, svo jörð var alhvít; gekk svo til úrsuðurs hægur með rigningarskúrum, síðan til landsuðurs aðfaranótt h. 22. með mikilli rigningu en hægur; stytta upp um miðjan dag og gekk til vesturs með hægð en brimi til sjáfarins og snjóaði lítið eitt seint um kveldið. Aðfaranótt h. 23. genginn til útsuðurs með hryðjum.

27-3 1889

Laugardaginn var hjer útsynningur með svörtum jeljum; gekk til norðurs um miðjan dag daginn eptir, hægur með ofanhrið; síðan nokkuð hvass (25.), en bjartur á norðan, gekk ofan að kveldi h. 25. og var hæg austanátt en dimmur næsta dag; hvass á landnorðan að morgni h. 27.

30-3 1889

Síðari hluta miðvikudagsins lygndi, og var komið logn síðast um kvöldið; hefir síðan verið hæg austan eða sunnan-landsunnan átt með óvenjulega mildum hlýindum (hörkugaddur um þetta leyti í fyrra) og talsverðum rigningarskúrum.

3-4 1889

Síðari part laugardagsins var hjer hægur landsunnan-úði, en gekk svo til útsuðurs hvass, með mjög miklu brimróti, en lygndi fljótt aptur; 1. var hjer norðankaldi að morgni, gekk til austurs, nokkuð hvass að kvöldi, síðan hægur og bezta veður. Aðfaranótt laugard. 2. snjóaði hjer lítið eitt.

6-4 1889

Hinn 3. var hjer logn og fagurt veður allan daginn, síðan hefir verið hægur austankaldí og bjart veður þar til sfðari part h. 5. að fór lítið eitt að rigna með hægð af austri, en stytta þegar upp aptur.

10-4 1889

Undanfarna daga hefur hjer verið hægur austankaldi og optast bjart og fagurt sólskin. Síðara hluta dags h. 9. var hjer blæja logn og bjartasta veður.

13-4 1889

Undanfarna daga hefir verið mesta veðurhægð, norðankaldi h. 10. og 11. Síðan má heita hafi verið logn bæði dag og nótt, og bjartasta veður. Frá í morgun (13.) hægur á vestan-út-sunnan með úða.

17-4 1889

Langardaginu og sunnudaginn var hjer hægur vestankaldi með sudda-rigningu; gekk svo meira til útsuðurs og hvessti talsvert með brimhroða og skúrum síðari part dags h. 15. og hefir verið líkt veður síðan. Í dag 17. hvass á útsunnan að morgni með miklum brimhroða, allbjartur milli hryðja.

20-4 1889

Síðari part dags h. 17. lygndi eptir haglhryðjur af suðvestri allan fyrri partinn; gekk svo til vesturs hvass með jeljum og foráttu-brimi; h. 19. var hjer hægur austan-kaldi að morgni, og gjörði logn úr hádegi, bjart veður. Í morgun (20.) austankaldi, bjartur.

24-4 1889

Hinn 21. var hjer hvasst á norðan og lygndi um kveldið; daginn eptir austanveður bálhvass er á leið daginn með ofanhrið, svo hjer var jörð alhvít; síðan logndrifa h. 23, dimmur mjög allan daginn. Í *hitt* eð *fyrri* h. 23. apríl var 8° frost um hádegi með norðanvindi, rokhvass og daginn eptir (24.) var tjömin hjer held. Í *fyrri* bezta veður um þetta leyti, sunnanátt.

27-4 1889

Allan miðvikudaginn var hjer hvass landnyrðingur (Sa), dimmur með mikilli úrkomu; lygndi allt í einu um kl. 8 um kvöldið; daginn eptir bjartasta veður; h. 26. útnorðangola fyrri part dags, síðari partinn logn.

1-5 1889

Hinn 28. var hjer hvasst norðanveður að morgni en gekk til austurs fyrir hádegi, hvasst og með regni; h. 30. var hjer austanrok um tíma síðari part dags, dimmur með regni, lygndi undir kveld og birti upp. í morgun (1.) hægur austankaldi, dimmur með regni.

4-5 1889

Undanfarna daga hefur verið eindregin austanátt með blíðviðri; við og við talsvert regn úr lofti; h. 3. var hjer hvasst austanveður fram yfir miðjan dag, er hann lygndi, bjart veður með skúrum síðari part dags. *Í fyrra norðan-nepja með hríð þessa dagana.*

8-5 1889

Undanfarna daga hefur einlægt verið austan-eða austan-landsunnanátt, opt hvasst og með talsverðri úrkomu með miklum hlýindum. Úrhellisrigning aðfaranótt h. 8. Í dag 10 stiga hiti kl. 9 í morgun og bjart sólskin.

11-5 1889

Undanfarna daga hefur verið hin æskilegasta sumarblíða dag sem nótt, nokkur úrkoma með sólskinum þess á milli, við austur eða land-suður.

15-5 1889

Undanfarna daga hefur verið staðviðri og blíðasta sumarveður; mánudaginn var hjer óvenjulega hlýtt, nfl, 15 stiga hiti um hádegi.

18-5 1889

Sama einmuna sumarblíðan sem að undanfögnu. Í fyrra var 3 stiga frost í nótt sem leið og hjer hvasst norðanveður. *Í hitt eð fyrra blindbylur í allan niorgun (17.) og norðan-stórviðri; 1886 norðanbylur og frost; 1885 gott veður á landssunnan; 1884 norðanbál með gaddi; 1883 útsynningsgarri kaldur; 1882 var jeg ekki heima. 1881 norðan, hvasst með gaddi; 1880 landsynningur og gott veður; 1879 landsunnan, gott veður; 1878 norðanbál og blindbylur; 1877 bezta veður; 1876 bezta veður; 1875 fagurt veður, nokkuð kaldur; 1874 bezta veður.*

22-5 1889

Sama sumarblíðan dag sem nótt, eindregin austan-landsunnan átt, með skúrum og björtu sólskinum í milli

25-5 1889

Svo má heita, að logn hafi verið hina síðustu dagana og mesta sumarblíða, bjart og heiðskírt loft; h. 23. var nokkur norðankaldi, hvasst nokkuð til djúpa en bjart veður. Í morgun (25.) logn, dimma uppyfir, ýrði ögn úr lofti.

29-5 1889

Þessa dagana hefir talsverð væta komið úr lofti, stundum rignt óhemju mikið nokkra stund, blíðasta sólskin á milli eins og að undanfögnu.

1-6 1889

Bjart og fagurt veður daglega þar til síðari part h. 31. að hann dimmdi og gekk til mikillar úrkomu alla aðfaranótt h. 1. og allan morgun þann dag.

5-6 1889

Síðari part laugardags fór að hvesa á landnorðan (norðaustan, Na) og daginn eftir var hjer mjög hvass landsynningur (suðaustan, Sa) allan daginn eftir hádegi, síðan rjett logn með mikilli úrkomu dag og nótt; í morgun (5.) nokkuð hvass á landsunnan með skúrum, bjartur á milli.

8-6 1889

Stöðug rigning má heita að hafi verið dag og nótt undanfarna daga þar til síðari hluta h. 7. að hann upp úr vestanátt gekk til norðurs með hægð.

12-6 1889

Hinn 8. var hjer bjartasta sólskinsveður allan daginn, hægur norðankaldli og sama veður næsta dag; gekk síðan til útsuðurs (Sv) með dimmviðri og rigningu (sudda) og svo hæg austanátt, rjett logn, með vætu. Í morgun 12. logn, suddi.

15-6 1889

(tafla án athugasemda)

19-6 1889

Hinn 15. var hjer hæg norðanátt, bjart veður; daginn eftir landsynnigur og öskurok um tíma með mikilli rigningu eftir miðjan dag; síðan sunnan-útsynningur með nokkrum hroða í sjónum og hvass á milli skúra, Síðustu dagana hefur loptþyngdamælir farið síhækkandi og er nú kominn á gott veður.

22-6 1889

Undanfarna daga hefir optast verið landsynningur, bráðhvass um tíma h. 20.; daginn eftir logn með regnskúrum, dimmur allan fyrri part dags, síðan bjartur. Í morgun (22.) hægur á sunnan, allbjartur.

26-6 1889

Alla undanfarna daga hefir verið sunnan-landsunnanátt (S. a.), opt hvass, og með sífelldum rigningarskúrum; hefir svo að kalla aldrei sjezt til sólar, og virðist engin breyting enn á veðri.

29-6 1889

Sama dimmviðrið með vætu hjelt áfram þar til batnaði, h.28. gjörði bjart og fagurt veður með sólskini, vestankaldi. Í dag 29. hægur á austan, dimmur að morgni og vætulegur.

3-7 1889

Alla undanfarna daga hefir verið sunnanátt með mikilli úrkomu dag og nótt, svo aldrei hefir sjezt til aðlar. Má heita, að þetta veður hali haldizt nú um hálfsmánaðar tíma.

6-7 1889

Eptir hina miklu undanförmu vætutíð, birti loksins upp h. 5., og gekk hann til vestur-útnorðurs, síðan til norðurs með hægð. Í dag 6. bjartur sólskin, hægur við norður.

10-7 1889

Undanfarna daga má heita að hafi verið fegursta sumarbliða; optast blæja logn og heiðríkja.

13-7

Síðustu dagana hefir verið sunnanátt (S Sv.) hæg með talsverðri úrkomu; í dag 13. genginn til vesturs allbjartur.

17-7 1889

Síðari part laugardagsins gekk hann til norðurs og var nokkuð hvass um tíma og tvo næstu dagana var hjer bjart veður, hægur útnyrðingur: hefir síðan verið svo að kalla logn, hægur vestankaldi og dumbungur.

20-7 1889

Umliðna daga hefir hjer verið bezta sumarblíða og heiðskýrt veður. Í dag 20. hægur útnyrðingur bjart sólskin.

24-7 1889

Hið bjartasta og fegursta veður var allt til h. 23., að hann gekk til landssuðurs, hvass fyrri part dags með regni, en það stóð stutta stund, þvf að morgni h. 24. var komin útræna og bjartasta sólskin.

27-7 1889

Hin mesta veðurhægð undanfarna daga.

31-7 1889

Sama veðurhægðin sem undanfarna viku.

3-8 1889

Hinn 31. fór hjer að rigna mikið síðari part dags og daginn eptir einrig talsverð rigning; h. 2. var hjer bjart sólskin fyrri part dags. svört þoka að kveldi. Logn hefir verið alla dagana.

7-8 1889

Undanfarna daga helir verið bjart og fagurt veður; norðangola síðari parh. 4. og h. 5., síðan svo sem alveg logn. Í dag (7.) sunnangola, hæg.

10-8 1889

Veðurhægð og blíða undanfarna daga og útlit hið bezta.

14-8 1889

Laugardaginn h. 10. var hjer bjart og fagurt veður fyrri part dags, siðar dimmur en logn; gekk svo til vestur-út suðurs með dimmviðri og svækju og nú síðast í sunnanátt með með talsverðri rigningu og dimmu.

17-8 1889

Dimmviðri og rigning hjelzt við 14. og 15.; næsta dag bjart veður og logn, norðankaldi. Í dag 17. blæjalogn og bjart veður að morgni.

21-8 1889

Besta veður alla þessa daga, svo að kalla logn og heiðríkja. stöku sinnum lítil skúr úr lopti.

24-8 1889

Undanfarna daga helir verið bjart og fagurt veður, útifyrir norðankaldi.

28-8 1889

Veðurhægð undanfarna daga með nokkurri úrkomu.

31-8 1889

A föstudaginn var hjer vestanútnyrðingur með svækju fyrri part dags, gekk svo til norðurs og var hvass útifyrir en lygnari hjer; daginn eptir (30.) logn og fegursta veður; gekk síðan (31.) til landssuðurs, nokkur gola með dimmviðri og ýrði regn úr lopti fyrri part dags rjett lyrir hádegi.

4-9 1889

Undanfarna daga hefir verið austan-landsynningur eða sunnanátt, dimmur en hægur með talsverðri úrkomu.

7-9 1889

Undanfarna daga hefir verið landsunnanátt og talsverð úrkoma dag og nótt.

11-9 1889

Síðari hluta laugardagsins var hjer hæg sunnanátt, rjett logn, með mikilli rigningu; gekk svo seint um kvöldið til austurs, dimmur og hvass; h. 8. var hjer logn og mikið mistur í lopti og mikill hiti, kl. 9 um morguninn var 17 stiga hiti; austanvari að kveldi: gekk svo til norðurs h. 9. nokkuð hvass, síðan til austurs-landnorðurs nokkuð hvass en bjartasta veður. Í dag 11. hvass á landnorðan að morgni og bjart sólskin.

14-9 1889

Þessa dagana hefir verið austan- eða suðaustanátt, optast hvass nokkurn tíma dags og við og við með talsverðri rigningu. Í dag (14.) hvass á landsunnan með óhemju rigningu um tíma í nótt sem leið

18-9 1889

Alla undanfarna daga hefir optast verið sunnanlandsunnanátt með mikilli vætu, og má eigi heita að neinn þur dagur hafi komið nú um tíma; aðfaranótt h. 17. var hjer við sjóinn við það frost, og þann dag var hjer bezta veður að morgni, en fór þegar að hvesa á landsunnan, með óhemju rigninga-skúrum og síðar um kveldið gekk hann til útsuðurs með vesta útliti, og gjörði *ofsaveður* af útsuðri aðfaranótt h. 18., og gekk svo í vestur með miklum hroða til sjávarins.

21-9 1889

Þessa dagana hvasst veður og talsvert kólnað. Síðari part dags h. 18 gekk veður til norðurs og næsta dag snjóaði talsvert í fjöllum. - Esjan hvít niður fyrir miðju. (Í fyrra snjóaði fyrst í Esju h. 3. þ. m.). - Í dag (21.) hvass og kaldur á norðan.

25-9 1889

Laugardaginn var hjer norðanveður; hvass fyrri part dags. Daginn eptir fagurt veður og logn, gekk svo h. 23. til suðurs, dimmur með regni, en fór aptur til norðttrs eptir hádegið; hvass útifyrir. Í dag (25.) austan-landsunnan, dimmur og hvass með regni að morgni. *Hinn 22. kl. 4 3/4 um morguninn var hjer vart við jaröskjálfta (1 kipp)*

28-9 1889

Hinn 25. var hjer hvass landsynningur að morgni, en logn að kveldi með skúrum; daginn eptir vestanhroði með skúrum; gekk svo til norðurs, hvass úti fyrir, vægur hjer. Í dag, 28. logn að morgni, dimmur.

2-10 1889

Undanfarna daga hefir optast verið sunnanátt hæg með dimmviðri, við og við rignt mikið.



5-10 1889

Veðurhægð þessa dagana

9-10 1889

Veðurhægð hjelzt þar til hann gekk til norðurs að morgni h. 8. og varð mjög hvass síðari hluta þess dags, með miklum uppgangi en gekk svo niður aðfaranótt h. 9. og gerði bezta veður þann dag, hægur norð-austankaldi; síðustu daga snjóað nokkuð í fjöll.

12-10

Undanfarna daga bezta veður, norðan, optast hægur, frostlaust.

16-10 1889

Hið bezta veður undanfarna daga, svo að kalla logn og sólskin daglega. Kl. laust fyrir 4 sunnudagsmorguninn (13.) byrjuðu *jaröskjálptar* hjer, kom þá snarpur kippur og hjelzt þetta við og við með smáhringingi þartil kl. undir það 5 um morguninn að mjög mikill skjálpti kom, síðan smákippir þartil kl. 12 1/2 e. h. (rúmlega) að *ákafur skjálpti* kom, *svo allt ljek sem á þræði hjer í bænum*; var hjer logn og fagurt, bjart veður allan þann dag (13.).

19-10 1889

Hið fegursta blíðviðri undanfarna daga logn og sólskin daglega.

23-10 1889

Síðari hluta dags h. 22. tók til að rigna af austan-landsuðri. Helst sama veður í dag.

26-10 1889

Undanfarna daga talsverð úrkoma; einkum rigndi ákaflega mikið aðfaranótt h. 25. rokhvass og þann dag allt fram að hádegi er hann gekk til útsuðurs (Sv) og varð hægur. Í dag 26. hægur á sunnan-útsunnan, dimmur. Í nótt hefur snjóað efst í Esjuna. Í síðustu skýrslu hefur láðst að geta þess, að um miðnætti (h. 20.) varð hjer vart við tvo smákippi. Er mjer skrifað frá Vogsósum, að þar hafi og um sama leyti orðið vart við kippi.

30-10 1889

Laugardaginn var hvass útsynningur síðari part dags, með haglhryðjum, og sama veður næsta dag, með brimhroða; h. 28. gekk veður til austurs, bjartur upp yfir og hægur; daginu eptir austanveður, hvass, með slettingsbyl fyrri part dags og síðan óhemju rigningu síðari partinn, hvass, en lygndi síðar um kveldið. Snemma að morgni h. 29. var jörð hjer í fyrsta sinn alhvít af snjó. Í nótt (aðfaran. h. 30.) hefir stirðnað og fallið föl; en með morgninum hægur á landnorðan, bjartur.

2-11 1889

Undanfarna daga hefur verið norðanveður stundum æði hvass útfyir þótt hægur hjer innfjarðar. Eptir hádegi h. 30. gjörði hjer slvddubíl af norðri og síðan rigndi um tíma; síðan nokkuð frost með hægri norðanátt; aðfaranótt h. 2. hefur verið mest frostið, en undir morgun fór að rigna af austri.

6-11 1889

Laugardaginn var hjer rigning af austan landsuðri fyrri part dags; gekk svo til útsuðurs með haglhryðjum daginn eptir með jeljum en logn um kveldið; h. 4. var hjer hægt veður og snjóaði talsvert -um öklasnjó- gekk svo til útsuðurs (h. 5., Nv.) með brimróti en bjart veður.

9-11 1889

Hinn 6. var landnorðanveður að morgni allt fram að hádegi er hann hvessti á austan og fór að rigna og fór í útsuðrið seint um kveldið nokkuð hvass; næstu nótt (aðfaran. h. 7.) var aftakarok af útsuðri með foráttu-brimi, hjelzt veðrið framan af næsta degi (h. 7.) en komið logn að kveldi; hægur næsta dag (8.) bjart og fagurt veður; gekk til austurs um kvöldið með hægð.

13-11 1889

Laugardaginn var hjer landnyrðingur; gekk til útsuðurs næsta dag með skúrum, síðan bjart veður og rjett logn fyrri part dags h. 11, en hvessti á austan með mikilli rigningu síðari partinn og fór svo í vesturútnorður undir morgun h. 12., en gekk til útsuðurs um hádegið með regnskúrum, og sama veður er enn í dag h. 13.

16-11 1889

Allan miðvikudaginn var hjer hvass útsynningur með haglhryðjum; daginn eptir (14.) var logn og rigning snermma morguns, en nokkru fyrir hádegi fór að hvessa á sunnan-landsunnan og komið rok að kvöldi með úrhellingsrigningu; gekk aðfaranótt h. 15. í útsuður með slettingsbyl að morgni og haglhryðjum síðar; brimrót mikið í sjónum og rokhvass í hryðjunum. Í dag (16.) hægur í morgun á S., dimmur, brimrót, (kl. 9 +8).

20-11 1889

Undanfarna daga hefur optast verið útsynningur rok-hvass með köflum; stundum hefur veður hlaupið til austurs en að vörmu spori aptur í útsuður; h. 16. var rok-hvass landsynningur með rigningu; yfir höfuð hefur veðurátt nú um tíma verið mjög ókyrr; til sjáfarins megnasta brimrót. Sunnudagskveldið stóð loptþyngdarmælir vel og fór sí-hækkandi og útlit var fyrir, að veður mundi verða gott mánudaginn, en svo varð eigi, því þá rauk hann á suðvestan (útsunnan) með ofsaveður: eitt dæmi þess, *að vallt er fyrir sjómenn að treysta loptþyngdamæli.*

23-11 1889

Aðfaranótt h. 20. var hjer afspyrnu rok, á útsunnan; lygndi svo þann dag eptir hádegið og gekk til austurs; hefir síðan mátt heita logn; að kveldi h. 21. fjell hjer föl á jörðu og 22. ýrði snjór við og við úr, lopti, en bjart sólskin á milli, rjett logn allan daginn. Í morgun (23.) hægur á austan, dimmur, fyrst rigning svo slydda.

27-11 1889

Síðari hluta laugardagsins gekk veður til norðurs með slyddubyl, síðan hvass á norðan, en bjart veður þar til að hann gekk niður síðari part dags h. 26. og gjörði logn. Í dag 27. genginu til suðvesturs, hægur með jeljum snemma í morgun og brimhroða.

30-11 1889

Undanfarna daga hefur optast verið hægur útsynningur með nokkurri úrkomu og dimmviðri. Í morgun (10.) rjett logn, S Sv-vari, bjartur. Hjer nú alauð jörð.

4-12 1889

Eptir hádegi á laugardaginn gerði jel við og við; næsta dag var landsynningur, hvass síðari part dags með mikilli rigningu; gekk svo til suðurs hægur, og þokumugga eptir hádegi (h. 2.). Logn um kvöldið með regni; síðan hægur hjer á sunnan-úts. með regnskúrum. Jörð klakalaus. *Hörkugaddur hjer um þetta leyti í fyrra.*

7-12 1889

Miðvikudaginn var hjer hæg austanátt fyrri part dags, síðan hvass landsynningur með húðarigningu síðast um kveldið, gekk svo til útsuðurs, og hefir verið síðan á þeirri átt, hvass með jeljum og miklu hafróti.

11-12 1889

Eptir hádegið á laugardaginn gekk hann til norðurs með hægð; daginn eptir landnorðan með blindbyl þangað til síðari part dags er hann gekk til útsuðurs með rigningu; gjörði svo logn og fór að snjóa, koldimtnur þartil hann gekk til landnorðurs að kveldi, bjartur og aðfaranótt h. 10. í norður, hvasst en bjart veður og er við sömu átt enn.

14-12 1889

Sðaii hluta miðvikudags gjörði austan-landnyrðing með blindbil og gekk svo aðfaranótt h. 12. í landsuður með mikilli rigmngu og var bráðhvass um tíma þann dag, en lygndi alveg um kveldið og lór að frysta hinn 13 var hjer bjart veður, hægur á útsunnan þartil að hann gekk til landsuðurs um kveldið, hvass með regni og sama veður, en í morgun (14.) bráiðhvass á sunnan með húðarrigningu og koldimmur.

18-12 1889

Laugardaginn var hvasst sunnanveður með regni, en gekk til útsuðurs síðari part dags, koldimmur, næsta dag bráðhvass á landsunnan, mjög dimmur og gjörði ofsa-rok rjett fyrir hádegið; gekk þá þrumu-veður og rjett á eptir lygndi um tíma en eptir miðjan dag rauk hann aptur og gjörði aftaka-rok á SSv. og *hjelzt það veður alla aðfaranótt mánudagsins*; lygndi mikið er á leið daginn og var logn um tíma, en gekk svo til austurs um kveldið, með blindbil; næsta dag eptir í útsuðrið með jeljum. Í morgun (18.) bjartur, hægur.

21-12 1889

Eptir hádegi h. 18. var slettingsbylur af austri og um kveldið hæg rigning; daginn eptir rjett að kalla logn, all-bjartur, gekk til landnorðurs nokkuð hvass seint um kvöldið og aðfaranótt h. 20. til norðurs, þó hægur og bjart veður; gekk til austurs, hægur.

24-12 1889

Hinn 21. var ofanfjúk, hægur á austan um miðjan dag, gekk svo til landsuðurs um kveldið; varð síðan hvass á austan með regni að morgni h. 22. og slettings-bylyur og koldimmur allt fram að miðjum degi, er hann gekk til útsuðurs með jeljum; fór svo aptur í austrið með húðarigning allt fram að hád. h. 23., er hann allt í einu rauk á útsunnan með jeljum, en lygndi síðari part dags. Þennan dag (23.) í fyrri var afspyrnurok um kvöldið. og þá komst loptþyngdarm. lægst 697 millim. Nú í ár sama dag hefir loptþyngdarm, aldrei komizt eina langt síðan (723 millim.).

28-12 1889

Allan þriðjudaginn var útsynningur með dimmum jeljum; daginn eptir logn og ofanhríð; gekk í útsuðrið aptur með jeljum, svo logn en dimmur þar til hann gekk til norðurs upp úr logni skömmu eptir hádegið h. 27. Í morgun (28.) bjartur norðan, þó eigi hvass. Hjer er nú talsverður snjór á jörðu.

1890

4-1 1890

Hinn 29. var hjer landnyrðingur, hvass að morgni, síðan austanbylyur og gekk í þíðu síðast um kvöldið, gekk svo til landsuðurs hægur h. 30., en í útsuðrið með jeljum eptir hádegið, logn um kveldið og logn og bjartasta veður síðasta dag ársins. Nýjásdag var hjer hægur útsynningur með jeljum; hefir síðan verið við austur með hægð. Hinn 3. gekk hann snöggvast til norðurs, en ekkert varð úr því. Í dag 4. hægur austankaldi að morgni, bjart veður.

8-1 1890

Hinn 4. var hjer hægur austanvindur, bjart veður, logn um kveldið; 5. hvass og dimmur að norðan, með ofanhrið um tíma; gekk aptur til austurs inéð hægð og svo blæja logn og fagurt veður (h. 7.). Í dag hægur austankaldi að morgni, bjartasta veður.

11-1 1890

Allan miðvikudaginn var hjer hægur austaukaldi og hreinviðri; daginn eptir nokkuð hvass á austan landnorðan og bilur að kveldi; h.10. var hjer fegursta veður rjett logn austanvari, allan fyrri part dags; síðari partinn fór að hvessa á austan með bil að kveldi. Rignði lítið eitt um miðnætti (aðfaranótt h. 11.) Í morgun austan, hvass dimmur, regn, allt í einu rauk hann á sunnan kl. 10 1/2 f.m. með blindbil. Loftþyngdarmælir fellur óðum síðan í gærkveldi.

15-1 1890

Laugrdaginn var hje landsunnan rigning síðari part dags, gekk svo aðfaranótt hins 12 í útsuður, ákafl.. hvass. svo til austurs með kafald seinni part h. 12. og síðast um kveldið til norðurs, en svo þegar aptur í útsuðrið tneð jeljum, og hefir verið við þá átt síðnn með hægð. Loftþyngdarmælir komst mjög lágt að kveldi h. 12. (708,7. millim.). Í dag 15. hvass á austan með byl að morgni síðan rigning.

18-1 1890

Miðvikudaginn fór að rigna um hádegið og gekk þegar aptur í útsuður með jeljum, og sama veður var hjer h. 16. H. 17. var hægð á veðri og var rjett logn síðari part dags og bjart veður. Í morgun (18.) bjart og fagurt veður, landnorðan, rjett logn, í síðustu 10 árin hefur loftþyngdamælir aldrei vísað eins lágt eins og nú um langan tíma, og lítið vill hann hækka enn.

22-1 1890

Undanfarna daga hefir hjer verið bæg norðanátt með mjög vægu frosti, optast bjart og heiðskírt veður.

25-1 1890

Undanfarna daga má heita að hjer hafi verið logn daglega og heiðskírt og fagurt veður; til djúpa hæg norðankæla. Jörð hjer nú hvívetna alþakin snjó og klaka.

29-1 1890

Svo má heita. að blæja logn hafi verið, þar lil að hann fór að gola á landnorðan fyrri part dags h. 28., hvessti svo á austan þann dag um og eptir hádegið; með ofanbyl um tíma, birti svo aptur upp síðari partinn og var hvass á austan (austan-landsunnan), og fór að rigna síðast um kveldið.

1-2 1890

Miðvikudaginn var hjer hægur austankaldi að morgni, en síðari part dags hvessti á austan með byl og var rokhvass um hríð; gekk svo með húðarigning í landsuður og næstu nótt í útsuður, og hefir verið það síðan, með jeljum.

5-2 1890

Undanfarna daga hefir optast verið hægur útsynningur með jeljum, og þótt hann stöku sinnum hafi farið í aðra átt, svo sem austur, með byl, hefir hann þegar aptur farið í útsuður. Í morgun er hann genginn í suður um tíma, með regni og nokkuð hvass (kl. 9 + 3); útsynningur undir.

8-2 1890

Hinn 5. var hjer sunnan hvassveður með miklu regni og síðari part dags á útsunnan (sv.) bálhvass, hefur síðan verið við sunnan-útsunnanátt, opt hvass mjög með köflum; aðfaranótt h. 7. fór að rigna mikið úr hásuðri er gekk svo til útsuðurs að kveldi með jeljum; mikið brim þessa dagana til sjáfarins. Í morgun (8.) hægur á útsunnan með jeljum.

12-2 1890

Hinn 8. og 9. var hjer útsynningur með jeljum; Opt bráðhvass með köflum; aðfaranótt h. 10. gekk hann til landnorðurs með húðarrigning hvass og koldimmur, lygndi síðari part dags og gekk aptur til útnorðurs, og h. 11, var hjer logn og kyngdi miur snjó fram að hádegi er fór að ýra regn úr lopti og um kveldið rokinn á útsunnan um tíma, lygndi aptur siðar nokkru fyrir miðnætti og í morgun (h. 11) er rjett logn, sunnanvari, bjart veður.

15-2 1890

Undanfarna daga má heita að logn hafi verið daglega og bjart og fagurt veðnr, lítið eitt hefir snjóað (aðfaranótt h. 14.). Í morgun (15.) genginn til austurs með þíðvindi (kl. 10 + 2).

19-2 1890

(tafla án athugasemda)

22-2 1890

Miðvikudaginn var hjer hæg austanátt en dimmur og gekk svo til landsuðurs með regnskúrum úr hellisrigningu síðari part dags hvass h. 20. Aðfaranótt h. 21. gekk hann svo í útsuðrið með jeljum, svo jörð, sem var hjer orðin mikið til auð - hvítnaði aptur. Taltvert brim í sjónum. Í morgun dimmur, ýrði regn úr lopti.

26-2 1890

Laugardaginn var hjer logn og dimnmðri fyrri part dags, síðan hægur vestan-útsunnan kaldi; svo hægur landsynningur, hvessti lítið eitt síðast um kveldið; h. 24. var hjer þokusuddi, koldimmur allan daginn, og sama veður að morgni h. 25., en gekk þann dag litlu fyrir hádegi til norðurs og birti upp, en ekkert varð úr, því logn var komið að kveldi. Hjer er víðast í jörðu alveg klakalaust. Loftþyngdarmælir hefir aldrei staðið eins hátt og í morgun h. 26., nema 1883 6. marz og 1887 10. marz; kemst eigi hærra á mínum mæli. Í morgun hægur austankaldi.

5-3 1890

Logn má heita að væri hjer síðustu dagana af f. m. h. 28. var hjer mest allan daginn þokusuddi. Allan laugardaginn var hjer hægur vestan-útsynningur með suddasvækju síðari part dags og sama veður næsta dag, en hvessti á útsunnan um kveldið og gerði foráttubrim aðfaranótt h. 3. og þá nótt var hjer óhemju rigning; varð bráðhvass hjer síðari part h. 3. með jeljum; gekk svo til vesturs-útnorður h. 4. með ákaflegu brimróti, en lygndi að mestu leyti um kveldið. Í morgun (5.) landnorðankaldi; hefir snjóað lítið eitt síðan í gærkvöldi. Vart varð hjer við *jarðskjálpta* laust fyrir kl. 2 e. h. 2. þ. m. (sunnudag), lítill hristingur.

8-3 1890

Miðvikudaginn var hjer rjett að kalla logn allan daginn, hægur vestan-útnorðan kaldi síðari part dags, en síðast um kveldið rauk hann, svo að kalla allt í einu, á vestan útsunnan og sama veður næsta dag með blindbyl að morgni (jeljum) en nokkru lyrir hádegið gekk hann í útnorður með blindbyl og miklu hafróti; lygndi um kveldið og birti upp og gekk til landnorðurs, hægur með miklu frosti og er sama veður enn í morgun (8.). Vart varð hjer við *jaröskjálpta* kl. 5 1/2 e. m. h. 7. lítill hristingur.

12-3 1890

Allan laugardaginn var hjer hægur landnorðankaldi, rjett logn um kveldið; síðan hvass á landnorðan (Na) með moldöskubyl síðari part dags (sunnudags); gekk svo til útsuðurs með jeljum og í vestur síðari part dags h. 10. og birti upp með talsverðu brimi í sjónum; var svo hægur á útsunnan h. 11., logn að kveldi og brimlítið. Í dag (12.) bjart sólskin og logn í morgun, talsvert frost.

15-3 1890

Miðvikudaginn var hjer logn og fagurt veður allan daginn; var hvass á norðan til djúpa um morguninn þótt hjer væri logn, síðan hægur austan-landnorðankaldi og bjart vedur; var hvass á landnordan (Na) um morguninn h. 14. og skall snögglega á með blindbyl og ofanhrið sem hjelst við fram yfir miðjan dag er hann hægði og gekk meir til austurs og síðast til norðurs seint um kveldið. Í dag 15. hvass á norðan, bjart veður; rokhvass til djúpa.

19-3 1890

Hinn 15. var hjer norðanveður, rokhvass til djúpa sama veður næstu tvo daga, optast bjartur hjer innfjarðar; hinn 17. var hjer fagurt veður að morgni, en eptir miðjan dag hvessti á norðan með skafbil og var rokhvass allt fram að kveldi; var *bráðhvass* aðfaranótt h. 18., en þann dag gekk hann ofan og var fagurt veður, hæg norðankæla, síðan logn þann dag. Í morgun (19.) austangola, bjart og fagurt veður.

22-3 1890

Hinn 19. var hjer austan landnyrðingur, nokkuð hvass að morgni; hvessti enn meira á austan síðari part dags; gekk svo meir til landsuðurs með regni og hefir verið á þeirri átt síðan. Mestallur snjór nú horfinn aptur. Í morgun (22.) landsynningur dimmur, regn.

26-3 1890

Fyrri part dags h. 22. var hjer hvasst á austanlandsunnan. lygndi síðari partinn; hægur austankaldi næsta dag; hefir síðan verið að kalla bráðhvass á austan og dimmur við og við. Í dag 26. enn hvass á austan, bjartur í morgun.

29-3 1890

26. og 27. var hjer hvasst austanveður, bjartur uppyfir; aðfaranótt h. 28. gekk hann til norðurs, hvass útifyrir, hægur hjer innfjarða, með vægu frosti. Í morgun (29.) bjart og fagurt sólskin, logn, norðangola útifyrir.

2-4 1890

Allan laugardaginn var hjer logn og fagurt veður, gekk síðan til austurs með hægð, svo aptur logn fyrri part dags h. 31. en hvessti á landsunnan síðari partinn og rigndi ákaflega mikið af landsuðri aðfaranótt h. 1. og var ærið hvass þann dag á landsunnan með regni, og eptir hádegið bráðhvass um tíma er hann var að ganga til í útsuðrið; hægði svo síðar um kvöldið og birti upp, en rak á ákafar hrynur við og við seint um kvöldið. Í morgun sunnan-suðvestan, hvass, rignt mikið í nótt og með skúrum í morgun.

5-4 1890

Undanfarna daga hefur verið sunnan-útsynningur optast bráðhvass með úrhellis-skúrum; aðfaranótt h. 3. gránaði hjer jörð, Esjan alhvít að morgni; hinn 4. var hjer rok-hvass sunnan (útsunnan) allan daginn, ýmist með regnskúrum eða haglhryðjum allt fram að kveldi, er hann heldur lygndi. Í morgun (5.) hvass á útsunnan með jeljum, bjartur í milli.

9-4 1890

Hinn 6. gekk hann loksins til norðurs með hægð og aðfaranótt þess dags gránaði hjer jörð og snjóaði talsvert í fjöll hjeðan að sjá; hjelzt sama veður h. 7. Hinn 8. var hjer hægur austankaldi að morgni og ýrði snjór úr lopti en gekk til landsuðurs nokkru fyrir hádegi og varð nokkuð hvass og dimmur en lygndi síðar um kveldið og gerði logn með úrhellisrigning. Í morgun 9. hægur á vestan, bjart sólskin.

12-4 1890

Undanfarna daga má heita að hafi verið hægð á veðri, h. 9. var hjer vestankaldi, bjart og fagurt veður; daginn eptir hægur á austan, en dimmur og ýrði regn úr lopti, sama veður næsta dag en regnlaust. Í morgun (11.) logn en dimmur.

16-4 1890

Hinn 12. og 13. var hjer svo að kalla blæjalogn, heiðskírt veður. síðan austanikaldi en bjartur; hinn 15. var hjer norðanveður æði hvass fyrst um morguninn einkum útifyrir, lygndi um og eptir hádegið og gekk til landnorðurs síðan aptur til norðurs. Í dag 16. hægur á norðan, bjart sólskin.

19-4 1890

Hinn 16. var hjer fagurt og bjart veður, hvass á norðan úti fyrir og sama veður var hjer h. 17. Hinn 18. var hjer hvass landnyrðingur að morgni, gekk síðan til austurs dimmur með regni, sama veður enn í dag (19.), en úrkomulaus.

23-4 1890

Laugardaginn 19. var hjer hvasst austanveður eptir miðjan dag og hvass landnyrðingur næsta dag allt fram að hádegi h. 21. er hann gekk til norðurs, hvass og það rokhvass á norðan fyrri part dags h. 22., en lygndi síðari partinn. Í morgun (23.) landnyrðingur, ekki hvass.

26-4 1890

Undanfarna daga hefir verið norðanátt, optast hvass til djúpa, en frostlaust, síðari part h. 25 gekk hann ofan og varð logn. Í morgun h. 26. hægur á landsunnan, dimmur.

30-4 1890

Hinn 26. var hjer hægur landsynningur með regnskúrum; daginn eptir hvass á sömu átt með skúrum og h. 28. var hjer rokhvass austan-landsynningur að morgni en vægði síðari part dags; hefur síðan verið hæg austanátt og optast bjart veður. Í dag 30. austankaldi og bjart veður til kl. 10 f. m.

3-5 1890

Laugardaginn var hæg austanátt, dimmur, logn um kvöldið, sama veður næsta dag; h. annan var hjer bjart og fagurt sumarveður og sama veður í dag h.3.

7-5 1890

Undanfarna daga hefur verið svo að kalla blæja logn og fegursta sumarveður. Kl. 10/2 á sunnudagskveldið var hjer vart við *jarðskjálpta*, hristingur tvisvar með örstuttu millibili.

10-5 1890

Síðari part h. 7. fór að ýra regn úr lopti og næsta dag var hjer suddarigning og talsverð úrkoma um kveldið og húðarigning aðfaranótt h. 9. allan þann dag af landsuðri. Í dag 10. hægur á landsunnan að morgni og dimmur.

14-5 1890

Alla undanfarna daga hefir verið austanátt, fyrst suð-austan opt hægur með regni síðan austan (austanlandnorðan) hvass.

17-5 1890

Að morgni hins 14. var hjer hvasst austanveður bjartur, rigndi um tíma eptir hádegi, lygndi og birti aptur upp, var svo hægur á austan dimmur næsta dag, svo aptur hvass að morgni h. 16. dimmur epti hádegið og við og við úrhellisrigning. Í morgun 17. austan, hægur, allbjartur.

21-5 1890

Hinn 17. gekk hann til norðurs síðari part dags, en hægur og sama veður daginn eptir, þá hvass á norðan til djúpa, logn um kveldið; má heita að síðan hafi verið stilli-logn og fegursta veður.

24-5 1890

Logn og blíðasta veður undanfarna daga; óhemjurigning um tíma aðfaranótt föstudags. Í morgun hægur landnyrðingur (Na) bjartur.

28-5 1890

Fegursta sumarblíða viðhelzt, svo að kalla logn dag sem nótt. Loftþyngdamælir hár og hreyfingarlaus. Seint um kveldid hinn 27 gekk hann til norðurs með hægð en varð þú hvass úti fyrir. Í dag 28. bjart veður, hvasst norðanveður til djúpa, hægur innfjarða.

31-5 1890

Hægur norðankaldi hjer 28. og 29. og bjart og fagurt veður; hægur vestan-útsynningur h. 30. og í morgun h. 31. svækja og ýrði regn úr lopti af útsuðri (Sv.).

4-6 1890

Eptir hádegið h. 31. birti upp og gekk til útnorðurs; daginn eptir hvass á lands. um tíma og ýrði regn úr lopti, gekk svo til landnorðurs og snjóaði fyrri part dags h. 2.; svo til norðurs bálhvass úti fyrir, en bjart veður, er enn í dag 4. á norðan, hvass og kaldur.

7-6 1890

Hinn 4. og 5. norðanbál, lygndi að kvöldi h. 5. og ýrði þá regn úr lopti, útnorðankuldi og bjart veður h. 5. allt fram að kvöldi er hann hvesti nokkuð og gjörði brimhroða og regnskúrir með kulda, kl 9. að kvöldi að eins 3 stiga hiti.- Í morgun h. 7. vestanhroði, dimmur með regnskúrum.

11-6 1890

Undanfarna daga hefur verið sífellt norðanveður, optast hvast mjög til djúpa, optast mjög heiðskírt og bjart veður.

14-6 1890

Fegursta sumarblíða undanfarna daga; gengið til austurs-landsuðurs tvo síðustu dagana, þó úrkomulaus enn.

18-6 1890

Hinn 14. var hjer austangola að morgni og bjart sólskin en eptir hádegið fór að hvesa á landsunnan og ligndi lítið eitt um kveldið seint. Og aðfaranótt h. 15. rigndi mikið og það fram undir hádegið þann dag er aptur birti upp, hefur síðan verið bjart og fagurt veður. Í dag 15. (sic) austankaldi, dimmur að morgni.



21-6 1890

Aðfaranótt h. 19. rigndi hjer mikið og framan af deginum var húðarigning af landsuðri (Sa) var hvass um tíma síðari part dags; hefir síðan verið við vestanátt með hægð. Í dag 21. hægur vestankaldi dimmur uppyfir.

26-6 1890

Undanfarna daga hefur verið hæg sunnan (suðvestan) átt með nokkurri úrkomu, er stilling á veðri. Í morgun 26. logn. dimmur, regnýringur.

28-6 1890

Undanfarna daga hefir verið fegursta sumarveður, optast mjög heíðskírt lopt.

2-7 1890

Stilling á veðri undanfarna daga; fyrri part h. 29. gekk hann til norðurs og var við þá átt h. 30. nokkuð hvass úti fyrir; slðustu tvo dagana hefir hjer verið nokkur úrkoma. Í dag 2. logn að morgni, dimmur upp yfir. birti síðan upp.

5-7 1890

Bezta veður undanfarna daga; h. 4. var hjer vestan útnorðan veður, nokkuð hvass fyrri part dags, en ekki hjelzt það nema þann dag, daginn eptir komið logn.

9-7 1890

Fegursta sumarveður alla undanfarna daga; h. 7. rigndi mikið litla stund skömmu eptir hádegið, en birti þegar upp aptur. Í dag 9. vestangola bjart, að morgni bjartur.

12-7 1890

Sama góða veðrið hefur haldizt daglega, úrkoma svo sem engin í morgun (12.) hægur á austan-landsunnan dimmur.

16-7 1890

Hið fegursta sumarveður alla undanfarna daga og sama veður enn áfram.

19-7 1890

Svo má heita að verið hafi hið fegursta veður og logn allt þar til hann nokkru fyrir hádegið h. 18. fór að gola á landsunnan en þó bjartur allt fram að kveldi er heldur fór að dimma í lopti. Í morgun (19.) dimmur af suðri og helli rignt í nótt.

23-7 1890

Bæði h. 19. og 20. var hjer talsverð úrkoma úr lopti og h. 21. hjeldust regnskúrir við og við, en svo birti upp aptur og varð sama fagra sumarveðrið og að undanfögnu.

26-7 1890

Hinn 23. var hjer logn og fegursta veður og sama veðrið var allt fram yfir miðjan dag h. 24. er hann fór að dimma af landsuðri og komin rigning um kveldið, hefir síðan rignt mjög mikið af landsuðri; í dag 26, hægur á landsunnan með regnskúrum í morgun.

30-7 1890

Laugardaginn með regnskúrum af landsuðri, bjartur á milli; h. 27. hægur norðankaldi, rjett logn hjer og sama veður næstu tvo dagana. Í dag (30.) sama veður, hvass á norðan til djúpa; hægur hjer innfjarða og ljómandi fagurt veður.

2-8 1890

Hinn 30. var hjer bjart veður og norðankaldi og fegursta sumarveður næsta dag. Aðfaranótt h.1. fór að rigna og; hefur rignt mjög mikið síðan, einkum síðari part dags h. 1. Í dag hægur á landsunnan, dirmur og vætulegur.

6-8 1890

Alla þessa dagana hefir verið hæg sunnanátt, með talsverðri úrkomu; stöku sinnum verið á útsunnan með þokusudda.

9-8 1890

Sama sunnanáttin enn með þokusudda og regnskúrum á milli.

13-8 1890

Þrjá fyrstu dagana sama sunnanáttin með svækju rigningu þar til hann h. 12. gekk til vesturs-útnorðurs og birti upp og gjörði logn og fegursta veður. Aðfaranótt hins 13. gekk hann til austurs með húðarigningu og í morgun bráðhvass á austan. Ekki benti loptþyngdarmælir síðast á þessa snöggu veðurbreyting.

16-8 1890

Hinn 13. var hjer bráðviðri á austan og húðarigning fyrri part dags, lygndi um kveldið; gekk til norðurs með hægð eptir hádegið Og hefir verið við norður síðan; í dag 16. hvass á norðan og bjartasta sólskin.

20-8 1890

Bezta veður undanfarna daga, fyrst norðangola, síðan logn. Í dag (20.) hægur á landsunnan dimmur fremur í morgun.

23-8 1890

Hinn 10. var hjer hægur landsynningur og bjart veður að morgni en fór að rigna eptir hádegi af útsuðri og var næsta dag með skúrum af útsuðri en birti upp aptur síðari part dagsins. Að morgni h. 22. var hjer rjett logn en fór þegar að gola á norðan og varð bráðhvass úti fyrir um tíma. Í dag (23) norðan bjart veður.

27-8 1890

Allan laugardaginn var norðanveður, lygndi með kveldinu; gekk svo til landnorðurs með morgni h. 24. og í landsuður síðari part dags með svækju rigningu; birti aptur upp h. 25. á austan-landnorðan og gekk svo til norðurs, hvass úti fyrir h. 26. og er en á norðan, hægur og bjart veður.

30-8 1890

Undanfarna daga má heita að hafi verið logn og fegursla veður; fyrstu dagana var norðankaldi nokkuð hvass úti fyrir. Aðfaranótt h. 29. var hjer frost í 1. skipti (-1 stig). Í dag 30. ljómandi fagurt veður.

3-9 1890

Hinn 30. var hjer fegursta veður allan daginn; fór að dimma af austri næsta dag og komin úihellisrigning seint um hveldið og aðfaranótt h. 1. Gekk eptir hádegið þann dag til til norðurs með hægð, hinn 2. hægur á landnorðan bjartur og gjörði skúr eptir hádegi, logn um kveldið. Í dag (3.) hvass á austan og hefir rignt mikið í nótt og rignir enn í morgun.

6-9 1890

Hinn 3. var hjer svækjurigning af landsuðri allan daginn eptir hádegið, og hefir síðan rignt með köflum óhemjumikið, einkum aðfaranótt h. 5. af suður-útsuðri. Í dag (6.) hægur á aunnan með regnskúrum. Loptþyngdarmælir hefir smá-hækkað og er nú kominn hátt og boðar gott veður.

10-9 1890

Laugardaginn var hjer hæg sunnanátt með talsverðri rigningu; h. 7. var hjer hvass landsynningur að morgni og ákaflega hvass allan síðari part dags; og hvínandi rok aðfaranótt h. 8., síðan hægur (8.) á sunnan; gekk svo í vestur-útnorður h. 9. Í morgun (10.) landnorðan dimmur. Aðfaranótt h. 9. *snjóaði hjer í Esju í 1. skipti í fyrra h. 19.*)

13-9 1890

Undanfarna daga hefir verið sunnan-landsunnanátt með mikilli vætu; einkum rigndi hjer ákaflega mikið síðasl. um kveldið h. 11. og aðfaranótt h. 12, í dag (13.) enn þá á sunnan. hægur og dimmur í lopti.

17-9 1890

Sama sunnan-landsunnan áttin hefir haldizt optast með mikilli rigningu. Hinn 13. var hann á útnorðan með rigningu eptir hádegið. en gekk svo aptur til austanáttar. Í morgun 17. logn og fagurt sólskin.

20-9 1890

Eptir hádegið h. 17. gekk hann til norðurs og var bjart veður og logn komið að kveldi; h. 18. logn og rigning og 19 hvass á landnorðan að morgni með miklu regni fram undir hádegi er hann birti upp og hægði og komnið logn að kveldi. Í morgun 20. hæg austanátt, all-bjartur.

24-9 1890

Hinn 20 var hægur landsynningur með skúrum; gekk svo 21. til útsuðurs og varð bjartur, var með regnskúrum fram að hádegi h. 22. Hinn 23. var hjer hægur landnyrðingur að morgni, dimmur og fór þegar að rigna mikið og hjelzt það allan daginn fram að kveldi, er hann gekk til norðurs. Í morgun (24.) á norðan, bjartur. hvass útifyrir. Síöustu dagana hefur *snjóað í Esju. Kl. rúmlega 8 í morgun* varð vart við *jarðskjálpta*, allsnarpan hristing í eitt skipti.

27-9 1890

Síðari part dags h. 24. var hægð á veðri; gekk svo til austurs dimmur með regni og hvass að kveldi; síðan logn og óhemju rigning af S S-vestri og gekk svo að morgni h. 27. til útnorðurs, hvass til djúpa og hvass hjer allt fram. að hádegi, en bjart veður.

1-10 1890

Hinn 27. var svækju-rigning um morguninn af útsuðri, en allt í einu gekk hann í útnorður og snjóaði til fjalla en varð hjer þegar bjartur; gekk svo í landsuður h. 28 dimmur og regn, svo bjart veður h. 29. og svo í norður aðfaranótt h. 30. Hinn 29. var hjer alhvítt af snjó um morguninn og hafði snjóað í öll fjöll hjeðan að sjá. Í morgun (h. 1.) bjart og fagurt sólskin.

4-10 1890

Bezta veður undanfarna daga. Í gær og í dag (4.) bjartasta sólskin, hægur á austan.

8-10 1890

Hinn 4. var hjer bjart veður allan daginn, austan-kaldi, og sama veður næsta dag, þá rjett logn; h.6. fegursta veður og sama veður að morgni h. 7. er hann fór að gola á austan og var nokkuð

hvasst um tíma síðari partinn og dimmur, lygndi síðar um kveldið og fór að rigna af austan-landsuðri. Í morgun (8.) suðaustan. dimmur og hvasst, úrhellisrigning í nótt.

11-10 1890

Undanfarna daga má heita að rignt hafi dag og nótt af austan-landsuðri og suðvestri, aðfaranótt h. 10. var óhemju-rigning af sunnan útsuðri og þrumuveður undir morgun og hagljel; síðast kveldið h. 10. gekk hann til vesturs-útnorðurs með hægð. Í dag 11. logn, allbjartur, með suddaskúrum á milli.

15-10 1890

Hinn mikla úrkoma, sem haldizt hefur nú um langan tíma, hætti loks síðari part dags h. 13. Að morgni h. 14. var hjer fagurt og bjart veður, hægur austankaldi, en gekk svo til norðura eptir hádegið og varð hvasst síðar. Hinn 13. var hjer rokhvasst milli skúra af suður-útsuðri. Í dag 15. bál-hvasst á norðan í morgun.

18-10 1890

Hvasst á norðan bæði 15. og 16. er hann lygndi síðari part dags og kominn austankaldi seint um kveldið; hvasst á austan h. 17. og farinn að rigna um kveldið og mjög dimmur. Í morgun (18.) landsunnan hvasst og hefir rignt mikið í nótt sem leið.

22-10 1890

Síðari part dags h. 18. lygndi og var suddarigning um kveldið; gekk svo til austurs með regni; h. 20. var hjer hægur austankaldi og bjart veður þar til síðari part dags, er fór að rigna óhemjumikið; gekk til landsuðurs aðfaranótt h. 21, og rigndi mikið allan þann dag frá hádegi. Í dag 22. hvasst á sunnan (S. Sv) með skúrum, bjartur á milli.

25-10 1890

Hinn 22. var bráðviðri af suðri og hjelzt fram undir morgun h 23; lygndi svo og varð hægur á útsunnan; gekk svo til vesturs-útnorðurs h. 24. og var hvasst með brimi þann dag fram undir miðjan dag, er gjörði logn með ofandrífu um kveldið, svo hjer varð alhvít jörð. Í morgun (h. 26.) hvasst á norðan með skafrenningi, annars bjartur, rokhvasst út í flóa.

29-10 1890

Allan laugardaginn bráðhvasst á norðan; næsta dag útsynningur með jelum og brimhroða; gekk svo meir til suðurs og rigndi allan daginn h. 27. óhemju rigning um kveldið; var svo hægur á suðvestan (Sv.) að morgni h. 28. gekk til útnorðurs með hroða um miðjan dag; og til norðurs síðast um kveldið. Í dag 29. hvasst á norðan bjartur. Aðfaranótt h. 28 var hjer vart við nokkra jaröskjálptakippi er á leið nóttina og var síðasti kippurinn snarpastur (kl. rúmlega 7 um morguninn).

1-11 1890

Hinn 29. var hjer norðanveður fram að kveldi er lygndi og var hægur landnyrðingur næsta dag með ofanfjúki um morguninn, fór að hvesst á austan síðari part dags og bleytuslettingur síðast um kveldið af landsuðri; gekk svo í vestur-útsuður og var frernur hvasst allan föstudaginn með brimhroða í sjónum, nokkur snjór hefur fallið síðustu dagana einkum aðfaranótt h. 31. og þann dag við og við. Í morgun (1.) genginn til norðurs, bjartur.

5-11 1890

Hinn 1. var hjer hvasst norðanveður, rok-hvasst um kveldið, lygndi aðfaranótt h. 2 og var þann dag hægur á norðan og bjart veður, gekk svo til austurs með hægð h. 3. og blæja logn síðari part

Þess dags. Logn allan fyrri partinn h. 4., hægur austankaldi síðari partinn. Í morgun (5.) genginn til austurs hvass með regni.

8-11 1890

Síðari part dags h 5. var hjer ákaflega hvasst á austan og mikil rigning en lygndi allt í einu kl. 6-7 um kveldið; næsta dag hægur útsynningur með jeljum; gekk svo til austurs hægur og bjartur en hvessti nokkuð um tíma síðari part dags með slettingsbyl, hægur síðan. Í dag 8. hægur austankaldi með morgninum rjett logn bjart veður.

12-11 1890

Rjett logn undanfarna daga, stundum hægur austankaldi, oftast bjart uppyfir; hinn 11. var hjer hæg austangola með þíðu og ýrði regn úr lopti nokkru eptir miðjan dag. Í morgun (12.) landnorðangola, bjartur.

15-11 1890

Undanfarna daga helur verið austanátt með talsverðri úrkomu, einkum rigndi hjer ákaflega mikið síðast um kveldið h. 13. Hjer er enn rjett klakalaus jörð.

19-11 1890

Veðurátt mjög svo óstöðug Hinn 15. var hjer fagurt og kyrrt veður, hæg austangola um kveldið og nokkur rigning; hægur með regni næsta dag; hinn 17. var krapaslettingur að morgni af austri, svo rjett logn síðari part dags, h. 18. var hjer útsynningur hægur að morgni en hafði verið hvass með jeljum nóttina áður; um miðjan dag var hægur austanvari og bjart veður en fór svo að dimma og var síðan hvass á austan-landnorðan með talsverðri rigningu Í morgun (19.) bráðhvass á vestan og úrhellis-rigning, ákaflegt hafrót.

22-11 1890

Hin mesta ókyrrð á veðri; hleypur úr einni átt í aðra á sama sólarhringnum; h. 19. hvass á vestan með mikilli rigningu, logn um kveldið og farinn að frysta, aðfatanótt h. 20. genginn í austur-landsuður með regni og rokhvass; eptir hádegið genginn til útsuðurs hvass með jeljum og farinn að frysta að kveldi h. 21. austan-landnorðan hvass að morgni og fyrir hádegi genginn til vesturs-útnorðurs með slyddubyl, hægur að norðan að kveldi. Í morgun (22.) hæg norðangola, bjart veður. Snemma morguns kl. (4-5) h. ??11, þrumur.

26-11 1890

Síðan hann komst í norðrið h. 21. hefur hann verið við þá átt, stundum all-hvass en oftast hægur og bjartur. Lítið föl fjell á jörðu síðari part dags h. 22. en þar hvarf þegar aptur, svo hjer er al-auð jörð. Frostið heldur að harðna síðustu dagana. Í nótt (26.) genginn til landsuðurs dimmur með regni.

29-11 1890

Undanfarna daga sama ókyrrð á veðri, oftast á suðvestan, annað kastið hægur, hitt hvass með hryðjum og brimi í sjónum; hefir snjóað í nótt (aðf.nótt h. 29.) af útsuðri, svo hjer er nú al-hvít jörð.

3-12 1890

Útsynningur með jeljum þangað til að hann gekk til norðurs h. 1., þá með hægð, og hefur verið við þá átt síðan, nokkur snjór hefur fallið síðustu dagana. Í dag (3.) hægur á austan, bjartur, frostlítið nú í morgun.

6-12 1890

Hinn 3. var hjer austankaldi, dimmur að morgni dags, gekk svo til landsuðurs með regni og var rokhvass um tíma eptir miðd. h. 4. lygndi svo allt í einu og gjörði slyddubil, gekk til útsuðurs og fór að frysta og fjell föl. Í dag (h. 6.) hægur á austan í morgun, allbjartur.

10-12 1890

Laugardaginn var hjer hægur austankaldi og allbjart veður að morgni; gekk svo til landsuðurs um kveldið með þíðvindi og var hægur daginn eptir allt fram yfir miðjan dag er hann hvessti á landsunnan; h. 8. logn um morguninn er fór þegar að drífa niður snjó og snjóaði talsvert allan daginn; gekk svo til austurs (9.) og komin þíða um kveldið. Í dag (10.) landsunnan, hvass, koldimmur, rigning.

13-12 1890

Hinn 10. var hjer all-hvass landsynningur með regni, koldimmur; logn næsta dag og bjart og fagurt veður fyrri partinn, einstaka jel; hægur útsynningur að kveldi og nokkuð brim í sjónum; h. 12 hægur útsynningur með smá-jeljum logn að kveldi. Í morgun (13.) austan, hægur. dimmur. Enn svo að kalla alveg klakalaus jörð. Hinn 11. des. í fyrra var hjer 14 stiga frost.

17-12 1890

Fyrri part dags h. 13. var hjer hæg austanátt, gekk til norðurs eptir miðjan dag, en var hægur og var við norður þangað til síðari part dags h. 14, er hann gekk til austurs, hvass og koldimmur og var hvass á landsunnan með regni allan daginn h. 15., þar til hann lygndi síðari part dags og fór að snjóa og dreif þá niður öklasnjó. Hinn 16. var hjer logn allan daginn. Í morgun (17.) landnorðangola.

20-12 1890

Miðvikudaginn var hjer að morgni landnorðangola en gekk svo til norðurs um tíma og svo aptur til austurs um kvöldið með regni, svo í útsuðrið með jeljum (18.) bráðhvass um tíma fyrri part dags. Síðan hafa verið logn. Hitamælir minn hefir verið í ólagi um nokkurn tíma og vísað of *lágt*, vanalega 1 - 2 stigum of *lágt*. *Hann er nú rjettur.*

24-12 1890

Einlægar umhleyppingar, logn annan daginn og rokinn þegar minnst varir; optast við útsuðrið - alveg sama veður og í fyrra um þetta leytið; á Þorláksmessudag var hjer aftaka útsynningur eptir miðjan daginn. Í morgun kl. 9. +6°, *ákaflega hvass á S.* (Sa) frá því um miðja nótt, allur snjór hjer horfinn.

31-12 1890

Síðustu vikuna hefir verið sami umhleyppingur sem að undanförmu. Jörð hjer nú alauð og klakalaus; tjörnin alauð, og hefir þetta ekki komið hjer fyrir síðan 1875; það ár var mesta veðurbliða alla jólaföstu og snjór hafði eigi sjezt þá 16. desember; 19. desember fjell fyrsta föl hjer á jörðu það árið.

1891

7-1 1891

Undanfarna daga hefir verið mesta hægð í veðri; um tíma (h. 6.) var nokkuð hvasst á landsunnan með regni lygndi aptur fljótt. Veðurátt nú er sem væri vorveður.

10-1 1891

Sama veðurbliðan; optast logn og nú síðustu daga regn; aðfaranótt h. 10. mjög mikil rigning alla nóttina; í morgun (10.) genginn í vestur-útnorður, þó hægur.

14-1 1891

Laugardaginn var hjer nokkuð hvast á norðan fyrri part dags, lygndi og fór að snjóa um kveldið og var alveg logn; daginn eptir logn framyfir miðjan dag, er hann fór að hvesa á landsunnan og fór að rigna, svo sunnan hvass en bjartur h. 12 og gekk til útsuðurs með jeljum. Að kveldi h. 13. var loptþyngdarmælir kominn mjög hátt og síðast um kveldið komst hann eigi hærra á mínum mæli og sama er í dag. Þetta vill mjög sjaldan til. Í dag 14. hægur rjett logn á sunnan með úða.

17-1 1891

Sama veðurbliðan undanfarna daga, optast logn eða hæg sunnangola (S. Sv) með nokkurri vætu. Í dag (17.) hægur á sunnan-útsunnan með þokusvækju í morgun, og mjög dimmur.

21-1 1891

Fyrri part dags h. 17. var hjer hæg sunnanátt með sudda, en hvessti er á leið daginn af útnorðri og var snarp-hvass um kvöldið; tvo næstu daga útsynningur með svörtum jeljum og kyngdi þá niður talsverðum snjó; logn hjer að kvöldi h. 19. með ofanhríð, aðfaranótt h. 20. gekk hann til norðurs, hriðhvass undir morgun, lygndi og gjörði logn um kvöldið. Í dag 21. norðan, hægur bjartur.

24-1 1891

Bjart og heiðskírt veður þessa dagana, optast rjett að kalla logn. Í morgun (24.) bjart og fagurt veður, logn. - Í fyrra mjög svipað veður um þetta leyti.

28-1 1891

Undanfarna daga hefur optast verið hægur austankaldi, bjart og gott veður með mjög vægu frosti og mjög Lítil hreyfing á loptþyngdarmælinum. Í dag (28.) austan, hvass, dimmur. snjór úr lopti.

31-1 1891

Hinn 28. var hjer dimmviðri af austri nokkuð hvass en lygndi síðari part dags og fór að rigna; daginn eptir hæg rigning við og við af anstri, en svo aptur biartur á austan h. 30. en hvesti um tíma síðari part með miklu regni í skúrum, gekk svo í suður-útsuður aðfaranótt h. 31. og snjóaði líftið eitt.

4-2 1891

Hinn 3. var hjer fagurt veður, hægur útsynningur snjóaði nokkuð aðfaranótt h. 1. og gjörði austan-krapa-sletting síðari part dags; síðan hægur útsynningur og bezta veður h. 2. en gekk í útsuður um kvöldið með smá-jeljum, svo bálhvass af austri-landsuðri með regni. h. 3. lygndi nokkuð síðast um kvöldið. Í morgun (4.) útsynningshroði með jeljum.

7-2 1891

Hinn 4. var hjer útsynningur með jeljum og þá hvass með brimróti: daginn eptir (5) bráðhvass á sunnan-landsunnan með húðarrigningu og koldimmur í lopti, undir kvöld með jeljum og hefir síðan verið útsynningur með svörtum jeljum og miklu hafróti.

11-2 1891

Útsynningurinn hætti h. 9. er hann gekk til norðurs með hægð, en hvessti snögglega um tíma eptir miðdegi með blindbyl og gaddi, gekk svo með hægð í norður h. 10. Í dag 11. á landnorðan, hægur.

14-2 1891

Fyrri part dags h. 11. var hjer hægur landsynningur gekk svo til norðurs hægur með ofanhríð um kveldið: næsta dag bjart og fagurt sólskin rjett logn en hvesti á austan um kveldið og gekk

aðfaranrttt h. 13. í landsuður með regni og rigndi mikið þann dag en var þó hægur á sunnan-landsunnan. Í dag (14.) sunnan hvass dimmur mest allur snjór tekinn upp kl. 10. Í morgun 6 stiga hiti.

18-2 1891

Síðari part dags h. 14. var hvínandi rok af suðri (landsuðri); daginn eptir hægur útsynningur með jeljum, gekk svo til landsuðurs aptur með miklu regni og hefir verið við þá átt síðan. Í morgun (18.) hvass mjög á sunnan kl. 9 í morgun 6 stiga hiti, rjett sem væri hlýasta vorveður, auð og nær því klakalaus jörð.

21-2 1891

Hinn 18. var hjer hvasst á sunnan með regnskúrum; gekk svo í útsuður með jeljum síðan til austurs h. 20. og landsuðurs sama dag síðari partinn. Í morgun (21.) landsunnan, hvass í nótt sem leið og enn hvass í morgun; kl. 8 1/2 rúmlega 7 stiga hiti.

25-2 1891

Hinn 21. var hjer hvass landsynningur um morguninn en lygndi er á leið daginn. Síðan hægur á sunnan með rigningu mikilli að kveldi (h. 22.). gekk svo til útsuðurs, hvass með jeljum aðfaranótt h. 23, og var hvass allan þann dag, gekk svo aptur í landsuður síðast um kveldið með úrhellisrigningu og bráðhvass á sunnan landsunnan aðfaranótt h. 24., lygndi svo allt í einu nokkru fyrir hádegi þann dag og rigndi talsvert, logn að kveldi. Í morgun (25.) nokkuð hvass á útsunnan með jeljum, bjartur á milli.

28-2 1891

Hinn 25 var hjer hvass útsynningur með jeljum og sama veður næsta dag svo hjer kom talsverður snjór en h. 27. gekk hann til landsuðurs með regni allan fyrri part dags, gekk aptur til útnorðurs með hægð að kveldi og í morgun (28.) kominn í vestur útnorður, hægur, bjartur.

4-3 1891

Hinn 28. var hjer hægur vestankaldi og snjóaði talsvert síðast um kveldið og sama veður næsta dag með nokkrurn brimhroða í sjónum; h. 2. var hjer hægur norðankaldi, bjart veður og snjóaði lítið eitt um tíma; h. 3. hægur austankaldi fyrri part dags, vestan-útnorðan hvass síðari partinn, með kafaldsbyl um kveldið, og var kominn þýða um kl. 11. Í morgun vestan hægur, bjartur.

7-3 1891

Hinn 4. var hjer vestan-útnorðan kaldur um morguninn, hægur, fór að snjóa er á leið daginn og blindbylur um kveldið; h. 5. blindbylur eptir hádegið á landnorðan, og sama veður á norðan síðari part dags; hreinviðri með miklum gaddi h. 6., bálhvass á norðan með skafrenningsbil. Í dag (7.) genginn ofan, bjart sólskin og rjett logn í morgun.

11-3 1891

Síðari part laugardagsins gekk hann til norðurs og varð nokkuð hvass og var norðan daginn eptir hvass; logn og dimmur í lopti h. 9. Hægur austankaldi fyrripart dags h. 10. en síðari partinn gekk hann til norðurs, dimmur, þó eigi hvass. Í dag (11.) hvass á norðan, bjartur. Um þetta leyti í fyrra var hjer grimmdarfrost og var þá við landnorðanátt.

12-3 1891 (svo)

Rokhvass á norðan h. 11., gekk ofan aðfaranótt h. 13 og var hjer logn og fagurt veður þann dag hægur austankaldi síðari part dags. Snjóaði mikið aðfaranótt h. 13. þá austankaldi. Í dag 14., bjart og fagurt veður, hægur á austan.



18-3 1891

Fyrri part dags h. 14. var hjer hægur austankaldi, sem gekk til norðurs síðari partinn; var svo rokhvass á norðan h. 15., en lygndi hjer síðari hluta dags, þött rok væri úti fyrir, svo logn allan daginn h. 16. og 17. hægur vestankaldi, rjett logn. Í morgun 18. logn, dimmur, sunnanvari.

21-3 1891

Undanfarna daga optast logn og bezta veður, úði og regnskúrir, þess á milli bjartur.

25-3 1891

Laugardaginn h. 21, var hjer logn um morguninn en fór að kalda á vestan síðari part dags, gekk svo til útsuöurs með jeljum h. 20. og aðfaranótt h. 23. til norðurs og helur verið við þá átt síðan, rokhvass útifyrir og eins hjer mjög hvass með köflum; í nótt (aðfaranótt h. 25) mjög hvass á norðan.

28-3 1891

Norðanáttin hjelzt við þangað til um miðjan dag 27., er hann lygndi og fór að dimma og ýrði regn úr lopti seint um kveldið, sunnankaldi og 1 gráðu hiti kl. 10. Í morgun vestan-útnorðan með brimhroða, bjart veður.

1-4 1891

Hinn 28. var hjer hægur austan-útnyrðingur; síðan logn og bjartasta veður allan daginn h. 29. að morgni h. 30. gekk hann svo í austur-landsuður með þíðu og hafur verið við þá átt síðan, hvass um tíma eptir miðjan dag h. 31. Í morgun (1.) austangola, dimmur

4-4 1891

Undanfarna daga við austanátt, opt hvass útifyrir; í dag 4. austangola nokkuð hvass, bjart og fagrurt veður.

8-4 1891

Hinn 4. var hjer hvasst á austan en komið logn að kveldi; fegursta veður, hæg útræna h. 5. gekk svo til útnorðurs (vestan-útnorðan) með brimhroða og hagljeljum og sama veður h. 7. en dimmur og ýrði regn úr lopti. Í morgun (8.) sunnan, dimmur með regni, (kl. 9. í morgun + 7°).

11-4 1891

Undanfarna daga við sunnanátt (ýmist sunnansuðaustan, eða sunnan-suðvestan) með nokkru regni og hvass með köflum.

15-4 1891

Hinn 11. var hjer hæg sunnanátt, bjartur og næsta dag (12.) hvass á austan með regnskúrum eptir hádegið; þegar leið á daginn fór enn meir að hvesa og í 2-3 tíma (9- 11) aftaka-rok á austan, lygndi svo rjett allt í einu undir kl. 1 og gekk í vestur útsuður með jeljum, svo hjer var alhvít af snjó um fótaferðatíma h. 13. og þann dag var hægur útsynningur með smá-jeljum og sama veður h. 14. Í morgun (15.) bjart og fagurt veður, rjett logn.

18-4 1891

Slðustu dagana hefur hann verið við austanátt opt hvass Og með regni; h. 17. var hjer hvasst á austan-landsunnan fram yfir miðjan dag er hann lygndi og gekk í útsuður með óhemjurigningu og síðan krapaslettingi, svo jörð varð hvít, logn að kveldi. Í morgun (18.) genginn til norðurs, hægur, dimmur með snjóyringi.

22-4 1891

Aðfaranótt h. 18. gekk hann til norðurs og snjóaði alla nóttina, var hægur og bjartur þann dag á norðan og sama veður næsta dag. Síðan má heita að hafi verið logn og blíða. Grænkar jörð nú óðum.

25-4 1891

Hinn 22. var hjer fagurt veður og logn og líkt veður næsta dag; gekk svo til vesturútsuðurs með hægð, og í norður. Í morgun (25.), hægur dimmur.

29-4 1891

Hvass á norðan með mikium kulda alla undanfarna daga og er það enn í dag 29.- bálhvass í morgun.

2-5 1891

Hinn 29. var enn norðanveður, bráð-hvass fyrri part dags, lygndi síðan og hefir verið norðankæla, en fagurt og bjart sólskin.

6-5 1891

Laugardaginn h. 2. var hjer bezta veður um morguninn, en fór þegar að hvessa á norðan og var bráðhvass útifyrir og sama veður næsta dag með mjög miklu mistri í lopti (ryk), svo suðurfjöll voru til að sjá hulin mórauðu lopti og hefur þetta haldizt bæði 4. og 5. og enn í dag 6. í gær (5.) og í dag (6.) austan, hvass.

9-5 1891

Hinn 6. var hjer hvasst á norðan um morguninn, lygndi er á daginn leið, síðan logn, en norðangola útifyrir, gekk svo til suðurs með hægð og fór að ýra regni úr lopti síðast um kvöldið h. 8. Í dag (9.) nokkuð hvass á austan með nokkru regni í morgun

13-5 1891

Hinn 9. var hjer austanrigning, hvass mjög um kveldið, síðan hægur a laudsunnan, með regni, h. 10. og 11. Gekk til útsuðurs með hægð h 12., og í morgun (13.) rjett logn, útsunnan-vari, bjart sólskin.

16-5 1891

Undanfarna daga hefur verið norðanátt með kulda; hinn 14. snjóaði ofan fyrir miðja Esju og alhvít jörð um fótaferðatíma hjer í nærsveitunum. Í dag enn á norðan, bjart sólskin.

20-5 1891

Alla undanfarna daga við norðanátt, bjart sólskin, hægur.

27-5 1891

Undanfarna viku hefir verið bezta veður, en opt svalt og úrkomulaust, optast við útnorður; síðustu tvo dagana mjög heiðskírt veður, útnorðan, hægur, rjett logn að kveldi dags, og sama veður helzt við enn þá.

30-5 1891

Sama veðurhæðin, svo að kalla logn og heiðskírt veður dag og nótt en alveg úrkomulaust.

3-6 1891

Hinn 30. var hjer logn og fagurt veður, útræna, 31. landnorðan, nokkuð hvass og dimmur og ýrði regn úr lopti og sama veður næsta dag hvass á austan með moldroki, 2. hægur á austan fyrri

partinn með nokkurri rigningu en gekk til útnorðurs síðari part dags og gjörði rjett logn og birti allur til.

6-6 1891

Sama veðurhægðin, hæg útræna, rjett logn dag sem nótt, alveg úrkomulaust. Í *fyrri* var hjer um þetta leyti norðanbál með frosti; hinn 6. snjóaði í öll fjöll hjeðan að sjá og Esjan alhvít niður fyrir miðju.

10-6 1891

Sama blessað veðrið dag sem nótt en alveg úrkomulaust.

13-6 1891

Sama veðurhægðin áfram, logn dag og nótt.

17-6 1891

Undanfarna daga logn, optast dimmur og síðustu dagana farið að rigna með köfium.

20-6 1891

Hinn 17. var hjer rjett logn og suddarigning; hægur á sunnan næsta dag fór svo að hvesa 19. á landsunnan og var rokhvass aðfaranótt h. 20. og þann morgun á sunnan (suð-vestanundir).

24-6 1891

Hinn 30. var hjer rokhvasst á sunnan og sama veður næsta dag, en miklu vægari og með regnskúrum, komið logn um kveldið, hefur síðan verið við sunnanátt, hægur, og við og við með regni. Í dag 24. austan, nokkuð hvass en bjart sólskin. (Kl. 8 + 18°).

27-6 1891

Laugardaginn var hjer austan-landsynningur og ákafur hiti í loptinu; hefir síðan verið svo að kalla logn og mesta blíða.

1-7 1891

Sama veðurbliðan daglega, hæg útræna eða blíða logn.

4-7 1891

Sama veðurbliðan; lítil úrkoma í gær (3.).

8-7 1891

Logn og blíða undanfarna daga, dálítill úrkoma síðari part laugardag (h. 4.) optast bjartur; síðustu tvo dagana fremur dimmur í lopti.

11-7 1891

Undanfarna daga hefur verið hægð á veðri en mikil úrkoma; h. 9. Suddarigning af suðvestri allan daginn, koldimmur. Í dag (11. ) austangola dimmur og mikil væta í lopti.

15-7 1891

Undanfarna daga hefur verið talsverð úrkoma af suðaustri og hvaas síðustu tvo dagana.

18-7 1891

Var hvass á austan fyrri part h 15. en lygnði um kvöldið, síðan logn og bezta veður.

25-7 1891

Umliðna viku hefir komið talsverð væta úr lopti, opt rignt óhemjumikið. optast svo að kalla logn; síðustu dagana vestan-útsunuan í hafinu.

29-7 1891

Laugardaginn var hjer dimmviðri af suðvestri um morguninn, en eptir hádegi gekk hann til norðurs, bjartur og nokkuð hvass; hægur næsta dag, við norður, og bjart veður; síðan verið við suðvestur, hægur og optast bjartur.

1-8 1891

Undanfarna daga hefir verið dimmviðri af útsuðri og við og við væta. Í dag (1.) gengin til norðurs, bálhvass útifyrir, bjart sólskyn.

8-8 1891

Fyrstu daga mánaðarins var hjer all-hvasst á norðan með hreinviðri; útræna og fegursta veður h. 4., og hinn 5. logn, en suddarigning. Hefur síðan verið við sunnanátt með talsverðri vætu. Í dag (8.) hægur á austan, dimmur, hefir rignt óhemju í nótt.

12-8 1891

Veðurhægð með talsverðri úrkomu, optast við sunnanátt. Í dag (12.) hæg úrkomu, fagurt veður.

15-8 1891

Síðustu daga hæg norðanátt, bjart og fagurt sólskin.

19-8 1891

Undanfarna daga ágætt veður, optast mjög heiðskír.

22-8 1891

Bezta veður undanfarna daga, rjett logn og sólskin.

26-8 1891

Hinn 22. var hjer hægur landsunnankaldi dimmur og daginn eptir með regni nokkuð hvass, gekk svo (24.) til vesturs bjart veður en komið regn að kveldi og rigndi mjög mikið aðfaranótt h. 25. þann dag gekk hann til norðurs síðari part dags og er í dag (26.) hvass á norðan, bjart sólskin.

29-8 1891

Hvass á norðan undanfarna daga og nokkuð kaldur; hefur snjóað í fjöll hjeðan að sjá.

2-9 1891

Hinn 28. var hjer mjög bjart og fagurt veður gekk svo til suðausturs með hægð og rigndi lítið eitt um kveldið, síðan á austan nokkuð hvass um tíma fyrri part dags en lygndi alveg síðari partinn, hinn 1. ljómandi fagurt veður og logn. Í dag (2.) sama fagra veðrið, austanvari.

5-9 1891

Hinn 2. var hjer mjög fagurt veður, en fór að dimma um kveldið og hefur síðan verið við austur-landnorður og rigndi ákaflega mikið allan daginn h. 4. Í dag (5.) austangola, bjartur.

12-9 1891

Umliðna viku hefir optast verið hægð á veðri, vindur lítill eða af suðri-suðaustri við og við með talsverðri úrkomu.

16-9 1891

Hinn 12. var hjer útsynningur með regnskúrum, gekk svo til landsuðurs næsta dag, með mikilli rigningu; svo hægur á S. 14. og blæjalogn síðari part dagsins. Aptur hvass á útsunnan með miklum regnskúrum og haglhryðjum og brimi síðari part dags h. 15. bráðhvass, um kveldið. Sarna veður enn í dag (16.), en þó lítið eitt lygnari.

19-9 1891

Miðvikudagsmorguniun var hjer hægur útsynningur með regnskúrum; gekk til norðurs um hádegi og birti upp; gekk svo til landnorðurs hvass að morgni h. 17. en bjartur, dimmur síðari part dagsins; hvass á austan allan daginn h. 18. og krapaslettingur um kveldið. Í morgun (19.) hægari á austan bjartur.

23-9 1891

Hefur verið á austan þessa dagana, opt hvass með köflum. Í morgun (23.) hvass á austan með regni.

26-9 1891

Hefir verið við austanátt, dimmur, undanfarna daga; hvass á landnorðan að kveldi h. 25., og óhemju-rigning aðfaranótt h. 26. Í dag (26.) gengin til norðurs, hvass úti fyrir; hægur og bjart sólskin hjer fyrst í morgun; fór að hvesa fyrir hádegið.

30-9 1891

Undanfarna daga hefur verið norðanrok, hvass til djúpa 26. og 27.; hinn 28. rokhvass á austan með regni, lygndi síðar um kveldið og gekk svo aptur til norðurs og hefur síðan verið hvass en bjartur. Í morgun (30.) hvass en á norðan.

3-10 1891

Tvo fyrstu dagana á norðan og bjart veður, síðan á austan með mikilli rigningu og gekk svo til útsuðurs með ákaflega miklum regnskúrum; í dag (3.) á suðaustan, hægur, dimmur, mjög vætumikill.

7-10 1891

Undanfarna daga svo að kalla sílelld úrkoma af austri, brugðið fyrir til útsuðurs með skúrum.

10-10 1891

Hinn 7. og 8. var hjer austangola og dimmur í lopti, við og við með regnskúrum; h. 9. var hjer fegursta veður, gekk til norðurs um hádegi, hægur. Í dag (10.) logn en dimmur í morgun.

14-10 1891

Laugardaginn (10.) var hjer logn allan daginn og dimmur upp yfir; austangola að morgni h. 11., en gekk til norðurs eptir hádegið; bjart veður og hvass á norðan næsta dag, þar til síðari part dagsins, er hann gekk til austurs og gerði landsynning; rokhvass um tíma hinn 13., en logn komið að kveldi með miklum regnskúrum, í dag (14.) logn og fagurt veðnr í morgun.

17-10 1891

Hiim 14. fagurt og bjart sólskin að morgni og frameptir deginum er hann fór að gola á norðan, síðan hvass á norðan allan daginn h. 15. Svo aptur logn og fegursta veður h. 16. Í dag (17.) hægur landnorðankaldi í morgun, bjartur.

21-10 1891

Laugardaginn landnorðan hægur að morgni síðan hvass á austan og dimmur og sama veður næsta dag með rigningu; gekk til norðurs h. 19. og hefir verið á þeirri átt síðan hvass en frostlaust. Í dag (21.) hvass á norðan en frostlaust og bjart sólskin.

24-10 1891

Norðanátt, opt hvass, þar til um kveldið h. 23. er hann gekk til austurs. Snjóaði og gjörði alhvíta jörð hjer að morgni hins 24., en hann tók þegar upp er hann rigndi ákaflega um og eptir hádegi.

28-10 1891

Að kveldi hins 24. gekk hann til norðurs og birti upp; var síðan hvass á norðan h. 25. allt fram að hádegi er hann lygndi; síðan hægur austan kaldi og bjart veður h. 26.; aptur dimmur h 27. og gekk til austurs landsuðurs síðari part dags með regni.

31-10 1891

Hefur verið við sunnanátt þessa dagana, opt hvass með köflum og dimmur, við og við ýrt regn úr lopti.

4-11 1891

Undanfarna daga einlægt við suður optast dimmur og með skúrum, en mikil hlýindi (um þetta leyti *í fyrra* talsverður kuldi með norðanátt).

7-11 1891

Undanfarna daga verið á sunnan og útsunnan með talsverðum hryðjum á milli.

11-11 1891

Laugardagsmorguninn var hjer hægt veður, dimmur en hvessti síðari part dags á austan; gekk svo til norðurs um morgunin h. 8., hægur fyrst, en nokkru fyrir hádegi rauk hann á norðan með afspyrnu roki allan daginn og hefir síðan verið rokhvass á norðan með talsverðum kulda. *Ákaflega mikið norðanrok í nótt (aðfaranótt h. 11.) og í morgun.*

14-11 1891

Sama norðanbálið síðan á sunnudaginn var þó vægari allur h. 13. og bjartur uppyfir. Í morgun (14.) logn og bjart veður.

18-11 1891

Laugardaginn var hjer logn og fagurt veður allan daginn hefir síðan verið við austanátt, optast dimmur; 17. var hjer bjart austanveður hægur og logn síðar um kvöldið. Í morgun (18.) blæja logn og fagurt sólskin.

21-11 1891

Hinn 18. og 19. var hjer fagurt og bjart veður, aðfaranótt h. 20. gekk hann með hægð til landsuðurs og rigndi mekið (sic) hjer h. 20. en gekk svo til útsuðurs um kvöldið með jeijum. Er í morgun á útsunnan með svörtum jeljum, en bjartur a milli; mekið (sic) brim í sjónum.

25-11 1891

Laugardaginn var hjer útsynningsjeljagangur, logn og ofanhríð um kvöldið; h. 22. snjóaði hjer í skóvörp, rjett logn; hægur á norðan h. 23. og logn að kvöldi; hægur austankaldi h. 24. og gekk til norðurs um kvöldið þó eigi hvass. Í dag (25.) hægur á norðan, bjartur.

28-11 1891

Norðan, hægur og bjartur fyrri part dags h. 25. síðari part dimmur og ofanhríð, flagurt og bjart veður daginn eptir, hæg austangola, ofanhríð hæg um kveldið, dimmur og ofanhríð, slettingur h. 27. og fór að hvesa á norðan (landnorðan) síðast um kveldið. Í dag (28.) norðangola, bjart veður í morgun.

2-12 1891

Hinn 28. og 29. hjer hægur á norðan, bjart veður; landnorðan 30, bjartur, austanátt, dimmur síðar um kveldið og komin þíða; austan, hvass h. 1. dimmur að morgni og regn en gjörði logn um eptirmiðdaginn með ofanhríð um stund. Í dag (2.) hægur á landnorðan, í morgun bjartur.

5-12 1891

Hægur á landssunnan h. 2. og logn að kveldi; hægur á norðan bjartur að morgni h. 3., hvessti er á leið daginn og var bálhvass síðast um kveldið; logn allan daginn h. 4. en hvass á norðan til djúpanna. Í morgun (5.) logn bjartur.

9-12 1891

Logn og heiðríkt veður alla undanfarna daga með talsverðu frosti; norðanveður til djúpanna, opt hvass. Í morgun (9.) nokkuð hvass hjer á norðan, bjartur.

12-12 1891

Hinn 9. var hjer hægur norðankaldi en. hvessti er á daginn leið og fór að dimma og kominn blindbilur að kveldi; var hægur á norðan h. 10. en fremur dimmur í lopti logn og fagurt veður hjer h. 11. hægur austankaldi um kveldið og frostlítið. Í morgun (12.) rjett logn og bjart veður.

16-12 1891

Laugardaginn var hjer bjart og fagurt veður og logn fíram eptir deginum, en fór svo að hvesa á norðan og var hvass um tíma um kvöldið; hægur á norðan hinn 18. og bjart veður allan daginn, og sama veður h. 14. Gekk til austurs h. 15., hægur og frostvægur. Í morgun (16.) hægur á austan, mjög dimmur og farinn að rigna.

19-12 1891

Síðari part miðvikudagsins gekk hann til landsuðurs með húðarrigningu, nokkuð hvass, og aðfaranótt h. 17. með skúrum framan af degi bjartur á milli og genginn í útsuðrið um kveldið hvass í hriðjum; aptur *rokhvass* á sunnan landsunnan h. 18. með úrhellisrigningu og gekk um miðjan dag snögglega í útsuðrið með hriðjum. Í morgun (19.) hægur á útsunnan. bjartur, fallið föl.

23-12 1891

Hægur á útsunnan með jeljum fyrri part dags h. 19. logn að kveldi og við sönu átt h, 20. en regn síðast um kveldið; landsunnan hvass með rigningu h. 21. logn hinn 22. með slyddurigningu fyrri part dags, gekk til útsuðurs um kveldið og fór að frysta. Í dag 23. hægur á útsunnan í morgun með jeljum.

30-12 1891

Útsynningur, með jeljum h. 23. og 24. gekk svo til norðurs en varð ekkert úr; hefir síðan verið við austanátt, rigning og krapaslettingur eða ofanhríð, en útsynningur undir. *Loptþyngdarmælir* fjell mikið síðari part laugardags (26.) og hefir síðan verið *óvenjulega lágt* og færast enn lítið upp. Í dag (30.) *rokhvass* á norðan.

1892

2-1 1892

Hefir verið á norðan, 30. og 31. hvass; hljóp svo í útsuður með jeljum síðari hluta h. 1. með brimróti; í dag (2.) bálhvass á norðan með gaddi.

6-1 1892

Hinn 2. hvass allan daginn á norðan svo logn og bjart veður. 3. hægur austankaldi síðast um kveldið: útsynningur með slyddurigningu fram undir kveld h. 4., er hann gekk til útnorðurs og svo í norður, hvass og kaldur h. 5. Í dag (6.) bálhvass á norðan.

9-1 1892

Norðanveður mikið h. 6. og 7. en gekk þá ofan síðari part dags og gekk til austurs með hægð, rjett logn; hinn 8. var hjer logn allan daginn og drö úr kuldanum og fór að snjóa lítið eitt að kveldi. Í dag (9.) logn og fagurt veður.

13-1 1892

Hinn 9. var hjer bjart og fagurt veður, logn; svækjurigning en logn næsta dag (10.), gekk svo til norðurs, hvass útifyrir, en fjell úr áttinni fljótt aptur, hjer logn; aðfaranótt hins 12. gekk veður til landnorðurs með kafaldsbyl allan daginn. Í dag (13.) genginn aptur til norðurs, nokkuð hvass.

16-1 1892

Sama norðanveðrið með skafrenningsbyl h. 13. og 14. með miklum gaddi, að morgni hinn 15. hægur á norðan síðan hægur austankaldi fram yfir miðjan dag en svo genginn aptur til norðanáttar hvass um kveldið en frostvægur. Í morgun (17.) kominn á austan með slyddubyl (kl. 9 morgun 0°) koldimmur.

20-1 1892

Síðari part h. 16. fór að rigna rigndi mikið um kveldið; næsta dag hvass á austan-landsunnan með mikilli rigningu, logn að kveldi. hinn 18. hægur á sunnan og regn, gekk til útsuðurs með jeljum síðast um kveldið; rokhvass um tíma af útsuðri (Sv) aðfaranótt h. 19., en eigi hvass. Í dag (20.) sami útsynningur með jeljum.

23-1 1892

Hinn 20. útsynningur, hvass í jeljunum; um kveldið gekk hann allt í einu til austurs með slyddubyl og gjörði *ákaflegt öskurok*, sem stóð fram undir morgun, er hann gekk í útsuður með jeljum; 22. hægur á útsunnan með ofanhríð. Í dag (23.) hægur á austan með snjókomu. Loptþyngdarmælir fjell óvanalega lágt síðari part nætur (aðfaranótt h. 21.) allt niður í 705 millimetra.

27-1 1892

Hægur á austan h. 23.; gekk svo til útsuðurs með jeljum h. 24. Hægur á austan fyrst um morguninn h. 25., en fór að hvessa fyrir hádegi á austan-landsunnan, hvass með úrhellis-rigningu og hjelt því þangað til kl. 4-5 e. m., er hann lygndi og gekk í útnorðrið. Síðan við útsynning annað veifið, á sama sólarhringnum allar áttir. Í dag (27.) vestanhroði í morgun með ofanhríð.

30-1 1892

Hinn 27. var hjer svo að kalla logn allan daginn, gekk til útsuðurs um kvöldið hægur með jeljum, hægur austankaldi h. 28. Að morgni h. 29. var hjer austankafald, koldimmur, gekk svofyrir hádegi til suðurs með krapaslettíng svo í útsuður og litla stund aptur til austurs og svo allt í einu í útnorður eptir miðjan dag hvass með brimhroða miklum í sjónum. Í dag (30.) logn og bjart veður í morgun.



3-2 1892

Hinn 30. var hjer logn og fagurt veður allan fyrri part dags, hægur austankaldi síðari partinn; h. 31. á landnorðan með moldviðrisbyl, gekk til norðurs og birti upp eptir hádegið, nokkuð hvass, og hvass á norðan h. 1., með ofanfjúki um kvöldið; logn og fagurt veður (norður til djúpa hvass) hjer allan daginn h. 2. Í morgun (3.) landnorðan-gola, bjart veður.

10-2 1892

Undanfarna viku optast verið við útsuður en þó hægur; mikill snjór hjer á jörðu. Logn og fagurt veður með miklu frosti h. 6.; hægur á austan með ofanhrið h. 7. fór að rigna af austri, hvass fyrri part dags og dimmur, gekk svo í landsuður og rigndi mikið aðfaranótt h. 9. og svo í útsuðrið með brimróti og jeljum.

13-2 1892

Hinn 3. var hjer útsynningur með svörtum jeljum allt fram að kveldi er hann gekk til austurs, svo í vestanátt h. 11. og síðan útnorðan; hinn 12. var hjer austankafald fyrri part dags, hvessti síðari partinn á austan. Í morgun (13.) landsynningur nokkuð hvass með þíðu.

17-2 1892

Fyrri part dags h. 13. var hjer hvasst á austan landsunnan með regni gekk svo til útsuðurs með jeljum; hvass á norðan h. 14., hvínandi rok með köflum, logn hjer og bjart veður h. 15. en norðan til djúpa framan af degi. Logn h. 16. fram að kveldi er kom austankaldi. Í morgun (16.) logn bjartur, austanvari. Loftþyngdarmælir komzt óvenjulega hátt h. 14. og hefir í mörg ár eigi komist hærra; hann hefir komizt eins hátt 6/3 1883, 10/3 1887 og 26/2 1890.

20-2 1892

Logn hjer um morguninn h. 17., en hvessti á norðan, er á daginn leið; hvass á norðan allan daginn h. 18., en lygnði síðast um kveldið, og var hjer logn og bjart veður h. 19., en þó hvessti eptir hádegið, á norðan, hægur hjer, en hvass fyrir utan eyjar. Í dag (20.) logn hjer og bjart sólskin, bálhvass á norðan fyrir utan eyjar. Óvenjulegur jökull hjer um alla jörð.

24-2 1892

Undanfarna daga má heita að hafi verið blæja logn hjer, þótt nokkur gola af norðri hafi opt verið til djúpa. Frostharka mikil. Í *fyrri* um þetta leyti var hjer vorblíða (*h. 21. var ,9° hiti um hádegið*) Í dag (24.) logn, bjartur.

27-2 1892

Blæja logn alla undanfarna daga og frostlítið veður. Í morgun (27.) enn logn, en dimmur og snjóýringur.

2-3 1892

Hinn 27. var hjer dimmviðri, rjett logn, snjóýringur og regnskúrir, bjartur á austan, hægur h. 28.: snjóaði lítið eitt að morgni h. 29. af austri og sama átt með hægri hláku h. 1., þá regnskúrir við og við allan daginn. Í morgun (2.) hægur á sunnan (Sv.), rignt mikið í nótt.

5-3 1892

Hinn 2. hægur á sunnan með regnskúrum og sama veður h. 3. Logn og ofanhrið h. 4. Í morgun (5.) dimmur rjett logn og snjór í lopti.

9-3 1892

Fyrri part laugardagsins var hjer logn og dimmviðri en gekk svo til norðurs, bjartur og nokkuð hvass síðari part dags; hvass á norðan fram undir kveld h. 6.; logn hjer að morgni h. 7. en fyrir hádegið genginn til norðurs og hefir síðan verið hvass á norðan með ákaflega miklum kulda. Í morgun (9.) hægur hjer á norðan og bjart sólskin. Rok við og við í nótt. -Bálhvass útifyrir. Harða veturinn 1881 var mestur kuldi aðfaranótt h. 21. marz nefnil. 20 stiga frost, en aldrei hefið viljað til síðustu 22 árin, að *18 stiga kuldi hafi verið um miöjan dag*, eins og nú þriðjudaginn h. 8.

12-3 1892

Slðari part h. 9. gjörði hjer logn, og var logn og bjart sólskin næsta dag (10.). Hægur austankaldi h. 11. (allur ís horfinn af höfninni um kveldið). Í morgun (12.) hægur á austan, bjart sólskin.

16-3 1892

Logn og fagurt veður alla undanfarna daga, þar til að fór að gola á austan í gær (15.). Í morgun landnorðan, bjart veður.

19-3 1892

Hefir verið við austanátt síðustu dagana, optast bjart veður og eigi hvass.

23-3 1892

Hinn 19. hægur á sunnan að morgni, hvass er á daginn leið á landsunnan; um kveldið aptur á útsunnan með jeljum, h. 20. hægur á sunnan-útsunnan með jeljum og sama veður h. 21. en fór þá að rigna síðari part dags og rigndi mikið allan daginn h. 22. Í morgun (23.) sunnan, dimmur, nokkuð hvass.

26-3 1892

Hinn 23. hvass og dimmur á sunnan-suð-vestan með regnskúrum allan daginn við og við; gekk svo í vestur-útsuður með jeljum og foráttubrimi hvass og síðast um kveldið h. 24. í norður; hvass á norðan h. 25. en lygnði er á daginn leið. Í morgun (26.) hægur á landnorðan með ofanhrið.

30-3 1892

Hinn 26. var hjer blindbilur allan fyrri part dags, svo varla sást húsa á milli; hægur og bjartur á norðan daginn eptir; hvass á austan fyrri part dags h. 28. með ofanhrið, gekk svo til útsuðurs, dimmur, hægur og farið að rigna síðast um kveldið; hægur á austan og bjartur fram að hádegi h. 29., en úr því landsunnan-rigning og dimmviðri, en þó hægur. Í morgun (30.) hvass á sunnan, með rigningu.

2-4 1892

Hinn 30. hvass á sunnan með regnskúrum, logn (Sv.) síðari part dags.; suðvestanjel að morgni h. 31.; logn síðari part dags, með talsverðum brimhroða; hægur á sunnan með suddarigningu, svo og h. 1. útsynningur undir. Í dag (2.) logn, dimmur.

6-4 1892

Hinn 2. var hjer logn allan daginn; landsunnan næsta dag, nokkuð hvass eptir miðjan dag með regni og sama veður h. 4. en gekk síðari part dags í vestur-útsuður og var rokhvass um tíma um kveldið með skúrum; hægur á sunnan h. 5. vestan-útsynniugur til djúpa með miklu brimi; gekk svo um kveldið í landnorður með úrhellisrigningu. Í morgun (6.) landsunnan hægur, dimmur, rigning.

9-4 1892

Hinn 6. var hjer hægur austankaldi fyrst um morguninn en fyrir hádegi var komið bráðviðri á austan-landsunnan; lygndi um kveldið og rigndi mikið: Logn og dimmur næsta dag (7.); hægur austankaldi að morgni h. 8. og bjartur, logn og bjart veður síðari part dags. Í morgun (9.) logn og rigning.

13-4 1892

Hæg rigning og dimmur h. 9.; næsta dag mjög fagurt veður, útræna: h. 11. austan-rigning allan daginn og fjell loks föl síðast um kveldið. Aðfaranótt h. 12. snjóaði svo alhvítt var hjer um morguninn, austankaldi. Í dag 13. landnorðankaldi bjart sólskin.

16-4 1892

Undanfarna daga hvass til díupa á norðan, hjer optast blæja logn og bjart sólskin og sama veður enn í dag 16. Frostharkan óvenju mikil um þetta leyti árs.

20-4 1892

Logn hjer (norðan úti fyrir) h. 16. og logn h. 17. og ýrði snjór úr lopti allan daginn. (gekk til austurs dimmur, síðari part dags, nokkuð hvass. Hvass á austan h. 18. með ofanhrið allt fram að hádegi, er fór að rigna. Ákaflega mikið austan-veður aðfaranótt h. 19. með dynjandi rigningu fram undir morgun, er stytta upp. (gekk til útsuðurs eptir hádegi, með brimi. Í morgun (20.) hægur á suð-vestan, með skúrum.

23-4 1892

Veðurhægð undanfarna daga, optast logn. Í morgun (23.) blæja logn.

27-4 1892

Tvo fyrstu dagana var hjer fegursta veður, hæg útræna 24. og 25. Að kveldi h. 25. gekk hann til austurs-landnorðurs og aðfaranótt h. 26. fjell hjer talsverður snjór og allan fyrri part dags (26.) ofanhrið af landnorðri rjett sem um hávetur; síðari part dags gekk hann til norðurs útifyrir, logn hjer. Í morgun (27.) blæja-logn hjer og sólskin; 6 *stiga frost í nótt*.

30-4 1892

Logn og fagurt veður h. 27. og 28., fór að gola á austan síðari part dags h. 28. Útsynningsslettingur fyrri part dags h. 29. og gekk í vesturútnorður síðari partinn með nokkru frosti. Í morgun (30.) norðangola með talsverðu frosti.

4-5 1892

Hvass á norðan til djúpa bæði 30. og 1. hægur og bjartur hjer; hinn 2. rjett logn og dimmur austankaldi, síðan útnorðankæla um kveldið h. 3. Suðvestangola, dimmur og ýrði suddi úr lopti síðari part dags. Í morgun (4.) hægur á útnorðan, dimmur.

7-5 1892

Hinn 4. á vestan-útnorðan, hægur; logn og dimmt veður h. 5. með útsynnings-sudda síðari part dags; hægur á vestan h. 6., bjartur. Í morgun (7.) bjart sólskin og logn; norðangola, fyrir utan.

11-5 1892

Hægur á norðan h. 7., en hvass á norðan hinn 8. með miklum gaddi; kl. 9 um morguninn var 8 stiga frost og frusu gluggar um miðjan dag; logn eða hæg útræna h. 9. Landnorðan, hvass og kaldur h. 10. Hægur á austan og dimmur í morgun (11.) og ýrir regn úr lopti.

14-5 1892

Undanfarna daga hefir verið austanátt hæg og hlýnað mikið í veðri. Enn þá er hjer mikill klaki í jörðu.

17-5 1892

Hægur á austan og bjartur h. 14. gekk svo til norðurs, hægur hjer en hvass útifyrir; logn og regn úr lopti h. 16. bjartur á landnorðan að morgni h. 17., landsunnan hægur síðari part dags. Í morgun (18.) rjett logn, bjartur.

21-5 1892

Undanfarna daga á norðan, kaldur og við og við snjór úr lopti, hvítt hjer snemma morguns h. 20. Ekkert útlit enn að breytast um veður.

25-5 1892

Hægur á norðan alla undanfarna daga, optast logn. á kvöldin; Eílíft sami kuldinn á nóttu.

28-5 1892

Undanfarna daga rjett logn og bezta veður; Loksins regn úr lopti h. 27. Í morgun (28.) hæg útræna, bjart og fagurt veður.

1-6 1892

Alla undanfarna daga norðanveður, þð eigi mjög hvass nema 30. og 31. rokhvass með köflum. Ekkert útlit enn til breytingar á veðri.

4-6 1892

Hefir verið á norðan en hægur undanfarna daga, lítið eitt hlýrri í gær og í dag.

8-6 1892

Hinn 4. var hjer úttæna, fagurt veður; logn. og dimmur með regnskúrum h. 5. Hvass á austan fyrir hádegi h. 6. gekk svo til landsuðurs með regnskúrum og h. 7. í suður, dimmur og vætulegur. Í dag (8) rjett logn, dimmur af suðri. Hlýindi nokkur síðustu dagana.

11-6 1892

Hinn 8. var hjer bjart og fagurt veður h. 9. þoku-suddi fram undir hádegi er birti upp; suðvestankuldi, bjart veður fyrri part dags h. 10. dimmur síðari partinn með úða. Í dag (11.) bjart veður; hvass á norðan í morgun.

15-6 1892

Undaafarna daga hægð á veðri, kom væta úr lopti h. 14. og var þá suddarigning allan daginn af suðvestri. Í dag (15.) hægur á suðvestan.

18-6 1892

Hægt og stillt veður undanfarna daga með talsverðum hlýindum og loptþyngdamælir hefur varla haggast.

22-6 1892

Sama hægð á veðri, opt rjett logn, sje gola, kemur hún úr vestri; í dag (22.) hægur á sunnan, sudda-rigning í nótt.

25-6 1892

Vestan, hægur, dimmur h. 22. bjartur á vestan h.23. og einnig hinn 24. og 25.

Sumarið 1892 var Jónas í framhaldsnámi í Danmörku og skrifaði því ekki veðurskýrslur, töflur birtust þó í blaðinu.

29-6 (tafla án athugasemda)

allur júlí með töflum án athugasemda

allur ágúst með töflum án athugasemda

allur september með töflum án athugasemda

1-10 1892 (tafla án athugasemda)

5-10 1892

Hinn 1. var hjer dimmviðri en logn allan daginn, sudda-svækja síðari part dags; blæja logn h. 2. og bjartasta sólskin með logni h. 3; fór að dimma síðari part dags og úði síðast um kveldið, en logn; hinn 4. hægur á útsunnan með regnskúrum, gekk til útnorðurs síðari part dags, hægur. Í morgun (5.) norðangola, og bjart sólskin.

8-10 1892

Undanfarna daga rjett logn og optast bjart sólskin, h. 7. fór að dimma í lopti síðari part dags með svækju rigning um kveldið og var logn aðfaranótt h. 8, þar til hann svo að segja allt í einu rauk upp á norðan, rokhvass en heiðskír.

12-10 1892

Bráðhvass á norðan h. 8.; fór að lygna síðari part dagsins og svo logn 9., 10. og 11. er hann gekk til landsuðurs (Sa) síðari part dagsins og fór að dimma. Í morgun (12.) landsynntur, nokkuð hvass, dimmur.

15-10 1892

Undanfarna daga mesta veðurhægð, optast logn og bjart sólskin.

19-10 1892

Logn og bezta veður þessa dagana; suddaþoka síðari part h. 17. og eins hinn 18. er hann gekk til austurs um kvöldið, hægur en nokkur hrímhroði. Í morgun (19.) hæg vestangola, dimmur uppyfir.

22-10 1892

Logn og bezta veður þessa dagana. Í morgun (22). logn og þoka.

26-10 1892

Logn optast og bezta veður undanfarna daga fór að rigna nm kvöldið h. 24. og rigndi mikið aðfaranótt h. 25. Í morgun (26.) austankaldi, all-bjartur. ýrði regn úr lopti. Snjóaði í nótt í Esjuna.

29-10 1892

Enn sama staðviðrið, rjett logn dag sem nótt. Í morgun (29.) hvass á norðan, dimmur, frostlaust.

2-11 1892

Hvass á noroan h. 29.; hægur með ofanhríð h. 30., hvass er á daginn leið, og hvass á norðan h. 31., en bjart veður og komið logn að kveldi; gekk svo til landsuðurs, en ekki hvass, en hátt á til djúpa. Í morgun (2.) landnorðan-gola, bjart veður.

9-11 1892

Fyrirfarandi daga hefir optast verið austanátt, hægur og blíðviðri; hinn 7. var hvasst á austan dimmur og húðarrigning síðari part dags, en gekk svo til útsuðurs um kveldið og var hægur á útsunnan h. 8. með jeljum. Í morgun (9.) hægur á útsunnan dimmur með jeljum (ísing).

12-11 1892

Hinn 9. útsynningur, hægur, og sama veður h. 10., en gekk þá til ansturs síðari part dags með þíðvindi og rigndi talsvert aðfaranótt h. 11.; þann dag hvasst á austan (norðan útifyrir) lygndi hjer um miðjan dag og gekk til norðurs með bleytuhríð um kvöldið og varð jörð hvít. Í morgun (12.) norðan hvasst.

16-11 1892

Var hvasst á norðan h. 12.; austangola h. 13. og 14. en hvessti er á leið daginn og fjell hjer ökla snjór aðfaranótt h. 15. og að morgni þess dags var hjer austanbleytu-hríð hvasst en lygndi er á daginn leið. Í morgun (16.) rjett logn, bjart veður.

23-11 1892

Hinn 16. var hjer logn og snjóaði talsvert síðari part dags; hvasst á landnorðan með bleytusletting; hægur á austan h. 18. með regni síðan má heita að hafi verið blæja-logn, en dimmur síðustu dagana.

26-11 1892

Undanfarna daga bezta veður, optast við austur eða logn og dimmviðri.

30-11 1892

Landsynningur með mikilli rigningu h. 26. en gekk í útsuður um kvöldið með skúrum og hjelzt það þangað til síðari part dags h. 27. er komu tíð jel og varð jörð alhvít; hægur á útsunnan að morgni h. 28., en eptir hádegi rauk hann allt í einu á norðan og varð hvasst en lygndi síðari part dags h. 29. Í morgun (30.) landnorðan, nokkuð hvasst, bjartur.

7-12 1892

Austan-landnorðan að morgni h. 30., ofanhríð eptir hádegi og nokkuð hvasst á norðan um kveldið; hægur 4 austan fyrri part dags h. 1., en gekk svo í útsuður með bleytusletting um kveldið og aðfaranótt h. 2. bálhvass 4 útsunnan með svörtum jeljum; gekk svo allt í einu til norðurs síðari part dags, rokhvass með blindbil; var svo bálhvass með ofanhríð að morgni h. 3. og hjelzt norðanveðrið með talsverðu frosti þar til hann lygndi síðari part dags h. 5. Má síðan heita að hafl verið logn. Í morgun (7.) svört þoka.

10-12 1892

Hinn 7. var hjer logn með þoku; fór að snjó síðast um kvöldið; svo logn og dimmur h. 8. með ofanhríð um kveldið. Hægur á landsunnan h. 9. með rigningu. Í morgun (10.) austan koldimmur með regni.

14-12 1892

Dimmur með regni að morgni h. 10. en gekk svo síðari part dags til norðurs með ofanhríð; bjartur h. 11. en hægur á norðan og sama veður h. 12. en 13. hvasst á norðan með blindbyl allan fyrri part dags, koldimmur; lygndi svo rjett allt í einn um kl. 2-3 og birti upp og ýrði regn úr lopti um tíma, logn um kvöldið. Í morgun (14.) hægur á austan (ísing).

17-12 1892

Hægur á austan hinn 14.; rjett logn og hjart veður h. 15. þar til síðast um kveldið að gjörði hæg ofanhríð; aðfaranótt h. 16. varð snöggvast mjög kalt en var um það frostlaust um fótaferðatíma og blindbilur af austrí og stytti eigi upp fyrr en eptir miðjan dag og gekk til norðurs síðast um kveldið með vægu frosti. Í morgun (17.) hægur, dimmur, ofanhríð.

21-12 1892

Hinn 17. landnorðan, hægur; hinn 18. hvass á norðan með ofanhríð en lygndi um kvöldið; logn og bjart veður h. 19., hæg austangola um kvöldið; hvass á austan og dimmur með ofanhríð um tíma h. 20. Í morgun (21.) austanátt, dimmur. Um þetta leyti *í fyrra* gengu hjer miklar rigningar af landsuðri, opt rokhvass; hjer var þá lítið fól á jörðu (fjell að aðfaranótt h. 19. af útsuðri).

24-12 1892

Undanfarna daga hefir verið hæg austanátt með þíðu, svo snjó hefir tekið mikið. Í morgun (24.) sama veður, þíðvindi af austri, hægur.

28-10 1892

Austanátt með þíðu, hefir rignt talsvert með köflum, svo að snjór er að hverfa. Í morgun (28.) landsynningur með rigningu, dimmur mjög 6 stiga hiti kl. 9 f. h.

1893

4-1 1893

Bezta veður undanfarna daga, optast austanátt, opt með regnskúrum, svo hjer er nú við það auð jörð.

11-1 1893

Undanfarna tíð hefir verið mesta veðurhægð dag sem nótt og mjög frostvægt. Loptþyngdarmælir vísað óvenjulega hátt og verið stöðugur. Hjer er nú svo sem enginn snjór á jörðu. Í morgun (11.) hægur austankaldi bjart veður.

18-1 1893

Hinn 11. var hjer hægur landnorðankaldi að morgni dags, síðan logn og rigning, h. 12. logn og bjart veður, h. 13. þar til síðari part dags h. 14. fór að gola á austan með snjóyringi og fór þá loptþyngdarmælir loks að falla; hægur útsynningur með þokusvækju h. 15. og sama veður h. 16. fram yflr miðjan dag er fór að hvessa með jeljum og varð ákaflega hvass í þeim um kvöldið og aðfaranótt h. 17. var foráttubrim; lygnari h. 17. en mikill hroði í sjónum.

25-1 1893

Hefur verið við útsuður (Sv.) alla fyrirfarandi daga; h. 21. brá fyrir landsynning (Sa.) með talsverðrj rigningu, en fór fljótt í útsuður aptur; talsverður snjór fjell hjer h. 20., en tók mestallan upp næsta dag. Að morgni h. 24. var hjer útnorðan-gola, en gekk fljótt ofan og varð rjett logn, hæg austangola, og fór að snjóá lítið eitt síðari part dags. Í morgun (25.) bjart og fagurt veður, rjett logn.

1-2 1893

Hinn 25. var hjer logn og fagurt veður fram að hádegi er hann fór að hvessa á norðan og var svo norðanátt til hins 29. síðari part dags er hann gekk til austurs með hægri ofanhrið um kveldið; hinn 30. var hjer rok á austan-landnorðan; h. 31. hægur á austan og allbjart veður.

8-2 1893

1. og 2. og 3. var hjer austanátt opt með mikilli úrkomu, einkum síðast um kveldið h.3. fór hann allt í einu að hvesa á útsunnan (Sv.) með ljótu útliti en að morgni h. 4. var hjer komið bezta veður, hægur á úts. en dimmur; h. 5. var hjer landsynningur (Sa.) með miklu regni og opt hvass, og abfaranótt h. 6. var ákaflega hvasst á austan-landsunnan með dynjandi rigningu; h. 7. rjett logn, útsynningsvari.

11-2 1893

Mesta veðurhægð undanfarna daga; optast rjett logn; útsynningsvari. Í morgun (11.) logn, dimmur, snjór í lofti.

18-2 1893

H. 11 fór að gola lítið eitt á austan með ofanhríð um kvöldið; hægur á landnorðan að morgni h. 12. en gjörði blindbyl eptir hádegi, hvass á austan; rokhvass á austan h. 13. með regni, gekk svo til landsuðurs og komið rjett logn um kveldið með bleytusletting; slyddubylur allan daginn h. 14. og fjell hjer talsverður snjór aðfaranótt h. 15.; hefir síðan verið hægur á austan.

25-2 1893

Sama veðurbliðan sem að undanfögnu hjelzt hjer þar til hann gekk til norðurs aðfaranótt h. 23. með miklu frosti og optast hvass og er sama veður enn í dag 25. Í *fyrri* um þetta leyti hörkufrost en logn.

4-3 1893

Hefur verið við norðanátt alla vikuna, þar til hann gekk til austurs 1. þ. mán. og hefur verið við þá átt síðan og fór loks að rigna síðari part dags h. 3.

11-3 1893

Hinn 4. var hjer bjart og fagurt veður; næsta dag austanátt með mikilli rigningu um kveldið; hæg sunnangola að morgni h. 6., en varð ákaflega hvass um stund rjett eptir hádegið á austan, lygndi svo og gekk til útsuðurs nokkuð hvass um kveldið; ákaflega hvass með miklu hafróti aðfaranótt h. 7. af útsuðri (Sv.) og snjóaði hjer talsvert um daginn; h. 8. rjett logn, útsunnan-kaldi og sama veður með jeljum h. 9. Hvass á landnorðan (Na) hinn 10. með snjóbyljum og moldösku-hríð síðari part dags; lygndi um kveldið og fór að bleyta um stund.

18-3 1893

Hægur bjartur fyrri part h. 11., ofanhríð með hægri austanátt síðari part dags; landnorðan með ofanfjúki að morgni h. 12. gekk síðan í vestur-útnorður með ofanhríð; hægur norðankaldi h. 13. Moldbylur af austri h. 14. fram yfir miðjan dag er hanu gekk til norðurs; var hvass á norðan 15. og 16., en lygndi að kveldi og gekk til austurs.

25-3 1893

Veðurhægð mikil undanfarna daga með hlýindum. Í dag (25.) fegursta sólskin og blæja logn.

1-4 1893

Fyrri part vikunnar bezta vorveður með miklum hlýindum; hinn 30. var hjer austankaldi um morguninn, síðan logn og rigning, en síðar um kveldið gekk hann í útsuður með jeljum og fjell loptþyngdarmælir mjög mikið á stuttum tíma; að morgni h. 31. var hjer svo að kalla logn en nokkru fyrir hádegi hvessti hann mikið á sunnan-útsunnan með miklum hroða og jeljagangi. *Eldingar og þrumur um kveldið hinn 30. Í nótt snjóaði mikið og snjór enn í morgun (logndrifa).*



8-4 1893

Hinn 1. útsynningsjeljagangur, nokkuð hvass; hægur á sömu átt h. 2. Hægur á austan 3., fór að dimma eptir hádegið og rigna og gekk þá til landsuburs: hvass á landsunnan með mikilli rigningu h. 4. Logn og svækjupoka ab morgni h. 5., krapahrið vestan-útnorðan síðari part dagsins og gjörði hjer skóvarpasnjó um kveldið; útsynningshroði og hvass um kveldib h. 6. og sama veður með jelum h. 7

12-4 1893

Hinn 8. og 9. hvass á suðvestan; allan fyrri hluta dags h. 9. mikill jeljagangur svo eigi sást húsa á milli, með miklu hafróti; fór að lygna um kveldið og var hjer svo að kalla logn allan mánudaginn (10.); svækjupoka úr útsuðri en hægur h. 11. en talsvert brim til sjávarins, og sama veður enn í morgun (12.).

15-4 1893

Suddapoka úr útsuðri h. 12. bjartur en svipað veður h. 13. Vestan-útnorðan nokkuð hvass útifyrir h. 14. og ýrði hjer snjór úr lopti; snjóaði talsvert í öll fjöll aðfaranótt h. 14. Í morgun (15.) logn hjer, norðan til djúpa.

19-4 1893

Hinn 15. var hjer hægur norðanvindur nokkuð hvass útifyrir, logn að kveldi; hægur austankaldi um ínorguninn h. 16. en fór að hvessa eptir hádegið á austan landsunnan, hægur að kveldi; hvass á austan að morgni h. 17. og hafði snjóað hjer síðari part nætur; síðan við landssuður, hægur með miklum hlýindum, Í morgun (9.) hægur á suðvestan, dimmur, rigning.

22-4 1893

Hinn 19. var hjer útsynningur, jeljagangur en bjartur í milli; sama átt h. 20. með þokusvækju og regni; bjartari fyrri part dags h.21. en fór að rigna síðari partinn, dimmur og nokkuð hvass af suðvestri. Í morgun (22.) landsynningur, bjartur, nokkuð hvass.

26-4 1893

Hvass h. 22. fyrri part dags; logn síðar með þokusvækju; hægur á sunnan h. 23. logn og rigning allan síðari partinn og gekk þá til vesturs um kvöldið en rjett logn; bezta veður h. 24., hægur vestankaldi og bjart veður síðari part dags; hægur á austan og bjartur framan af, h. 25. dimmur og regn síðar. Í morgun (26.) bjart sólskin, hægur á austan.

29-4 1893

Hinn 26. austanátt, hæg, síðan landsynningur með regni h. 27. hvass en lygndi um kveldið með mikilli rigningu; vestangola h. 28., og genginn til norðurs h. 29., hvass til djúpa.

3-5 1893

Undanfarna daga verið við norðanátt; hvass h. 30, hægur síðan Snjóað í Esjuna aðfaranótt h. 1.

6-5 1893

Síðustu dagana austan (landsynningur) og blíðasta veður; nokkur rigning við og við. Í morgun (6.) nokkuð hvass á austan með regni.

10-5 1893

Hinn 6. hvass á austan að morgni síðan rigning með hægíl af landsuðri; Aðfaranótt h. 7. var um tíma hvasst af suðri með óhemju regni gekk svo til útsuðurs og kyngdi niður snjó, svo hjer var alhvítt um fótaferðatíma og öll fjöll hvít hjeðan að sjá; síðan við landsuður opt með miklum regnskúrum. *Aðfaranótt h. 9. í fyrra var hjer 9 stiga frost.*

13-5 1893

Landsunnan h. 10. og síðari partinn á útsunnan með skúrum; útsynningur með jeljum allan daginn h. 11; bjart og fagurt veður h. 12. Hefir snjóað talsvert í Esjunni undanfarna daga.

17-5 1893

Veðurhægð undanfarna daga með nokkurri vætu í nótt af suðri.

20-5 1893

Sama blíðu-veðrátta, mesta kyrrð í veðri.

24-5 1893

Fegursta sumarveður með hlýindum undanfarna daga, rjett logn dag sem nótt.

27-5 1893

Sama góða veðrið, hægur eða logn; aðfaranótt h. 27. mikil lognrigning og rignir enn í morgun (h. 27.).

31-5 1893

Sama veður, stöðugt logn; þokubræla síðari partinn h. 30. og eins í morgun (31.).

3-6 1893

Sama veðurhægðin sem að undanförmu; einstök sumarblíða.

7-6 1893

Logn og bjart veður að morgni h. 3. mikil rigning síðari part dags, hæg útræna og fagurt veður h. 4. hægur á landsunnan fyrri part dags h. 5., dimmur, gekk til háausturs síðari partinn með regni; hægur á landsunnan, allbjartur hinn 6. Í morgun (7.) austan, hægur, mikil rigning.

10-6 1893

Mikil úrkoma hjer h. 7. og eins aðfaranótt h. 8. og fram yfir miðjan dag gekk til útsuðurs og stytta upp; dimmur en hægur á sunnan h. 9. en rigning allan daginn. Sunnan nokkuð hvass í morgun (10.).

14-6 1893

Sunnan með vætu h. 10. gekk til útsuðurs síðari part dags h. 11. og birti upp um tíma; rigndi óhemju-mikið aðfaranótt h. 12. af landsuðri og allan þann dag koldimmur; útsunnan h. 13. með skúrum en bjartur í milli; komið logn að kveldi og heiðskír. Í morgun (14.) austan nokkuð hvass, all-bjartur.

17-6 1893

Húðarrigning af austri-landsuðri allan daginn h. 14. Útræna að morgni h. 15. en aptur, rigning en logn eptir hádegi; hvass á sunnan h. 16. með regni allan daginn, og koldimmur, gekk síðari part dags til útsuðurs.

21-6 1893

Undanfarna daga suðvestan-kaldi eða logn optast dimmur með regni eða úða.

24-6 1893

Norðanveður en hægur og bjart sólskin undanfarna daga.

28-6 1893

Fegursta veður, norðangola alla undanfarna daga.

1-7 1893

Fegursta veður allan miðvikudaginn þar til hann fór að dimma síðari part dags og ýrði regn úr lopti og hefir síðan rignt mikið af austri og landsuðri. Í morgun (1.) hvass á sunnan-landsunnan.

5-7 1893

Hinn 1. hvass á sunnan með skúrum; h. 2. landsunnan, nokkuð hvass, síðan bræla og þoka af útsuðri; bjart og fagurt veður h. 3. og 4.

8-7 1893

Hægur austankaldi h. 5. og 6. með skúrum gekk síðari part fimmtudags til norðurs en hægur; h. 7. bjart og fagurt sólskin og logn síðari part dags. Fagurt veður í dag (8.).

12-7 1893

Mesta veðurhægð undanfarna daga en sólarlítið, h. 10. var hjer muggu-þoka allan daginn; bjartur h. 11- hægur vestankaldi, dimmur með þoku síðari partinn. Í morgun (12.) sudda-þoka en blæjalogn.

15-7 1893

Hinn 12. var hjer logn en dimmur; útræna og bjart veður fyrir hádegi h. 13., síðari part dags suddarigning at suðvestri; hægur en dimmur h. 14. á landsunnan og síðan á útsunnan, rigning síðast um kveldið. Í morgun (15.) hægur á suðvestan, bjartur (mikil rigning í nótt).

19-7 1893

Hinn 15. var hjer logn með regnskúrum, gekk síðan til norðurs og hefir verið það síðan, bjart og bezta veður en hægur.

22-7 1893

Hægur norðankaldi undanfarna daga, bjart og fagurt sólskin.

26-7 1893

Undanfarna daga hið bezta sumarveður hefir verið við norður, rjett logn

29-7 1893

Bjart og fagurt veður að morgni h. 22. Dimmur síðari part dags; landsunnan og síðan á útsunnan dimmur, hægur h. 23. Hægur á austan, rjett logn með regnskúrum h. 28. Í dag (29.) vestankaldi, bjartasta sólskin.

2-8 1893

Hinn 29. hægur á vestan; logn og dimmur h. 30. Síðan hægur á austan-landsunnan.

5-8 1893

Rjett logn og dimmur h. 2.; bjartasta veður og riett logn h. 3.; norðankaldi hinn 4. úti fyrir, hjer rjett logn og fagurt veður. Í morgun (5.) bjartasta sólskin og blæjalogn.

9-8 1893

Hinn 5. fegursta veður allan daginn og logn og sama veður h. 6. og 7. Logn að morgni h. 8. en fremur dimmur í lopti. Í morgun (9.) dimmur, hægur á sunnan.

12-8 1893

Fegursta sumarblíða undanfarna daga; logn.

16-8 1893

Sama ágætistíðin, rjett logn dag sem nótt dimmur opt að morgni en birtir upp er á líður daginn, óvenjulega stillt veðurátt.

19-8 1893

Síðustu dagana genginn til norðurs, dimmur norðanundan. Í morgun (19.) nokkuð hvass og bjartur í lopti.

23-8 1893

Hefur verið norðanbál síðan h. 19. og er sama rokið enn í morgun (23.).

26-8 1893

Norðanrokið hjelzt við þar til síðari part dags h. 23., er hann lygndi; var hægur á norðan h. 24. og komið stilli-logn að kveldi; suddarigning að morgni h. 25. og dimmur mjög og úrhellis-rigning allan, síðari part dags og mjög dimmur í lopti. Í morgun (26.) dimmur með miklu regni.

30-8 1893

Undanfarna daga mikið dimmviðri optast sudda svækja. Í morgun (30.) heldur bjartari en blæja logn.

2-9 1893

Svækjurigning alla undanfarna daga, en logn eða hægur suðvestankaldi. Í morgun (2.) hægur á sunnan, dimmur.

9-9 1893

Sunnan, rjett logn og dimmur að morgni h. 2., en svækju-rigning síðari part dags; óhemjurigning aðfaranótt h. 3. og eins um morguninn; birti stutta stund upp um hádegisbilið og hvessti á norðaustan en var orðinn dimmur að kveldi; h. 4. húðarrigning hjer allan daginn af austri og sama veður h. 5. þar til stytta upp síðari part dagsins; hægur, rjett logn h. 6.; bjartur og logn h. 7. er hann gekk til norðurs síðari part dags en mjög hægur; sama veður, bjartur h. 8.

13-9 1893

Undanfarna daga við suður eða útsuður, hægur, en með óhemjuregni dag og nótt; stytt stutta stund upp á milli.

16-9 1893

Útsunnan, hægur en dimmur með regni h.13. Hvass á austan-landnorðan og dimmur h. 14. riguingarskúrir milli við og við; logn að kveldi og regn; gekk svo til norðurs h. 15. hvass útifyrir en komið við það logn síðast um kveldið og orðinn dimmur; mjög mikil rigning aptur aðfaranótt h. 16.. Í dag (16.) austan, dimmur og hefr *snjóað* (í fyrsta skipti í haust) í fjöll; snjóaði niðrá tún nærsveitis.

20-9 1893

Hinn 16. nokkuð hvass á austan að morgni hægur að kveldi: mikil rigning aðfaranótt h. 17. og þann dag regn við og við en hægur á sunnan landsunnan, logn um kveldið en gekk upp úr því nokkru fyrir miðnætti til útnorðurs með talsverðum hroða og haglhryðjum að morgni h. 18. og bálhvass á norðan þann dag eptir hádegið og aðfaranótt h. 19. og þann dag allan og gjörði

ofanhrið eptir miðjan daginn svo hjer varð við það hvít jörð um tíma; fór að vægja um kveldið. Í morgun (20.) enn nokkuð hvass á norðan, jörð hvít í morgun, sem um vetur.

23-9

Norðanveðrinu slotaði að kveldi h. 20.; daginn eptir rjett logn og bjart sólskin fram yfir hádegi er hann fór að dimma en bjartur aptur síðast um kveldið og blæjalogn; h. 22. logn og fagurt sólskin fyrri part dags, norðangola síðari partinn, logn um kveldið. Í morgun (23.) fegursta veður, blæja logn.

27-9 1893

Bjart og fagurt veður h. 23. fram yfir hádegi er hann fór að dimma, hægur á suðvestan; austankaldi, bjartur h. 24. og 25.; nokkuð hvass á austan fyrri part dags h. 26., dimmur síðari partinn og ýrði regn úr lopti. Í morgun (27.) logn, austanvari, dimmur.

30-9 1893

Hinn 27. austankaldi og dimmur fyrri part dags, logn um kveldið og ýrði regn úr lopti; bjart og fagurt veður af austri fyrri part dags h. 28. fór svo um kveldið að gola hægt á norðan vel bjartur; 29. blíða logn og sólskin, hvass eptir miðjan dag á norðan.

7-10 1893

Undanfarna daga norðanuátt, hæg þar til h.5. að hann varð hvass mjög og eins h. 6. Í morgun (7.) hægur á norðan.

16-10 1893

Hellr verið við norðanátt, en einlægt hægur; nokkuð hvass h. 11., hægur, bjart og fagurt veður.

21-10 1893

Hefir verið við útsunnanátt síðustu dagana með talsverðri úrkomu, optast hægur; upp úr landnyrðingi að morgni h. 20. gekk hann til útnorðurs, hvass eptir hádegi með skúrum og hagljeljum og talsverðu brimi, nokkuð vægari síðast um kvöldið.

28-10 1893

Hinn 21. var hjer hæg sunnangola að morgn með regni, hvessti af útsuðri er á daginn leið; hægur á útsunnan h. 22., bjart veður; landsunnan, hvass, dimmur með regni h. 23.; gekk svo síðari part dags í útnorður með kafaldsslettingi, nokkuð hvass; var svo ákaflega hvass af útnorðri með hafróti aðfaranótt h. 24. og hagljeljum; norðangola h. 25. og hafði snjóað lítið eitt um nóttina; hægur á norðan h. 26. og komið rjett logn að kveldi; útsynningur með jeljum h. 27.

4-11 1893

Hinn 28. og 29 var hjer norðanátt, optast hægur, gekk svo til útsuðurs með miklu brimi og hvass mjög með köflum og jeljum, aptur hægur og bjartur af útsuðri h. 1. og 2.; hægur austanvari h. 8. og mjög heiðskírt lopt; hjer að eins lítið fól á jorðu. Í morgun (4.) rigning af vestri, hægur, dimmur.

11-11 1893

Hinn 4. var hjer vestanútnyrðingur með talsverðu brimi; svo blíðalogn og bjart veður h. 6.; logn með regni síðari part dags h. 6.; bjart og kyrrt veður h. 7.; landsunnan rigning, nokkuð hvass h. 8. og sama veður en hægur h. 9. og 10. er úrkomulaust. *Loptþyngdarmælir* hefir vísað óvenjulega hátt, það sem af er þessum mánuði og hreifist lítið.

18-11 1893

(Gekk til) útsuðurs og rigndi aðfaranótt h. 12. hvass þann dag með skúrum; hægur á útsunnan h.13. Hægur á austan en dimmur að morgni h. 14., fór svo að snjóa eptir hádegi, gekk svo til landsuðurs með mikilli rigningu um kvöldið, síðan aptur til útsuðurs með krapaslettingi fyrir miðnætti og fór að frysta; hvass með svörtum jeljum fyrri part dags h. 15. gekk svo til útnorðurs og norðurs síðast um kveldið; hvass en bjartur á norðan h. 16; rjett logn h. 17. og genginn ofan, ýrði snjór úr lopti eptir miðjan dag. Í morgun (18.) logn, dimmur, frostlaus. Kl. 2-3 og 4 1/4 í morgun var hjer vart við *jarðskjálpta*, að eins tveir fremur vægir kippir.

27-11 1893

Hefir verið við vestur-útsuður þangað til hann gekk til norðurs að morgni h. 24. Talsverður brimhroði í sjónum alla undanfarna daga; stökusinum rignt mikið um stund t.a.m. 20. síðast um kveldið. Hjer er alveg auð jörð; fallið lítið föl snemma í morgun (25.). *Loptþyngdarmælir* komst óvenjulega hátt h.22., hefir eigi átt sjer stað síðan 14. febr. í fyrra.

2-12 1893

Að morgni h. 25. var hæg norðanátt, bjartur eptir hádegi; hinn 26. austanbilur að morgni útsynningur að kveldi; logn og mikil rigning að morgni h. 27. síðan aptur í útsuðrið; genginn til norðurs að kveldi h. 28. og hvass á norðan h. 29. en logn h. 30. með hörkufrosti; hinn 1. hægur á austan, dimmur með snjókomu.

9-12 1893

Hinn 2. logn og rigning nokkur fyrri part dags; gekk svo til útsuðurs og svo til austurs með slyddubyl um kvöldið, h. 3. hvass á sunnan og regn h. 4., gekk svo aptur eptir miðjan dag til útsuðurs með jeljum; logn með ofanhrið fyrir hádegi h. 5. og blindbylur síðari part dags af austri; síðan hægur á austan og bjartur h. 6. Logn hjer h. 7. en hvass á norðan útifyrir og sama veður h. 8.

16-12 1893

Logn og bjart veður h. 9. og 10., hægur á norðan h. 11 logn og bjartasta veður h. 12. norðankaldi, dimmur með snjóyring h. 13. birti til eptir hádegið; logn og bjart veður h 14. hægur á austan síðari part dags og þá orðið frostlaust; fagurt veður h. 15. hægur á austan.

23-12 1893

Hefir optast verið við háátt undanfarna viku með nokkurri snjókomu en frostvægur.

30-12 1893

Logn og bjart veður að morgni h. 23; fór svo að hvesa á austan með regni síðari part dags og rigndi ákafll. mikið aðfaranótt h. 24.; gekk svo í útsuðrið með jeljum, logn um kveldið, logn hjer hinn 25.; rokhvass á sunnan með miklu regni allt fram að kveldi h. 26., er hann gekk aptur til útsuðurs; dimm jel h. 27. húðarrigning að kveldi; ofsaveður af landsuðri aðfaranótt hinn 28.; lygndi allt í einu eptir hádegið og gekk í útsuðrið með jeljum og farinn að frysta um kveldið, h. 29. logn með miklu brimi í sjónum og sama veður h.30. að morgni.

1894

6-1 1894

Fagurt og bjart veður h. 30. og 31. Með byrjun ársins kom ókyrrð mikil í veðrið og gjörði hjer ofsarok h. 3. með dýnjandi regni og þótt lygndi með köflum rauk hann þegar aptur, og var þannig ákafasta landsynningsrok h. 4.; lygndi svo síðast um kveldið og með morgni h. 5. fjell snjór og var kyrrt veður af útsuðri þann dag.

13-1 1894

Hefir verið við austan (landsunnan)átt alla undanfarna daga, opt hvass um stund; rigning mikil með köflum.

20-1 1894

Blæja logn undanfarna daga og optast heiðskírt og fagurt veður; fór að gola á norðan síðari part dags h. 19. Í morgun (20.) logn hjer og bjart veður.

27-1 1894

Hinn 20. var hjer logn og bjart veður fyrri part dags, ofanbylur af austri síðari partinn; hvass á norðan h. 21., hægur og bjartur á norðan h. 22. landnorðan, hvass hjer 23. og bylur að kveldi, gekk svo til suðurs með regni aðfaranótt h. 23., og svo sama dag til útsuðurs með jeljum, hægur á landnorðan h. 25., en hvessti mikið er á daginn leið og kominn moldöskubylur að kveldi; Í morgun (27.) hvass á norðan, frostvægur.

3-2 1894

Austan-landnorðan h. 27. með ofanhrið; bjart og hægur á austan h. 28., fór að hvesa er á daginn leið með ofan byl; gekk til norðurs h. 29. og var hvass með köfium 30. og 31. Logn og dimmur fyrri part h. 1.; hægur austankaldi h. 2. og genginn til þýðu um kvöldið.

10-2 1894

Hefur verið við útsuður, hvass með jeljum hafróti, þar til lygndi síðari part dags h.8.; h. 9. var hjer logn framundir kveld, er hann fór að gola á norðan.

17-2 1894

Hvass a norðan h. 10. fram undir kveld, er hann lygndi; austan hægur og hjartur h. 11.; hægur á norðan og bjartur h. 12.; logn og fagurt veour h. 18.; fór að kalda á landnorðan um kveldið og var hvass á austan-landnorðan h. 14. með byl eptir hádegið. bráðhvass á austan aðfaranótt h. 15. með regni, logn að morgni og hvessti svo bráðlega aptur eptir miðjan dag með óhemju landsynningi og regni og hjelzt veðrið allt fram undir morgun h. 16., er lygndi og var lognrigning; þann dag fram yfir miðjan dag, er hann gekk1: til útsuðurs með krapaslettingi; logn að kveldi. Í morgun (17.) hægur á útsunnan, bjartur.

24-2 1894

Hefir verið við útsuður alla vikuna með talsverðri snjókomu, þó optast fremur hægur og frostvægur.

3-3 1894

Logn og fagurt veður hjer h. 24. gekk svo til norðurs h. 25. og svo til austurs h. 26. og snjóaði talsvert síðari part dags, logn að kveldi; hægur á norðan h. 27. og landnorðan h. 28. bjartur; norðan, nokkuð hvass h 1. en gekk fljótt ofan og var hjer fagurt og kyrrt veður h. 2. og eins í rnorgun (3.).

17-3 1894

Hinn 8. var hjer logn, norðan til djúpa; bezta veður, og sama veðrið h. 4. fram á kveld er hann fór að gola á austan og varð moldviðrisbylur aðfaranótt h. 5., síðan hægur á norðan þann dag; var hægur á norðan að h. 6. gekk svo til landssuðurs með regni og svo í útsuður h. 7. 8. 9. 10. veðurhægð optast heiðskír.

24-3 1894

Logn ofanhrið allan daginn h. 10.; bjart sólskin h. 11.; hægur á norðan h. 12. og 13. og 14. Logn og fagurt vegur h. 15. og 16. Lognrigning h. 17. Vart varð hjer við *jarðskjálfta*, vægan, að morgni h. 11. kl. 5 1/4.

31-3 1894

Bjartur á útsunnan h. 18. og ýrði snjór úr lopti. Austanofanhrið að morgni h. 19. fór svo að rigna eptir hádegið; sunnan, hægur með regni h. 20. og hvessti á landsunnan er á daginn leið; gekk svo aptur h. 21. til útsuðurs með svörtum jeljum en bjartur á milli; hægur á sunnan með regni h. 22., hægur á útsunnan með smájeljum h. 23.; logn og fagurt veður h. 24.; landsunnan, hægur, dimmur að morgni h. 25., síðan bjart veður; hvass á austan landsunnan h. 27. Sunnan með regni h. 28.; gekk svo til útsuðurs með hagljeljum og hvass með köflum 29. og 30. og sami útsynningur í morgun (31.).

7-4 1894

Útsynningur með jeljum h. 31.; hvass á austan-landsunnan með miklu regni h. 1., gekk svo til útsuðurs eptir miðjan dag og varð hægur; hægur sunnankaldi og bjartur h. 2.; logn og bjart sólskin h. 3.; gekk svo til suðurlandsuðurs nokkuð, hvass h. 4. og heflr verið við þá átt síðan. Í morgun (7.) austanvari, bezta veður.

14-4 1894

Dimmur á austan h. 7., 8. og 9. Logn og fagurt veður h. 10. Sunnan hægur dimmur h. 11. með smá-regnskúrum; hvass á landnorðan með regni h. 12.; hægur á austan og bjartur h. 13.; austankaldi h. 14. bjart og fagurt veður

21-4 1894

Hægur austankaldi h. 14. logn og fagurt veður h. 15. og 16. Útsunnan hægur h. 17. 18. og 19. en þó hvass með köflum og við og við hagljel og ofanhrið; hjer snjóaði talsvert aðfaranótt h. 19. og mikill snjór til fjalla hjeðan að sjá.

28-4 1894

Hinn 21. var hjer logn, norðangola til djúpa; hægur austankaldi hjer síðari part dags; hvass á landsunnan með regni h. 22. og sama veður 23. fram yfir miðjan dag, er tór að lygna; logn og fagurt veður h. 24., 25., 26. og 27.; stöku sinnum ýrt regn úr lopti síðastu dagana. Í morgun (28.) hvass á austan með regni.

5-5 1894

Hinn 28. austan, hvass að morgni með regni logn að kvöldi; h. 29. útsynningur með hagljeljum og regni og sama veður 30. og 1. og 2. optast bjartur á milli, gekk svo til norðurs hægur og varð bjart sólskin h. S., gekk svo til austurs h. 4. og fór að rigna lítið um kvöldið. Í síðustu 20 árin hefir veðrátt í aprílmánuði aldrei verið eins hlý og nú þetta árið er það einstakt, að aðeins skuli hafa verið 2 frostnætur (í bæði skiptín -1) allan mánuðinn; 1881 voru 5 frostnætur; mestur var þó næturkuldinn 1876 (23 frostnætur); 1885 20 frostnætur (15 stiga frost 2/4); 1887, 1888 og 1889 16 frostnætur hvert árið; í fyrra 7, í hitt eð fyrra 14.

12-5 1894

Undanfarna viku hefir verið heldur köld tíð, opt með nokkru næturfrosti; hefir verið hátt á þar til síðari part dags h. 11. er hann gekk til norðurs með hægð og gjörði regnskúrir.



19-5 1894

Stilling á veðri undanfarna viku og heldur hlýnað en alveg úrkomulaust. Loftþyngdarmælir óvenjul. hár á föstudaginn 18. þ., hefir eigi náð þeirri hæð síðan 22. nóvember í fyrra.

26-5 1894

Undanfarna viku bezta veður en nokkuð kaldur þar til verulega fór að hlýna h. 25. Úrkomulaust enn, aðeins fáeinir regnskúrir í miðri vikunni.

2-6 1894

Þessa vikuna hafa verið fegursta veður dag hvern, hægur norðankaldi, opt rigning.

9-6 1894

Hefir verið við sunnanátt undanfarna viku með talsverðri úrkomu við og við.

16-6 1894

Hvass á suðaustan h. 9. einkum fyrri part dags; rigning um kvöldið og nokkuð hvass á austan daginn eptir; logn og dimmur h. 11. og 12.; hvass á suðaustan með regni h. 13.; birti upp og hægði síðari part dags; hefir síðan verið við suður, fremur kaldur og með regnskúrum við og við.

23-6 1894

Hefir verið við austur-landsuður með mjög mikilli rigningu dag og nótt þar til h. 21. að styttri heldur upp og *að morgni h. 21. hafði snjóað niðri miðja Esju*; mjög mikil rigning aðfaranótt h. 22. og þann dag allan með regnskúrum en bjartur á milli. Í morgun (23.) genginn í vestur-útnorður, bjart veður.

30-6 1894

Allan síðari part vikunnar sunnanátt með talsverðri úrkomu og kalsa. Enn í morgun (30.) á sunnan, mjög dimmur og vætulegur.

14-7 1894

Fyrri vikuna var optast austanátt með talsverðri úrkomu; hinn 2. júlí var hjer óminnilegur hiti; aðfaranótt h. 9. miklar skruggur; síðari vikuna hefir þornað upp og ýmist verið logn eða útnorðankuldi og nú síðustu dagana útsunnanvari með sudda. Í morgun (14.) austanvari, dimmur í lopti.

21-7 1894

Hefir verið hægur með nokkurri úrkomu optast logn; var vart við *jarðskjálfta* kl. rúml. 7. e. m. hinn 17. (einn vægur kippur).

28-7 1894

Undanfarna tíð megnasti óþurkur af suðri, þar til birti upp h. 27. og gerði hæga útrænu. Í dag (28.) fegursta sólskin, útræna.

4-8 1894

Logn hefir verið alla undanfarna viku og þokumugga optast nær, hafi kaldað ofurlitla ögn hefir það verið úr vestri. Í morgun (4.) logn, dimmur með regni.

11-8 1894

Veðurhægð alla undanfarna daga; bjart og fagurt veður h. 8. og 9. en annars optast dimmviðri og síðustu dagana úrkoma.

18-8 1894

Útsynningur. hægur með regni h. 11.; bjartur, útræna b. 12.; landnorðan bjartur að morgni h. 13.; norðan nokkuð hvass, bjart sólskin h. 14. og 15. fram yfir hádegi, er hann fór að dimma; logn og suddarigning h. 16. og sama veður h. 17. Í morgun (18.) hvass á austan með regni, mjög dimmur.

25-8 1894

Mesta veðurhægð undanfarna viku en sólarhiti eins og áður, við og við suddasvækja. Í morgun (25.) hægur á útsunnan (Sv.) með sudda.

1-9 1894

Hinn mikli undanfarni óþurrkur hjelzt við dag eptir dag þangað til að hann komst í norður h. 30.; þann dag bjart og fagurt veður og eins h. 31., hæg útræna. Í dag (1.) sama fagra sólskinið, blæjalogn.

8-9 1894

Alla undanfarna daga hefir veður verið hið bezta, optast logn og bjart sólskin, aldrei komið dropi úr lopti. Í morgun (8.) hvass á austan, bjartur. Í síðustu skýrslu láðist að geta þess, að h. 28. f. m. kl. 3 e. m. heyrðust hjer talsverðar þrumur.

15-9 1894

Hinn 8. var hjer hvasst á austan, dimmur, gekk svo hinn 9. til landsuðurs og rigndi ákaflega mikið síðast um kvöldið; gjörði svo rok af landsuðri h. 10. og kominn í vesturútnorður um kvöldið með brimhroða; logn og fagurt veður h. 11.; hægur sunnankaldi h. 12. fram yfir miðjan dag, er hann gekk til austurs, dimmur í lopti; hinn 13. suðvestan svækjurigning allan daginn og eins hinn 14. Í morgun (15.) hægur, dimmur, regnskúrir af austri.

22-9 1894

Hinn 15. austanrigning allan daginn til kvelds er hann gekk til útsuðurs, nokkuð hvass, var svo á sunnan-útsunnan h. 16. og 17. með regni; fagurt sólskin og logn h. 18.; svo aptur rigning af landsuðri h. 19.; hægur, dimmur á sunnan h. 20.; logn og fagurt veður h. 21. fram yfir miðjan dag, er hann gekk til austurs með úrhellisrigningu.

29-9 1894

Hinn 22. var hjer hæg sunnanátt með regni; svo bjart og fagurt sólskin h. 23., gekk til útsuðurs síðari part dags, hægur og sama veður h. 24. og 25., logn h. 26. en sama bjarta sólskinið; hægur á suðaustan h. 27. með sudda við og við og sama veður h. 28. en meiraregn. Í morgun (29.) hægur austan, all-bjartur.

8-10 1894

Hvass á austan-landsunnan h. 29. og bálhvass af sömu átt aðfaranótt h. 30. og allan daginn og hefir síðan verið við sömu átt, koldimmur optast nær og með mikilli úrkomu; eptir hádegið h. 5. gekk hann meir í útsuðrið og birti heldur upp um tíma og gjörði logn, en þegar aptur stöðug rigning. Í fyrra var hjer um þetta leyti fagurt veður, hægur á norðan með vægu frosti.

13-10 1894

Loks stytta upp rigningunni að kveldi h. 10. hefir síðan verið logn, bjart og fagurt veður með vægu frosti.

20-10 1894

Undanfarna viku hefir verið bjart og fagurt veður daglega, optast logn. Loftþyngdarmælir staðið stöðugur og óvenjulega hátt.

27-10 1894

Snemma í vikunni komst hann úr logninu upp í norður h. 21. og var nokkuð hvass h. 22. en gekk svo ofan síðast um kveldið og komið logn; hefir síðan mátt heita logn og fagurt veður með vægu frosti. Í morgun (27.) landnorðankæla, all-bjartur.

3-11 1894

Hinn 27. og 28. var hann á austan, nokkuð hvass fyrri daginn; en svo aptur hægur og bjartur h. 29.; dimmur af austri en hægur h. 30; hægur ao morgni h. 31. með ofanhrið fram yfir miðjan dag og gjörði öklasnjó (fyrsti snjór í vetur;; logn og bjart veður h. 1., en austandimmviðri h. 2. með þíðvindi.

10-11 1894

Undanfarna viku hefir verið sífelld austanátt, stundum hvass með köflum, en að öðru leyti óvenjulega hlýr. Hjer er alauð og þíð jörð og snjórinn sem hjer var í lok fyrra mánuði er fyrir löngu horfinn.

17-11 1894

Hefir verið við há-átt undanfarna viku, með vægu frosti en hreinviðri; h. 13. var hjer austanrok með bleytuhríð, lyngdi síðar um kvöldið. Loftþyngdarmælir óvenjulega lágur alla vikuna. Hjer alauð jörð. Í morgun (17.) á austan-landsunnan með skúrum (útsynningur undir).

24-11 1894

Hvass og dimmur á austan h. 17. og mikil rigning; ákaflega hvass aðfaranótt h. 18. á sunnan en lygn þann dag með regnskúrum, og sama veðurh. 19. með krapaskúrum fyrri part dags síðan við austanátt, hvass annað veifið, lygn hitt og nú síðast genginn til útsuðurs með jeljum, hvass með köflum, brimhroði í sjóinn Ákaflega hvass um tíma í nótt lyngdi með morgninum með mikilli rigningu.

1-12 1894

Alla undanfarna viku hefir verið mjög óstillt veður, logn annað veifið stutta stund og svo allt í einu rokinn optast á sunnan-útsunnan; aðfaranótt h. 29. ákaflegt rok á útsunnan og var hvít jörð að morgni; nú alauð og frostlaus jörð.

8-12 1894

Hefir verið við útsuður alla vikuna, opt hvass, ýmist regn eða bleytu-slydda. Alþíð jörð enn. Í morgun (8.) hægur á útsunnan með jeljum. Í fyrra um þessa dagana ákaflega mikið frost (16 til 17° frost á nóttu).

22-12 1894

Fyrripart vikunnar optast logn, gekk svo til útsuðurs h. 20. og í norður h. 21. með talsverðu frosti. Í morgun (22.) hægur á landnorðan, útsynningur undir, með snjókomu.

29-12 1894

Umliðna viku hefir veðráttá verið mjög óstöðug, hægur annað veifið, rokhvass hitt, ákaflega hvass á útsunnan (Svestan) h. 27. og aðfaranótt h. 28. með voðalegu brimróti og *stórflóði*; gekk svo úr vestri-útsuðri til norðurs eptir hádegi h. 28.

1895

5-1 1895

H. 29. var nokkuð hvasst á norðan allan daginn, svo logn og snjócoma h. 30.; hæg austangola h. 31. og fór að rigna eptir hádegið; hvass á útsunnan fyrsta dag ársins, gekk svo til norðurs, en varð ekkert úr; logndrifa h. 2.; hæg austangola, bjartur h. 3. gekk til þíðu aðfaranótt h. 4. og svo aptur í útsuðrið. Í morgun (5.) hægur á útnorðan.

12-1 1895

Hinn 5. og 6. við norðanátt. gekk svo til austurs og svo í landsuðrið með miklu regni að kveldi h. 7. svo í útsuðrið með jeljum h. 8. og 9. Logn með ofanhrið h. 10. Hvass á austan h. 11. og í morgun 12. logn, dimmur, rignt mikið í nótt.

19-1 1895

Hinn 12. var hjer hæg austanátt með regni; nokkuð hvass á landnorðan fyrrí part dags h. 13. logn að kveldi og logn og fagurt sólskin h. 14. og 15. en þann dag gekk hann til norðurs, þó hægur og hefir verið við norðanátt síðan með talsverðum kulda; blæjalogn hjer innfjarða og fagurt og bjart veður h. 18. Í morgun (19.) austan-vari, dimmur, rjett frostlaust,

26-1 1895

Hinn 19. og 20., 21. og 22. var hjer stillt veður; hinn 23. nokkuð hvass á útsunnan og gekk svo að kveldi til útnorðurs, nokkuð hvass og svo til norðurs, h. 24. hvass en gekk þegar ofan aptur; logn hinn 25. Í morgun (26.) logn og bjart veður; norðan til djúpa.

2-2 1895

Hinn 26. var hjer logn og fagurt veður, norðan til djúpa: austan hægur h. 27: útsunnan h. 28., en fagurt og bjart veður; síðan úr landsynningsáttvvið og við hvass með miklu regni, þar til fór aptur að (ólæsilegt) lítið eitt að kveldi h. 1. Í morgun (2.) logn og fagurt veður. Hjer nú *alauð jörð*.

9-2 1895

Fyrri part vikunnar svo að kalla logn dag eptir dag og bjartasta veður, gekk svo til hááttar, nokkuð hvass á norðan um tíma, en bjartur yfir. Í morgun (9.) landnorðangola, bjartasta sólskin.

2-3 1895

Sama veðurhægð og blíða hélt til h. 17. er hann gekk til útsuðurs með snjóhryðjum og h. 28. í vestarútnorður með miklum hroða í sjónum og svo til norðurs fyrir miðjan dag (h. 28.) en gekk þegar ofan aptur; logn fyrri part dags h. 1. svo hægur á norðan og snjóaði um kveldið

9-3 1895

Hefir oftast verið við austurátt undanfarna viku, optast hægur - vorblíða; hvass á landnorðan h. 7. en gekk svo í landsuður að hveldi með mikilli rigningu: óhemjurigningu af austri alla aðfaranótt h. 8. og við og við þann dag af sömu átt. Í morgun (9.) austan, nokkuð hvass, all-bjartur.

16-3 1895

Hinn 9. var hjer hvasst af austri; 10. og 11. logn og fegursta veður; 12., 13. og 14. á landnorðan nokkuð hvass, þar til alveg lygndi síðari part dags h. 14.; þann dag bezta veður, rjett logn; fór að dimma síðari part dags og ýrði regn úr lopti. Í morgun (15.) hægur við norður (hvass til djúpa á norðan); hefir snjóað í fjöll í nótt.

23-3 1895

Logn hjer 16- og 17., en norðan til djúpa; hvass á norðvestan aðfaranótt h. 18. og hvass allan þann dag á austan; fjell hjer snjór aðfaranótt h. 19. Þá á austan, en heldur hægur; h. 20. landnorðan með

snjóyringi; hvass á norðan h. 21. útifyrir, rjett logn hjer; hægur á austan að morgni h. 22. en bráðhvass um og eptir hádegið, dimmur í lopti og með blindbyl um kveldið. Í morgun (23.) hvass á austan, all-bjartur.

30-3 1895

Hefur verið hvass á norðan opt með ofanhrið, þartil lygndi aðfaranótt h. 29. Þann dag fegursta veður hjer, logn en nokkur norðangola úti fyrir í flóanum. Í morgun (30.) logn og fagurt sólskin.

6-4 1895

30. og 31. var hjer fagurt og bjarf veður, ofurlíttill kaldi a vestan; 1. og 2. hægur á vestan en dimmur með svækju (2.); gekk svo til austurs, hægur h. 3. en hvass h. 4. og 5. og þann dag talsverð ofanhrið síðari part dags. Í morgun (6.) hægur á austan, bjart sólskin.

13-4 1895

Hefur verið við austanátt (norðaustan) h. 6. 7. 8.; hægur, rjett logn h. 9., (norðan til djúpa) gekk svo til útnorðurs, nokkuð hvass h. 10.; hvass á austan h. 11. en lygndi síðari part dags; vestansvækja h. 12. og sama veður í morgun (13.).

20-4 1895

Hjer var svo að kalla logn frá 13. til 17. Þann dag hvessti á norðan, en gekk þegar ofan aptur og hefir verið hægur síðan; hinn 18. og 19. snjóaði hjer og að morgni h. 19. var hjer öklasnjór.

27-4 1895

Hefir verið við norðurátt þar til hann gekk alveg ofan h. 25; 26. kominn í landsuður og ýrði regn úr lopti þann dag eptir hádegið. Í morgun (27.) hægur á austan, dimmur og regn.

4-5 1895

Var við suðaustanátt fyrri part h. 27. gekk svo í vestur-útnorður með regni, síðan logn og fagurt sólskin h. 30. og 1., en þann dag hvessti aptur á austanlandsunnan og hefir verið við suðurátt síðan; ákaflegt rok litla stuud að morgni (kl. 8-9) h. 3. Í morgun (4.) nokkuð hvass á sunnan, bjartur.

11-5 1895

Hina 8 fyrstu dagana hvass á sunnan-landsunnan með skúrum; logn og fagurt sólskin h. 7. Regn af austri en hægur h. 8. Rigndi ákaflega mikið aðfaranótt h. 9. þann dag á útnorðan hægur; hæg norðangola h. 10. Í morgun (11.) bjart sólskin, suð-austangola.

18-5 1895

Hefir alla vikuna verið við sunnanátt. hægur með skúrum, þar til hann h. 16. gekk til vesturs með þokusvækju og í norður eptir miðjan dag h. 17. Í morgun (18.) hvass á. norðan.

25-5 1895

Norðan, hvass og kaldur fyrri part dags h. 18. en komið logn að kveldi, síðan verið hægur, optast við landsuður. bezta veður, með regnskúrum við og við. Í morgun (25.) hægur á austan-landnorðan, bjartur.

Hér virðist vanta viku.

8-6 1895

Sama veðurátt enn, sífeld rigning dag og; nótt og aldrei sjest til sólar, stöðug sunnan suðvestanátt.

15-6 1895

Bjart og fagurt veður umliðna viku, síðan úrkomu hætti. Í morgun (15.) logn og bezta veður.

22-6 1895

Svo má heita að verið hafi blíða logn alla vikuna og einmuna fagurt sumarveður. Í morgun (22.) vestangola, bjartasta sólskin.

29-6 1895

Blíðasta sumarveður og rjett logn dag og nótt þar til hann gekk til norðurs síðari part h. 2ö. með mikilli rigningu að kveldi. Í morgun (29.) norðan, hægur, bjartur.

6-7 1895

Veðurhægð og sumarblíða undan farna viku, bjartasta veður þar til fór að skýja síðari hluta, dags h. 4. og fór að gola á landsunnan. Í morgun (6) hægur á landsunnan, dimmur.

13-7 1895

Hægur á landsunnan h. 5. með regni, gekk svo h. 7. í útsuður með ákaflega mikilli rigningu að morgni; síðan bjartasta og fegursta veður, rjett logn; fór að dimma hinn h. 12. og ýrði regn úr lopti um kveldið. Í morgun (13) hægur á landnorðan all bjartur.

20-7 1895

Sumarblíða og fegursta veður alla vikuna; má beita logn dag og nótt.

27-7 1895

Logn svo að kalla alla vikuna og fegursta, sumarveður, þar til hann fór að dimma h. 25. eptir hádegi og gjörði ákaflega mikla regnskúr.

3-8 1895

Hefir síðustu vikuna verið með talsverðri úrkomu en stilling mikil í veðrinu, einkum rigndi ákaflega mikið við og við h. 2. Í morgun (3.) logn og bjart sólskin.

10-8 1895

Umlíðna viku veðurhægð mikil með mikilli úrkomu dag og nótt; birti upp síðari part h. 8. og gekk til norðurs með björtu veðri fyrri part h. 9. en fór svo aftur að rigna síðari partinn. Í morgun (10) bjartasta sólskin, rjett logn.

17-8 1895

Svo má heita að logn hafi verið dag og nótt og bezta sumarveður alla umliðna viku. Í morgun (17.) hægur á austan, ýrir regn úr lopti; dimmur.

24-8 1895

Sama veðrið, rjett logn og bjartasta sólskin, er við norðanátt útifyrir, einmunatíð til landsins.

31-8 1895

Tafla án athugasemda

7-9 1895

Sama fagra veðrið alla vikuna, hægur á norðan útifyrir, hjer logn í morgun (7.) austangola og ýrði regn úr lopti.

14-9 1895

Veðurhægðin sama fyrstu daga vikunnar; gekk svo til norðanáttar h. 9. með talsverðri úrkomu, hægur á norðan h. 10. en hvass h. 11. fram að kveldi er lygndi; bjart og fagurt veður fyrri part dags h. 12 en síðkveldi gekk hann til austurs og varð dimmur; rigndi aðfaranótt, h. 13. af suðri og hefir verið við þá átt síðan. Í morgun (14) á útsunnan, með regnskúrum..

21-9 1895

Umliðna viku hefir optast verið hvassveður af útsuðri með hafróti og mikilli úrkomu; aðfaranótt h. 18. gekk hann til útnorðurs um tíma og *fjell þá snjó í Esjuna*. Í morgun (21.) hvass á suðvestan með regnskúrum, dimmur.

28-9 1895

Alla vikuna ýmist suðaustan eða suðvestanátt með mikilli úrkomu og opt hvass. Í morgun (28.) hvass á sunnan-landsunnan með mikilli rigningu.

5-10 1895

Fyrri part vikunnar sunnan-útsunnan með mikilli úrkomu og hagljeljum, snjóaði mikið í öll fjöll aðíaranótt h. 1.; hvass á norðan h. 2. og rokhvass á vestan útnorðan með blindbyl fram á kvöld h. 3., hægur af austri og bjart veður h. 4. Í morgun (5.) rjett logn, bezta veður.

12-10 1895

Umliðna viku hefir optast verið rjett logn, þar til hann gekk til útsuðurs. h. 11. hvass með jeljum og regnskúrum. Í morgun (12.) sunnan, dimmur.

19-10 1895

Fyrri part vikunnar var hægð á veðri, en h. 15. gekk hann til vesturs útsuðurs með brimhroða og regnskúrum miklum við og við; foráttubrim í sjónum af útsuðri h. 18. og þá með haghriðjum, dimmur síðari part dags. Í morgun (19.) genginn til norðurs, hvass, bjartur.

26-10 1895

Alla vikuna bjart og fagurt veður, optast logn með vægu frosti.

2-11 1895

Framan af vikunni fagurt veður og logn með vægu frosti; gekk svo h. 29 til útsuðurs með regnskúrum þann dag; 30. aptur bjart og fagurt veður, hægur norðanvari; h. 31. sunnansvækja, koldimmur og fór að hvesa að kveldi með regni; 1, hvass á landsunnan fram á kveld með regni; gekk svo til útsuðurs.

9-11 1895

Svo má heita að logn hafi verið alla vikuna; h. 8. var hjer logn að morgni, hvessti eptir miðjan dag af austri og kyngdi niður snjó og lygndi. Í morgun (9) logn, kominn öklasnjór.

16-11 1895

Undanfarna daga hefir hann optast verið við norðanátt, hvass h. 11, og 12., með vægu frosti. Í morgun (16.) hvass á norðan.

23-11 1895

Hefir optast verið við austanátt hægur; gekk til útsuðurs h. 21. með jeljum og nokkurri hroða til sjáfarins, lygndi brátt aptur. Í morgun (23.) logn, dimmur, hefir rignt í nótt.

30-11 1895

Hefir verið við sunnan- eða austanátt, optasthægur; síðari part dags h. 29. fór að frysta lítið eitt og aðfaranótt h. 30. fjell líttill snjór hjer á alauða jörð. Í morgun (30.) dimmur, nokkur gola af útsuðri með jeljum.

7-12 1895

Hinn 30. var hjer, útsynningur með jeljum, lygndi síðari part dags var ofanhríð; sama veður h. 1.; hvessti að kveldi á útsunnan, gekk svo til norðurs, h. 2. og 3. en í útsuðrið aptur h. 4. svo aptur til norðurs og er það enn. Hjer er nú kominn talsverður snjór og er alveg jarðlaust. Í morgun.(7.) hægur á norðan, bjartur.

14-12 1895

Var við norðanátt fyrst framan af vikunni, hægur, síðan við anstanátt og vestanútsynning, hægur með mikill snjókomu. Í morgun (14.) hvass á austan, all-bjartur. *Kl. 3 í nótt all snarpur jarðskjálpti* og skömmu á eptir annar vægari og svo rúmum tíma á eptir tveir mjög litlir.

21-12 1895

Hefir verið við austanátt, opt hvass fyrstu dagana; gekk til norðurs h. 20. en strax ofan aptur; hægur á austan hinn 17. en hvass á landsunnan með mikilli rigningu h. 18; lygndi allt í einu eptir miðjan dag og gekk í útsuðrið og fór að snjóa; hægur með jeljum h. 19.; landsunnan með miklu regni h. 20. Í morgun (21) bráðhvass á landsunnan með regnskúrum.

28-12 1895

Undanfarna viku mesta veðurhægð, optast hægur við suður eða austur; hjer alauð jörð. Í morgun (28.) hægur austan bjartur.

1896

4-1 1896

Undanfarna viku optast rjett logn og bjartviðri síðustu dagana við hæga austanátt. Í morgun (4.) hægur á landsunnan, dimmur.

11-1 1896

Heflr verið rjett logn alla vikuna með nokkurri úrkomu, rjett sem bezta vorveður.

18-1 1896

Hvass á útsunnan (Sv) með hafróti h, 11. gekk svo til útnorðurs, hvass á norðan útifyrir h. 13., hægur hjer; gekk aptur til útsuðurs með jeljum h. 14. og svo í norður; logn að morgni h. 16., svo hvass á austan og kominn bylur að kveldi; moldöskubylur af austri fyrri part h. 17. hvass og koldimmur. Í morgun (18.) norðan, hægur, bjartur.

25-1 1896

Veðurhæð alla undanfarna viku með talsverðum kulda og snjókomu. Aðfaranótt h. 25. hvass á austan með blindbyl fram undir morgun. Í morgun (25.) hægur á austan, dimmur.

1-2 1896

Hefir ýmist verið við landsuður (Sa) eða útsunnan (Sv) opt rokhvass með mikilli rigningu, opt dag og nótt, svo mest allur snjór, sem var mikill á jörðu, horfinn aptur. Optast útsynningur með brimhroða. Í morgun (1.) bjartur, rjett logn.



8-2 1896

Hefir verið við sunnanátt og við útsuðrið alla vikuna með mikilli úrkomu; mestu hlýindi dag sem nótt, sem bezta vorveður væri.

15-2 1896

Hefir verið við austanátt alla vikuna með mikilli úrkornu.

22-2 1896

Hefir verið við útsuður undanfarna daga, opt hvass með köflum og með jeljum; brim í sjónum.

29-2 1896

Útsynningur (Sv.) þar til h. 28. er hann gekk til landnorðurs; hefir þannig verið við útsuður síðan 15. dag mánaðarins. Í morgun (29.) rjett logn, dimmur.

7-3 1896

Fyrstu 3 daga mánaðarins var háátt, stundum hvass; logn og fagurt veður h. 4. gekk svo til útsuðurs síðari part dags h. 5. og svo til norðurs, hvass útifyrir. Í morgun (7.) bjartur, hægur á landnorðan.

14-3 1896

Norðanátt, opt hvass þar til hann gekk til austurs h. 12., nokkuð hvass; h. 13. hægur á austan með krapasletting við og við. Í morgun (14.) austan, hægur, dimmur.

21-3 1896

Mesta veðurhægð undanfarna viku, optast bjart og fagurt veður. Í morgun (21) logn og fegursta veður.

28-3 1896

Undanfarna viku hefir verið bezta vedur; snjór fallið við og við einkum aðfaranótt h. 27. og þann dag var hjer logn og við og við ofanfjúk. Í morgun (28) logn og bjart veður.

4-4 1896

Veðurhægð undanfarna daga, þar til hann gekk til útsuðurs þann 3. með foráttubrimi og bráðhvass síðari part dags.

11-4 1896

Fyrstu daga vikunnar var hjer austanlandnorðan átt, stundum hvass; gekk svo til útsuðurs, hvass við og við með jeljum, svo jörð varð hjer alhvít; hinn 10. gekk hann til norðurs, hvass útifyrir.

18-4 1896

Fyrri part vikunnar við norðan átt, hægur hjer, hvass útifyrir, gekk svo til sunnanáttar með regni við og við. Í morgun (18.) norðaustan, hvass, dimmur.

25-4 1896

Hefir optast verið við sunnanátt umliðna viku, hlýindi og bezta veður

2-5 1896

Hinn 27. var hjer hvasst norðanveður en bjartur og ýrði snjór úr lopti og sama veðrið var h. 28. en hægði undir kveldið og var logn og fegursta veður h. 29. Síðan hæg austan eða landátt með hlýindum.

9-5 1896

Hefir optast verið við suður-útsuður með talsverðri úrkomu, hvass með köflum en optast hægur. Í morgun (9.) dimmur, hægur á sunnan.

16-5 1896

Hefur verið við sunnan útsunnanátt með talsverðri úrkomu við og við; gekk til austurs h. 15. hvass um morguninn með regni, svo aptur síðari part dags til landsuðurs, nokkuð hvass og dimmur, lygndi síðast um kveldið. Í morgun (16.) logn, dimmur, rigning.

23-5 1896

Hefir verið við vestur-útsuður alla vikuna með miklum kalsa og snjóað við og við í fjöll. Í morgun (23.) sami útsynningur með kalsa, hefir snjóað mikið til fjalla í nótt og hjer útsynningsbylur í morgun.

30-5 1896

Hefir alla vikuna verið á sunnan suðvestan, með mikilli úrkomu má heita dag og nótt, optast hægur, hefir rignt í 23 daga af þessum mánudi. Í morgun (30.) sama veðrið.

6-6 1896

Hinn 30. dimmur að morgni, birti svo upp og gjörði glaða sólskin; gekk svo til norðurs, hvass 31. og 1. Svo aptur hæg sunnangola h. 2., logn h. 3. og, 4. Með regnskúrum; logn og fagurt veður h. 5. Í morgun (6.) hægur á útsunnan með regnskúrum.

13-6 1896

Hefir alla vikuna verið við sunnanátt (suðvestan) með talsverðri úrkomu en heldur hlýnað í veðri.

27-6 1896

(tvær vikur) Undanfarna tíð kalsi í loptinu með úrkomu við og við og mjög sólarlítið, þar til nú síðast að farið er að sjá til sólar. Í morgun (27.) logn, sólskin og hlýindi..

4-7 1896

Undanfarna viku sama kalsa-veðrið með talsverðri úrkomu og aldrei sjezt til sólar;, virðist enn engin breyting á veðráttu.

11-7 1896

Undanfarna viku veðurhægð eu ekki nokkur dagnr þurr til kvelds,, sólarlítið mjög - *frámunaleg óþurrrkatíð*. Í morgun (11.) hvass á austan með dynjandi rigningu.

18-7 1896

Sama úrkoman dag og nótt, sjezt ekki til sólar. Í morgun líkast haustveðri, hvass á austan með regni.

25-7 1896

Um miðjan dag h. 20. birti loksins upp er hann gekk til útnorðurs og hefir síðan verið fegursta sólskin á degi hverjum, hægur á útnorðan (Nv). Í morgun (25.) hægur á suðvestan, bjartur.

1-8 1896

Bjart og fagurt veður undanfarna daga, þar til hann gekk í suður síðari part dags h. 30 með nokkurri úrkomu. Í morgun (1.) sunnan dimmur með regnskúrum.

22-8 1896

(þrjár vikur) Mesta óþurkatíð undanfarið; optast við suðurátt; stöku sinnum sjezt til sólar. Í morgun, (22.) bráðhvas á landsunnan með regni.

29-8 1896

Umliðna viku hægð á veðri og góður þerrir við og við. Að kveldi hinn 26. kl. 9:53 mín. fannst hjer til *ákafs jarðskjálfta*, sem stóð all-lengi og kl. 10:12 mín. kom annar en vægari; hinn 27. kl. 9:15 mín. all-harður kippur, síðan ekki. Aðfaranótt h. 27. snjóaði í austurfjöll og Esjuna; hefir við og við fallið snjór einkum síðari part dags h. 24.

5-9 1896

Fegursta veður alla undanfarna viku. Í gærmorgun (4.) kl. 5 1/2 var hjer aptur vart við jaroskjálfta; í gærkveldi seint lagðist hjer *allt í einu* þoka yfir jörðu eða mistur og virtist sumum sem vart yrði við öskufall.

12-9 1896

Einmuna fagurt veður undanfarna viku, logn með degi hverjum. *Jarðskjálftarnir* haldizt við, nefnil. kl. 10 ½ á laugardagskveldið (5.) og svo aptur aðfaranótt sunnudagsins laust fyrir kl. 2; eins fimmtudaginn (10.) kl. 11:21 allsnarpur kippur; auk þessa hefir orðið vart við smá-hreifingar við og við. Í morgun (12.) hægur austankaldi, bjartur.

19-9 1896

Hægur á austan, bjartur h. 12. en hvass á austan með regni h. 13., rjett logn h. 14. og 15., en nokkur rigning og einkum rigndi mikið allan daginn h. 16. fram að kveldi, er hann gekk til norðurs og hefir verið við þá átt síðan með regnskúrum við og við og hvass hjer h. 18. fram til kvelds. Í morgun (19.) fagurt sólskin, norðan, nokkuð hvass.

26-9 1896

Veðurhægð undanfarna viku og optast bjart sólskin; aðfaranótt h. 24. mikil rigning.

3-10 1896

Hefir verið útnorðanátt, opt hvass, hlaupið í útnorðrið og aptur í norður, optast bjart veður. Snjóað mikið í fjöll h. 2.

10-10 1896

Afspyrnu-norðanrok hefir verið hjer síðan 3. og kafaldshríð um tíma snemma morguns h. 7. gekk ofan að kvöldi þessa dags (7.) og hefir mátt heita blægjalogn og fagurt veður síðan. Í morgun (10.) hægur, austan bjartur

17-10 1896

Undanfarna viku veðurhægð, optast við suðausturátt með nokkurri vætu, síðari part dags h. 16. gekk hann allt í einu til norðurs upp úr lognrigningu mikilli. Í morgun (17.) hvass á norðan, bjartur; loptþyngdarmælirinn kominn afar-hátt.

24-10 1896

Laugardaginn 17. var norðanveður, hvasst fram yfir miðjan, var svo hægviðri, opt logn næstu dagana, gekk svo til norðurs aptur, hvass, aðfaranótt hins 23. hefir fallið hjer óvenjulega mikill snjór um þetta leyti; síðari part dags h. 22. fór að rigna og var úrhellisrigning að kveldi; fór svo að frysta og allt varð að klaka. Í morgun (24.) bál-hvass af norðan, bjartur.

31-10 1896

Hvass á norðan h. 24. Síðan veðurhægð, rjett logn daglega með sudda-þoku. Í morgun (31.) þoka og logn.

7-11 1896

Undanfarna viku optast logn; við og við talsverð rigning, svo hjer var alauð jörð; síðari part dags h. 4. gekk hann með hægð í útsuður; fór að snjóa lítið eitt að morgni h. 5. og gekk til norðurs með snjóyringi og fór að frysta; hægur á norðan að morgni h. 6., svo logn,

14-11 1896

Undanfarna viku mesta veðurhægð, optast logn, með nokkurri úrkomu. Hjer alveg auð jörð.

21-11 1896

Hinn 14. var hjer logn og fagurt veður gekk svo til austurs h. 15., hvass með ofanhrið og var mjög hvass a austan afaranótt h. 16. gekk svo í útsuður og hefir verið við þá átt síðarn, rokhvass með köflum og miklum jeljum; var einkum afspyrnu-rok aðfaranótt h. 19. hafa skipzt á jel og úrhellisrigning logn og rok með rosaljóssum öðru hvoru og til þrumu heyrðist h. 17. Í morgun (21.) hvínandi útsynnings-rok með jeljum.

28-11 1896

Útsynningsveðrið hætti ekki fyrir en h. 24. og var þá búið að standa í rúma viku. Síðan hefir verið mesta veðurhægð og hlýindi. Í morgun (28.) rjett logn og hlýtt veður. Loftþyngdarmælir kominn óvenjulega hátt.

5-12 1896

Veðurhægð með mikilli rigningu undanfarna viku; fór að snjóa síðari part dags h. 4. af útsuðri með jeljum. Hjer þíð jörð.

12-12 1896

Veðurhægð með hlýindum, optast þó hvass með köflum og rigning. Snemma morguns h. 8. eptir ákafa rigningu af landaustri ljósagangur og þrumur. Í morgun (12.) austan, hvass, rigning.

23-12 1896

(tafðist í nokkra daga) Sunnudaginn h. 13. var hægur landnyrðingur að morgni, hvessti um hádegið litla stund, rauk svo allt í einu í útsuður með moldöskubyl, en lygndi sv þegar aptur og má síðan heita að hafi verið logn og bjartasta veður með sólskini. Síðustu dagana vægt frost. Í morgun (19.) austankaldi, dimmur, snjór í lopti.

30-12 1896

Fyrirfarandi daga hefir veðurátt verið ákaflega óstöðug, optast útsynningur með jeljum, opt bráðhvass; þótt kyrt hafi verið um stund, hefir hann allt í einu rokið. Talsverður snjór fallið hjer. Hinn 22. og 23. var hjer úrhellisrigning af suðri (landsuðri).

1897

2-1 1897

Sami útsynningur sem að undanfögnu. Aðfaranótt h. 1. fjell hjer nokkur snjór af, austri, fór að þíða með hægð fyrir hádegi, ofsarok af landsuðri með miklu regni síðari part dags Í morgun (2.) hægur á sunnan (s. v.).

9-1 1897

Framan af vikunni optast logn; snjóaði hjer talsvert aðfaranótt h. 3.; gekk til landsuðurs h. 7: og var hvass af þeirri átt h. 8. með regni. Í morgun (9.) sami landsynningur; allur snjór rjett horfinn aptur.

16-1 1897

Veðurhægð mestalla vikuna var um tíma hvass á landsunnan h. 14. og tók þá upp allan snjó, svo nú er hjer alauð og frostlaus jörð, Í morgun (16.) rjett logn útsunnanvari, all-bjartur, fallið föl í nótt.

23-1 1897

Mesta veðurhægð undanfarna viku, optast logn, stundum fegursta sólskin og blíða. Í morgun (23.) logn, vestan-vari, allbjartur.

30-1 1897

Hinn 24. gekk hann til norðurs og var hvass útifyrir og eins hjer; lygndi hinn 27; síðan við austur.

6-2 1897

Mesta veðurhægð undanfarna viku, bjart og heiðskírt veður. Austan-landnorðan kaldi og opt logn. Í morgun (6.) hægur á austan.

13-2 1897

Undanfarna viku hefur optast verið austanátt, hæg og stillt veður; nokkur snjór fjell hjer h. 7., en tekur nú óðum upp aptur; h. 12. rjett logn allan daginn, þoku úði. Í morgun (13.) logn og svört þoka.

20-2 1897

Framan af undanfarinm viku hægð á veðri og rigndi talsvert tyrstu dagana; fór að hvesa að mun af útsuðri h. 18. með jeljum og var hráðhvass eptir hádegi h. 19. með blindbyl og vægu frosti. Í morgun (20.) útsynningur með jeljum.

27-2 1897

Undanfama viku ókyrrð á veðri, hlaupið einni átt í aðra, en útsynningur undir; nokkur snjór fjell hjer h. 25. og aðfaranótt h. 26. Í morgun (27.) útnorðan. hægur, bjartur.

6-3 1897

Hefir verið við austurátt, hægur og optast bjartur. Hinn 4. var hjer rjett logn og fegursta sólskin allan daginn. Í morgun *fagurt* sólskin, austan, hægur.

13-3 1897

Hinn 6. var hjer bjart veður á austan að morgni, en hvessti á landnorðan að kveldi og var mjög hvass aðfaranótt h. 7. og þann dag fram til kvelds, er lygndi; 8. aptur hvass með regni af landsuðri; síðan við austanátt, hægur, optast bjartasta veður; hinn 12. einmuna fagurt og bjart veður, rjett logn. Í morgun (13) hægur á landnorðan, bjartasta veður.

27-3 1897

Einmuna fagurt veður undanfarna viku, við austur, en optast rjett logn eða hægur austan.

3-4 1897

Sama veðurhægðin enn þessa vikuna; talsvert frost a nóttu í 2 nætur, en sólskin og blíða á daginn með logni. Aðfaranótt h. 28. fjell hjer nokkur snjór, og eptir miðjan dag h. 2. við og við ofanfjúk af útsuðri. Í morgun (3.) bjart sólskin, hægur á norðan.

10-4 1897

Hinn 3. og 4. var hjer fagurt veður; gekk svo aðfaranótt h. 5. til landsuðurs og var þann dag bráðhvass og; dimmur og því veðri slotaði ekki fyrr en með morgni h. 6, er hann gekk til útsuðurs (suðvestan) og hefir verið við þá átt síðan, hægur, en snjóað einlægt við og við; sólskin og bjartur þess á milli. Í morgun (10.) rjett logn, fagurt veður.

28-4 1897

Síðan (sic) hægð á veðri og nokkur hlýindi. Hinn 22. hvass á sunnan allan daginn og fram að miðjum dagi h. 23., er lygnði og fór að rigna af útsuðri.

1-5 1897

Veðurhægð undanfarna viku, við sunnanátt með nokkurri úrkomu við og við.

8-5 1897

Hinn 1. útsunnan með byljum og gekk til norðurs síðari part dags; varð svo norðanbál til hins 5. er hann lygnði; snjóaði jafn framt. Hinn 7. krapaslettingur ef austri að morgni, svo jörð varð alhvít og í dag 8. aptur rokhvass á norðan með blindbyl í Esju.

15-5 1897

Hinn 8. útnorðan hvass fyrri part dags; lygnði svo. Var hjer alhvítt af snjó að morgni h. 9., hægur á vestan-útsunnan; svo a norðan hvass h. 10. Hægur á austan hinn 11. og 12. með regni og þó nokkuð hvass; b. 13. hægur á sunnan með regnskúrum; 14. austan, hægur þar til að kveldi, er hann gekk til norðurs með regni. Í morgun (15.) hvass á útsunnan, óhemju-rigning í nótt er leið.

22-5 1897

Hefir verið við sunnanatt umliðna viku með talsverðri úrkomu og hlýindum svo jörð hefur (sic) óðum. Í morgun (22.) rjett logn, sunnanvari dimmur.

29-5 1897

Umlíðna viku veðurhægð með nokkurri úrkomu við og við; síðustu dagana bjart og fagurt veður, norðanátt. Í morgun (29) norðan, bjartur.

5-6 1897

Umlíðna viku hefir verið stilling á veðri optast logn og fagurt sólskin með miklum hita síðustu dagana. Í morgun sumarblíða, logn og hiti

13-6 1897 (svo)

Logn og blíða alla vikuna, síðustu dagana austanvari, og í nótt hefir rignt nokkuð, í morgun hægur norðankaldi, dimmur, ýrir regn úr lopti.

19-6 1897

Hefir verið alla vikuna á norðan, hvass útifyrir, vægari hjer, snjóað í fjöll; *Esjan hvít niðri sjó h. 15. þ. m.*

26-6 1897

Alla vikuna norðanátt, hvass útifyrir, optast hægur hér og bjart sólskin; gekk loks ofan síðari part dags h. 24. eptir að norðanátt hafði staðið í 12 daga. Nú í morgun (26.) hægur austan, hefir rignt lítið eitt í nótt.

3-7 1897

Veðurhægð undanfarna viku, optast við landsuður og nokkur væta um tíma.

10-7 1897

Bjart og fagurt veður til hins 7. er hann fór að dimma af austri og rigndi mikið aðfaranótt h. 8. og þann dag mikið eptir miðjan dag; h. 9. útsunnan, hægur með regnúða fyrri part dags logn að kveldi. Í morgun (10.) landsynningur, hvass, hefir rignt í nótt.

17-7 1897

Sunnanátt með mikilli úrkomu til h. 14., síðan bjart og fagurt veður, Í morgun (17.) blæja logn, bjartur.

24-7 1897

Svo að kalla logn alla vikuna með þoku. Í morgun (24.) logn og ýrir regn úr lopti.

31-7 1897

Fyrri part vikunnar optast logn og bjart veður, en þó með regnskúrum; síðari partinn regn á degi hverjum af landsuðri.

7-8 1897

Veðurhægð, en megnasta þerrileysi, varla nokkur dagur úrkomulaus. Gekk til norðurs h. 5. með regnskúrum og svo 6. til austurs með mikilli rigningu. Í morgun (7.) rjett logn, all-bjartur, hefir rignt mikið í alla nótt.

14-8 1897

Hefir verið við austur-landsunnanátt hægur, opt logn, síðustu dagana úrkomulaus. Í morgun (14.) blæja logn, dimmur.

21-8 1897

Fyrri part vikunnar logn og fagurt veður; hinn 19. var hjer landnorðangola, bjartur, en fór að dimma að síðari part dags og rigndi talsvert aðfaranótt hins 20. og þann dag optast úrhellisrigning, en rjett logn. Í morgun (21.) norðangola, bjart veður, hvass til djúpa.

28-8 1897

Veðnrhægð og hlýindi, optast logn eða við sunnanátt; regnskúrir með köflum.

4-9 1897

Hefir verið við norðanátt undanfarna daga, fagurt og bjart veður; kaldur síðustu nætur. *Varðvart jarðskjálfta hjer 2. kl.10 1/2 f.h., vægur, snöggur kippur.*

11-9 1897

Svo má heita að logn hafi verið alla undanfarna viku; nokkur úrkoma við og við; úrhellisrigning að kveldi h. 10., en logn. Í morgun (11.) dynjandi rigning af suðri og koldimmur.

18-9 1897

Fyrri part vikunnar útsynningur, hvass með regnskúrum; gekk svo til útnorðurs um morguninn h. 16 og fjell föl á Esjuna; hvass á norðan síðari part dags h. 16. Hægur h. 17. og logn komið að kveldi. Í morgun (18.) austanvari, dimmur.

25-9 1897

Fyrri part vikunnar nokkur úrkoma af útsuðri; snjóaði talsvert í fjöll að morgni h. 22. Síðan rjett logn og bjart sólskin. Í morgun (25.) logn og bjart veður.

2-10 1897

Hefur verið við austanátt en hægur og gengið til norðurs stutta stund; nokkur úrkoma síðustu dagana. Hvass að kveldi h. 1. á austan. Í morgun (2.) hægur á austan, bjartur; hefur rignt mikið í nótt.

9-10 1897

Hefur verið við útsynningsátt rjett alla vikuna með mikilli úrkomu og brimi til sjáfarins; gekk til útnorðurs síðari part dags h. 7.; hægur á norðan fyrri part dags h. 8. logn að kveldi. Í morgun (9.) austan, nokkuð hvass með regni.

16-10 1897

Hefir verið við norðanátt undanfarna viku, opt hvass úti fyrir en vægari hjer innfjarða; vægt frost með hreinviðri. Í morgun (16.) blæjalogn og fagurt sólskin.

23-10 1897

Hina 3 fyrstu daga vikunnar blæjalogn og fegnresta sólskin; gekk svo til austurs hægur hinn 19. en fór fljótt að hvesa og hefir síðan verið við landsunnan átt opt hvass og með mikilli úrkomu. Í morgun (23.) hvass á landsunnan, dimmur.

30-10 1897

Fyrirfarandi daga hefir verið austan-landsynningur, opt hvass og óhemjurigning dag sem nótt og þótt brugðið hafi til annar áttar hefir hann von bráðar hlaupið aptur til austurs eða landsuðurs. Í morgun á vestan útnorðan, hægur, dimmur. Talsvert brim.

6-11 1897

Hefir verið við sunnanátt undanfarna viku með mjög mikilli úrkomu dag og nótt. Stundum snjóað talsvert í fjöll. Í morgun (6.) hvass á austan, all-bjart. Hefir þessi mánuður (okt) verið óvenjulega hlýr

13-11 1897

Hefir verið við austanátt opt hvass þar til 10. er hjer var logn og bjart veður allan daginn, en gekk svo til norðurs með vægu frosti. Í morgun (13.) enn á norðan, hvass úti fyrir.

20-11 1897

Hinn 13. hægur á norðan, logn að kveldi og daginn eptir (14.) fagurt veður og logn, gekk svo til austurs og ýrði snjór úr lopti, hvass og rigndi mjög mikið síðari part dags h. 16. og næstu nótt; fjell hjer föl að morgni h. 18. gekk svo til útsuðurs með krapasletting, rokhvass aðfaranótt h. 19. með hafróti af útsuðri; hægur að kveldi. Í morgun (20.) rokhvass á landsunnan með regni.



27-11 1897

Hefir optast verið við útsuður (Sv) með hafróti síðustu dagana, opt bráðhvass, einkum aðfaranótt h. 26. og gekk þá sjór óvenjulega hátt hjer; að kveldi hins 26. fjell hjer nokkur snjór. Í morgun (27.) austan, hægur, hefir snjóað í nótt og í morgun.

11-12 1897

Síðastliðinn hálfma ánuðinn hefir veðurátt verið mjög óstöðug, opt blaupið allt í kring á sama sólarhringnum, hægur um stund og svo allt í einu ofsaveður. Framan af var austanátt, þar til hann gekk til útnorðurs (Sv.) h. 2. þ. m. opt bráðhvass með jeljum, einkum gjörði *ofsaveður* um stund kl. 9- 10 h. 5. Hinn 6. var hjer hægur austankaldi, bjartur fram að kveldi er hann, fór að hvesa og gekk svo til landsuðns h. 7. og fór að rigna um kveldið, svo h. 8. í útnorður hinn 9. og 10. hægur á norðan, bjart veður.

18-12 1897

Umliðna viku mesta veðurhægð, optast logn og fagurt veður, vægt frost, hrímfall mikið. Í morgun (18.) genginn til suðurs hægur með regni.

1898

22-1 1898 (4 vikur)

Mjög óstöðug veðurátt, farið úr einni átt í aðra, snjóað lítið eitt moð köflum, en tekið þegar upp aptur. Stöðugur útsynningur síðustu vikuna, opt hvass og með svörtum jeljum; hjer er nú talsverður snjór á jörðu.

29-1 1898

Undanfarna viku fjell hjer mikill snjór af útsuðri; gekk svo h. 27. til austurs og rigndi mikið aðfaranótt h 28. og þann dag einnig af landsuðri. Í morgun (29.) landsynningur, dimmur, regn.

26-2 1898

(ekki J) Veðráttá er stöðugt fremur hörð hjer um slóðir og fannfergja miklu meiri en venja er til hjer á Suðurlandi. Jarðlaust hvervetna, þar sem til hefur spurzt og færð hin versta. Á Vestfjörðum hefur verið veðra-og hríðasamt mestallan síðasta mánuð.

5-3 1898

(ekki J) Landið sem jökull, ein jökulbreiða frá fjallatindum til fjörumáls. Meira fannkyngi muna naumast elztu menn. Gersamlegt jarðbann frá því með þorrabyrjun, en en jarðlítið síðan á Þrettánda. En frost væg. Horfur mjög slæmar með heybirgðir víða.

16-3 1898

Fjögurra vikna yfirlitstafla frá Jónasi án veðurlýsingar

19-3 1898

Fyrirfarandi viku hefir vindur blásið sumpart frá landnorðri (Na) sumpart frá norðri, við og við með ofanhrið, bjartur á milli. Óvenjnlega mikill snjór hjer yfir allri jörð. Hinn 18. hvass á norðan fram yfir hádegi, er hann lygndi.

26-3 1898

Undanfarna viku optast logn eða austanvari með talsverðri úrkomu, svo tekið hefir mjög mikið upp snjóinn.

2-4 1898

Hinn 26. logn og þoka allan daginn og var svo fram yfir hádegi næsta dag er birti upp með sólskini: hefir síðan optast verið logn og fagurt veður; rigndi um tíma af landsuðri (Sa.) h. 30, gekk svo til norðurs h. 31., hægur með vægu frosti.

16-4 1898 (nær yfir hálfan mánuð)

Veðurhægð undanfarna tíð; hæg norðankæla síðustu dagana með björtu veðri.

23-4 1898

Hefir verið austan- og sunnanátt fyrirfarandi daga með hlýindum.

30-4 1898

Bezta veður undanfarna daga, oftast verið úr austanátt, opt með mikilli úrkomu.

14-5 1898

Framan af þessum mánuði norðanátt, opt bráðhvass til djúpa, síðan optast við austanátt, stundum hvass og kaldur; ofanhrið allan fyrri part dags h. 13. af austri; gekk svo til norðurs; hvass og kaldur síðari part dagsins sama dag. Kólguveður af norðri í gær og í dag. Snjóað ofan í sjó í nótt með býsnafrosti. Heldur hafíslegt. Miður efnilegt fyrir sauðburð, sem nú er um það leyti að byrja.

28-5 1898

Framan af þessum hálfum mánuði var optast austan-landsunnanátt með talsverðri úrkomu, síðari partinn að mestu þurrviðri með nokkrum lílýindum. Síðdegis kl. 11, 7. h. 19. var hjer í bænum vart við *einn jarðskjálftakipp*, en vægan.

4-6 1898

Hefir verið við norðanátt. Oft rokhvass og kaldur; ofanfjúk um tíma h. 28. snjóaði í Esjuna aðfaranótt b. 29. Rokhvass á norðan aðfaranótt h. 4. og hvass allan þann dag á norðan.

11-6 1898

Undanfarna viku besta veður og hlýindi miklum regnskúrum með köflum.

18-6 1898

Bezta veður síðustu vikuna, oftast verið úr landsuðri með nokkurri úrkomu, oft bjart og fagnrt veður.

25-6 1898

Bezta sumarveður umliðna viku, sama veðurhægðin á hverjum degi.

9-7 1898

Var við útsuður fyrri vikuna með krapaskúrum við og við, ofthvass og kaldur, þar til hann gekk h. 1. til útnorðurs með hægð; hægur og bjartur á norðan h. 2 logn og dimmur að kveldi. Oftast hægur síðari vikuna, en mikil úrkoma og dimmviðri. *Hinn 3. var hér vart við landsskjálfta kl. 73/4, f. hádegi 1 kippur.*

16-7 1898

Umlidna viku megnasti óþurkur, en hægviðri, oftast við útsuður.

23-7 1898

Framan af vikunni hjart og fagurt veður en síðari partinn dimmviðri með nokkurri úrkomu. og kalsa.

6-8 1898

Fyrri vikuna veðurhægð, úrkomulítið; bjart og fagurt sólskin h. 27. - Síðari v. bjart og fagurt veður síðustu dagana, norðanátt með miklum kulda. *16 rigningardagar í júlímánuði.*

13-8 1898

Hefir verið bjart og fagurt veður alla vikuna en þó kaldur, einkum á nóttu; aðfaranótt h. 12. norðanbál með hlýindum og regnskúrum.

20-8 1898

Fyrst framan af þessari viku var hér bjart og fagurt veður, gekk svo til suðursútsuðurs með úrkomu og hefir verið það síðan.

27-8 1898

Hinn 20. var hér hæg sunnanátt, bjart veður; fór svo að dimma og rigndi h. 21. og ákaflega mikil rigning aðfaranótt h.22. af austri, gekk svo til útsuðurs með hafróti miklu; síðustu dagana útsynningur með mikilli úrkomu.

3-9 1898 1898

Köld veðurátt, oft með úrkomu af útsuðri.

10-9 1898

Megnasti óþurrkur alla vikuna, rignt meira eða minna á hverjum degi oftast, við austan og sunnanátt.

17-9 1898 (ekki J)

Tíðarfar mjög stírt undanfarnar 4-5 vikur, megnir óþurkar og kuldar, nema lítils háttar þerriflæsur fáeina daga um og eftir höfuðdaginn, svo að þá hirtu menn sumstaðar meira og minna af því, sem þeir áttu þá úti af heyi, en víðast lítið eða ekkert, og eiga því mjög margir úti meira en mánaðar heyskap. Sumstaðar hætt fyrir nokkru við slátt vegna vatnagangs. Nú loks þerrir í gær og í dag.

21-9 1898

Sæmilegur þurkur frá því fyrir helgi en rigndi þó mikið í fyrri nótt og nokkuð í gærkveldi. Fara bændur vonandi að geta náð inn heyjum sínum úr þessu, ef viðlíkt stendur nokkra daga enn. En óþurkað er enn mjög mikið af fiski af hinum mikla þilskipaafla frá því í sumar, 5-600 skpd. hjá sumum útgerðarmönnum.

Hér virðist vanta viku.

1-10 1898

Oftast við sunnanátt með mikilli úrkomu.

8-10 1898

Hefir verið við austanátt fyrirfarandi viku, opt hvass, úrkomulaus síðustu dagana.

15-10 1898

Undanfarna viku verið austanátt, úrkomullítið, oft bjart og fagurt veður.

22-10 1898

Mikil veðurhægð undanfarna viku, hreint og bjart veður; að morgni hins 21. féll hér fól og var þá hvass fyrir utan á norðan; gekk ofan og rigndi mikið framan af kveldi þann dag.

29-10 1898

Hægur austaukaldi og bjart veður h. 22. Bleytu-ofanhrið h. 23. en bjart veður síðari part dags, logn og bjart sólskin h. 24.; hvass á austan með regni h. 25.; aftur bjart og fagurt veður, rétt logn h. 26. og frani að hádegi h. 27., er hann fór að rigna og rigndi mjög mikið aðfaranótt h. 28., en logn. *Miðvikudagskveldið 26. kl. 9 vægur jarðskjálftakippur.*

5-11 1898

Framan af vikunni talsverð rigning, fór svo að snjóa einkum aðfaranótt 1. og 2., öklasnjór; gekk til útnorðurs með regni, svo nú er allur snjór aftur horfinn.

12-11 1898

Stilling á veðri undanfarna daga, oft rétt logn og nokkur úrkoma. Að morgni h. 11. var hér fyrst logn en dimmur, hvesti svo alt í einu af austri með slyddubyl, lygndi og gekk til útsuðurs með hagljeljum.

19-11 1898

Hinn 12. var hér hægur útsynningur með éljum; 13. austan-landnorðan að morgni, hvass með blindbyl, fór að rigna síðari part dags og kominn í útsuðrið og orðin nokkuð hvass og aftarakok aðfaranótt h. 14. Hvass á útsunnan 15. og 16., lygnari h. 17. og komið logn síðari part dags; 18. landnorðan, hvass að morgni og með regni og loftvog óðum að falla; eftir miðjan dag orðinn hvass af úts. með rigningu. Það kemur varla nokkurt ár, að hér komi ekki einhverntíma ársins ofsarok líkt og nú átti sér stað *aðfaranótt h. 14.* Að morgni h. 13. var hér austanbylur, og eftir vanda mátti húst við því, að hann gengi til landsuðurs (Sa) og svo til útsuðurs (Sv), og svo varð og nú. Eftir því er á leið daginn, lækkaði meira og meira í loftvoginni og kl. 11 um kveldið var hún komin óvenjulangt ofan á við (711.2 millim.), en veður þó hægt, og um miðnætti var hér rétt logn, en er leið á nóttina tók fljótt til að hvesa af útsuðri og varð úr *ofsaveður*, svo hús skulfu og skemdust, og var veðrið ákafast kl. 4-5 um morguninn; gekk sjór þá hátt með miklu hafróti. Þessi voðaveður eru hér lang-oftast af útsuðri. Fyrir nokkrum árum kom hér líkt veður og nú, og var það 26. des. 1888 (útsynningur) og komst þá loftvogin talsvert lægra en nú nefnil. *693.4 millim.* Þá kom einnig þetta voðaveður upp úr austanátt, og það alt í einu. Sama átti sér stað *1892, 20. jan. (loftv. 711.3); 1894, 13. nóv. (lv. 711.2) og 1896, 19. febr. (lv. 711.2).*

26-11 1898

Útsynningur með éljum fram yfir miðjan dag h. 19., en lygndi og gjörði ofanhrið; bjart veður og logn h. 20, gekk með hægð til norðurs- landnorðurs h. 21. Logn allan daginn h. 23., gekk svo til norðurs aftur, bjartur með vægu frosti. Hinn 25. rétt logn, dimmur eftir hádegið. Í *síðustu skýrslu misletrað 26. des. 1888 í stað 23. des*

3-12 1898

Undanfarna viku hefir oftast verið norðanátt með hægu frosti.

14-12 1898

Hefir verið við austanátt oftast hægur; austanbylur að morgni h. 8., gekk svo til landsuðurs og komið logn að kveldi, en aðfaranótt h. 9. þotinn alt í einu í útsuðrið, bálhvass með mikinn hroða í sjónum, en logn komið að kveldi.

17-12 1898

Hinn 10. var hér hæg ofanhrið að morgni, gekk svo til útsuðurs með éljum; fór svo í norður með ofanhrið h. 11., Svo aftur í útsuðrið h. 12., svo í landsuður h. 13. með regni, en þegar aftur í

útsuður og þótt hann hafi brugðið til annarar áttar, þá hefir útsynningur einlægt verið undir. Aðfaranótt h. 16. aftakarok af útsuðri og vægari, er á daginn leið.

24-12 1898

Hefir verið hægur framan af vikunni, einlægt útsynningur undir; hvesti svo af suðri h. 21. með miklu vegni, en hljóp að kvöldi í útsuður með éljum og hélzt svo allan 22. Þó eigi hvass.

31-12 1898

Undanfarna viku hefir yfirleitt verið austanátt, oft rétt logn; hinn 30. bráðhvass á austan og farinn að rigna eftir miðjan dag.

1899

7-1 1899

Drumur hafa eigi heyrst hér umliðið ár. Alhvít jörð í 1. skifti í haust 21. okt.

Hefir ýmist verið hæg austanátt eða útsynningur með talsverðri snjókomu.

14-1 1899

Engar athugasemdir með töflu.

21-1 1899

Undanfarna daga verið við norðanátt, oftast rétt logn hér, með miklum kulda, en bjart og fagurt veður.

28-1 1899

Framan af vikunni hélzt kuldinn, en fór að minka h. 23, oftast logn; gekk til landsuðurs h. 25. með regni og hefir rignt talsvert síðan og jörð komið upp.

4-2 1899

Undanfarna viku sólskin dag hvern.

18-2 1899

Mesta stilling á veðri undanfarna viku; síðari partinn nokkur væta; snjóaði lítið eitt að morgni h. 17.

25-2 1899

Undanfarna viku hefur verið við suður landsuður oft með mjög mikilli rigningu og hlýindum, sem bezt á vorlagi.

4-3 1899

Vorblíða undanfarið alt til síðustu daga; var ákaflega hvass um tíma aðfaranótt h. 1. af útsuðri; gekk svo til austur-landnorðurs h. 2. hvass með kafaldsbyl og svo aðfaranótt h. 3. til norðurs, bálhvass með talsverðu frosti. Aðfaranótt h. 27. varð vart við 3 jarðskjálftakippi. Sá fyrsti um kl. 1 eftir miðnætti og hinir nokkru síðar (1.- 2).

11-3 1899

Hefir verið talsverður kuldi umliðna viku, verið við há-átt til 9. er hann gekk til landsuðurs með mikilli úrkomu og svo til útsuðurs h. 10. með éljum og oft bráðhvass.

18-3 1899

Hefir verið suðvestanátt með eljum og brimi til sjávarins alt til síðustu daga; síðari part dags h. 16. genginn til norðurs, hægur. Loftvog óvenju há að kveldi h. 17. (782.3 millim.)

25-3 1899

Hefir verið við austanátt umliðna viku oftast bjart og fagurt veður.

1-4 1899

Framan af vikunni landnorðan, oftast nokkuð hvass með talsverðu frosti, gekk svo til norðurs h. 30. með snjóbyl, svo jörð varð al-hvít; austanslydda h. 31. fram að hádegi er gjörði logn og birti upp.

8-4 1899

Veðurhægð þessa vikuna; við og við og snjór úr lofti, en bráðnar fljótt; hér er nú alauð jörð.

15-4 1899

Hefir verið við há-átt alla vikuna, oftast bjart sólskin, en kaldur, oft bálhvass úti fyrir á norðan, þótt lygn hafi verið hér. Í dag (14.) bálhvass á norðan.

22-4 1899

Austanátt, hæg, alla vikuna; gengið til norðrs, hægur um stund; *óvenjulegur* næturkuldi um þetta leyti; síðasta vetrardag *í fyrra* 10 stiga *hiti* um hádegið". Í dag (21.) ofanhríð, svo hér gjörði al-hvítt síðari part dags.

29-4 1899

Verið við norðanátt, hægur alla vikuna, mikill kuldi, og við og við ýrt snjór úr lofti. Hlýindi og bezta veður í fyrra um þetta leyti, margra stiga hiti á nóttu.

6-5 1899

Fagurt og bjart veður umliðna viku og veðurhægð; fór að dimma h. 5. og rigndi mikið af austri, hvass allan daginn.

13-5 1899

Mesta veðurhægð og sumarblíða alla undanfarna daga. Genginn til norðurs nokkuð hvass síðari part dags h 12.

20-5 1899

Svo má heita að logn hafi verið alla vikuna; úti fyrir norðanátt; hlýindin lítil, frost á nóttu

27-5 1899

Undanfarna viku fagurt og stilt veður, en kuldatíð; snjóaði í Esju aðfaranótt h. 25.

3-6 1899

Hefir verið oftast við anstanátt, með kalsaveður, rignt mikið með köflum, einkum hinn 2.

10-6 1899

Veðurhægð, oftast við austanátt; hefir hlýnað til muna síðustu dagana.

17-6 1899

Undanfarna viku oftast dimmviðri með regnskúrum af suðri og útsuðri.

24-6 1899

Bezta sumarveður umliðna viku, veðurhægð á hverjum degi

1-7 1899

Hefir mestalla vikuna verið út-sunnan með mikilli úrkomu hefir hlýnað síðustu dagana.

12-7 1899

Undanfarna viku (til og með 7.) verið við austanátt og sunnanátt með mikilli úrkomu dag og nótt; stytt upp stund og stund, oftast veðurhægð

15-7 1899

Hinn 8. var hér austanrigning að morgni en birti svo upp eftir hádegið, gekk svo til útnorðurs með rigningu, síðan logn og 10. var hér bjart og fagurt veður og sömul. h. 11. en gekk svo aftur til austnrs-landssunnanáttar með úrkomu - einstök óþurkatið.

22-7 1899

Stöðug óþurkatið. Það sem af er þessum mánuði hefir rignt annaðhvort mestallan daginn eða part úr degi 12 daga.

29-7 1899

Óvenjuleg óþurkatið; hinn 26. var hér sólskinsdagur, en síðan aftur óhemjurigning h. 27.; hægur í dag 28., en rigning af suðri. *Í þessum mánuði er nú búið að rigna í 17 daga.*

5-8 1899

Úrhellisrigning af suðri og suðvestri þar til skifti um h. 2., var þann dag glaða sólskin; síðan logn og heldur dimmur, en regnlaus. 20 rigningardagar í júlí (16 í fyrra).

19-8 1899

Var við sunnanátt alla fyrri vikuna með mikilli úrkomu. Aðfaranótt h. 11. *óhemjurigning* alla nóttina. Fagnrt veður síðustu vikuna og úrkomulaus; í gær 18. austangola, dimmur og ýrði regn úr lofti að morgni.

2-9 1899 1899

Veðurhægð undanfarna viku; en varla nokkur dagur þurr til kvelds.

9-9 1899

Undanfarna daga oftast bjart veður, háátt; þó hafa komið við og við miklir regnskúrir Nú síðustu dagana útsynningur með mikilli úrkomu og kaldur; genginn í dag (8.) til útnorðurs eftir hádegið, bjart sólskin.

16-9 1899

Sama úrkoma og að undanfögnu en veðurhægð. Í dag (15) genginn til útnorðurs, bjart sólskin.

23-9 1899

Undanfarna viku oftast verið við vesturútnorður, við og við með regnskúrum, oft hvass og bjart sólskin. Í dag (22.) *snjóhríð* hér í morgun, svo jörð hvítnaði, og er það mjög óvanalegt hér um þetta leyti.

30-9 1899

Hefir verið við háátt, fagurt og bjart veður með nokkuru frosti síðustu dagana.

7-10 1899

Hinn 30. og 1. var hér útsynningur hægur; gekk svo til norðurs og var bráð-hvass h. 3; lægði aftur og gekk til útsuðurs, rétt logn.

14-10 1899

Hefir verið við austanátt, hægur; farið að kólna síðustu dagana.

21-10 1899

Undanfarna viku oftast verið við sunnanátt. hægur með mikilli úrkomu; í dag (20.) genginn til norðurs.

4-11 1899

Hefir verið við norðanátt, oft nokkuð hvass en bjart veður. Öklasnjór hér um þetta leyti í fyrra, nú alauð jörð.

11-11 1899

Engar athugasemdir neðan töflu

29-11 1899

Var fyrri vikuna jafnan við útsuður, oft með svörtum éljum og bráð-hvass. *Jarðskjálfta* varð hér vart við kl. 6 að morgni h. 13. 1 vægur kippur. Mestalla síðari vikuna hægur, oft logn, en dimmur með sudda-rigningu; gekk að kveldi h. 23. til norðurs, en hægur; föstudag 24. austan-hægur og farinn að frysta lítið eitt og snjóá.

9-12 1899

Nokkur umhleyplingur fyrri vikuna, en þó hægviðri og frostvægur.

16-12 1899

Hefir verið við útsuður, oftast nær með snjókomu; h. 11 .var hér ofsaveður, af suðri-útsuðri með svörtum éljum, síðan hægur; í dag (15.) logndrifa og kyngdi niður snjó í morgun, komið regn um hádegið, hægur á austan.

23-12 1899

Hefir verið við útsuðnr, en við og við gengið til landsuðurs með mikilli rigningu og svo hlaupið aftur í útsuður með éljum, en þó hægur. Hér nú aðeins lítið fól; við það frostlaus jörð.

1900

*Landskjálfta* varð vart aðfaran. h. 27, febr. og – 18. nóv. 1899 *Þrumur* hafa eigi heyrst hér alt árið. *Jörð hér alhvít í fyrsta skifti 22. sept.1899*

6-1 1900

Gekk til norðurs að morgni h. 24. des. og hefir verið hvass á norðan, oft bráðhvass alt til h. 1. þ. á, er hann vægði að kveldi; logn og bjart veður 2. og 3., fór svo að rigna hinn 4.

20-1 1900

Fyrri vikuna hægur og við útsuður með éljum fyrri part vikunnar, síðan við austur með regni. Jörð alauð. Síðari vikuna hefir verið við austanátt og útsuður með talsverðri snjókomu, en frostvægur.

3-2 1900

Hefir verið stilt og gott veður alla vikuna; síðustu dagana logn; alveg sama veður um þetta leyti í fyrra.



17-2 1900

Fyrri vikuna bjart og fagurt veður; við norðanátt með talsverðu frosti; oft logn. Alla síðari vikuna verið við norðanátt; bjart og fagurt veður daglega.

3-3 1900

Var við norður fyrri vikuna; síðustu dagana gengið meir til austurs; rokhvass hér aðfaranótt h. 22. Gekk meir til landsuðurs þ. 25. með þýðu. Má heita að hafi verið logn með degi hverjum síðari vikuna. Loftvog venjulega hátt og hreyfist ekki enn.

10-3 1900

Framan af vikunni logn og fegursta veðnr; gekk svo til suðausturs og í útsuður nokkuð hvass á Sv. h. 8. en lygnði fljótt. Kominn aftur í landsuður með regni í dag h. 9.

21-3 1900

Útsynningur alla undanfarna daga, hvass oftast með hafróti, þar til hann gekk til norðurs að kvöldi hins 14. bálhvass með miklum kulda og blindhríð, en loftvog mjög há. Í dag hægur á norðan, mjög kaldur.

24-3 1900

Norðangarðurinn hætti aðfaranótt h. 19.; hefir síðan mátt heita veðurhægð og fagurt veður. Loftvog óvenjulega hátt og stöðug.

4-4 1900 (taflan á við 24.3. til 30.3)

Agætis-veður með nokkru frosti, en oftast logn og bjart sólskin undanfarna viku.

11-4 1900

Hefir verið við austanátt, stundum hvass um tíma með regni, en blíðviðri. (vikan 31.3. til 6.4.)

21-4 1900

Hefir að undanförunu verið austanlandnorðan og við norðan til djúpa, oftast bjart veður síðustu dagana útsynningur með éljum, svo jörð hefur við og við orðið alhvít. Vart var við *landskjálfta* kl. 3 3/4 að morgni h. 7., all-snöggur kippur og smáhræringar nokkuru síðar

5-5 1900

Fyrri vikuna var veðurhægð, sunnanátt, dimmur, gekk við og við til útsuðurs með mikilli rigningu (27.), svo til norðurs 28. 29. 30. með kulda. 1. maí landnorðan hvass með snjóbyl og kyngdi niður kálfasnjó aðfaranótt h. 2, bráðhvass af norðaustri; Í dag norðanrok - ólátaveður hið mesta.

23-5 1900

(5.-18.5) Veðurhægð undanfarna daga; við og við regnskúrir og sudda-svæla.

26-5 1900

Veðurhægð daglega; oftast rétt logn og bjart viður, skúrir á mtlli.

13-6 1900

(hálfur mánuður)

Undanfarið mesta veðurhægð með úrkomu við og við; oftast við suðrið.

23-6 1900

(hálfur mánuður) Fagurt sumarveður með degi hverjum og óvanalegur hiti um þetta leyfí.

14-7 1900

Undanfarna tíð fegursta sumarveður með óvanalegum hlýindum og staðviðri

Hér vantar út árið 1900

Björn Jensson tekur við töflugerð 1901, en engar lýsingar fylgja. Björn var athugunarmaður Dönsku veðurstofunnar, síðar tók Sigríður dóttir hans við og hélt áfram til 1907.

### **Aftur Þjóðólfur, 1901 til 1907, aðeins mánaðarlega**

Janúar 1901

*Um* miðjan mánuðinn alls ekkert frost hér í jörðu. Talsvert frost eptir 24. og: út mánuðinn. Ákaflega hvass af suðvestri aðfaranótt h. 6. og aðfaran. h. 20. Mikið þrumuveður heyrðist hér aðfaranótt h. 19.

1-3 1901

Febrúar 1901

Loptvog óvenjulega stóðug og há frá 9. til 13.: hæst h. 10. (779.8 m.m.). Logn dag og nótt frá 1.-23., er hann gekk til austurs, en þó hægur; logninu fylgdi opt svört þoka og stundum hæg rigning; við og við var bjartasta veður.

3-4 1901

Mars 1901

Hefur optast verið við austanátt, bjart og fagurt veður. H. 11. var hér blynd-bilur af austri, en svo gerði regnkrap á eptir af landsuðri. Hér alauð jörð. Síðasta dag mánaðarins hvass á norðan.

3-5 1901

Apríl 1901

Mjög kaldur framanaf mánuðinum - norðanátt- og gerði hér alhvíta jörð við og við; aðfaranótt h. 23. snjóaði hér talsvert. Síðustu dagana farið að hlýna í veðri..

4-6 1901

Maí 1901

*Fátíð veðurbliða í þessum mánuði. Í síðustu árin* hefur það aldrei komið fyrir, að yfir 20 stiga hiti í forsælu hafi átt sér stað í maímánuði (26.). Talsvert úrkoma var um miðjan mánuð og 14. voru fjöll hvít að morgni. Hlýindin mest síðustu daga mánaðarins.

5-7 1901

Júní 1901

Júnímánuður hefur verið talsvert kaldari en í fyrra; allan síðari partinn hefur verið vætutíð og fremur kalsi. Optast verið í austan-sunnanátt

3-8 1901

Júlí 1901

Svo má segja, að varla hafi sést til sólar allan júlímánuð. Hefur optast verið suðaustan-, sunnan- eða útsunnanátt með regni; varla komið þurr dagur.

13-9 1901

Ágúst 1901

20 regndagar í þessum mánuði; optast rétt logn

4-10 1901

September 1901

Óþurkatíð hin mesta; stöðugur landsynningur (suðaustanátt) og varla dagur þur til enda

1-11 1901

Október 1901

Fyrstu daga mánaðarins dynjandi rigning af suðaustri, gekk svo til norðurs í nokkra daga með vægu frostr, síðan í landnorður og aptur í norður h. 17. og var bráðhvass í nokkra daga; hefur síðan verið við austanátt og rignt talsvert við og við. Jörð hér alveg klakalaus. Hinn 27. að kveldi laust fyrir kl. 7, varð hér vart við jarðskjálpta.

6-12 1901

Nóvember 1901

Framan af mánuðinum var blíðviðri með stillingu; h. 12. fór að kólna (norðanátt) en varaði stutt, hlýnaði aptur; kólnaði svo til muna aðfaranótt h. 20.; breytti fljótt til og gekk til landnorðurs með hlýindum og hefur verið svo síðan; hefur rignt hér mjög mikið allan mánuðinn; fyrsta fól féll hér 17.

10-1 1902

Desember 1901

Desember hefur verið með kaldara móti og mikill snjór féll hér eptir miðjan mánuðinn, en veður hefur verið stillt og optast vel bjart

7-2 1902

Janúar 1902

Fyrstu daga mánaðarins var norðanátt, gekk svo til norðurs, hægur með miklu frosti frá 9. til 14., er hann gekk til sunnanáttar og svo til útsuðurs með eljum og var ofsaveður h. 22., hefur síðan verið við austan- sunnanátt með regni, svo hér er nú alauð jörð.

7-3 1902

Febrúar 1902

Fyrstu 4 daga mánaðarins hlýtt veður; gekk til norðurs h. 5. með miklum gaddi til miðs mánaðar; hefur síðan verið veðurhægð, opt þoka; jörð hér nú alauð.

4-4 1902

Mars 1902

Austanátt fram yfir miðjan mánuð. er hann gekk til norðurs með stöðugu frosti - opt rokhvass á norðan. Um þetta leyti í fyrra við það klakalaus jörð.

9-5 1902

Apríl 1902

Hefur verið við norðanátt, opt hvass til djúpa, mest allan mánuðinn, þar til síðari part, að hann fór að ganga til landsunnanáttar við og við og hlýna, opt með regnskúrum; gengur svo aptur til hááttar (norðan) en ekki hvass hér innfjarðar.

6-6 1902

Mái 1902

Framan af mánuðinum var hér fagurt veður, lagðist svo í rigningar með logni, um miðjan mánuðinn með björtu veðri; gekk svo til norðanáttar, opt bráðhvass og kaldur. Þessi mánuður er talsvert kaldari en sarni mánuður í fyrra. Það var á hvítasunnudag í fyrra, að hitinn komst upp í 21 stig.

4-7 1902

Júní 1902

Allan mánuðinn mikil veðurhægð; optast sólskin

1-8 1902

Júlí 1902

Svo má segja, að fegursta sumarveður hafi verið allan mánuðinn. Stöku sinnum hafa komið regnskúrir. en lítið orðið úr; jörð orðin mjög þur síðustu dagana; fór að rigna talsvert hinn 31. af sunnan-landsuðri.

5-9 1902

Ágúst 1902

Allan mánuðinn mesta veðurhægð, ágætisveður eins og tvo undanfarna mánuði.

3-10 1902

September 1902

Mesta veðurhægð allan mánuðinn; nokkur rigning við og við síðari partinn. Má heita einmuna góð tíð um þetta leyti.

14-11 1902

Október 1902

Austanátt fram til miðs mánaðar; úr því optast útsynningur (Sv.) opt hvass mjög með éljum og foráttubrimi. Snjór féll í fyrsta skipti í Esjuna h. 17. Hér í bænum féll fyrsti snjór h. 30., austanbylur. Jörð hér enn marþíð.

5-12 1902

Nóvember 1902

Fyrstu daga mánaðarins hægur á austan; h. 6. bálhvass á norðan, síðan hægur við sömu átt; gekk svo til austurs og síðan til útsuðurs með *afspyrnu-roki* síðari part dags h. 14. Úr því optast hæg austanátt (landsunnan) með óhemju rigningu við og við, einkum h. 27. Loftþyngdarmælir einlægt vísað lágt.

2-1 1903

Desember 1902

Framan af mánuðinum hér mesta blíðveður dag eptir dag með mikilli úrkomu af landsuðri, hljóp við og við til útsuðurs. *Hinn 5. var 10 stiga hiti kl. 10 f. h. og hefur slikt aldrei komið fyrir um þetta leyti árs 30 síðustu árin.* Eptir 23. fór að kólna til muna; nokkur snjór hefur fallið *Afspyrnu norðanrok var hér h. 28.*

6-2 1903

Janúar 1903

Fyrstu dagana logn með miklu frosti til 12., er hann gekk til landsuðurs og hlýnaði, fór svo í útsuðrið með éljum, opt blindbylur, opt mjög hvass. Loftþyngdarmælir hefur síðari partinn vísað óvenjulega lágt; *komst þannig 23. niður í 706 millim.,* og er það mjög sjaldan. Hér er nú talsverður snjór á jörðu.

6-3 1903

Febrúar 1903

Óvenjulega óstöðug veðurátta; stillt veður fyrstu dagana, en síðan ýmist logn, suðvestanátt eða suðaustanátt, regn og snjócoma á víxl. Loftþyngdarmælir vísað *óvenjulega lágt* og komst lægst 20. og 24. n.l. 698,5 mm

11-4 1903

Mars 1903

Hefur optast verið við austanátt; 8. bálhvass á austan fyrri part dags, gekk svo til norðurs, mjög hvass h. 9., hægði fljótt og fór að snjóa talsvert, en með hægð. Síðari hluta mánaðarins optast hæg austanátt og bezta veður.

8-5 1903

Apríl 1903

Fyrstu dagana rétt logn, og við og við ofanhrið; gekk til norðurs 6. með snjókomu, hvass mjög h. 12.; hefur verið við há-átt allan síðari hluta mánaðarins, optast kaldur en bjart veður

4-6 1903

Maí 1903

Fyrstu dagana bjart veður og rétt logn, en kaldur; hér yarð jörð hvít um miðjan dag h. 9.; er leið á mánuðinn var optast austanátt með regni síðan hægur á suðaustan með skúrum og við og við við útsuður með krapaskúrum.

10-7 1903

Júní 1903

Framan af mánuðinum var optast útsynningur með kalsa og snjóaði niður alla Esju h. 9. Síðan batnaði veðrið og kom mesta veðurhægð með talsverðri úrkomu við og við. Síðustu dagana um það logn og fagurt veður.

14-8 1903

Júlí 1903

Mesta veðurhægð allan mánuðinn; stöku sinnum komið skúr úr lopti, annars algerlega vætulaus og stillur.

11-9 1903

Ágúst 1903

Optast mesta veðurhægð, utanátt og sólskin, stöku sinnum runnið heim með norðanátt. Aldrei komið skúr úr lopti, kólnaði talsvert síðustu daga mánaðarins.

2-10 1903

September 1903

Framan af mánuðinum var norðanátt, hvass með köflum og kaldur, síðan optast stillur og nokkur rigning; veðurbliða síðustu dagana.

6-11 1903

Október 1903

Framan af mánuðinum optast logn eða hægur á austan með nokkurri rigningu við og við; h. (13?) gekk hann til norðurs og héldst það til 27. með nokkru frosti. Síðan stillt veður, hæg austanátt og þýðvindi. Ennþá hefur hér eigi fallið snjór á jörðu.

4-12 1903

Nóvember 1903

Í þessum mánuði hefur verið mesti umhleypingur, framan af voru hlýindi með rigningu við og við og auð og frostlaus jörð; gekk svo til norðurs fáeina daga, svo í útsuður, svo aptur til norðurs, svo útsuður, svo í vestur með talsverðri ofanhríð, herti mjög frostið síðustu dagana.

15-1 1904

Desember 1903

Fyrstu dagana við útsuður með ofanhríð; gekk svo til norðurs. opt hvass í nokkra daga, síðar logn og bjart veður, ýmist í S. eða SSV. með afarmiklu regni, opt rokhvass. Hér er nú galauð jörð; óvanalegt er að tjörnir sé hér alauð um áramótin.

5-2 1904

Janúar 1904

Allan þennan mánuð hefur verið mesti umhleypingur með talsverðri snjókomu og þá optast af útsuðri, opt með svörtum éljum og hvass. Stöku sinnum hlaupið í norðanátt en ekki staðið lengi

4-3 1904

Febrúar 1904

Talsverður kuldi allan mánuðinn, allt til h. 22., er gerði góða hláku með dynjandi rigningu af landsuðri og var þá hvass; hefur verið hægur síðan, optast með éljum af útsuðri við og við.

8-4 1904

Mars 1904

Framan af mánuðinum veðurhægð og frostlítið, hæg austanátt og nokkur ofanhríð; fór svo að kólna mikið, en logn nokkra daga; gekk svo til suðurs, opt hvass með éljum, síðar með miklu regni, svo allur snjór hvarf af jörð.

6-5 1904

Apríl 1904

Framan af var optast norðan- og landnorðanátt, fór svo til útsuðurs með éljum síðari partinn, en hljóp opt til úr einni átt í aðra. Snjócoma talsverð með köflum; snjóaði mikið aðfaranótt h. 24.

7-6 1904

Maí 1904

Framan af mánuðinum hæg norðanátt, bjart og fagurt veður, en austanátt með mikilli rigningu síðari hlutann; stöku sinnum hvass mjög með mikilli úrkomu.

12-7 1904

Júní 1904

Fyrri partinn optast við sunnanátt og talsverð væta; síðari partinn þur opast nær, þó opt við suðvestanátt með skúrum.

5-8 1904

Júlí 1904

Framan af mánuðinum var norðanveður í nokkra daga, en síðan má heita að verið hafi logn, með úða og því þerrilaust

9-9 1904

Ágúst 1904

Fyrri part mánaðarins bezta veður og þurkur dag eptir dag, en síðari partinn rigning og það einkum um og eptir höfuðdaginn; optast logn.

7-10 1904

September 1904

Í þessum mánuði hefur rignt mjög mikið; má heita að varla hafi komið þur dagur; hefur verið óhemjurigning síðustu dagana. Hinn 28.sept. varð hér vart við *vægan jarðhristing* um kl. 7 1/2 að morgni.

4-11 1904

Október 1904

Hefur verið ýmist á útsunnan (S.v.), ýmist á landsunnan, opt rokhvass með köflum; stöku sinnum hlaupið stutta stund í norður; yfirleitt hefur verið versta ótíð þennan mánuð.

9-12 1904

Nóvember 1904

Mikil ókyrrð á veðrinu; hlaupið úr einni átt í aðra; optast verið við útsuðrið með éljum; logn og svækjuþoka nokkra daga eptir 20; austanrigning mikil 28; genginn til norðurs um mánaðamótin og farinn að frysta. Hér er nú auð jörð, en talsverður klaki, sem kom um 20. og (21).

6-1 1905

Desember 1904

Framan af mánuðinum var talsverður kuldi; úr 16. fór að hlýna, og hefur síðan verið hlýtt veður og optast lygnt. Að morgni h. 27., laust fyrir kl. 5, varð hér vart við einn snöggan jarðskjálftakipp.

Janúar 1905 vantar

3-3 1905

Febrúar 1905

Framan af mánuðinum við há-átt með talsverðum kulda, en dró fljótt úr og var frostvægur um miðjan mánuðinn og hægviðri; en um tíma á útsunnan (SV) með éljum; síðustu dagana á norðan með talsverðu frosti.

7-4 1905

Mars 1905

Allan marz var hægviðri, optast við suður, opt dimmur, stundum talsverð gola, einkum af landnorðri (N. a.); yfirleitt óvenjulegagóð tíð í marzmánuði allt til síðasta dags. H. 22. var hér ofsarok á austan en hægð samdægurs.

5-5 1905

Apríl 1905

Fyrst framan af mánuðinum var hér allsnarpur kuldi en linaði, og var úr því vægur, en þó hélzt næturfrost til loka mánaðarins optast hægur, há-átt.

2-6 1905

Maí 1905

Svo má heita, að mesta kyrð hafi verið á veðri allan mánuðinn, optast við sunnanátt, bjart og fagurt veður, en fremur kalsi. H. 19. var veður *óvenjulega hlýtt*: 17 stiga hiti um hádegisd.

28-7 1905

Júní 1905

Hefur yfirleitt verið kalsatíð í þessum mánuði, optast verið við útsuður (Sv.) með dumbungi og opt með regni, en fagurt veður á milli.

9-8 1905

Júlí 1905

Þessi mánuður hefur verið kaldari en í fyrra; opt verið við háátt með kulda, en optast hægur; eini dagur sem var verulega hlýr, var 11. (16 stig)

9-9 1905

Ágúst 1905

Allan mánuðinn óvenjulega kalt; þannig snjóaði niður í miðja Esju aðfaranótt h. 6. (norðanátt). Úrkoma lítil og veðurhægð og opt fagurt sólskin. Skipti um um höfuðdaginn, gekk til sunnan(SV.)áttar með svækju og regnskúrum

September 1905 vantar

3-11 1905

Október 1905

Allan mánuðinn hefur verið mikil veðurhægð og síðari partinn óvanalega fagurt og stillt veður dag sem nótt. Okt.mánuður hefur í ár verið óvenjulega hægur; í fyrra var lofthiti mjög svipaður og nú.

8-12 1905

Nóvember 1905

Má heita að veðurátta hafi verið með bezta móti í þessum mánuði; nokkuð frost fyrstu vikuna, en logn og blíða úr því til hins 23.,er fór að kólna og heldur að ókyrrast veður með nokkurri snjókomu. Jörð var alauð til h. 25., er hvítnaði í rót í fyrsta skipti.

5-1 1906

Desember 1905

Fyrstu dagana var útsynningséljagangur (Sv.) opt mjög hvass og stóð loftvog þá óvenjulega lágt (h. 6. komst hún niður í 706 Millim.). Gekk svo nokkra daga til austanáttar og svo aptur í útsuðrið, koldimmur með éljum, þangað til h. 24.; úr því optast hæg austanátt, bjartur. Þrumur heyrðust hér snemma morguns h. 2.

2-2 1906

Janúar 1906

Veður mjög óstöðugt allan mánuðinn, Af öllum áttum, hlaupið til úr einni áðra, en þó aðallega verið við útsuðrið, en frostvægur optast; talsverður snjór hefur fallið

9-3 1906

Febrúar 1906

Veðrið umhleyppingasamt, aðal-áttin útsynningar (SV) með talsverðri snjókomu og hefur snjóað mikið með köflum; norðanveður var hér nokkra daga og þá hvass og kaldur, 8-10. Hér er nú um mánaðarmótin talsverður snjór á jörðu, því þýða kom hér 22. og 23. eu skildi illa við

6-4 1906

Mars 1906

Fyrri hluti mánaðarins var mjög kaldur; aðaláttin útsynningar, opt með svörtum éljum; síðari hlutinn hægviðri miklu frostvægari, og hefur nú tekið burt mestallan snjó, sem hér var óvenjulega mikill, svo hér er nú víðast komin auð jörð með engu frosti í, eða að eins þunnur börkur; víða klakalaust



25-5 1906

Apríl 1906

Svo má heta, að útsynningur hafi verið hér um bil allan mánuðinn með mikilli snjókomu, opt rokhvass í éljunum og hafrót til sjávarins; bar mest á ofviðrínu um 6. til 8; var yfirleitt eins og um hávetur, þegar vont er; gekk síðustu dagana úr útsuðri til norðanáttar með frosti og kulda.

15-6 1906

Mái 1906

Framan af mánuðinum var mikill kuldi og stöðug norðanátt, en fagurt sólskin daglega og hér optast logn; stöku sinnum bál hvass t. a. m. um miðjan mánuðinn; fór að hlýna er á leið og litkast jörð, svo tún voru mikið farin að grænka síðustu dagana og nál að sjást í útjörð.

27-7 1906

Júní 1906

Veðurhægð optast dagl. um miðjan mánuðinn, opt dumbungur og svo að kalla logn, síðan sólskin og bezta veður.

17-8 1906

Júlí 1906

Yfirleitt veðurhægð; hljóp í norðanátt nokkra daga um miðjan mánuðinn með talsverðum kulda; síðan optast logn og dumbungsveður.

14-9 1906

Ágúst 1906

Kyrrt og optast fagurt veður allan mánuðinn. Næturkuldi talsverður við og við eptir miðjan mánuðinn og snjóaði í Esjukoll lítið eitt í eitt skipti.

19-10 1906

September 1906

Allan mánuðinn verið við sunnanátt (S.Sa), optast dimmur og með regni eða suddasvækju, einkum síðari partinn

9-11 1906

Október 1906

Þennan mánuð hefur yfirleitt verið veðurhægð; logn og dimmur með regni fyrstu dagana; svo optast logn og bjartur til 11., þá hljóp hann til norðurs, nokkuð hvass nokkra daga og snjóaði í Esju og suðurfjöll, síðan ýmist á útsunnan eða austan, hægur; síðustu dagana norðanátt

7-12 1906

Nóvember 1906

Hlýtt, og rétt logn fyrstu vikuna fram að miðjum mánuði; gekk svo til útsuðurs með éljum; svo til norðurs með ofanhríð, nokkuð hvass; svo aptur logn, síðan landsunnan með rigningu; síðustu dagana vestan-útsynningur, hægur.

4-1 1907

Desember 1906

Í þessum mánuði hefur verið óvenjul. kalt og snjór mikill á jörðu, Austan-gola um tíma framan af, svo logn og síðan optast útsynningur. Loftþyngdarmælir komst *óvenjul. hdt*, 782,3 millim.; hefur eigi komist svo hátt í mörg ár, var þá *norðanátt*, nokkuð hvass um tíma.

8-2 1907

Janúar 1907

Í þessum mánuði hefur veður verið mjög óstöðugt: langoptast útsynningur (SV) með miklum og svörtum byljum. Svo má segja, að hafi hann snöggva stund hlaupið í austur, hefur útsynningur verið aðal-áttin. Síðustu dagana var hér mikill kuldi. Snjór hefur nú legið á jörðu, stundum mikill, allan mánuðinn.

8-3 1907

Febrúar 1907

Eins og vant er í febr. hefur suðvestanvindur (útsuður) verið langoptast, með svörtum eljum í milli; eptir miðjan mánuðinn (18.) norðanveður með blindbyl og hvass mjög með köflum (19.-20.). Til sjávarins hefur optast verið foráttubrim. Óvenju mikill snjór hefur legið hér á jörðu, sem nú um lok þessa mánaðar hefur tekið mikið upp í landsynnings rigningu tvo síðustu dagana

12-4 1907

Mars 1907

Aðal-áttin hefur verið SV. (útsynningur) með eljum og fallið talsverður snjór, með köflum snúið til austurs; rigning kom fyrst 26. og tók þá mikinn snjó og jörð kom upp; varaði það að eins stutt, því óðara kom útsynningsél, svo jörð varð aptur alhvít, og er svo enn nú um mánaðamótin. Voðalegt hvassveður hér á skírdag fyrri part dagsins.

31-5 1907

Apríl 1907

Framan af apríl var hér bezta veður svo að kalla logn á degi hverjum og fagurt sólskin og hélzt það um það mánuðinn út.

14-6 1907

Maí 1907

Framan af mánuðinum var kalt, vetrarlegt og snjóaði, svo jörð varð hér hvít um fótaferðartíma, öll fjöll niður að sjó hvít; var við norðanátt; opt hvass til djúpa og eins hér og gaddur um tíma á hverri nóttu. Um miðjan mánuð hlýnaði í lofti og varð bezta veður, vorveður með sólskini og hlýindum dagl. Loftþyngdarmælir stóð síðari hluta mánaðarins mjög hátt og komst upp í 777 M.meter. Haggast lítið enn þá.

Hér er hætt að birta pistla Jónasar. Hann hélt áfram með dagbók sína þar til um miðjan júlí 1909.

## **Yfirlit yfir**

veðráttu í Reykjavík 1896.

Eptir landlækni *dr. J. Jónassen*.

*Vindstaða*. Á árinu hefir optast blásið úr útsuðri (SV), því næst frá austri; sjaldnast úr hávestri; er það á þessa leið:

86 sinnum úr útsuðri (SV)

80 - austri

45 - norðri

33 - landsuðri (SA)

25 - hásuðri

17 - hávestri

80 logn.

Útsynningurinn skiptist þannig niður á mánuðina:

Í janúar 11 sinnum, febrúar 14, marz 3, apríl 8, maí 15, júní 5, júlí 3, ágúst 1, sept. 2, okt. 2, nóv. 11, desbr. 11 sinnum. 16. til 24. nóvember var útsynningsveður langmest, þá dagana opt *afspyrnu-  
rok með ákaflega miklu hafróti*. Óvenjulega mikil ókyrð á veðri allan síðari hluta ársins.

Norðanvindurinn skiptist þannig niður á mánuðina: Í janúar 4 sinnum, febrúar aldrei (0), marz 8, apríl 4, maí 1, júní 2, júlí 3, ágúst 5, sept. 3, okt. 12, nóv. 2, desbr. 1 sinni. Frá 2. til 7. okt. að kveldi var eitt hið mesta *norðanrok* sem hjer hefir komið í manna minni og aldrei sjezt hjer slíkur sjór á skipalegunni sem þessa dagana; að öðru leyti má scgja, að þótt vindur hafi blásið stöku sinnum úr norðri, hefir hann dottið niður þegar aptur og aldrei komið reglulegt norðanveður á öllu árinu, að þessu eina undanskildu.

*Lognið* skiptist þannig niður á mánuðina: Í janúar 7 sinnum, febr. aldrei (0), marz 7, apríl 3, maí 3, júní 5, júlí 8, ágúst 10, sept. 19, okt. 8, nóv. 6, desbr. 4 sinnum.

*Úrkoman* var mjög mikil, einkum um hásumarið, þannig: Í janúar snjóaði 10 daga, rigndi 8 daga febr. 10 - 11, marz 12 - 5, apríl 6 - 10, maí 2 - 23, júní 0 - 16, júlí 0 - 20, ágúst 0 - 13, sept. 2 - 7, okt. 5 - 9, nóv. 12 - 8, des. 12 - 11. Snjór samtals 70, regn 141. Samtals úrkomudagar 211. *Alhvít jörð* varð hjer 1. skipti í haust er leið h. 7. okt. *Loptþyngdarmoelir* hæstur 7. og 8. jan. 784.9. millim. Lægstur 19. febr. 708.7. millim. Mestur *kuldi* á nóttu var - 17° C. (17. og 19. janúar). Mestur kuldi á hádegi var - 16° C. (17. janúar). Mestur *hiti* á nóttu var + 11° C. (7. ágúst). Mestur hiti á hádegi var + 17° (7. ágúst).

## Jónas Jónassen

F. í Reykjavík 18. ágúst 1840, d. 22. nóv. 1910. For.: Þórður Jónasson (f. 26. febr. 1800, d. 25. ágúst 1880) dómari og alþm. og k. h. Dorothea Sophia Rasmusdóttir Jónassen, f. Lynge (f. 4. júlí 1808, d. 26. jan. 1890) húsmóðir. Bróðir Theodórs Jónassens alþm. K. (30. nóv. 1871) Þórunn Pétursdóttir Jónassen, f. Havstein (f. 12. júní 1850, d. 18. apríl 1922) húsmóðir. For.: Pétur Havstein alþm. og l. k. h. Guðrún Hannesdóttir Havstein, dóttir Hannesar Stephensens alþm. Dóttir: Guðrún Soffía (1873).

Stúdentspróf Lsk. 1860. Læknisfræðipróf Hafnarháskóla 1866. Dr. med. Hafnarháskóla 1882. Framhaldsnám febr.- ágúst 1868, maí - sept. 1882 og júní - sept. 1892 í sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn.

Staðgöngumaður Jóns Hjaltalíns landlæknis í utanför hans apríl—júní 1867. Settur 1868 aðstoðarmaður landlæknis við læknakennslu og jafnframt sýslulæknir í Kjósar- og Borgarfjarðarsýslum. Varð sama ár læknir við sjúkrahúsið í Reykjavík. Héraðslæknir í Reykjavíkurborg 1873—1895. Landlæknir 1895—1906. Kennari við Læknaskólann frá stofnun hans 1876 og forstöðumaður hans 1881—1882 og 1895—1906. Læknir við franska sjómannspítalann í Reykjavík 1903—1905. Í bæjarstjórn Reykjavíkur 1888—1900. Alþm. Reykv. 1886—1892, kgk. alþm. 1899—1905 (Heimastjfl.). Samdi rit og greinar um heilbrigðismál, sjúkdóma og lækningar.

Af vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=350>

Taka má eftir því að hér er veðurathugana hans að engu getið.

## **Veðurbækur Jónasar Jónassen á handritadeild Landsbókasafns**

Í bókunum eru daglegar veðurlýsingar frá Reykjavík, auk fleiri tíðinda, getið er um skipakomur og jafnvel dansleiki og fleira.

Fyrsta bók (Lbs 488b fol)

Frá 12. nóvember 1873 til og með 31. júlí 1879

Önnur bók (489, fol)

Frá 1. ágúst 1879 til 31. des 1885

Þriðja bók (490, fol)

Frá 1. janúar 1886 til 31. desember 1891

Fjórtða bók (491, fol)

Frá 1. janúar 1892 til 31. desember 1896

Fimmta bók (492, fol)

Frá 1. janúar 1897 til 30. júní 1897

Sjötta bók (493, fol)

Frá 1. júlí 1903 til 30. júní 1908

Sjöunda bók (494, fol)

Frá 1. júlí 1908 til júlí 1909.

Skrift og færslum hrakar mjög 1909 og í lokin er ekki ljóst hvaða dagur er, 17. júlí er síðasta dagsetningin sem nefnd er.

Í bréfhulstri sem skráð er sem Lbs 488a eru athuganir með annarri hendi. Þær taka til tímans frá 20. nóvember 1865 til 30. júní 1875. Athugsemdir eru á dönsku. Fram til 1. maí 1867 er ein hitatala á dag (hámark), síðan þrjár tölur á dag (9, 4 og 10) frá 17. júní sama ár. Helst þessi háttur til enda, en næturhiti (lágmark?) er í dálki þar sem áður var kl.9.

Í hulstrinu eru einnig miðar þar sem eru ritaðar athuganir frá 1. janúar 1880 til og með 31. júlí 1881 (des. 1880 vantar). Á síðustu blöðunum eru athuganir frá því í september 1882 og janúar 1889. Allur texti á þessum aukablöðum er á frönsku. Hitamælingum ber saman við Jónas á sama tíma, en loftvog er í mm, en var í enskum tommum hjá Jónasi á sama tíma. Mælingar vantar nokkra daga hjá Jónasi í september 1882, en þá eru tölur í þessu franska handriti.